

Bóndinn, spendýrin
og fleiri undur alheimsins

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

GEFIN ÚT Í SAMVINNU VIÐ MIÐSTÖÐ EINSÖGURANNSÓKNA

RITSTJÓRAR

Davíð Ólafsson, Már Jónsson
og Sigurður Gylfi Magnússon

17. bindi

ÁRNI H. KRISTJÁNSSON OG
SIGURÐUR GYLFI MAGNÚSSON

Bóndinn, spendýrin og fleiri undur alheimsins

Alfræðiverk fyrir alþýðu sem Jón Bjarnason frá
Þórormstungu í Vatnsdal vann á árunum 1845–1852



REYKJAVÍK 2014
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 17

ÁRNI H. KRISTJÁNSSON OG
SIGURÐUR GYLFI MAGNÚSSON

Bóndinn, spendýrin og fleiri undur alheimsins

Alfræðiverk fyrir alþýðu sem Jón Bjarnason frá
Pórormstungu í Vatnsdal vann á árunum 1845–1852

REYKJAVÍK 2014



Fræðilegur ritstjóri: Sigurjón Baldur Hafsteinsson
Ritrynum er þakkað þeirra framlag

*Miðstöð íslenskra bókmennta styrkti útgáfu þessarar bókar
sem og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn,
en það lagði til ljósmyndir af teikningum Jóns Bjarnasonar.*

*Hluti Árna H. Kristjánssonar var meðal annars
unninn í tengslum við M.A.-verkefni hans í
hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands.*

*Hluti Sigurðar Gylfa Magnússonar í bókinni er unninn með styrk
frá Rannsóknarsjóði Íslands (númer 141237–051)
og í stöðu dósents í menningarsögu við Háskóla Íslands.*

Háskólaútgáfan

Reykjavík 2014

© Davíð Ólafsson, Már Jónsson,

Sigurður Gylfi Magnússon og Árni Kristjánsson

Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir

Umbrot: Sverrir Sveinsson

Prentumsjón: Litlaprent

U201416

ISBN: 978-9935-23-060-7

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALPÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Pröm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883–1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).
5. Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2001).
6. Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729. Már Jónsson tók saman (2002).
7. Landsins útvöldu synir. Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl 1846–1904. Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman (2004).
8. Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman (2004).
9. Sigurður Gylfi Magnússon, Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi (2004).
10. Guðs dýrð og sálanna velferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639–1674. Már Jónsson tók saman (2005).
11. Sigurður Gylfi Magnússon, Sjálfssögur. Minni, minningar og saga (2005).
12. Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar. Prestastefnudómar Jóns biskups Vídalíns árin 1698–1720. Már Jónsson og Skúli S. Ólafsson tóku saman (2006).
13. Eftir skyldu míns embættis. Prestastefnudómar Þórðar biskups Þórðarsonar árin 1675–1697. Már Jónsson og Gunnar Örn Hannesson tóku saman. (2008).
14. Anna Hinriksdóttir, Ástin á tímum ömmu og afa. Bréf og dagbækur Bjarna Jónssonar kennara, sveitarhöfðingja og samvinnumanns í Húnaþingi á öndverðri 20. öld (2009).
15. Dagbók Elku. Alpýðumenning í þéttbýli á árunum 1915–1923 í frásögn Elku Björnsdóttur verkakonu. Hilma Gunnardóttir og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2012).
16. Guðný Hallgrímsdóttir, Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur. Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu (2013).

Efni

Formáli	11
I. hluti	
Árni H. Kristjánsson: Jón bóndi og hugðarefni hans	17
1. Aðdragandi	17
2. Höfundur handrits	19
3. Útgáfa heimilda og íslensk handritamenning	33
4. Uppbygging handrits og hugmyndafræði.....	37
5. Meðferð texta í handriti	46
Ritgjörd tilheyrandi spendýrafræði eftir Jón Bjarnason	51
Formáli	55
Til lesarans.....	55
Mammalia	67
Madurinn	67
Gétnadurin	68
Vøxtur fóstursins í móður lýfi	69
Pýngd nýfæddra barna	71
Lífsfjöldgunar margbreitni	72
Tvýburar og fleiri börn	73
Fyrsti barnslagnadar tími manneskjunar	74
Bein mannsins	74
Blód mannsins	75
Hjarta mannsins	76
Heili og mæna mannsins	76
Sálin	77
Þaug fimm skilníngrar vit	78
1.) Sjónin	78
2.) Heyrnin	79
3.) Ilmanin	80
4.) Smekkurin	81
5.) Tilfinningin	81

Túnga mannsins	82
Qverk og tennur mannsins	82
Lúngu mannsins	83
Lifur og milti mannsins	84
Magi mannsins	84
Parmar mannsins	85
Næringar vökví mannsins	86
Hrigglunda rennan	86
Skinn, svitaholur og hár mannsins	87
Svöfn mannsins	88
Draumar	88
Sérlegur skarpleiki og minni	89
Minnis missir	90
Fæði og næring mannsins – Dags fæði	90
Húngur	91
Það elektriska í manninum	91
Túngumálid	92
Ímislegt um mannin	92
Næturganga í svefni	92
Gélldíngar	93
Madurinn útbreiddur um allan heim	93
Madurinn lifir við allskyns fæðu – list til ónáttúrlegs	94
Líkami mannsins	94
Feitir menn	95
Sterkir menn	95
Hlauparar	95
Mannbreytingar	96
Risar	97
Dvergar	98
Armleysingar og tannskiptingar	98
Óalmennur vöxtur barna	99
Alhærdir menn	99
Pintsvíns madurinn í Englandi	100
Tvítólíngar og vanskapníngrar	100
Sjøundir við mannsins aldur	101
Hár alldurðómur	101
Snøgglegar gedshræringar geta deyð mann	102
Líftjón af gleði	102
Alldur forfedranna	103

Skapandi kraptur	104
Lopt siglíngr	105
Óbrennanleigi madurinn	105
Stönd og stjettir	105
Kóngr rjetturinn	106
Mannkynid – (a) Hvítir menn	107
Nordurálfu menn	108
Skrælingja lýdurin – (b) Lágvaxnir gulmóraudir menn	108
Græn gulir menn – (c) Tartarar	109
Græn gulir menn – (d) Indjanískir	110
Menn med hölum og svartir á lit	111
Fótadigrir menn	112
(e) Negrar edur blámenn	112
Koparraudir menn	113
Ameríku edur Vesturálfu menn	114
(f) Patagonier	115
Eskímóar	116
Karaibar	116
Peskerear	116
Jökla menn í Sveits – Kretínar	117
Mannkynid	118
Mismunur manns og apa	119
Kimósarnir á eylandinu Madagaskar – Smælingjar	120
Um dverga	120

II. hluti

Sigurður Gylfi Magnússon: Hvað er kengúrudýr? Furður veraldar og skapandi rými íslensks hversdagslífs	125
1. Rannsóknin	125
2. Alheimurinn nær og fjær	134
3. Víðtæk einsaga	143
4. Dýr merkurinnar í máli og myndum	147
5. Skapandi rými á 19. öld	179
6. Fyrirmyndir	188
Summary	199
Myndaskrá	203
Heimildaskrá	205

Formáli

Þessi bók á sér þann aðdraganda að Árni H. Kristjánsson sagnfræðingur ákvað að rannsaka handrit úr fórum Jóns Bjarnasonar frá Þórormstungu í Vatnsdal sem varðveitt eru í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Verkefnið vann hann við lok MA-náms síns í hagnýtri menningarmiðlun í Háskóla Íslands árið 2010. Rannsókn Árna var yfirgripsmikil enda eru handrit Jóns stór og á margan hátt erfið viðfangs. Jón skráði verk sitt fyrir daga samræmdrar stafsetningar og því reyndist það heilmikil yfirlega að ná tökum á texta hans og búa hann til útgáfu. Það var einmitt viðfangsefni Árna í MA-ritgerðinni sem hann lauk síðari hluta árs 2010 en að auki vann hann ítarlegan inngangskafila um manninn sjálfan; hver hann var, hvaðan hann kom og hvernig stóð á áhuga hans á alheiminum.

Eftir nokkra umhugsun ákváðum við ritstjórar Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar að bjóða Árna að gefa verk hans út í ritröðinni. Niðurstaðan varð sú að við tveir myndum vinna að þessari útgáfu saman; Árni myndi sjá um útgáfu textans og skrifa jafnframt aukinn og endurbættan kafila um Jón sjálfan, en ég myndi einbeita mér að því sem gerir þetta handrit afar óvenjulegt en það eru yfir fimm hundruð teikningar sem prýða verkið. Sjálfur hafði ég áhuga á að kanna þá sköpunarþrá sem fólst í teikningunum og framsetningu þeirra. Mér virtist þær vera ein af mörgum birtingarmyndum slíkra kennda hjá alþýðu manna á 19. öld. Þessa verkaskiptingu má sjá í köflunum hér á eftir þar sem hluti okkar Árna er um það bil helmingur bókarinnar en texti Jóns bónda afgangur hennar.

Við höfundar verksins höfðum ekki áhuga á að þefa uppi fyrirmyndir þessa alfræðiverks Jóns bónda nema að litlu leyti og bera þær saman við sköpun hans. Jón bóndi rekur samviskusamlega hvaðan hann fær heimildirnar eins og Árni greinir frá í sínum kafla hér á eftir. Kerfisbundin sam-anburður af því tagi hefði auðvitað getað gefið mikilvægar upplýsingar um stöðu verksins en við höfðum frekar áhuga á að skoða handrit Jóns bónda frá öðrum hliðum. Eitt er þó hægt að fullyrða að verk Jóns er hans hugar-

fóstur þar sem hann sauð það saman af eigin hvötum og eftir eigin höfði og hafði til hliðsjónar merkilega flóru heimilda.

Sýnisbókaröðin hefur verið mótuð eftir þeirri hugmyndafræði að leggja handritin eins og þau koma af skepnunni í hendur lesenda, ef svo má að orði komast, án þess að hrófla mikið við innihaldi þeirra. Við höfum lagt áherslu á að gefa handritin frá 19. öld út stafrétt eða án mikilla breytinga á handritunum sjálfum. Jafnframt hafa ábyrgðarmenn bókanna skrifað ítarlega inngangskafla sem setja efnið í samfélagslegt og menningarlegt samhengi. Þar höfum við jafnan valið það sjónarhorn sem við teljum að hæfi hverju handriti. Í þetta skiptið fannst okkur freistandi að skoða í fyrsta lagi Jón sjálfan eins ítarlega og kostur væri og í öðru lagi að velta fyrir okkur ástríðu hans og aðferðum. Í þriðja lagi vildum við leggja áherslu á að kanna handritið bæði í innlendu og erlendu ljósi; hvaða vísbendingar teikningar Jóns gæfu til dæmis um skilning hans á samhengi hlutanna á alheimsvísu. Þar kom helst til greina að reyna að útskýra hvaða áhrif umfjöllun Jóns hefði haft á nærumhverfi hans, hvort sem um væri að ræða texta eða teikningar. Sérstakan áhuga vakti hin framandi umfjöllun, hvernig óvenjulegir þættir mannlífsins utan úr heimi orkuðu á íslenskan bændalýð. Með öðrum orðum: Hvernig hefur það virkað á samferðamenn hans að lesa ýmist um kengúrur eða horfa á teikningu Jóns af þeim sem og af öðrum furðuskepn-um jarðarinnar? Reynt er að skýra þau áhrif sem handritið kann að hafa haft á þroska fólks og hugmyndaauðgi. Tilraun er gerð til að tengja þessa vinnu Jóns bónda við aðra skapandi hugsun á Íslandi á 19. öld. Í þessum skilningi er hér um nokkurs konar viðtökusögu að ræða.

Aðstandendur bókarinnar vona að verkið veki áhuga væntanlegra lesenda á handritum af þessu tagi og veiti þeim innsýn í heim sem á margan hátt verður að teljast óvenjulegur og óvæntur. Eins og áhangendur Sýnisbókanna hafa ef til vill veitt athygli höfum við lagt áherslu á að birta efni sem tengist alþýðu manna á síðari öldum, frásagnir af fátæku fólki sem átti sér fáa málsvara. Á því verður engin breyting á næstunni. Framundan eru útgáfur margra spennandi verka sem eiga eftir að setja mikinn svip á ritröðina.

Útgefandi, ritstjórar og höfundar Sýnisbókanna hafa verið svo heppnir að njóta styrkja frá ýmsum velviljuðum aðilum á líftíma hennar í nærri tvo áratugi. Nú fengum við veglegan styrk frá Miðstöð íslenskra bókmennta sem skipti sköpum, meðal annars vegna þess að við birtum hér fjölda litmynda af teikningum Jóns bónda. Þá var landsbókavörður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, svo vinsamleg að fella niður gjöld vegna birtinga mynda af teikningum Jóns sem Helgi Bragason ljósmyndari tók en hann er

starfsmaður safnsins. Alls eru birtar 52 ljósmyndir í þessari bók. Um er að ræða umtalsverðan kostnað sem hefði staðið útgáfunni fyrir þrifum ef ekki hefði komið til fyrirgreiðsla Landsbókasafnsins sem vistar handrit Jóns. Fyrir hvort tveggja erum við afar þakklátir.

Samstarf okkar Árna H. Kristjánssonar sagnfræðings hefur verið gott frá því að hann var fyrst nemandi minn í sagnfræði við Háskóla Íslands árið 2007. Þekking hans á texta Jóns bónda og handverki var gulls í gildi fyrir útgáfuna.

Bókin er ritrýnd og því ferli öllu stjórnaði Sigurjón Baldur Hafsteinson dósent í safnafræði við Háskóla Íslands fyrir hönd Háskólaútgáfunnar. Við höfundar og ritstjórar bókarinnar viljum þakka Sigurjóni og tveimur ónefndum ritrýnum fyrir afar gagnlegar ábendingar sem höfðu umtalsverð áhrif á lokagerð verksins. Sverrir Sveinsson prentari braut bókina um, Vala Ágústa Káradóttir prófarkalas minn kafla en Már Jónsson texta Árna, Alda Lóa Leifsdóttir hannaði bókarkápu og Háskólaútgáfan, undir forystu Jörundar Guðmundssonar, gefur verkið út. Bragi Þorgrímur Ólafsson sagnfræðingur og fagstjóri handritasafns Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns studdi útgáfu bókarinnar með ráðum og dád. Meðritstjórar mínir, þeir Már Jónsson og Davíð Ólafsson, sinntu sínum skyldum við útgáfuna eins og vera ber af alkunnri fagmennsku. Ég er þakklátur öllu þessu fólk fyrir þeirra hlutdeild í verkinu.

Reykjavík, höfuðdaginn, 29. ágúst 2014

Sigurður Gylfi Magnússon

I. hluti

S a f n
af Þ mislegum

Náttúru Vísinda

Greinnum.

Súra Sögnum og Tilburðum

samanteknum og útlestum.

af

Frædi og Ferða Bókum

Lærda Mannna.

Til Skemmtunar og Fróðleiks þeim sem lesa
og Heyra vilja

Skrifað i Þórarmúningu. 1852.

af Þóni Bjarna Sýni

Árni H. Kristjánsson

Jón bóndi og hugðarefni hans

Aðdragandi

Bók þessi á sér alllanga sögu og er að stofni til afrakstur rannsókna sem hófst í febrúar 2010. Á þeim tíma var ég að ljúka meistaranámi í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands og hafði um skeið velt fyrir mér áhugaverðu lokaverkefni. Námið miðaði að fjölpættri miðlun menningar-efnis við ólíka miðla og því kom margt til greina. Til dæmis hvers kyns útgáfa, gerð heimildarmyndar, útvarpsþáttagerð, uppsetning sýningar og fleira sem tengist miðlun menningar.

Vegna bakgrunns í sagnfræði stóð hugur minn til þess að finna áhuga-vert efni í bók. Ég var orðinn vondaufur þegar óvænt hljóp á snærið hjá mér. Þriðjudaginn 9. febrúar 2010 sótti ég tíma í námskeiðinu „Orð í belg (og biðu)“. Í síðari hluta tímans var nemendum boðið að skoða handritasafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Bragi Þorgrímur Ólafsson handritavörður tók á móti nemendum og sýndi mörg handrit sem lágu opin á langborði. Ég skimaði yfir handritin, sem virtust hvert öðru líkt, þar til ég kom auga á teiknaða mynd af skákborði í einu þeirra. Ég sem skákáhugamaður tók viðbragð og skoðaði handritið nánar. Ekki var að finna neitt annað um skák en þessa einu mynd ásamt stuttum skýringum. Aftur á móti vakti fjölbreytt innihald handritsins áhuga minn. Höfundur var augljóslega alþýðumaður og verkið unnið af vanefnum en samt var það á vissan hátt stórfenglegt. Í ljós kom að þetta handrit (ÍBR 72 4to) var úr fjölbindaverkinu ÍBR 67–73 4to, um náttúrufræði, landafræði og ýmsan annan hagnýtan fróðleik, sem bóndinn Jón Bjarnason frá Þór-ormstungu í Vatnsdal vann á árunum 1845–1852. Á meðan ég blaðaði í gegnum gulnað handritið varð mér ljóst að þarna væri kjörinn efniviður í lokaverkefni.

Verk Jóns er mikið að vöxtum eða nú bindi alls.¹ Ég ákvað að afmarka

1 Handritin ÍBR 69–70 8vo, um fugla og fiska, tilheyra fjölbindaverkinu ÍBR 67–73 4to þrátt fyrir mismunandi safnmörk. Upphaflega keypti Hið íslenska bókmenntafélag handritin að Jóni látnum. Árið 1885 var gefin út skrá þar sem fjölbindaverkið fékk safnmarkið ÍBR B 72–80. Árið 1901 var safnið selt til Landsbókasafns og gerði þá Páll Eggert Ólason nýja skrá með nýjum safnmörkum.



Fjölbindaverkið ÍBR 67–73 4to og litlu handritin tvö (ÍBR 69–70 8vo) sem einnig tilheyra verkinu.

Höfundur handrits

Saga þjóðarinnar hefur lengst af fyrst og fremst verið saga valdastéttarinnar í landinu – þeirra sem höfðu bolmagn til að rita söguna. Vegna þessa er almennt fátt vitað um alþýðu manna fyrr á tímum, nema hvað flestir gengu troðnar slóðir og runnu sitt æviskeið hljóðir. Þó hafa varðveist verk einstaka alþýðumanna sem með einhverjum hætti viku út af alfaraleið. Oft var þetta fólk gætt miklum hæfileikum og ódrepanði þekkingarþrá. Þeirra armæða var aðstöðuleysi, vanefni og hve fáir virtust hafa metið grúsk þeirra.

Á haustdögum árið 1811 mátti sjá yfir Íslandi mikla halastjörnu hátt á himinhvolfinu.¹ Þetta fór ekki framhjá ungum renglulegum manni norður í Vatnsdal.² Það má ímynda sér unga manninn ganga yfir mýrardrögin í Vatnsdal á leið til daglegra gegninga. Ekki er ólíklegt að hann hafi beygt af leið og farið upp á Tungumúlann og starað hugfanginn á þetta fyrirbæri og velt fyrir sér alheiminum og hugsanlega lífsgátunni.³

Ungi maðurinn var óskólagenginn en þráði mjög menntun. Þegar stund gafst tók hann að afla sér þekkingar með bréfaskriftum og spurningum til

1 *Morgunblaðið* 12. júní 1921, bls. 3.

2 Lbs – 386 fol. – Bréfasafn. Jón Bjarnason, Þórormstungu. Gísli Konráðsson, *Húnvetninga saga* 2. bindi 1786–1830. Jón Torfason sá um útgáfuna (Reykjavík, 1998), bls. 915.

3 Hér skortir áþreifanlegar heimildir. Höfundur fyllir upp í gloppur með niðurstöðum vettvangsferða að Þórormstungu í Vatnsdal 6. ágúst 2010 og 25. júní 2014.

mætra manna.¹ Það hefur eflaust reynt á þolrifin að bíða stopulla póstferða og það var sem tíminn stæði í stað. Hann leitaði því eftir kynnum við lærða menn er leið áttu hjá með von um nokkra tilsögn. Eitt sumarkvöld seint í júlímánuði árið 1815 taldi hann sig hafa komist í feitt er hann fylgdi ullarlest í Vatnsdal. Í dalnum voru tjaldbúðir skoska biblíufrömuðarins og vísindaáhugamannsins Ebenezer Henderson sem dvaldi hérlandis árin 1814 og 1815 og skrifaði í kjölfarið reisubók: *Iceland; or the Journal of a Residence in that Island, During the years 1814 and 1815*. Í bókinni greinir Henderson frá fundum þeirra Jóns:

Eftir að hafa tjaldað um kvöldið og í þann mund er ég ætlaði að hefja dagbókarskrif var tilkynnt um komu hestalestar. Tveir menn sem fylgdu lestinni heimsóttu mig og virtust þeir afar glaðir að hitta Breta í fyrsta sinn. Annar mannanna var sjálflærður gullsmiður og kunnur fyrir afbragðsgott handbragð. Hinn virtist vera rola og heimskingi en við höfðum ekki talað saman lengi þegar hann fór að ræða um stjörnur af slíkri mælsku og nákvæmni að ég varð algjörlega forvið.²

Því næst ræddi gesturinn um nýjar uppgötvanir Dr. Herschel í London og líkur þess að líf væri að finna á öðrum hnöttum. Þá gat hann þess hve bagalegt það væri að hafa ekki efni á því að sigla utan til þess að finna Dr. Herschel stjörnufræðing.³ Þrátt fyrir fróðlegar samræður þá hefur gesturinn vafalaust orðið fyrir vonbrigðum með takmarkaða þekkingu menntamannsins á stjörnufræði. Eflaust hefur Henderson horft hugsi á eftir þessum alþýðumanni áður en hann tók til við dagbókarskrif sín. Þessi óvenjulegi fundur leið honum ekki úr minni og fékk hann því sess í reisubókinni.

Hinn kynlegi ungi maður, sem kom til þess að spyrja um stjörnur, var Jón Bjarnason frá Þórormstungu í Vatnsdal. Jón var fæddur hinn 19. janúar árið 1791, annar í röð sex systkina. Foreldrar hans voru Bjarni Steindórsson (1761–1842) bóndi og kona hans Gróa Jónsdóttir (1758–1834). Systkini Jóns voru Kolfinna (1785–1863), Steindór (1792–1802), Helga (1795–1873), Gróa (1796–1847) og Þorlákur (1798–1798).⁴ Bjarni faðir hans hóf búskap örsnaður en vann sig upp úr örbirgð móðuharðindanna og varð efnaður búhöldur.⁵ Árið 1784 keypti hann jörðina Þórormstungu í Vatns-

1 Lbs – 386 fol. – Bréfasafn. Jón Bjarnason, Þórormstungu.

2 Henderson, Ebenezer, *Iceland; or the Journal of a Residence in that Island, During the years 1814 and 1815*. Vol. II (Edinburgh, 1818), bls. 212.

3 Henderson, Ebenezer, *Iceland*, bls. 212–213.

4 ÞÍ – Kirknasafn. Grímstunga BA/1. Prestsþjónustubók 1785–1816.

5 Páll V.G. Kolka, *Föðurtún* (Reykjavík, 1950), bls. 246–247.



Gamli bærinn að Þórormstungu í Vatnsdal.

dal og bjó þar upp frá því. Bærinn stendur á þurru sléttlendi norður af Tungumúla sem er klettalaus bungulaga fjallshryggur er klýfur dalinn að nokkru. Allt undirlendið mátti heita þurrt og gott til ræktunar.¹

Samkvæmt Birni Gunnlaugssyni landfræðingi og yfirkennara var Jón snemma námfús en þótti nokkuð einrænn og sérlunda framan af. Þrátt fyrir augljós teikn um góðar gáfur og vilja til náms var hann ekki settur til mennta. Kemur þar til að Bjarni faðir hans var aurasál og eins taldi hann drenginn ekki vera með fullu viti.² Samkvæmt húsvitjunarbók var þekking og hegðun Jóns í æsku með ágætum.³ Viðmiðið var kristilegt og í ljósi þess hversu trúaður og biblíufróður Jón var þá hefur hann eflaust lagt sig fram við að meðtaka innrætinguna.⁴ Á þessum tíma áttu börn úr alþýðustétt einungis kost á heimafræðslu í lestri. Lestrarnámið miðaði eingöngu að uppfræðslu í kenningum og siðfræði kristindómsins. Engin merki voru um formlega alþýðufræðslu og að þessu leyti hafði Ísland setið eftir í samanburði við þróun fræðslumála í Danmörku.⁵

Jón þótti undarlegur og alvörugefinn og átti skap við fáa.⁶ Þó má ætla að

1 *Húnaþing* II. Ritnefnd Sigurður J. Línal og Stefán Jónsson (Akureyri, 1978), bls. 336.

2 Björn Gunnlaugsson, „Jón Bjarnason í Þórormstungu.“ *Þjóðólfur* 9. janúar 1862, bls. 26–27.

3 ÞÍ – Kirknasafn. Grímsunga BC/1. Húsvitjunarbók 1786–1813.

4 Björn Gunnlaugsson, „Jón Bjarnason“, bls. 27.

5 *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menning og félagshreyfingar*. Ritstjórar Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson (Reykjavík, 2003), bls. 16.

6 Gísli Konráðsson, *Húnavetninga saga* 2, bls. 873.

hann hafi stundum slegið á léttu strengi með kveðskap sínum, enda ágætlega hagamæltur.¹ Varðveist hafa nokkrar gamanvísur eftir Jón og hér leikur hann sér með formið í tveimur vísubrotum:

Tólf mánuðir teljast ár
í tómu skipi liggur ár
í sólar geisla sjest opt ár
í sjóin renna flestar ár

Ad mér hundrads kaup kaup
kyntu þig við rétt rétt
yfir Grettis hlaup hlaup
hafði ég við hann prett prett
mjadarblendings kaup kaup
svona var hún nett nett
setti á klaka staup staup
og stökk í burtu ljett ljett.²

Jón hefur án efa lesið bókakost föður síns og reynt að viðað að sér efni eins og aðstæður leyfðu. Hann hefur líklega leitað fanga hjá mági sínum, séra Snæbirni Snæbjarnarsyni í Grímsungu. Hjá Snæbirni fékk Jón hefðbundna kristilega uppfræðslu og líklega tilsögn í dönsku, latínu og stærðfræði. Ekki var mikið lið í þeim geistlega þegar kom að helsta hugðarefni Jóns, nefnilega stjörnufræðinni.

Samkvæmt skrá sem Jón tók saman yfir eigur sínar hinn 6. júní 1834 var fræðibókakostur hans ekki beysinn. Hann átti 17 bækur og var ástand þeirra almennt bágborið. 11 bækur voru trúarlegs eðlis. Þar bar hæst Guðbrandsbiblíá sem hafði verið í eigu Grímsungukirkju. Til stóð að farga henni vegna fúa og rotnunar en Jón fékk séra Steingrím Jónsson biskup til að eftirláta sér hana. Fjórar bækur voru um garðrækt, *Grasnytjar*, *Um gardyrkjunnar naudsyn og nytsemi*, *Íslensk urtagards bok* og *Agerdyrkning-katekismus*. Loks tvær bækur um stjörnufræði, *Bugges Astronomia* og skrifaðar töflur til að reikna tunglskiptin. Aðrar eigur Jóns voru: tinkúpa, vættarkistugarmur, selskinnsveski, klaufhamar, nokkur dönsk almanök, Lamberts töflur, *Mysteria Magnum*, heimskort og kort yfir Húnaflóa. Jóni voru gefnir þessir hlutir, aðallega af sveitungum sínum.³ Parna er Jón 43 ára gamall og ljóst má vera að hann hafði lítil eða engin fjárráð. Þetta bendir

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár III bindi* (Reykjavík, 1950), bls. 70.

2 Lbs – 4810 8vo – Jón Bjarnason o.fl. Samtíningur.

3 Lbs – 4810 8vo – Jón Bjarnason o.fl. Samtíningur.

eindregið til þess að Bjarni faðir hans hafi ekki viljað leggja Jóni lið við öflun fræðibóka þótt næg væru efnin.

Þrátt fyrir óbilandi áhuga á vísindunum, sem virtust taka bróðurpart af hans tíma, var Jón tvígiftur. Hinn 10. október 1831, er hann stóð á fertugu, kvæntist hann fyrri konu sinni, Ingibjörgu Skúladóttur (1798–1834) frá Stóruborg í Víðidal.¹ Hugsanlega hefur Bjarni faðir hans hlutast til um ráðahaginn þar sem Jón þótti ekki vænlegt mannsefni. Jóni er svo lýst af samtímamanni: „Þykir undarlegur og lítt við alþýðu skap. Margt er honum og ekki lagið er öðrum er sem tíðast gefið. Hann er og spurull og auðtrúa og eigi friður sýnum, grannlegur og þunnleitur.“² Jón og Ingibjörg áttu eina dóttur, Hólmfríði (1832–1887).³ Árið 1833 tók Jón við búi af föður sínum, en missti Ingibjörgu konu sína árið eftir úr gallsýki.⁴ Hólmfríður fór þá í fóstur til móðurbróður síns Jóns Skúlasonar og eiginkonu hans Sigríðar Jónsdóttur á Haukagili í Vatnsdal.⁵ Eftir andlát Ingibjargar réðst Jón til tveggja ára suður í Viðey og nam þar bókbandsíðn. Með náminu sá Jón fram á það að koma verkum sínum á framfæri og tíma til þess að jafna sig á missinum. Að námi loknu var hann hjá Bjarna föður sínum í Þórormstungu þar til faðir hans lést árið 1842. Eftir það bjó Jón með Birni Guðmundssyni bónda í Þórormstungu og Gróu Snæbjarnardóttur systurdóttur sinni.⁶

Jón kvæntist seinni konu sinni Guðrúnu Guðmundsdóttur (1831–1917) frá Gilhaga hinn 29. apríl 1851.⁷ Guðrún var að eðlisfari glaðlynd, en jafnframt viðkvæm, og hafði reynt margt mótdrægt á stuttri ævi. Faðir hennar, Guðmundur Jónsson, var ofsafenginn og hinn mesti harðstjóri við konur og börn. Guðrún var kornung er hann gaf hana Jóni í Þórormstungu sem var 40 árum eldri. Jón var frómur maður en þó lítt fær um að gera unga stúlku hamingjusama, bæði fyrir aldurssakir og svo var hann ekki neitt kvennagull.⁸ Jón gaf Guðrúnu í morgungjöf 10 hundraðshluta í Þórormstungu.⁹ Þetta bendir til þess að hann hafi fengið arf eftir föður sinn og hagur hans því vænkast þegar þarna er komið sögu. Í því sambandi má nefna að Jón gekk í Hið íslenska bókmenntafélag, og greiddi árgjöld, eftir andlát föður

1 ÞÍ – Kirknasafn. Grímsunga BA/1. Prestsþjónustubók 1816–1875.

2 Gísli Konráðsson, *Húnavetninga saga*, bls. 915.

3 ÞÍ – Prestsþjónustubók 1816–1875.

4 *Þjóðólfur* 18. júní 1862, bls. 111. ÞÍ – Prestsþjónustubók 1816–1875.

5 HérA – Hún – Ein 10.063. Einkaskjalasafn Bjarna Jónssonar.

6 *Þjóðólfur* 18. júní 1862, bls. 111.

7 ÞÍ – Prestsþjónustubók 1816–1875.

8 Þorsteinn M. Jónsson, *Gömul kynni* (Akureyri, 1946), bls. 227–228.

9 ÞÍ – Prestsþjónustubók 1816–1875.



Guðrún Guðmundsdóttir seinni kona Jóns Bjarnasonar.



Jón Jónsson sonur Jóns Bjarnasonar og Guðrúnar Guðmundsdóttur.

síns árið 1842.¹ Jóni og Guðrúnu fæddist sonurinn Jón hinn 9. janúar 1853.² Fátt er vitað um Jón Jónsson fyrir utan að árið 1873, þá um tvítugt, seldi hann Bjarna stjúpföður sínum eignarhlut sinn í Þórormstungu fyrir 350 ríkisdali.³ Hinn 4. ágúst sama ár sigldi hann frá Akureyri til Skotlands og þaðan til Québec í Kanada.⁴ Hann settist síðar að í Chicago þar sem hann lést laust eftir aldamótin.⁵ Skömmu eftir andlát Jóns Bjarnasonar árið 1861 giftist Guðrún systursyni hans, Bjarna Snæbjörnssyni (1829–1894), og bjuggu þau í Þórormstungu.⁶

Þáttaskil urðu í lífi Jóns þegar hann komst í kynni við Björn Gunnlaugsson, landfræðing og yfirkennara við Bessastaðaskóla (Lærða skólann

1 Lbs – 2590 4to – Bréfasafn. Jón Sigurðsson, forseti.

2 ÞÍ – Prestsþjónustubók 1816–1875.

3 HérA-Hún – Ein 10.063. Einkaskjalasafn Bjarna Jónssonar.

4 Júníus H. Kristinsson, *Vesturfaraskrá 1870–1917* (Reykjavík, 1983), bls. 227. *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar* 1. janúar 1900, bls. 43.

5 Guðmundur Sigurður Jóhannsson og Magnús Björnsson, *Ættir Austur-Húnavetninga* III (Reykjavík, 1999), bls. 1014.

6 *Ísafold* 4. júlí 1894, bls. 162.



*Björn Gunnlaugsson landfræðingur.
Mynd eftir Sigurð Guðmundsson málara.*

frá 1846).¹ Björn bjó um tíma á Bergstöðum á Vatnsnesi og hefur líkast til komið í heimsókn að Þórormstungu á ferðum sínum.² Nokkur líking var á milli þeirra því Björn greinir frá því að í æsku hefðu menn ekki talið hann vera með fullu viti. Sömu vísindin heilluðu þá báða, einkum stjörnu- og mælingafræði. Með þeim tókst ævilöng vinátta og skrifuðust þeir reglulega á í fjóra áratugi. Bréfaskipti þeirra bera með sér ótrúlega færni Jóns í stærð- og stjörnufræði.³ Jón Sigurðsson forseti hafði eftir Birni síðar að enginn maður á landinu skildi stærðfræðibók sína, *Tölvísi*, nema Jón bóndi í Þórormstungu. Í bréfasamskiptum við Björn er athyglisvert að sjá hversu gott vald Jón hafði á lógaritma við útreikninga sína. Björn hefur líklega útvegað Jóni stærðfræði- og stjörnufræðibækur auk þess að leiðbeina honum við útreikninga um gang himintunglanna.⁴

1 *Fálkinn* 24. september 1938, bls. 4.

2 Tölvupóstur. Ragnar Ágústsson til Árna H. Kristjánssonar, dags.1. júní 2010.

3 Björn Gunnlaugsson, „Jón Bjarnason“, bls. 26–27. Lbs – 386 fol. – Bréfasafn. Jón Bjarnason, Þórormstungu.

4 *Ísafold* 3. júlí 1909, bls. 162. Lbs – 386 fol. – Bréfasafn. Jón Bjarnason, Þórormstungu.

Póroormstungu þann 15. octóber 1850

Háttvyrddi góði vin!

Fyrir ydar tilskrif af 5 þessar mánadar, samt alt annad undanfarid ástúdlegt mér audsýnt, þacka eg ydur alúðlega.

Gott þikir mér ad meiga eiga von á bréfi frá ydur sýdar, uppá það er ég skrifadi ydur til um í sumar og í haust, og lánkar mig til ad géta feingid það sem fyrst. En ég hygg ad talsverdan tíma munu samt þurfa til þess ad semja parallactiska reikníngrin er sólmyrkvanum 28. júlí 1851 tilheyrir.

Þad geingur yfir mig hvad element þeirra nýfundnu smá pláneta skuli vera, hjá stjörnu meisturunum (eptir því sem mér skilst af bréfi ydar), enn þá ófullkomin. Þeir hafa þó orðid ad sjá þeirra geocentrisku leingd og breidd (hér um bil) fyrst þegar þeir sáu þær. Og þegar fjarlægð þeirra frá sólu var fundin, og umhlaupstíðin kríngum sólina, þá finst mér mögulegleiki á því ad géta út reiknad þeirra heliocentrisku leingd og breidd er þær hefdu haft á þeim tíma sem þær urdu sjenar. Og þá þær hefdu þrisvarsinnu adgjættar verid med nokkru tímabili á millum, þá ad géta slumpad til um leingd Aphelie edur Perihelic ásamt Ω og brautar hallann. Og út af fjarlægð þeirra frá sólunni géta sér til um þver mál þeirra þó það yrði ei mjög náqvæmlega. Jeg vildi samt bidja ydur fyrir (ef þér getid) ad útvega mér hvad þeir slumpa sér til um þeirra epockur, aphelia og knuta samt indinationi og þvermál. Einnin hvad þeir halda um þvermál Satúrnusar og Úranusar tungla og hvört þeir finna nokkurt tungl fylgja Neptúnusi.

Jeg þikist sjá, á því sem þér innfærdud á bladid, ad smá plánetan Metis muni hafa seinast fundist þar ed bæði tölurnar og teiknid vantar sem henni skildi tilheyrar. Á innfærdu tölunum á bladid sje ég ad Iris hefur mesta hríngskékkju enn Neptúnus minsta. Gott væri líka ad géta fræðst um það hvad teiknin hafa ad þýða sem þeir hafa yfir höfud merkt pláneturnar med. Til ad minda Mars med stríðs ör, Vestu med altari og eldi á, Ceres med kornsigd, Flóru med blómstri og so framveigis. Jeg gét ímindad mér nokkud um teikn hinna summra hvörra, enn kannské fara þó skakkt med það, og aptur þá um teikn hinna summra hvörra sem ég gét eckert ímindad mér um. Þegar færi gefstá væri gott ad géta sjed teikn og tölur plánetunnar Metis sem vantar á bladid.

Gardyrkja hér á Nordurlandi hefur med lakasta móti artast í sumar, svo jardepli hafa víðast hvar illa vaxid, og hafa því mest ollad vætur

og kuldar á óhendtugustu tíð. Samt hef ég gétad feingid nockurt bygg vaxid út af korni því er hjá mér spratt í fyrra og jeg gjörði tilraun með sáníngu í vor. Það þroskadist í ár helst á því tímabili frá höfuddeigi til þess 4. octobers. Þá fóru að koma sterk og varranleg frost svo allur gróður hætti að vaxa. – Þetta ordleingi ég ecki framar.

Vil svo finnast
ydar þénustu reidubúin vin
Jón Bjarnason.¹

Jón var ekki ósnortinn af hugmyndafræðilegum hræringum utan úr heimi. Áhrif upplýsingarinnar eru víða augljós í verkum Jóns; trúin á mátt vísindanna og framfarir mannkyns er sem rauður þráður í flestu sem hann tók sér fyrir hendur. Jóni var því ljóst að þekking varð til með vísindalegum vinnubrögðum sem byggðust á skynsemi og raunhyggju upplýsingarinnar. Erfitt er að segja til um það með vissu hvernig Jón kynntist erlendum hugmyndastefnum. Þó má ætla að hann hafi lesið sér til í þeim fræðiritum er hann komst yfir.²

Sem nærri má geta var aðstaða hans til þess að sinna vísindum og ritstörfum afar bágborin. Jón varð eins og aðrir bændur að hirða skepnur og sinna öðrum bústörfum. Á kvöldin gafst honum tóm til að snúa sér að fræðunum og stóð þá jafnan við baðstofugluggann með bókina í annarri hendi og penna í hinni. Þegar dagsbirtuna þraut bjargaðist hann við kertatíru.³ Þrátt fyrir enga formlega menntun, takmarkaðan bókakost og bágborna aðstöðu reiknaði Jón hnattstöðu Vatnsdals og gerði stjörnualmanök yfir gang himintunglanna. Hann fór létt með að reikna sól- og tunglmyrkva og elti halastjörnur með útreikningum sínum. Jón leiðrétti einnig reiknings- og prentvillur í erlendum almanökum.⁴

Jón var afkastamikill höfundur og í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns eru varðveitt 46 handrit sem tengjast honum. Flest handritin eru trúarlegs eðlis en hæst ber fjölbindaverk hans um náttúrufræði og fleira sem hér er kynnt. Jón skrifaði einnig annál um gæftir og tíðafar og samdi bæði dansk-íslenska (ÍBR 77 8vo) og latneska orðabók (ÍBR 78 8vo) yfir ýmis dýra- og jurtaheiti. Tilkoma blaða og tímarita um miðja 19. öld auðveldaði Jóni að koma hugðarefnum sínum á framfæri.

1 Lbs – 386 fol. – Bréfasafn. Jón Bjarnason, Þórormstungu.

2 ÍBR 67–73 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

3 Guðmundur Davíðsson, „Vatnsdalur í Húnavatnssýslu.“ *Óðinn* 1. janúar 1933, bls. 46–47.

4 Björn Gunnlaugsson, „Jón Bjarnason“, bls. 26.



Hluti af handritum Jóns á handritasafni Landsbókasafnsins.

Greinar birtust eftir hann í *Nýjum tíðindum* 1852, *Húnvetningi* 1857 og *Íslendingi* 1862.¹

Jón hafði allar klær úti til að afla sér nauðsynlegra gagna fyrir hugðar-efni sín. Enginn var undanskilinn er mikið lá við og sumarið 1853 hóf hann bréfaskipti sín við Jón Sigurðsson forseta. Varðveist hafa nokkur bréf frá tímabilinu 1853 til 1857 og eiga þau það sammerkt að Jón leggur hart að nafna sínum að gera sér ýmsa smágreiða.

Pórmormstúngu þann 10^{da} Júní 1853
Háttvyrddi alþingismadur!

Víst má það undarlegt vyrdast að eg hripa yður til þessar línur, þar eg er yður að ölluleiti ókunnugur nema það, að eg veit að þér íslenskid almanökin sem út eru gefin. En þar eg hefi frétt að þér erud væntanleigir hínagad til landsins snöggva ferd í sumar sem alþingismadur, þá dirfist eg að skrifa yður til þessar línur, með hvörjum eg bid yður við hentugleika að útvega mer svoköllum element edur grunn-
tölur hinna nýfundnustu planeta, og væri slíkt helst að fá hjá sjálf-

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár III*, bls. 70.

um stjörnumeistararum ef hann vildi svo vel gjöra. Vel veit eg að grunntölur þeirri eru kannské enn þá ecki fastlega áqvardadar þar svo skamt er síðan frálidid að sumar þeirra fundust, þá láta þeir það þó eitthvað heita, sem að líkindum geingur nærri hinu rétta, og er bæði mér og þeim er hnísast inní stjörnufræðina ánægja af að vita eitthvað um þetta. Hérmed sendi eg yður innlagt blad strikad nefndar grunntölur og midakorn annað sem sýnishorn hvar á að settar eru grunntölur (edur element) Ceresar og Pallasar 1^{ta} Januari 1808 af professor Thune þá hann var stjörnumeistari, því þegar adjunct B. Gunnlögsen var utanlands þá skrifadi eg honum til og bað hann að útvega mér grunntölur þeirra fjöggra þá nýfundnu planeta hvað hann og gjörði. Auk þessa bið eg yður að komast eptir hjá stjörnumeistararum hvað þeir slumpa sér til eptir röð um stærdir þvermála Saturnusar tungla í geographisku málatali, einnig um Uranusar og Neptunusar tungl.

Einninn vil eg geta þess hér að ýmsir fræðimenn hafa kvartad um það við mig, að almanökin sem nú eru gefin út og prentud hafa verid síðan 1833 eru ecki með merkjunum svo sem þaug áður voru enn allra helst vildu þeir fá að nær sér hvör planeta væri í sólar og jardstefnun edur ♄ conjunction og ♅ opposition. Menn hafa frétt að hin norsku almanök séu enn þá útgéfin með merkjunum. Frjéttir get eg ecki sagt yður því milli reysendur bera þær nema frá Nýu prentsmidjunni á Akureyri er að koma út nítt tímarit kallad Nordri og held eg að öllum gédjist vel að því það frekast eg til veit. Að endingu óska eg eptir að meiga sjá sedil frá yður síðar meir upp á þetta umbedna, og bið yður hér með forláts á öllu bóna staglinu – og vil svo finnst

Med virðingu yðar þénustu rb.
Jón Bjarnason.¹

Stjörnufræðin heillaði Jón mest en hann hafði einnig mikinn áhuga á náttúrunni og lífinu í kringum sig. Hann kom fyrstur upp kartöflurækt í Vatnsdal og nærsveitum og efldi hana með mikilli atorku. Magnús Björnsson á Syðra-Hóli greinir frá frumkvöðlastarfi Jóns í kartöflurækt í bók sinni *Hrakhólar og höfuðból*: „Á fyrri hluta 19. aldar var á nokkrum stöðum norðanlands reynd garðyrkja, ræktaðar voru gulrófur og kartöflur. Hún hafði að vísu verið stunduð nokkuð áður, en lagst niður að mestu sökum harðinda og óáranar.“ Parna er Magnús að fjalla um tímabilið 1810–1840. Björn á Brandsstöðum getur þess að mest hafi uppskeran af garðávöxt-

1 ÞÍ – E-10, 7 – Bréf til Jóns Sigurðssonar, forseta.

um í Þórormstungu á þeim árum orðið 40 tunnur „og þótti það ekki lítið búsiðlag“.¹ Jón notaði kartöflur bæði til skepnufóðurs og mjölgerðar. Mjölið notaði hann svo meðal annars til brauðgerðar. Jón gerði ýmsar tilraunir við mjölgerð og skrifaði um það ritgerð, Miðlgjörð af jardeplum, sem hann byggði á rannsóknum sínum.²

Jónas B. Bjarnason (1866–1965) var sonur Guðrúnar Guðmundsdóttur, seinni konu Jóns Bjarnasonar, og Bjarna Snæbjörnssonar systursonar hans. Árið 1960, eða um einni öld eftir andlát Jóns, birtist greinin „Þættir úr búnaðarsögu Áshrepps“ eftir Jónas í *Ársritinu Húnvetningi*. Þessi grein er besta heimildin um ræktunarstörf Jóns þar sem foreldrar Jónasar þekktu Jón Bjarnason mætavel. Upp úr 1820 hóf Jón, ásamt Ágústi Blöndal, tilraunir með áveitur á engjar á allmörgum jörðum í Vatnsdal. Varð framtakið til mikilla bóta á mörgum jörðum. Jón hóf snemma tilraunir með matjurtarækt og gerði meðal annars fjölmargar garðholur í mismunandi jarðvegi og með mismunandi legu gagnvart sólu. Þó að garðrækt Jóns væri aðallega kartöflurækt þá gerði hann einnig tilraunir með aðrar matjurtir. Jónas segir frá því er hann fyrst man eftir þá hafi verið einkennilegur gróðurbrúskur undir baðstofustafninum í Þórormstungu. Var honum tjáð að það væri skarfakál sem Jón hefði gróðursett þar. Sunnan við túnið í Þórormstungu var lítil garðhola. Þar hafði Jón ræktað kúmen sem Guðrún notaði til bragðbætis í kaffi og sömuleiðis í brauð og kleinur.³ Auk þessa ræktaði Jón gulrætur, bygg og jarðarber. Í bréfi til Björns Gunnlaugssonar, dagsettu 21. september 1851, greinir Jón frá ánægju sinni með góða uppskeru á byggi, þá bestu frá því hann hóf ræktun þess nokkrum árum fyrr.⁴ Jón var athugull og lagði sig fram um það að bæta ræktun og auðvelda bústörf með margvíslegum tilraunum. Hann sýndi til dæmis fram á það að ket maðkar ekki ef fluga kemst ekki að því og að lús kviknar ekki á mönnum af sjálfu sér eins og almennt var talið.⁵

Jón var ötull veiðimaður og stundaði refaveiðar af kappi. Hann lá á grenjum að vorlagi og sat fyrir lágfótu á vetrum úti á víðavangi eða hafðist við í skotbyrgi sínu. Jón var góð skytta en stundum veiddi hann tófur í bogagildru. Hann fór mjög skynsamlega að allri veiði og var fengsæll í meira lagi. Jón fann upp þá aðferð að „draga fyrir“ tófur. Hann dró úldið kjöt eða stórgripalimi eftir krókaleiðum um hagann en þar helst er vel þótti

1 Magnús Björnsson, *Hrakhólar og höfuðból* (Akureyri, 1959), bls. 16–17.

2 Lbs – 4810 8vo – Jón Bjarnason o.fl. Samtíningur.

3 Jónas B. Bjarnason, „Þættir úr búnaðarsögu Áshrepps“. *Ársritið Húnvetningur* 3 (1960), bls. 6–7.

4 Lbs – 386 fol. – Bréfasafn. Jón Bjarnason, Þórormstungu.

5 Þorsteinn Jóseppsson o.fl., *Landið þitt Ísland* 5. bindi (Reykjavík, 1984), bls. 229.

fallið til fyrirsátar. Refir eru sem kunnugt er afar þefvísir og ekki brást það að þeir rynnu á lyktina. Varð „þefbrautin“ oft fjölfarin og lá þá Jón í leyni með byssu sína og banaði hverri tófu sem kom í skotmál. Jón veiddi oft vel með þessari aðferð og fór veiðimannshróður hans víða.¹ Einn var sá skolli sem skot unnu ekki á og um hann fjallar Jón í verki sínu:

Um svo köllud skophín

Það eru gömul munnmæli um refa þá er skot vinna ecki á og skophín eru kalladir séu kynblendíngar qvíknadir út af ketti og tóu. Enn það vill mót seigja sér sjálfst því bastardur edur kynblendíngar æxla ei kyni sínu heldur líkindi til þess að skinn þeirra hafi svo eletrískan krapst er hrindir burtu skotinu og það með því meira abli sem skotid er hardara. Þó seigja menn að silfur kúla edur hnappur vinni á þaug dýr. Enn hvornin sem þessu er varid þá er samt víst að menn hafa reynt til við tóur þær sem skot úr bissu hefur ey á unnid. Sönn dæmi ber uppá eru þessi:

Madur nockur hét Þórarinn sem leingi bjó í Umsvölum en sáladist fjör gamall á Leysingjastöðum. Hann var góð skytta og var alt sem optar til að vinna gren framm í Víðidalsfjalli. Hann hafði þá bissu sem ótvílug var til dráps á 30 födmum. Annad dýrid vann hann strax enn skaut til hins tvisvar þó forgefins. Grenid var framan í urdar brekku brattri og hafa hann kastad rodum ofan af brekkunni enn svo var dýr þetta nær gaungult að hann tók þessi rod og ugga og fór með uppá stein þar skamt frá, enn hann lagði merki til bædi þá og endrar nær að hún sneri sér alldrey á móti honum heldur baud honum görnina. Hlód hann þá bissuna sem mest hann þordi í þridja sinn og hleypti af flutti þá skotid hana vel so 4 fadma af steininum burt. Enn hún stóð upp jafngóð og skildu þaug með það. Enn skotmálid mældi hann og reyndist það sjö fadmar.

Sama tilfelli kom fyrir adra skyttu halfdan nordur í Reini stada fjöllum. Dýr þessi voru bædi gjæf og höfdu hvítan lit. Menn seigja að bissu skot kynni helst á þaug að vinna ef það kjæmi rétt framan í hausin edur aptan í þaug.²

1 *Dýraverndarinn* 1. febrúar 1940, bls. 2.

2 ÍBR 71 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

Jón var ekki skilinn að skiptum við lærða erlenda ferðamenn. Er hann stóð á sjötugu síðsumars árið 1860 kom skoski presturinn Frederick Metcalfe í heimsókn að Þórormstungu. Metcalfe ferðaðist um landið og gaf út merka reisubók, *The Oxonian in Iceland. With Glances at Icelandic folk-lore and sagas*. Þar segir frá fundum þeirra Jóns:

Þegar við komum að Þórormstungu stóð úti á hlaði gamall maður um sjötugt og brýndi ljá. Hann er af bændaættum og bóndi sjálfur. Hann hefur ekki eingöngu ræktað jörð feðra sinna, heldur hefur hann einnig sinnt öðrum hugðarefnum af enn meiri áhuga. Hann hefur þyrst í þekkingu á öllum sviðum, en hefur fyrst og fremst helgað sér stærðfræði. Hann semur almanök fyrir sveitunga sína og ég var heppinn að fá hjá honum almanakið fyrir árið 1861.

Þessi sjálfmenntaði snillingur jafnast á við Björn Gunnlaugsson, landfræðinginn, sem hefur gert prýðilegt kort af Íslandi. Meðal þeirra blaða sem ég sá hjá Jóni var útreikningur á myrkva sem verður í sumar, ásamt vel gerðum skýringarmyndum. Á öðru blaði var útreikningur á brautum halastjarna. Ekkert sem við kemur náttúruvísindum, virðist fara fram hjá honum. Ég sá skrif um grasafræði, efnafræði, steinafræði ásamt minnisblöðum um sjávarföll, storma og um þunga stjarnanna.

Það er líkt með Jóni og heimspekingum miðaldanna að vísindi hans eru mjög blandin hjátrú. Í einni af bókum hans sá ég litaðar myndir eftir hann af sæskrímslum. Svo sem marbendlum, hafgúum, margýgi, nykri og öðrum furðuskepnum sem lifa við strendur Íslands. Spönnuðu þessar myndir margar blaðsíður.

Hann sýndi mér nokkrar fötur fullar af merkilegum íslenskum steinum sem hann hafði hirt upp á ferðum sínum. Þetta voru steingerðir trjábútar, geislasteinar, flotsteinar, lausnarsteinn sem er góður við fæðingarhríðum og óskasteinn sem er ekki síðri. Jón kann margar þjóðsögur sem hann hefur meðal annars fengið hjá Daða Níelssyni. Daði var einkennilegur maður sem ferðaðist um landið hvernig sem víðraði og sagði sögur. Ævi hans lauk eins og margra annarra Íslendinga þannig að hann varð úti skammt frá Höskuldsstöðum og fannst lík hans ekki fyrr en um vorið. Eftir að hafa hlýtt á Jón segja mér ýmsar fleiri sögur með mikilli alvöru og þá varð mér á að spyrja: „Trúir þú því að yfirnáttúrulegar verur séu til? Hefur þú einhvern tíma séð þær?“ Hann svaraði: „Þegar ég var drengur þá var ég ásamt fleiri börnum að leika mér heima. Við höfðum okkur það til gam-

ans að kasta steinvölum í stóran stein. Skyndilega heyrðum við öll ógnvænlegt hljóð úr steininum. Við urðum skelfingu lostin og flýðum heim í dauðans ofboði. Nú hvað var þetta þá? Þetta gat ekki verið hrekkur því enginn gat falið sig við steininn.“¹

Jón Bjarnason lést, eftir þungan og langvinnan sjúkdóm, í Þórormstungu hinn 20. nóvember 1861.² Þessi bóndi var óvenjulegur um flest. Með ómældri fyrirhöfn tókst honum að afla sér þekkingar og miðlaði henni til samfélagsins öðrum til uppfræðslu og dægrastyttingar. Jón mun þó ekki hafa verið í meiri metum í sinni sveit en hver annar bóndi.³ Enginn veit hvað orðið hefði úr þessum glögga og fróðleiksfúsa manni ef faðir hans hefði viljað kosta hann til mennta. Þó má líklegt telja að hlutskipti hans hefði orðið annað og meira en að sinna bústörfum heima í Þórormstungu.

Fram hefur komið að samtímamenn drógu upp heldur ófagra mynd af Jóni bónda en þó er undantekning þar á. Björn Gunnlaugsson segir í eftirmælum að Jón hafi verið góðmenni, hógvær og siðprúður. Hann endar eftirmæli sín um látinn vin með hástemmdu lofi: „Hún Úranía hans mun hafa dregið huga hans frá öllu því hégómlega, auðvirðilega og fávísa jarðneska, og haldið honum í auðmýkt til hins stóra, hátignarfulla og eilífa.“⁴

Útgáfa heimilda og íslensk handritamennning

Heimildaútgáfa á sér langa sögu hér á landi. Árni Magnússon, prófessor í Kaupmannahöfn og handritasafnari, safnaði ötullega ýmsum heimildum til íslenskrar sögu. Árni var sérstaklega nákvæmur í vinnubrögðum sínum. Til dæmis taldi hann að hvert handritssnifsi gæti haft heimildagildi og skrifaði upp gömul handrit stafrétt með upphaflegum villum og styttingum.⁵

Samfara sjálfstæðisbaráttunni upp úr miðri 19. öld hófst markviss útgáfa heimildarita. Jón Sigurðsson nýtti sér sögulega þekkingu sína sem vopn í sjálfstæðisbaráttunni og stóð fyrir útgáfu ýmissa heimilda um sögu Íslands. Fyrsta stóra útgáfusafnið sem hann stóð að var *Lovsamling for Island* sem kom út á tímabilinu 1853–1889. Fyrir tilstilli Jóns hóf Hið íslenska bókmenntafélag, sem stofnað var 1816, útgáfu *Íslenzks fornbréfasafns* árið 1857. Alls voru gefin út 16 bindi allt fram til ársins 1972. Uppistaða forn-

1 Metcalfe, Frederick, *The Oxonian in Iceland. With Glances at Icelandic folk-lore and sagas* (Oxford, 1861), bls. 216–219.

2 Þí – Prestspjónustubók 1816–1875. *Þjóðólfur* 18. júní 1862, bls. 111.

3 *Tímarit íslenzkra samvinnufélaga* 1. maí 1917, bls. 77.

4 Björn Gunnlaugsson, „Jón Bjarnason“, bls. 27.

5 Már Jónsson, *Árni Magnússon. Ævisaga* (Reykjavík, 1998), bls. 55–70, 342.

bréfasafnsins var einmitt handritasafn Árna Magnússonar. Útgáfan er stafrétt og upprunalegt málfar látið halda sér. Ítarlegar skrár fylgja hverju bindi, um mannanöfn, staðarnöfn og atriðisorð.¹ Sögufélag var stofnað árið 1902 um það leyti sem nýr áfangi sjálfstæðisbaráttunnar var í sjónmáli. Heimastjórn var í vændum og því töldu forgöngumenn félagsins nauðsynlegt að efla þjóðarvitund Íslendinga með útgáfu heimilda um sögu þjóðarinnar.²

Allmargir útgefendur hafa staðið að heimildaútgáfum á Íslandi. Mörg undanfarin ár hafa Háskólaútgáfan, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag verið einna atkvæðamest á þessum vettvangi.³ Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru um heimildaútgáfu en ítarlega úttekt á henni er að finna í grein Halldórs Bjarnasonar, „Gestir úr fortíðinni á nýjum fótum. Straumar og stefnur í íslenskri heimildaútgáfu 1995–99.“ *Ný saga* 13:1 (2001). Sjá einnig grein Helga Skúla Kjartanssonar, „Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar: Ítardómur.“ *Saga* XLVII:2 (2009).

Heimildaútgáfa frumkvöðlanna er afar mikilvæg fyrir seinni tíma rannsóknir á sögu Íslands. Erfitt er að ímynda sér slíkar rannsóknir án annála, manntala, *Alþingisbóka Íslands* og *Lovsamling for Island* svo dæmi séu nefnd.⁴ Þrátt fyrir mikið starf á sviði heimildaútgáfu er enn mikið verk óunnið. Sem dæmi má nefna að á handritadeild Landsbókasafns Íslands eru varðveitt um 15.000 handrit. Heimildir þessar eru frá siðbreytingu og fram á 20. öld. Flestar heimildanna eru pappírshandrit frá 19. og 20. öld en einnig fjölmörg handrit frá 17. og 18. öld.⁵

Mikill fjöldi handrita frá síðustu öldum ber vott um aðra bókmenningu en menningarsagan (e. *cultural history*) fjallar að öllu jöfnu um. Í handritunum má sjá hvernig alþýðan nýtti skriftarkunnáttu til tjáningar, sköpunar og þekkingar. Meðal handritanna er að finna dagbækur frá 18., 19.

- 1 Einar G. Pétursson, „Í minningu afreksmanns. Af Jóni farna Þorkelssyni sem einnig var nefndur Fornólfr“. *Lesbók Morgunblaðsins* 18. september 1999, bls. 4–6. Sjá einnig *Jón Sigurðsson. Ævisaga* eftir Guðjón Friðriksson.
- 2 Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö* III (Reykjavík, 1995), bls. 88. Vef. Sögufélag. Vefslóð: http://www.sogufelag.is/efni/um_f%C3%A9lagi%C3%B0. Efni sótt 5. maí 2014.
- 3 Halldór Bjarnason, „Gestir úr fortíðinni á nýjum fótum. Straumar og stefnur í íslenskri heimildaútgáfu 1995–99.“ *Ný saga* 13:1 (2001), bls. 82.
- 4 Anna Agnarsdóttir, „Heimildaútgáfur: Þúró og gamaldags.“ 2. *íslenska söguþingið*, 30. maí – 1. júní 2002. *Ráðstefnurit II*. Ritstjóri Erla Hulda Halldórsdóttir. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands, Sögufélag (Reykjavík, 2002), bls. 114.
- 5 Vef. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Handritasafn. Vefslóð: <http://landsbokasafn.is/index.php/efni/handrit/handritasafn>. Efni sótt 19. maí 2014.

og 20. öld og ýmis önnur verk alþýðufólks.¹ Fræðimenn hafa lengst af að mestu horft framhjá slíkum heimildum vegna huglægs (e. *subjective*) eðlis þeirra. Erfitt getur reynst að sannreyna þessar heimildir vegna óljósra skila á milli sannleika og skáldskapar.² Slíkt gengur í berhöggi við kröfuna um hlutlægar (e. *objective*) vísindalegar rannsóknir án gildismats.³ Einnig verður að líta til forgangs útgáfu persónuheimilda „stórmenna“. Íslands-sagan var skilgreind og framleidd af sagnfræðingum fyrri tíma í pólitískum tilgangi. Markmiðið var að efla samkennd og samstöðu þjóðarinnar á tímum sjálfstæðisbaráttu.⁴ Því var ekki verið að gefa út persónuheimildir alþýðufólks sem þóttu ekki varpa ljóma á sögu og menningu þjóðarinnar.⁵

Viðhorf til persónuheimilda alþýðufólks var í samræmi við ríkjandi skilgreiningar á hugtakinu menning. Velski fræðimaðurinn Raymond Williams útlistaði hugtakið í riti sínu *Keywords* sem kom út um miðjan áttunda áratug síðustu aldar. Hann skipti hugtakinu í þrjá flokka: Í fyrsta lagi sem ferli, framþróun, vitrænan, andlegan og fagurfræðilegan þroska, en hugtakið er notað í þessari merkingu frá og með 18. öld. Í öðru lagi það sem nefnt hefur verið mannfræðilegur skilningur á hugtakinu, þar sem menning vísar til tiltekinna lífshátta, hvort sem er á tilteknu tímabili, hóps, þjóðar eða mannkyns í heild sinni. Í þriðja lagi fagurfræðilegur skilningur, listræn og fagurfræðileg starfsemi eða framleiðsla, en þá notkun má rekja til fyrstu áratuga 19. aldar.⁶ Þessa gildishlöðnu merkingu hugtaksins nefndi bandaríski mannfræðingurinn Roy Wagner „óperuhússkilning“ með vísan í hámenningu. Bandaríski mannfræðingurinn Clifford Geertz víkkaði merkingu menningarhugtaksins og taldi það kynna sögulega framvindu merkingarbærs mynsturs. Tjáning þess birtist á táknrænan hátt, til dæmis í öllu sem menn tjá með orðum, líkamshreyfingum eða með öðrum táknrænum hætti. Þannig eru reyfarar ekki síður menningarfyrirbæri en verk Hall-

1 Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru. Dagbækur, sjálfsmynd og heimsmynd á 18. og 19. öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 51.

2 Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumur. Sjálfsbókmenntir á Íslandi* (Reykjavík, 2004), bls. 191.

3 Georg G. Iggers, *Sagnfræði á 20. öld. Frá vísindalegri hlutlægni til póstmódernískrar gagnrýni* (Reykjavík, 2004), bls. 35.

4 Guðmundur Hálfðanarson, „Sameiginlegar minningar og tilvist íslenskrar þjóðar.“ 2. *Íslenska söguþingið 30. maí – 1. júní 2002. Ráðstefnuvit II*. Erla Hulda Halldórsdóttir ritstjóri. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands, Sögufélag (Reykjavík, 2002), bls. 306–308.

5 Halldór Bjarnason, „Gestir úr fortíðinni“, bls. 81.

6 Raymond William, *Keyword. A Vocabulary of Culture and Society* (London, 1976), bls. 87–92.

dórs Laxness og sama gildir um pönktónlist og verk svonefndra meistara sígildrar tónlistar.¹

Túlkun menningarhugtaksins er þess vegna fjarri því að vera óumdeilt og þannig hefur einstaklingurinn öðlast aukið vægi í menningarumræðunni á undanförunum áratugum. Kenningarnar sem skýrðu samfélagsþróun á 19. og 20. öld hafa verið gagnrýndar og jafnvel hafnað vegna áhrifa frá póstmódernisma. Samfara þessari þróun hefur orðið vakning meðal íslenskra fræðimanna um miðlun texta í handritum fyrri tíma.² Þetta kemur meðal annars fram í greinasafninu *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk* (1998).³ Athyglin hefur fyrst og fremst beinst að handritamenningu alþýðunnar. Samhliða var ritröðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar* hleypt af stokkunum og hafin viðamikil útgáfa á áður óprentuðu efni úr handritasöfnum.⁴ Áhersla hefur verið lögð á að draga fram verk alþýðu sem sinnti bóklegri iðju án formlegrar menntunar. Þetta var hópur fólks sem stundaði fræði sín við erfið skilyrði vegna fátæktar og aðstöðuleysis. Þrátt fyrir það sat þetta fólk löngum við skriftir og auðgaði íslenska menningu svo um munaði. Í þessum rannsóknum hafa áhrif hinna svonefndu „berfættu sagnfræðinga“ verið skoðuð.⁵ Í grein Davíðs Ólafssonar og Sigurðar Gylfa Magnússonar „Barefoot Historians: Education in Iceland in the Modern Period“ (2002) er sýnt fram á mikilvægi alþýðufræðimanna fyrir samfellu íslenskrar alþýðumenningar. Slíkir alþýðufræðimenn voru nokkurs konar óformlegar menningarstofnanir er gáfu út fræðslufni ætlað alþýðu.⁶ Forsenda blómlegrar bókmenntahefðar alþýðu Íslendinga var almennt læsi. Annað ýtti einnig undir sérstöðu Íslendinga á þessu sviði. Þjóðin var fámenn og daglegt líf keimlíkt um allt land. Þessi einsleitni og

1 Guðmundur Hálfðanarson, „Rannsóknir í menningar- og hugmyndasögu.“ *Saga XXXVIII*. (2000), bls. 187–188.

2 Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar*, bls. 191.

3 *Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Pröm*. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (Reykjavík, 1998), bls. 7.

4 Sjá nánar á: <http://www.akademia.is/utgafa/synisbaekur-islenskrar-altyeu> og ítardóm Helga Skúla Kjartanssonar, „Kröftugasta útgáfustarf íslenskrar sagnfræði. Ritroðin Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar.“ *Saga*. XLVIII:2. (2009), bls. 185–198.

5 Sjá grein Davíðs Ólafssonar og Sigurðar Gylfa Magnússonar, „Barefoot Historians: Education in Iceland in the Modern Period.“ *Writing Peasants. Studies on Peasant Literacy in Early Modern Northern Europe*. Ritstjórar Klaus-Joachim Lorenzen-Schmidt og Bjørn Poulsen. Landbohistorisk Selskab (Árhus, 2002), bls. 175–209.

6 Sigurður Gylfi Magnússon, „Ádrepa um alþýðumenningu“. *Lesbók Morgunblaðsins* 8. maí 2004, bls. 7.

staðlað form kvöldvökkunnar skapaði menningarlegan jöfnuð meðal landsmanna.¹

Bandaríski sagnfræðingurinn Georg G. Iggers kemst þannig að orði í bók sinni *Sagnfræði á 20. öld* að „Óski maður þess að bjarga því óþekkta frá gleymsku þarf að koma til ný nálgun að sögunni, ný hugtök og nýjar aðferðir sem ekki líta á söguna einþráða, stórsögn (e. *grand narrative*) þar sem margir tynast, heldur margþátta sögu með mörgum einstökum miðjum.“ En með þessum orðum undirstrikar hann mikilvægi þess að hugað sé að þeim aðferðum sem beitt er við nálgun á sögu.² Vegna þeirrar afskiptu stöðu sem alþýðleg verk Jóns hafa haft meðal sagnfræðinga lá það fljótlega fyrir að við útgáfu þessarar bókar yrði stuðst við kenningar og aðferðir einsögunnar (e. *microhistory*). Í einsögu eru þeir einstaklingar í brennidepli sem lengst af hafa ekki vakið áhuga sagnfræðinga. Parna er um að ræða óþekkt alþýðufólk sem skildi eftir sig ýmiskonar skriflegar heimildir. Oft stóð þetta fólk á jaðri samfélagsins, stakk í stúf og þótti sérhlunda. Fyrir bragðið skapaði það sjálft heimildir um eigið líf eða aðrir hafa um það fjallað af ýmsum ástæðum. Hvort tveggja hefur reynst góður efniviður í rannsóknir á þeim afkimum samfélagsins sem minnst er vitað um. Þetta efni er einmitt afar gagnlegt við endurmat á menningarsögunni. Í stað þess að rannsaka formlegar stofnanir og „mikilmenni“ samfélagsins, skoða einsögufræðimenn hvar einstaklingurinn stóð í samfélaginu. Með þessari nálgun má komast djúpt undir yfirborð hefðbundinnar yfirlitssögu (e. *synthesis/general history*) og meginðlegra tölfræðigreininga (e. *quantitative method*) og um leið öðlast gleggri mynd af menningu og hugmyndaheimi alþýðunnar.³

Uppbygging handrits og hugmyndafræði

Fyrstu tvö bindin (ÍBR 67 4to og ÍBR 68 4to) fjalla um spendýrafræði, þriðja bindið (ÍBR 69 4to) er myndabók og hin (ÍBR 70–73 4to) fjalla um aðrar náttúrufræðigreinar, meðal annars steina- og fuglafræði. Handritin ÍBR 69–70 8vo, um fugla og fiska, tilheyra einnig fjölbindaverkinu sem fyrr segir. Jón skiptir dýrunum upp eftir ættum og telur upp fræðiheiti þeirra. Í fyrstu tveimur bindunum um spendýrafræði eru lýsingar á mönnum og dýrum og lífsháttum þeirra. Jón taldi einnig með furðuskepnur sem hann áleit lífa

1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur. Minni, minningar og saga* (Reykjavík, 2005), bls. 65–66.

2 Georg G. Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 119.

3 Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur*, bls. 328, 360–361. Sjá einnig Molar og mygla (2000), *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk* (1998).

við Ísland. Hann fjallaði um dreka, hafmeyjur, marbendla, skuggabaldur, skoffín o.fl. eins og um raunveruleg dýr væri að ræða og flokkaði þau með þeim dýrum er hann taldi þeim skildust. Til dæmis er umfjöllun um sætröll, hafmeyjur og sjóskrímsli næst á eftir umfjöllun um hvali.

Sjóarskrípi

Hjer umbil 1830 var madurnockur Björn Sigurdarson að nafni, sem upp hafði alist á Borg í Borgarfirði, til sjóróðra á Akranesi. Þá sá hann ásamt fleyrum öðrum sjó mönnum, hjer umbil fim vikur tíma um vorid á sjónum, helst þó á morgnana, mörg óþekkjanleg sjóar kvikindi upp úr sjónum standandi, sem líkust vóru að sköpulagi manneskju ofann að midti. Þaug vóru móleit edur brún á lit. Höfud á þeim sýndust eins og með hatti með nidur sleignu hári. Axlir sem á manni með handleggja mindum. Hjerum bil 40 árum áður höfðu slíkar sképnur sjest við Hellna fyrir vestan.¹

Í þriðja bindinu eru myndir af mönnum og dýrum sem Jón dró upp sjálfur eða klippti úr erlendum ritum (sjá umfjöllun Sigurðar Gylfa Magnússonar í síðari hluta bókarinnar).

Jón vann verkið að miklu leyti upp úr erlendum fræðiritum. Hann nefnir sem helstu heimildir *Forsøg til en naturhistorie* (1786–1804) eftir Esaias Fleischer, *Flora Danica* (1841) eftir Joakim Frederik Schouw, náttúrufræðibók Ströms [Hans Ström, *Physisk og Oeconomisk Beskrivelse over Fogderiet Søndmør I–II* (1762–1766)], uppgötvanir Linné [Carl von Linné læknir, dýra- og grasafræðingur], *Grønlands historie* eftir Hans Egedes, *Naturhistorie for børn* eftir Georg Christian Raffen og *Speculum regale* (Konungsskuggsjá). Jón tilgreinir einnig innlendar heimildir, svo sem annála, *Reisubók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* (1772) og *Rit Lærdómslistafélagsins*. Þá studdist Jón við munnlegar heimildir er hann fjallaði um skrímsli, vætti og furðuverur.²

Þorgeyrsfjardar sjódýrid

Fyrir nockrum árum bjó á Botni í Þorgeyrsfirði madurnockur að nafni Árni Gudmundsson. Var hann kvölld seint á ferd frá hjalli sínum sem stóð við sjó. Géck hann hart nedan sljettan bala er liggur að nedann Kjeldu sem brúud er nedan við túnid. Fyrir nedan brúna leit

1 ÍBR 68 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

2 ÍBR 67–72 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

hann eitt qvikindi veita sér eptir för, enn vid ádur nefnda Kjeldu náði það honum. Hann hratt því útaf brúnni með hægri hendinni, straukst það við lær honum. Þetta sævar dýr var á stærð við veturgamlan hafur, litur á því sást ei vegna myrkurs. Það var óskeljad með hardan kamb ofan á hálsinum með broddum útúr. Hann kom inn í bæinn undan því, lagdist og varð holds veikur og lifði fáein ár þar eptir og kenna sumir þessu sjódýri veiki hans.

Saga þessi er skrifud eptir sögn Sigurðar bónda á Hróarstöðum í Fnjóska dal þann annan Januári 1849.¹

Nokkrir heimildarmannanna voru flakkarar sem fóru um landið og báru á milli nýjustu tíðindi og sögðu sögur í skiptum fyrir kost. Yfirvöld litu þá hornauga en þeir voru vinsælli meðal alþýðu manna enda voru flakkarar fræga fólk síns tíma ásamt embættismönnum, stórbændum og prestum. Einn þessara flakkara var fyrrnefndur Daði Níelsson „fróði“ (1809–1857) sem var þjóðkunnur á sinni tíð. Líf hans einkenndist af örbirgð og var í veraldlegum skilningi tilkomulítið. En í andlegum skilningi var það auðugt og fjölskrúðugt vegna óslökkvandi fróðleiksþorsta.² Jón vísar einnig í Níels Jónsson „skálda“ (1782–1857). Níels var góðum gáfum gæddur og hafði mikla þrá til menntunar sem hann ekki fékk vegna fátæktar. Hann þótti sérkennilegur í háttum og fékkst meðal annars við lækningar og var ljósfaðir. Skáldskapur Níelsar var misjafn, jafnvel leirburður, en hann þótti skrifa spaklega um bókmenntir.³ Erfið lífsbarátta þessara umrenninga hefur án nokkurs vafa ýtt undir frásagnargleði þeirra. Góð saga gat gefið magafylli og jafnvel gistingu. Ekki spillti fyrir ef hróður flakkarans barst víða og því hafa þeir eflaust lagt sig fram við að segja mergjaðar sögur. Ömurlegt hlutskipti flakkarans kemur vel fram í stöku Daða Níelssonar:

Illt er að biðja opt um lán,
illt er að vera hrakinn,
illt er að þola eynd og smán,
illt er að vera nakinn.⁴

1 ÍBR 71 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

2 Jón Jónsson, „Dúllað og tónað, dansað og leikið – Föromenn og leiklist í lok 19. aldar“. *Lesbók Morgunblaðsins* 7. júní 1997, bls. 6. J. Jónsson, „Daði Níelsson „fróði“. Aldarminning“. *Skírnir* 84 (1910), bls. 117–137.

3 *Dagur Tíminn* (Íslendingaþættir) 21. júní 1997, bls. 4–5.

4 *Blanda. Fróðlegur gamall og nýr* III. Sögufélag (Reykjavík, 1924–1927), bls. 45.

Þrátt fyrir augljós áhrif upplýsingarinnar í verkum Jóns eru vísindi hans blandin hjátrú og guðsorð er hafið yfir alla gagnrýni. Mikilvægi sköpunarsögu Biblíunnar er óumdeilt þegar hann fjallar um upphaf og undur lífsins. Jón hefur verið á því að fjalla um sköpunarsöguna og í hans huga var hún hinn eini og algildi sannleikur um sköpun lífsins, einhvers konar útgangspunktur sem hann reynir að koma heim og saman við uppgötv-anir náttúruvísindanna. Segja má að skrif Jóns beri þess merki að hann var á milli tveggja heima; annars vegar í vísindahyggju upplýsingarinnar og hins vegar í kreddum kristinnar trúar. Jón var jafnframt hjátrúarfullur og trúði bábiljum og þjóðsögum aftan úr grárri forneskju og var að þessu leyti dæmigerður alþýðumaður.

Lausnarsteinn

Ætitis

... Menn hafa haft hjá trú á þessum plöntu steini og sagt þeir væru bædi kall og kvenn kyns og qvensteinninn skildi hafa annan minni innan í sér, sem hann átti að fæða og sá ungi steinn skildi hafa sinna foreldra eiginleika. Steinarnir skildu geimast í hveiti og vefjast innan í obrúkad lerept og líknar belg. En væru þeir uppá þennan máta ecki vardveittir áttu þeir að tapa krapti sínum.

Nafnid lausnarsteinn hafa þeir feingid af því að menn meintu þeir flyttu fæding qvenna. Þeir áttu þá að latast í hreinan bikar og þar á að hella frönsku víni og hvort sú fædandi atti að drekka varmt.

Menn neyta ecki að mörg dæmi gétist hafi um þungadra qvenna fljóta barnsfædingu með að brúka lausnarsteininn í sínum drykk. Það varma vín styrkir og vidurkveikir sjálft, og konan sem hefur trú á þessu medali fær opt nýa hressing og krapta þar við og þetta verður án efa orsökina til hinnar snöggu og góðu umbreitingar.

Hvata lausnarsteinin með gjördina yfir um sig svarta og hvíta en dökksótraudur að öðru. Stærri hinum vexti og hnöttóttari, rekur og svo af sjó og er vegetabiliskur, edur plöntu steinn sem hinir. Hjátrúin vill hafa báða til samans, anars á náttúra þeirra að tapast.¹

Hin tvískipta menningararfleifð, rétttrúnaðarkristni og náttúrudulhyggja, ásamt vættartrú, var rótgróin með þjóðinni. Alþýðan trúði á náttúruvætti er höfðu sjálfstæðan vilja og voru ýmist góð eða ill. Vættartrúin byggðist á náttúrusýn sem kennd er við dulhyggju. Samkvæmt henni er náttúran á ein-

1 ÍBR 70 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

hvern hátt meðvituð um sjálfa sig og fólk samofið henni. Þannig trúðu menn því að náttúran gæti með „andúðarkrafti“ sínum komið í veg fyrir að líf þrífist. Kirkjan túlkaði æ djöfullegri vættaheim sem birtingarmynd hins illa. Hugsun manna gat því stjórnað allt í senn af dulvísi, guðstrú og raunsæi.¹ Enda þótt Jón Bjarnason hafi spottið úr þessum jarðvegi, þá hugsaði hann verkið „til lesnínar handa alþýðu“ í anda upplýsingarinnar. Að baki lá það grundvallarsjónarmið að almenningur væri fær um að afla sér þekkingar með sjálfsnámi og að aukin þekking leiddi til framfara:²

Ef vjer viljum heita manneskjur og verðskulda þetta tignarlega nafn þá tökum feigins hendi mót upplýsingunni sem einkanlega adgreinir oss frá skinlausum dýrum. Því hvað er skynsemin án upplýsingar? Eckert annað en einber mögulegleiki hjá mannlegum sálum til að medtaka þá upplýsingu sem adgreina má manneskjur og villidýr.³

Bókstafstrú Jóns á guðsorð hefur eflaust leitt til árekstra þegar þau stemmdu ekki við uppgötvanir vísindamanna. Hann reynir því að setta hvort tveggja með tilvísunum í Biblíuna þegar færi gefast. Þannig reynir hann að fá uppgötvanir vísindamanna til þess að stemma við hinn algilda sannleik kristindómsins.

Verkið er almennt mjög vel skipulagt en á nokkrum stöðum hefur Jón bætt inn blaðsíðum síðar, sumar með óskildu efni. Kaflinn um mannkynið er stórmerkilegur og oft og tíðum skemmtilegur. Jón hefur umfjöllun sína á því að lýsa tæpitungulaust getnaði og að því er virðist rannsókn á eigin sæði. Í framhaldinu er vexti og þroska mannsins lýst ásamt ítarlegri útlistun á mannslíkamanum. Jóni var mjög hugleikið fólk sem á einhvern hátt þótti afbrigðilegt. Til dæmis brjálaðir menn, vanvitar, geldingar, feitir menn, tvítólungar, risar, dvergar o.s.frv. Þar sem Jón hugsaði verkið fyrir alþýðu hefur það líklega gengið á milli bæja í Húnaþingi til uppfræðslu og skemmtunar. Líklegt má telja að það hafi fengið góðar viðtökur, enda fræðandi, framandi og skemmtilegt. Þá hefur umfjöllun Jóns eflaust kitlað þar sem hún er afdráttarlaus og berorð á köflum.

Mannkyninu skiptir Jón í sex flokka sem hann kallar mannbreytingar. Í fyrsta flokknum eru íbúar Norðurálfunnar. Þeir bera af öðrum, hörundshvítir, jafnan vel vaxnir, frískir og lífgóðir. Síðan rekur hver flokkurinn annan

1 Matthías Viðar Sæmundsson, „Menning í deiglu“. *Íslensk bókmenntasaga* III. Ritstjóri Halldór Guðmundsson (Reykjavík, 1996), bls. 43, 59.

2 *Alþýðumennning á Íslandi 1830–1930*, bls. 19.

3 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.



Mynd úr ÍBR 69 4to sem er samsett úr teikningum Jóns og myndum sem hann klippti úr erlendri myndabók. Þarna er úrvalsflokkur mannkyns, hvítir og kristnir N-Evrópubúar, sem Íslendingar tilheyrðu, og skrælingjar, sem „eru mjög áþekkir hvörjer öðrum að vexti, lit, sidum og vanvitsku“.

þar sem menn verða lakari með hverjum. Þannig eru menn í neðstu flokkunum átakanlega aumir. Lýsing Jóns á sumum kynþáttum er oft og tíðum brosleg en jafnframt ber hún vott um mikla kynþáttafordóma Evrópumanna á þessum tíma. Það ber auðvitað að varast að skoða skrifin með gleraugum pólitísku rétttrúnaðar nútímans, en um leið gefa þau tilefni til að skoða þau með gagnrýnum hætti. Jón taldi sig hafa ábyggilegar vísindalegar heimildir fyrir allri umfjöllun sinni um mannkynið. Á einum stað ofbýður Jóni þó framferði trúbræðra sinna:

En hvörsu vanvitrir, treggáfadir, illa sidadir sem þar eru menn, sýnast þeir kristnu Nordurálfubúar, þó ecki hafa af miklu að hrósa sér fremur þeim, er árlega kaupa og selja mörg þúsund negra til æfinlegs þýngsla þrældóms og gudlausustu meðferdar, rétt sem skurðar fé edur dauda hluti. Æ! Þetta mannkynid smánandi dæmi er sérhvörn mannvin má hrilla við!¹

Jón staðsetur Íslendinga í fyrsta flokk mannbreytinga – úrvalsflokki mannkyns. Í þessum flokki eru hinir kristnu og hvítu N-Evrópubúar. Umfjöllun hans undirstrikar yfirburði þessa fyrsta flokks er Íslendingar tilheyrðu. Þannig gátu lesendur mátað sig við afbrigðilegt fólk, skrælingja og „afguðsdýrkara“ og talið sig hólpna – andstætt hinum (e. *the other*). Hugmyndin að baki þessu hugtaki er sú að samfélög byggist á andstæðum. Hugmyndin um framandleika sé því lykill að skilningi á sjálfinu. Án stöðu „hinna“ er ómögulegt að koma með skýringartilgátur um heiminn.²

Greina má að Jón hefur samúð með þeim aumu mönnum sem eru í öðrum flokkum mannbreytinga. Ekki verður séð að hann efist nokkru sinni um sannleiksgildi heimilda sinna, sama hversu ótrúlegar þær eru. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að Íslendingum hefur jafnan sárnað er útlendingar hafa haft ranghugmyndir um land og þjóð. Íslendingar hafa ætíð borið sig saman við aðrar þjóðir og talið sig standa framarlega í menningarlegu tilliti. Jafnvel á tímum hnignunar og örbirgðar var þjóðin stolt af menningararfi sínum og meintum þjóðareinkennum. Þannig sá Arngrímur Jónsson lærði sig knúinn til þess að leiðrétta hugmyndir útlendinga um Ísland með riti sínu, *Crymogæa*, árið 1609.³

1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

2 Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur*, bls. 290.

3 Helgi Þorláksson, „Ettjarðarást og lastarskrif – Arngrímur lærði.“ *Saga Íslands* VI. Ritstjóri Sigurður Línal (Reykjavík, 2003), bls. 195–196.



Jón virtist vera sáttur við fastmótada stéttaskipan samfélagsins. Á myndinni koma vel fram ríkjandi og aldagamlir fordómar gagnvart gyðingum.

Vegna áhrifa upplýsingarinnar var framfarahyggjan leiðarljós Jóns. Hugmyndafræðin byggist „á þeirri hugsun að hver atburður reki annan í rökréttu sambandi“.¹ Framfarahyggjan á rætur sínar að rekja til upplýsingarinnar, þar sem evrópsk samfélög, allt frá landnámi þeirra í Ameríku um 1500, eru í stöðugri framför.² Á móti virðist sem Jón sé ósnortinn af upplýsingunni í umfjöllun sinni um stéttir. „Allt sidad mannkyn og þjódir í heiminum að greinast og sundur skiptast í viss stönd edur stjettir.“ Jón skiptir stéttum í andlegar og veraldlegar. Andlegri stétt raðar hann frá páfum og erkibiskupum niður til djákna. Veraldlegri stétt raðar hann frá keisurum og konungum niður að hinum „lægstu, nefnilega nidursetningarnir“. Hver stétt er á sínum bás eftir ákveðinni röð sem stýrist af myndugleika og virðingu.³ Viðhorf Jóns kann að skjóta skökku við í ljósi þeirra viðhorfsbreytinga sem urðu til kennisetainga Biblíunnar og konungsvaldsins á 18. öld, einkum fyrir áhrif frá upplýsingunni. Þetta vekur upp þá spurningu að hvaða marki upplýsingin hafi náð til Jóns eða alþýðu á Íslandi yfir höfuð. Meðal þess sem fylgdi upplýsingunni voru ýmis frávik frá hefðbundnum kristindómi. Menn sáu lærdóma Biblíunnar í nýju ljósi og drógu í efa ákveðnar kenningar heimspekinga hinnar klassísku fornaldar sem mótuðu kristin viðhorf.⁴

Jón virðist hafa aðhyllst hugmyndafræði hins upplýsta einveldis. Hann samþykkir óbreytta skipan samfélagsins en tekur fagnandi aðgerðum stjórnvalda er vörðuðu framþróun. Einnig trúði Jón því að maðurinn væri í eðli sínu góður en það tengist einmitt mannúðarsjónarmiðum upplýsingarinnar.⁵ Það fylgdi trúnni á mátt vísindanna að greina eðlislegar skýringar á fyrirbærum náttúrunnar. Á hinn bóginn virðist sem gagnrýni upplýsingarmanna á hugmyndaheim alþýðu falli í grýttan jarðveg. Sem fyrr segir var Jón hjátrúarfullur og trúði á furðuskepnur og yfirnáttúrulegar verur. Handritið sýnir, svo að ekki verður um villst, að Jón skilyrðir sína upplýsingu samkvæmt trúnni og menningararfleifðinni. Þetta gæti stafað af vanafestu alþýðunnar og kyrrstöðu samfélagsins á mörgum sviðum. Samfélagsgerðin og menningararfleifðin vann því tvímælalaust gegn útbreiðslu upplýsingarstefnunnar á Íslandi.⁶

Jóni var eflaust ljóst að framfarir héldust í hendur við gagnrýna hugsun. Mönnum bar að efast um gildi ríkjandi kenninga. Hins vegar telur Jón

1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur*, bls. 307.

2 Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur*, bls. 23.

3 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

4 Ingi Sigurðsson, „Upplýsingin og áhrif hennar á Íslandi“. *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*. Ritstjóri Ingi Sigurðsson (Reykjavík, 1990), bls. 20.

5 Ingi Sigurðsson, „Upplýsingin og áhrif hennar á Íslandi.“, bls. 20–21.

6 Matthías Viðar Sæmundsson, „Menning í deiglu“, bls. 43, 59.

sköpunarsögu og kennisetningar Biblíunnar hafnar yfir alla gagnrýni. Í lok umfjöllunar sinnar um mannkynið reynir Jón að ná sáttum á milli trúar og upplýsingarinnar:

Enn skynsemi eda sá sálar kraptur sem með góðri brúkum og rækt fær beidt til upplýsingar og þekkingar á Gudi, á náttúrunni og sjálfum sér, á digdum og löstum, til vissu um ódaudlegleika, til ánægju og meðbræðra uppbyggingar í lífinu og til grundvalladrar vonar um ædri og óendanlega heill í öðru lífi. Þessi gáfa hlotnadist manneskjunnar framm yfir apann og önnur dýr þarí er öll vor tign og sómi og verdugleiki fólgin. Þar með er oss unt, ef vér ei vanbrúkum edur með hyrduleysi ónítum þetta mikla pund. Ad stíga af einnri fullkomnunar tröppu á adra og loksins ad ödlast samsæti með ljósins herskörum á hinnum.¹


Meðferð texta í handriti

Texti handritsins er víða torskilinn vegna mikils ósamræmis í stafsetningu og leturgerð. Málsnið Jóns var óformlegt sem vonlegt var hjá óskólagengnum alþýðumanni. Einnig verður að horfa til þess að á þessum tíma voru engar samræmdar málfræðireglur til. Jón skrifaði sömu orðin með ýmsum hætti og til dæmis eru að minnsta kosti fimm útgáfur af orðinu „fékk“; fjeck, fjeck, fjékk, fjéck og feck. Engin regla er á stórum og litlum staf og greinarmerki eru fá og ruglingsleg. Orð eru mjög víða slitin í sundur, til dæmis, „ó vissa“, „á qvörðunar“, „náttúru fræði menn“, „ný út komna“ og fleira í þeim dúr. Erfitt var að átta sig á sumum stöfum þar sem Jón notaði nokkrar leturgerðir. Vegna þessa mikla ósamræmis var erfitt að stilla sig inn á rithönd Jóns og ekki bætti úr skák að hún er stundum óskýr. Einnig var vandkvæðum bundið að ákveða greinarmerki þar sem textinn er líkari talmáli en ritmáli. Í stað kommu eða punkts notaði Jón iðulega orðin „og“ og „en“ til þess að leiða textann áfram líkt og í talmáli. Þannig eru heilu blaðsíðurnar án punkts og því erfitt að afmarka setningar. En á móti opnar handritið sýn inn í heim hins ritaða máls, sem bæði er heillandi og upplýsandi. Ekki ber á öðru en að Jón hafi verið sér meðvitaður um annmarka skrifa sinna og dregur ekkert úr þeim í formála verksins:

Stílsmátin og ordfærðid, sem hefði att vera betri og gagn ordari. Stafsetningin eckert reglubundin. Vantandi víða lestrar og áherslu teikn

1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

og víða miskrifast. Líka í vantandi stafi sumstadar m.m. og í þessu ástandi er bókin aldeilis óhæfileg til prentunar að ætlast. Því til þess þyrfti hún áður að redigerast af lærdum náttúru fræði manni. Taka burt úr henni hvað ecki ætti þar að vera edur of auk og bæta þar við hvar þurfa þætti. Setjast í betri stíl, gjörast færri enn gagn ordari. Skrifast eptir vidteknum prent reglum láta ei vanta lestrar edur áherslu teikn með öðru fleira er lagfæra þyrfti.¹




Sýnishorn af texta Jóns þegar verst lætur.

[sa]man af maugum konstugum pörtum þikjist maður að saunnu skilja þaðnockurnveginn, saknar þó alltiðnockurs í, nema hann sjáist á fósturinu í Hræringu, þannig er því varið um getnadarins Leyndardóm, það vilja þeir nýstu Náttúru fræðingar fyrir satt hafa, að eitt Egg af eggjastock Móðurinnar, eða fleiri, fái Frjófgun af Manns fræinu, enn undir eins og það sé skeð, hverfi það inní Móður Lífið, og allt í einu til lykist það þá sem heilt væri, því síðara vita menn að valda muni Vöðvanna krapta sem ertíngjum vekur, vegna þess að Móðurlífið hefir og so einskonar Nerver eða Tilfinningar taugar, enn hvaða Kraptur hinu stírir að það frjóguða Egg strax losnar við Eggja Stockjinn, og skilur eptir gulleita aurðu þar sem eru enn nú sundurleitar Festulausar gits níngar, þar sem jeg til reit og Próffessor Mangor, sem hér um. ...²

1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

2 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.



Annað sýnishorn af texta Jóns þegar best lætur.

Væxtur fóstursins í Mórur Lýfi

Þegar Gétadurinn er skéður og MórurLýfid hefur tekið á móti áður nefndum Vökva Mannlegs sædis, þá líkur það sig til og útvíðkast síðann eptir því sem Fóstur vex, og öll þaug Smáu Kér Mórurlífsins út þenjast hvör ed áður voru án Blóds og svo smá ad valla sýnileg voru fyllast nú med rauda Saft og verða Stærri leingri og víðari Svo Mædrir þar við verður svo frekt ad innanrími, ad Fóstur sem þar í Skál mindast hafi nægilegt plátz.¹

Eins og sjá má af sýnishornunum þá er engin regla á stórum og litlum staf og greinarmerki eru fá og ruglingsleg. Jón skrifaði nær undantekningarlaust bókstafinn „ð“ í stað „þ“ og vakti það sérstaka athygli mína. Bókstafurinn „þ“ var tekinn upp í íslensku ritmáli á 13. öld en var aflagður á 15. öld. Hann var svo endurvakinn í upphafi 19. aldar að mestu fyrir tilstilli danska málfræðingsins Rasmus C. Rask.² Jóni var kunnugt um endurkomu þ-sins eins og sjá má á myndinni á bls. 47. Textinn er sýnishorn af blaðsíðu sem Jón bætti í handritið síðar. Þetta gefur til kynna að Jón hafi byrjað að nota þ-ð að einhverju leyti eftir að hann lauk við verkið árið 1852. Í bréfi til Björns Gunnlaugssonar frá árinu 1859 notar Jón ekki þ og bendir það til þess að hann hafi einfaldlega verið tregur til að skipta yfir, rétt eins og margir skrifa enn z-una sem var aflögð í íslensku árið 1974.

Það er alls ekki sjálfgefið hvernig vinna skal gamla texta til útgáfu. Horfa þarf til þess hver tilgangurinn er með útgáfunni. Í fyrstu taldi ég

1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

2 Sjá Stefán Pálsson, Anton Kaldal Ágústsson, Gunnar Vilhjálmsson og Steinar Ingi Farestveit, *ð ævisaga* (Reykjavík, 2012).

naðsynlegt að staðla textann og færa til nútímahorfs. Er ég hafði eytt talsverðum tíma í samræmingu textans, með nútímastafsetningu, þá fannst mér handritið missa mikilvæg einkenni. Verra var þó að Jón sjálfur og handbragð hans var horfið úr textanum! Ég ákvað því að takmarka afskipti mín af textanum svo að tungutak Jóns fengi að njóta sín. Með þessari aðferð er gengið að ritheimi höfundar og raunsannari mynd fæst af honum. Auðvitað mun þessi aðferð krefjast meira af lesandanum en á móti er það von mín að hún miðli fyllri lestrarupplifun.

Texti handritsins er orðréttur en eftirfarandi atriði voru lagfærð og samræmd til að auðvelda lestur. Það er gert í samræmi við fyrri útgáfur í ritröðinni Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar:

- Augljós pennaglöp eru leiðrétt athugasemdalaust.
- Greinarmerki og greinaskil eru samkvæmt nútímareglum þar sem því er við komið.
- Stór stafur er settur í upphafi setninga og stórir stafir teknir út þar sem þeir eiga ekki við. Orðið Guð, sem allvíða kemur fyrir, er skrifað með stórum staf eins og í handritinu.
- Kommum er bætt á sérhljóðana: á, í, ý, ó, ú og ö.
- Leyst er úr styttingum orða og sértákn og tölustafir eru samræmdir.
- Endurtekningar á kafla- og millikaflanöfnum eru fjarlægðar ásamt blaðsíðutali. Kaflaheitum er hliðrað á nokkrum stöðum til að fella betur að umfjöllun.

Hér að neðan er dæmi um það hvernig upprunalegur texti handritsins er samræmdur:

Upprunalegur texti

Vøxtur fóstursins í Móður Lýfi

Pegar Gétnadurinn er skédur og MóðurLífid hefur tekid á móti áður nefndum Vökva Mannlegs sædis, þá likur það sig til og útvíðkast síðann eptir því sem Fóstrid vex, og öll þaug Smáu Kér Móðurlífsins út þenjast hvör ed áður vóru án Blóds og svo smá ad valla sýnileg vóru fyllast nú med rauda Saft og verda Stærri leingri og vídari Svo Mædrid þar vid verdur svo frekt ad innanrúmi, ad Fóstrid sem þar í Skal mindast hafi nægilegt plátz.¹

1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

Sami texti eftir samræmingu

Vøxtur fóstursins í móður lýfi

Pegar gétnadurinn er skédur, og móðurlífið hefur tekið á móti áður nefndum vökva mannlegs sædis, þá líkur það sig til og útvíðkast síðann eptir því sem fósturinn vex. Og öll þaug smáu kór móðurlífsins út þenjast hvör ed áður vóru án blóds og svo smá ad valla sýnileg vóru, fyllast nú med rauða saft og verda stærri, leingri og víðari svo mædrin þar við verður svo frekt ad innanrúmi ad fósturinn sem þar í skal mindast hafi nægilegt plátz.

Eftir stendur heimildatexti sem lítt hefur verið átt við og með þessu móti ætti lesandinn ad komast betur ad efni handritsins. Lesandinn gengur milliliðalaust ad framandi málfari og viðhorfum sem ef til vill vekja kátínu, sorg eda hneykslan. Hvað sem því líður þá má skynja nið aldanna eins og hann birtist í hugarheimi og skilningi Jóns Bjarnasonar á lífinu og tilverunni.

Ég tel ad þessi bók muni nýtast fræðimönnum jafnt sem nemendum í hugvísindum og almenningi í þekkingarleit sinni. Það er sannfæring mín ad þetta sýnishorn úr handriti Jóns gefi greinagóða sýn á heimsmynd alþýðu á Íslandi á 19. öld og hvaða möguleika hún hafði til þess ad þroskast og dafna af eigin rammleik. Handritið er einstök heimild um það hversu rótgróin hin tvískipta menningararfleifið, rétttrúnaðarkristni og náttúrudulhyggja var með þjóðinni. Úr þessum jarðvegi sprettur bóndinn Jón Bjarnason sem í anda upplýsingarinnar réðst í það þrekvirki ad skrifa alfræðiverk ætlað uppfræðslu alþýðu.

Ritgjærd
tilheyrandi
spendýrafrædi
samanlesin og útdreigin
af
ímsum bókum náttúrufróðra manna.
Enn þó mestpart úr herra
Fleischers Náttúruhistoriu
og þeim nýustu ritgjærdum
sem til hafa feingist.
Skrifad í Þórormstúngu 1845
af Jóni Bjarnasyni

Gen. 1. Cap. V 24.

Og Gud sagði: (sjötta deigi viku sköpunarverksins) Jörðin framleidi lifandi sképnur eftir þeirra edli, fjenad, skridkvikindi og dýr jardarinnar hvört eftir sinni tegund, og það skéði svo. V. 25. Og Gud skapadi dýr jardarinnar hvört eftir sinni tegund og gud sá að það var gott.

V. 21. Og Gud skapadi stóra hvalfiska og allrahandu sveimandi sképnur sem fylla vötnin eftir þeirra tegund (á fimta deiginum sköpunarinnar) (og alla fleiga fugla eftir þeirra tegund.) V. 22. Og Gud blessadi þessar sképnur, og sagði: Frjófgist og fjölgid og fyllid vötn hafsins (Og fuglin margfaldist á jörðinni) og gud sá að það var gott.

V. 26. Og Gud sagði: Ver viljum gjöra manninn eftir mind og líkingu vorri, svo að hann drottni yfir fiskum sjáfarins, fuglum loptsins yfir fjenadinum og øllum dýrum og skridqvikindum sem hrærast á jörðu.

Gen. 2. Cap. V. 19. 20.

Þá Gud drottinn hafði skapad af jörðunni allra handa dýr á mörkinni og allskyns fugla undir himninnum þá leiddi hann þaug til Adams svo hann sæi hvað hann vildi nefna þaug, því að hvað helst nafn sem madurinn gjæfi øllum lifandi skepnum þá skildu þær svo heita.

Svo gaf madurinn allra handa fjenadi og fuglum loptsins og allskyns dýrum á jörðunni serhvörju sitt nafn. 1. Cap. V. 31.) Og Gud leit yfir allt sem hann hafði gjört og sjá það var harla gott.

FORMÁLI

Til lesarans

Ad náttúrufræðin vegna yfirburða sinna og markverdugheita, sæmir sér í ritgjörð að færast, optar en sjaldnar, til lesningar handa alþýðu, þar um eru flestir á einu máli. Því hún lýsir Guds stórmerkjum og dásemdar verkum er framskína og auglýsa sig í hans margbreittu sköpuðu sképnum, og lifandi verum er hann bauð framm að koma, og líka einnig í líflausum hlutum er finnast hér á jörðu. Hvört ed altsaman audsýnir dýrd skaparans sem bæði er yndislegt og gagnsamt um að fræðast. Því það eru réttar náttúrunnar framleidslanir hvar við svo vel handverks menn sem jardyrrkju hafa yduglega við að sísla. Og þess vegna er ecki ástædulaust að vænta það þeim vildu aukast bæði lyst og laungun til að þekkja náqvæmlegar hluti þá, sem þeim fyrir augu bera og sjálfum sér til nota að færa þeirra þekkíngu.

Hvar helst er menn ferdast, hvort heldur það er um merkur edur skóga, lönd edur sjó, finnum vier oss jafnadarlega umkríngda af náttúrunnar lifandi verum og líflausum hlutum er hún frammleidir, svo sem: Gángandi og skríðandi dýr, fugla, fiska, orma, skorqvikindi, trjávexti og plöntur, jurtir jardar og steina tegundir. Margt af þessu dregur til sýn vora adgjætslu vegna þeirra gagnlegu brúkunar, er það gjörir oss og notanna sem vjer höfum þar af. Þess vegna hafa menn ástæður til að vera sér út um nokkra þekkingu vidvíkjandi ásigkomulagi þessara hluta. Svo sem til dæmis að taka: Trjen, hvörra við vér brúkum til húsa byggínga og margskonar smíða, líka eldividar og járnid til ýmislegra verkfæra. Kúna er géfur oss mjólk og saudkyndina er veitir oss ullina og sáðtegundirnar sem þjæna oss til fæðslu. Enn hjá þessu öllu saman finnast og svo margir adrir eiginleikar er menn ecki gjeta við einfalda brúkun uppgötvað. Það er svo margslags í náttúrunni er hún frambýður oss sem vjer ecki svo audveldlega fáum þekt oss til nota. Hvörjer hlutir að eru þó aungvu að sýður markverdir vegna þeirra sérlega ásigkomulags og verkana. Svo að menn mættu gledjast þar við að

géta feingid um það ljósari og fullkomnari þekkíngu og hana fá menn í náttúru fræðinni hvörrar innihald aungvum af oss ætti að vera aldeilis ókunnugt. Að sönnu er hennar lærdómur ekki jafnt aðrennilegur fyrir alla, því þar til útheimtið margföld reynsla, árvekni og eptir þánki til að geta fundid og feingid skilning um náttúrunnar huldu verkanir. En margt er það þó er auðveldlega má án djúpara inngríps læra og skilja. Þetta kennir oss hvörninn vér getum brúkad ýmislega náttúrlega hluti sem ver höfum með að sísla upp á hægasta máta og til að létta undir vinnu vora. Hjer að auk styrkir það vora sannfæringu um þá ordu reglu og tilgáang sem opinberar sig fyrir oss í öllum náttúrunnar innréttíngum og þar með ásamt leida þánka vora til hanns sem er allra hluta upphaf, bæði þeirra lifandi og líflausu.

Ef ver lítum til dýranna með aðgjætslu svo sem þeirra skepna er mest hafa sameiginlegt með sjálfum oss, þá meigum vjer undra oss yfir þeirra næstum ógrípanlegum fjölda. Ver leggjum máske merki til hinna stærri dýra sem gánga og skríða um jörðina, fljúga í loptinu og synda í vatninu, og tala þessara verður oss óreiknanleg. En langtum meiri fjöldi er þó til af þeim smá dýrum er menn næstum því ekki geta ordid varir við smædarinnar vegna. Sem þó bæði fljúga í lopti, synda í vatni, skríða á trjám, vidar runnum, jurtum og grösom. Einninn á annara dýra líkómum og jafnvel í þeirra inníblum. Hvörsu óteljandi er fjölldi sá sem til er af þessum smáu sképnum sem loptid, jörðin og sjórin inni heldur og vér ekki með nafni getum aðgreint hvörjar frá annari, hvörs tilvera oss er jafnvel aldeilis ókunnug. Hvörsu lítid er þó það vér vitum um þær dýra tegundir vér leingst höfum þekt og athugad, mót því mikla í þeirra náttúru og háttalagi sem enn þá er hulid fyrir oss og hvad er að ræða um seinni tíða uppgötvaniir. Heila verölld dýra hvor með óvopnudur augum aldeilis er ósýnileg. Já sjálfar svoddan verur eru alt of smáar til að verða sýnilegar með berum augum. Enn geta einasta uppgötvast með hjálp stækkunar glera og mergd þeirra er svo ífirmáta mikil að einn einasti vatnsdropi opt kann að innihalda litla dýra verölld. Því á 100 árum næstlidnum hafa menn fundid lifandi verur til 27 milljónumsinnum smærri en maurinn er, hvör ed þó er það smærsta qvikindi sem menn geta séd með berum augum. Og hvörja hugmind getum vér gjört oss um þessar verur? Og hvör þorir edur kann upp á að standa að ver séum komnir til þess ytsta puncts náttúrunnar verka í hinu smáa? Hvör getur afmarkad takmörkin fyrir þann hríng innan hvörs almættid, í því óendanlega smáa, baud lifandi verum framm að koma, hræra sig og verka.

Svo mismunandi sem skapadar sképnur eru að útliti, stærd og öðru náttúrlegu ásigkomulagi, þá hafa þær það þó allar sameiginlegt sem er dýriska, edur dýra lífid, og til síns vidurhalds eru þaug útbúin vissum kröptum og verjum. Einnig viti til að geta brúkad slíkt til sinnar réttu áqvördunar. Dýrin hafa

og þetta alt sameiginlegt að þaug alast við vissar fædslur, á hvörjar þeirra meðfædd náttúra vísar þeim, og sansa til að finna þær eptir því sem hvörs eins náttúru er eiginlegast. Þaug eru og útbúin meðfæddri náttúru að vilja viðhalda lífi sínu og vera sem óhultust um það og útbúin með sköpuðum verjum til varnar sér nær ásókt eru. Svo sem til að minna, tennum, hörnum og so.fl. Og hér að auk verja hestar og fleyri dýr sig með því að slá með fótunum. Ljónid líka með halanum og svo ýmislega sem gétid mun verða í þeirra hvors dýrs frásögu. Og með sömu vopnum ráðast ráns dýrin á önnur dýr. Hér með er þeim meðskapad að bera umhyggju fyrir afqvæmi sínu og verja það eptir möguleikum. Og sum leitast við að vilja hefna unga sinna ef drepnir eru og eins að vilja hefna sýn nær særd eru. Hjá mörgum dýra tegundum verkar meðfædd náttúra upp á þann hátt, að hún þjenar þeim til uppbóta skinsamlegrar ummþeinkingar með því að dýr þaug án undanfarandi ávísunar og æfingar, megna með nockurslags ydjusemi að vinna það í hvörju þó að útvortis lögum mikid vit finst að vera og sjálfum þeim er þenandi til lífs uppheldis og kallast slíkt af dönskum kunst drivter. Svo sem til dæmis að taka biggíngar bifur dýranna, vefnadur mauranna, vinna hunangs flugnanna og hýbílí ímsra nagdýra m.m. Öll dýr eru að náttúrunni til svo sköpuð að þaug geta móti tekid nockurskonar áhrifum af hvorju því sem fram fer í kríngum þaug og jafnvel hjá þeim er ecki nockur þekkjanleg skilníngar vit hafa. Enn megna þó meir edur minna að finna til áhrifa þessara og nota þaug og ef ecki þar við setja allann kropp þá vissa limi í hræringu til að ná sadníngu sinna naudsýnja. Þetta á vel heima hjá polypunum. Af þessu leidir það vjér meigum þekkja: Að dýrin ecki einasta hafa einberan líkama með styrkleika og útbúnadi til lífsins vidurhalds, heldur og einnin hrærir sig eitthvad í þeim sem er af ædri náttúru sem upplífgar líkaman og setur hann í hræringu. Nockud andlegt sem formerkir og finnur til, eptirlángar og verkar. Og með þessu adgreinast dýrin frá öðrum sköpuðum hlutum. Jafn vel þó það hjá lægstu tegundum þeirra á lágri tröppu gefi sig til kynna.

Ad telja allar sképnur og greina þær hvörjar frá annari er fjöldans vegna ómögulegt og eins adgreina frá sérhvörs dýrs náttúru edli, lifnadar hætti og frammqvæmd upp á hid náqvæmasta. Því mjög er það misjafnt hvad menn hafa eptir slíku komist, þar bædi eru að uppgötvast nýar dýra tegundir, enn adrar að útdeya og sumar er ecki hafa fyrir menn borid optar enn einu sinni. Til þess að geta nockud yfirskodad og rædt um skapadar sképnur, hafa menn tekid svoddann þeirra eiginleika í hugleiding með hvorjum þær nálægja sig edur að greina hvorjar frá annari. Og eptir því skipt þeim í 6. adal hópa svo sem: 1.) Spendýr. 2.) Skriddýr edur Amphíbíur. Dýr sem lifad geta bædi í vatni og á landi, hafandi kalt rautt blód og gjóta hrognum edur svoköllumum eggjum. 3.) Fuglar. 4.) Fiskar, enn ecki hval dýr. 5.) Skorqvíkindi. 6.) Ormar sem eru fótlausir. Sýðan

sundur skipta náttúru fræði menn hvörjum þessum adalhóp í adra smærri, edur flokka og hvörjum flokki aptur í viss kynferdi og kynferdunum í tegundir og af sumra tegundum finnast kynbreitingar. Enn þessi ritgjörd er samantekin einungis til ad greina frá flokkum, kynferdum og tegundum. Spen (edur sugu) dýranna og hafa náttúru fræði menn ýmislega nidur radad þeim.

Náttúru fræði menn hafa skipt þessum adal hóp spendýranna í tvo flokka auk mannanna sem er sá tólfti. Ad því leiti sem manneskjan er nockurskonar dýr, enn hjá þeim hafa þeir flokkar ýmislega nidur rödun. Þó láta þeir allir apakynid vera næst manninum. Þessi ritgjörd byrjar fyrst á manninum edur því efsta og fer sídan ofan eptir takandi fyrst fyrir þaug dýr sem á einhvörn hátt eru honum líkust (edur ad sköpulagi). Sem er apakynid og aptur verda líkust því seinfæru dýrin og af því ad brynju dýrin líkjast þeim í nockru og sumar náttúrufræði bækur um dýr hafa sett hvorutveggju í einn flokk og géfid nafnid Gumlari og hid framandi Eclentata, þá er sá flokkur látin hinum næst filgja. Og sýdan er nockud farid med nidurrödun flokkanna eptir því sem kynferdi þeirra hafa líkast sköpulag til áa edur klaufa fótanna og seinast endar rit þetta á hval dýrunum.

Í ritgjörd þessari eru dýra flokkarnir þannin nidur radadir:

I. Inermes

Þad eru þær verjulausu sképnur á hvorra líkami ecki er útbúin náttúrlegum medsköpuðum vörnum sem er: Manna kynferdid

Þessi flokkur inniheldur eitt kynferdi og þad kynferdi í hid minsta sex adal kynbreytingar.

II. Quadrumana

Þaug dýr hafa fjóra fætur sem líkjast höndum. Þad eru apategundirnar og skiptast þaug dýr í fjögur kynferdi sem eru 1.) Eiginlegir apar. 2.) Svínapar. 3) Apa kettir og fjórda hundapar.

III. Bradipoda

Dýr þessa flokks hafa fætur med laungum og bognum klóm hvörs líkama biggíng vid fyrsta álit sýnir dofin skap og seinlæti. Í flokki þeim eru sein færudýrin hafandi 2. kynferdi sem eru dofinn dýrin og maurætunnar.

IV. Belluae

Þaug stóru ófreskjulegu og þunnhærðu dýr, þykk húdud með digrum fótum og nockrum klaufum á: Margkleyfdu dýrin. Flokkur þessi inniheldur fjögur kynferdi og hvört þeirra hefur eina tegund edur tvær suma þeirra.

VI. Bisulca

Klauf dýrinn

Flokkur þessi inniheldur átta kynferdi sem er 1.) Nauta. 2.) Saudfjár og geita. 3.) Antílópanna. 4.) Hirtategundir. 5.) Gíraffann. 6.) Úlfaldakyn. 7 Svín eda moshus dýrin.

VII. Solidungula

Það eru hófdýrin og hefur sá flokkur ecki nema eitt kynferdi (gleimdist í rétta röd að færa).

IV. Seterodermata

Brynjudu dýrin. Þaug hafa sérlega yfir klæðing, svo sem skjel, hreistur og pina í stad fyrir húd með hárum. Þaug hafa þrjú kynferdi. 1.) Skeljudu. 2.) Skjaldsettu og 3.) Pinnudu dýrin.

VIII. Feræ

Rífandi ráns dýr edur vargar með beittum klóm. Ráns edur rífdýrin þaug skiptast í þrjú kynferdi 1.) Katt kynjud. 2.) Hundortud og þriðja björn dýra kyns.

IX. Gliris

Það eru nagdýrinn hvor að eru með mörgum nagandi tönnum. Þaug innihalda mörg als 13 kynferdi 1.) Hálf refi. 2.) Daundýrin. 3.) Safala kyn. 4.) Hálf kanínur. 5) Hjera kynid. 6.) Stökk dýrin. 7.) Tösku dýrin. 8.) Molldvörpur. 9). Angel mýs. 10.) Músa og rottu kynid. 11.) Murmel dýra tegundir. 12.) Svöfnýrin. 13.) Skugga vofu dýrin.

X. Chiropterar

Flugmúsar tegundirnar. Þær eru þaug dýr hvorra framfætur minda nockurskonar húdvængi. Þessi flokkur hefur inni að halda eitt kynferdi og það aptur nockrar tegundir.

XI. Palmata

Þaug dýr sem lifad geta bæði í vatni og á landi. Tví dýrin sem kallast líka amphíbíur meðal spendýranna. Þaug hafa öll volgt blóð og fæda lifandi unga. Flokki þessum skiptu menn í þrjú kynferdi sem er 1.) Ötra tegundir og bifra. 2.) Selartegundir og selg kynjud dýr. 3.) Þaug óreglulegu dýr.

XII. Cetacea

Hval dýrin hvor ed hafa heitt blóð og lifa í sjónum og fæda lifandi unga, hvörjer ad sjúga mæðurnar sem land dýr, og hafa nær því eckert sameiginlegt með fiskunum utan það þeir lifa í sjónum eins og þeir og það ótilhlídilega nafn hvalfiskur. Þessi hópur sundirgreinist í fjögur kynferdi sem er 1.) Skíðis hvali. 2.) Tannfiska (hvali) 3.) Einhyrnings fiska. 4.) Búr hvala kyn.

Sú Blumenbachska nidur röðun spendýranna er þannin: I. Apar. II. Dofin dýr. III. Seinfæru dýrin. IV. Flugmýsnar. V. Nagdýr. VI. Ráns edur rífdýr. VII. Hóf dýr. VIII. Klauf dýr. IX. Margkleyfddýr. X. Tví dýr. XI. Hvalir.

Hjá Fleischer

1.) Apar. 2.) Margkleyfddýr. 3.) Klauf. 4.) Hóf dýr. 5.) Rífdýr. 6.) Brinjud dýr. 8.) Nag dýr og Dofin dýr. 9.) Flugmýs. 10.) Hval fiskar. 11.) Tví dýr.

Hann byrjar fyrst á bifurnum og síðan otrinum og fer sýðan upp eptir. Raffs náttúru historia byrjar fyrst á því lægsta og fer uppeptir svo sem Fleischer. En hjá honum er dýra flokkunum þanin nidur radad. 1.) Flugmýs. 2.) Nagdýr. 3.) Rífdýr. 4.) Hóf dýr. 5.) Klaufdýr. 6.) Brinjudýr. 7.) Margkleyfd dýr. 8.) Tví dýr. 9.) Hvalir. 10.) Dofin dýr. 11.) Apar og 12.) Madurinn.

Schouws ný útkomna náttúru fræði bók telur flokkana þanninn 8 ad tölu:

1.) Apakyn Simiæ. 2.) Rándýr Feræ. 3.) Pung dýr Marsupialia. 4.) Ragara Roseres. 5.) Gumlarar Edentata. 6.) Þykkhúðus Pachydermata 7.) Jórtur dýr Ruminantia. 8.) Hvalir Cetacea.

Seldýr er hér talin með Rán dýrum og kallast Mammalia Amphibía.

Strøms níútkomna náttúru fræðibók skiptir dýrunum í plöntu etanandi og kjöt etandi dýr. Byrjandi fyrst á hófdýrum, sýðan kleyfdu, margkleyfdu og nagdýrum. Þeirra á meðal telur hann síðast apategundir og eptir þaug dýrin sem lifa við smá qvikindi svo sem mjómýs, moldvörpur, pintsvín, flugmýs og gumlara. Einnig nefðýrid, sýðan rædir hann um kjöt etandi edur ráns dýrin og seinast um ötra, sela og hvala tegundir.

Eptir Linnees uppgötvan teljast tegundir sugu, edur spen dýranna 242. Enn í þessari ritgjörð vilja þær vera miklu fleyri og sked gétur ad tegundirnar séu

ecki eins margar sem þetta ritkorn sýnir, heldur kynbreiðingar þar af og einlægt er við að bætast. Linne telur fugla tegundir 2.571, amphíbíur 367, fiska 807, skorqvikindi 7.287 og af ornum 3.980 tegundir. Öll þessi tala samanlögð verður 15.254. Enn barna lærdóms bókin sem er miklu yngri seigir að þessar sképnur verði hér um bil 25 þúsundir og verður þá mismunurinn 9.746. Sem tegundir ýmsra sképna hafa síðan fundist fleiri.

Svo mikid sem menn þekkja til ferfættra dýra þá inniheldur Europa, edur Nordur álfan, 76 tegundir hvar af einasta 15 edur 16 eru hennar eigin dýr og það mest af músa og flugmúsa tegundum. Asía hefur 175 þar af eru 88 hennar eigin tegundir. Afríka fram vísar 129 þar á meðal eru 82 tegundir sem eru hennar eigin dýr. Ameríka hefur í alt 129 og þar af eru 124 eigin tegundir hennar. Hvar á meðal eru heil fimm kynferdi sem ecki finnast nokkurstadar í hinum heims álfunum. Nýa Sæland hefur þrjú, svínid, hundin og köttin og Nýa Guínea þær sömu. Og í Nýa Hollandi hafa menn sjed eina tegund villi katta, eina tegund fýlu dýra, brúnt á baki með hvítum blettum sem innbyggjararnir kalla quoll, stóra flugmús, tvenn tðskudýr, kang um (kengúrudýr) og húskus nefdýrid. Hundinn hvar til kemur ein kanína edur cania tegund sem Dampier um rædt, líka fundust þar svartar álptir.

Þegar það var vidtekid og lærdir menn þektu ei til fleiri en 6.137 tegundir sképna. Þá vóru þeirra á meðal talin 230 spenn dýr, 946 fugla tegundir, 292 tví-dýr, 404 artir fiska, 3.060 skorqvikindi, 1.205 tegundir orma. Enn eptir Linnees uppgötvan urdu tegundirnar miklu fleiri eins og framar í formálanum er sýnt. Eptir því sem lærdir menn nú á dögum hafa best getað eptir komist hleipur tala spen dýrana tegunda milli 1.200 til 1.300 að tölu og skriddýranna vidlíka. Fuglanna milli 5.000 til 6.000, fiskanna um 7.000. Enn þar ed jafnadarlega upp götvast ný kynferdi og tegundir í leingst frá liggjandi jardar svæðum svo er þetta vidtekna tal óvíst og getur verid á sama augnabliki langtum meiri heldur enn þessi framsetta. Hvað smá qvikindunum vidkemur að bæti maður vid þeirra þá áður síndu tölu smá dýrum þeim sem med stækkunargleri uppgötvast í vatnsdropum, ediki, súrdeigi og svo framveigis, þá yrði talann á þeim lifandi skepnum og smáqvikindanda tegundum yfir máta mikil og mörg af hvorri tegund fyrir sig.

Sá fyrsti adal hópur, edur höfudflokkur dýranna, sem þessi ritgjörd skal um ræda og kallast spendýr sundurdeilist aptur, ásamt mannkyninu, í 12 adra minni. Spendýrin hafa raudt og volgt blóð, fæda lifandi unga sem nærast á mjólk. Fuglar hafa raudt og volgt blóð, verpa eggjum, hafa fjadrir og næra unga sýna án mjólkur. Fiskar hafa kalt og raudt blóð, lifa í vatni gíóta hrognum og draga andann af vatninu gegnum tálknin. Amphíbíur hafa kalt og raudt blóð, lifa bædi í vatni og á landi, gíóta eggjum edur hrognum hvar útaf úngar lifna

og draga anda gegnum lúngum. Skorqvikindin hafa kalt og hvítt blóð, tveimur fálmm steingum frammúr höfðinu, gíóta smá víum hvar af samslags qvikindi aptur upplifna. Ormar hafa hvítleitt blóð, edur saft, flestir gíóta eggjum en sumir fæda lifandi unga.

Auk nú þekktra lifandi dýra tegunda á jörðu hafa menn fundid leifar nidri í jörðu af mörgum þeim dýra tegundum sem áður hafa til verid og nú eru af jörðu úttaugar.

Í fyrsta flokkinum telst manneskjan, edur manna kynferdid, með öllum sínum adal kynbreitingum.

Í öðrum flokki dýranna telur ritgjörð þessi upp 30 tegundir apa kynferdana sem haldid er ad séu heldur vissar artir enn kynbreitingar edur kynblendíngar.

Þridje flokkur dýranna hefur hér annad hvört 8 edur 10 tegundir. Þaug dýra nöfn sem teiknug eru með bókstaf fyrir framan, eru annad hvört kynbreiting af næst umráddu tegund fyrir ofan, edur óvissa fyrir ad það sé sérskild dýra tegund. Svo sem er til dæmis ad taka kuri og dagdrífari í þessum flokki og um jühazaras og jardsvínid er ágreiningur hjá náttúrufrædi mönnunum.

Fjórði flokkur telur upp 16 tegundir, auk smárra tilbreytinga armadyla og brinju dýra hvör ed og svokallast öðru nafni gjarda edur beltis dír.

Fimti flokkur inniheldur fjögur kynferdi og hefur ad undanfögnu í hvörjum þeirra ecki talin verid nema einasta ein tegund. Þar til sú ný útkomna Schouws náttúrufrædi bók nefnir tvíllaust tvær flategundir nú eptirlifandi á jörðu sem ecki eru út dánar. Enn fleiri hafa þó áður til verid hvörjar nú eru úttaugar og þeirra á medal telja menn kémpu fílin, hærda edur hár fílinn, fax fílin og kló fílin. Af þessum tegundum hafa menn leifar getad fundid í jörðu. Af nashorns dýrum vilja og svo gjöra tvær tegundir þó mismunurin sýnist minni. Af tapír dýrum géfst nú ein tegund lifandi í Vestur álfi, því risa tapír dýrid er fyrir laungu forgeingid. Enn beinagrind af því fanst nedst í Langvedoks blökku fjöllum í Frakklandi. Þad hafdi haft þrjár klaufir á fæti og tríni.

Í sjötta edur klauf dýra flokkinum held ég óhætt sé ad telja 54 tegundir með litla svínhertinum hvörjum hér er vidbætt. Flokkur þessi hefur átta kynferdi. Medal hvorra katael dýra tegundirnar sem eru átta ad tölu, teljast í einum sem hálf kleyfd dýr, samt eru þær það þó ecki allar. Því til dæmis ad taka þá er kamelgeitin kleyfd eins og saugurinn. Vid þær fjórar svína tegundir er bætt vid hinni fimtu (litla svín hertinum). Augvir kynblendíngar eru hér medtaldir sem sérskildar tegundir. Saugfjenagurinn hefur hér margar kynbreitingar hvörjar ecki eru sem margbreittar tegundur talgar.

Sjögundi flokkurinn hefur einasta hófdýrin hvör ad eru fá ad tölu, einasta sjö tegundir, hvar af parðhesturinn er nýfundid dýr. En klauf hesturinn hefði átt ad setjast milli kleyfra og heilhæfðra dýra og svína kinferdid milli nauga og

margkleyfra dýra. Vegna sköpulags taa þeirra og klaufa hvörju líst er frásög þeirra.

Áttundi flokkurinn sem inniheldur ráns edur rífdýrin telur framm 29 tegundir. Og auk þess hefur hann inni að halda ýmislegar kynbreytingar sumra tegunda meðal hvorra að flestar til heyra refunum og hundinum. Og ekki þorir rithöfundurinn að taka svarta og raudbjörnin fyrir adgreindar tegundir frá lands edur skógar hyrninum, heldur sem kynbreytingar.

Nýundi flokkurinn er ríkastur af dýrum því hann hefur inni að halda heil 13 kynferdi og í þeim 101 dýra tegund. Auk þeirra kynbreytinga er sumar tegundirnar hafa. Þessi inni heldur nagdýrin.

Týundi flokkurinn þar á mót inni heldur ei nema eitt kyn ferdi húdvængjadra dýra edur flugmúsa í hvörju að alt til skamms tíma hefur ei fundist utan 9 tegundir. Enn ég held að við meigi bæta þeirri litlu flugmús pag. 723 b. og þeirri birgínísku lánghæru, pag edur bladsýða 735, svo þær verði 11. Þó er mönnum enn þá lítið um þær kunnugt. Fáar gefast líka kynbreytingar í flokki þessum.

Ellepti flokkurinn hefur inni að halda um ýmislegar of fá senar skepnur. Fyrst bifur og otur dýrin 12 tegundir. Þó sela tegundir í riti þessu séu taldar 15 edur 16, þá þorir ekki rithöfundurinn að svo stöddu antaka nema 12. Öll þaug er hafa latínsku nöfnin og raudhöfða. En skerja kollu (no 10.), stórasel (no 12.), litlasel (no 15.) og smá útsel (bladsíða 739 b.) vill ekki ritarinn án frekari upplýsingar antaka fyrir vissar sérskildar tegundir, þó kynbreytingar kynnu og svo að vera til af þeim. Líka gétur skéð að ruglínur gæti verið á nöfnunum og sama selategundin eptir misjöfnum aldri og stærð ýmislega fyrir sjónir komid. Því sumt sela kyn fær ei sinn rétta lit fyrir enn kannské á fimmta ári. Rostunga kynferdis tegundirnar meiga teljast fjórar: Rostungurinn, dúgúngin, sæ kýrin og sæ kálfar. Enn hafgýan ásamt hinum tegundum færi betur að væru í flokki útaf fyrir sig, því það sýnist til heyra sjóskrímslunum. Um hafgýuna (no 5.) og narmennilinn (no 10.) er áreidanlegt. En um marbendilin, hafstrambin atalynuper og makaskallinn er það midur, því ritgjördirnar um það eru gamlar, þó hafa sjómenn þar að auki orðið varir við, edur endur og sinum sjed vidlík sjóar dýr. Enn mjög sjaldan hafgýan og önnur henni lík. Sjóar skrímslis dýr eru talin þess vegna næst á eptir sækúa tegundunum. Því þegar Sæ kýr edur tegundir þeirra standa uppréttar í sjó, sem stundum skéður, og milli bilid er nokkud langt til að sjá, þá gjörir þeirra hnöttótta höfud með skeggi qven dýrsins, spenar á brjósti og nidur hangandi hreifur að mannslíking sýnist á verða líkt og hinna sjóskrímslis dýrana. Og þess vegna feingu slíkar sképnur í ritkorni þessu rúm á milli sækúa og hval dýra. Og tegundirnar flokks þessa ásamt þeim með töldum nær 40 að tölu.

Tólfti flokkur spendýranna heyrir hval fiskunum til hvörjer að innvortis

skapnadi líkjast land dýrunum. Ritgjörð þessi nefnir bil um 40 tegundir hvörjar menn hafa gétad að greint eina frá annari. Samt hefur í tannhvala flokknum, eður höfrunga kynferdinu, hjá ritgjörda mönnunum mikill ágreiningur vordid og rugl, bæði á tegundunum og nöfnum þeirra, jafnvel hinum latínsku. Svo mjög gétur verid hætt við að tegundir þess kynferdis hafi ecki fjöldan eptir nöfnunum til að bera. Enn hver kann að vita með vissu um fjölda tegundanna, í sér hvörju kynferdi sjóardýrana, þar sumar skepnur, eður tegundir, als einusinni af mönnum sjenar verid.

Eptir framanntöldum skepna tegundum í sérhvörjum flokki dýrana hleypur sú tala til 342 og sé hér við bætt þeim sex númerum sjóvættar dýranna og sjö númerum síðast töldu skrímslisdýra, verður talan 355, eður lidugt hálf tálft fjórða hundrad. Og sje nú ecki þessum tvennum seinustu númerum viðbætt vill þó tala spendýrana verda hér um bil 100 tegundum fleiri enn Linne fjékk talid, hvör ed var mesti náttúru frædi maður á sinni tíð, svenskur að uppruna. Og eptir hann liggur mikid verk viðvíkjandi náttúru vísindunum.

Ritgjördir þær sem við hönd hafa verid og notadar við samantekningu bókar þessarar, hefur verid Fleischers náttúru historia, úr hvörri að þetta hid mesta hefur tekid verid. Ströms ný út komna náttúrufrædi bók og Schouws afmálanir yfir dýr og plöntur. Speculum Regali úr hvörri talsverdt er um sela kyn og hvala einin nockura sjö skrímsla. Reisubækur Eggerts og Ólafs. Dönsk náttúru frædi bók með málverki, óautoriserud og prentud 1819. Raffs náttúru historia fyrir börn prentud 1811. Egedes og sú ný útkomna Grænlands historia. Lærdóms lista félagsritin. Klaustur pastorin. Dönsk bók hvorrar inni hald er um mannanna skildu við dýrin eptir Smyth og úr henni eru skrifadar þær historisku upplýsingar um sumra dýra vitsmuni er sýdast kemur fyrir í bókinni. Lítid eitt úr gömlum skrifum, bókum og öðrum ritgjörðum hefur notad verid helst um hvala kyn og seli. Einnin munnlegar sagnir og skýrslur vel æfra og trúverdugra sjómanna um hvala kyn og sela. Auk þess sem Speculum Regali og Reisu bækurarnar fram vísa ásamt Móhus náttúru historia eður Reisa um Ísland. Um sæ tröllid og fá eina hvalfiska er Hans Egedes Grænlands historiú. Um Hvítár og há eyrar skrímslid úr Björns annálum. Um nødru dýrid og apa eikhornin hefur ecki anarstadar fyrir komid enn í þeirri ný útkomnu Schouws náttúru historiú ásamt um fleyri áður ókénd dýr. Um pardhestin hefur ritaranum ecki annad í hendur borist enn grein sú er filgdi afmálun hanns á nockru þýsku minda bréfi. Sama er og um flipa björninn. Þetta og annad því umlíkt virdist of langt upp að telja enn géta má þess hvar fleyri bækur hafa rædt um sama dýr. Þá hefur verid tekid efnid út þeim til frá sögunnar sem mest hefur gétad feingist. Enn upplýsing um sum dýr hefur feingist harla lítil.

Figurur eður uppdrættir yfir dýrin hefur reint verid til að fá sem flesta og

setja í bókina. Sumar myndirnar eru klistar úr þýskum minna bréfum og límdar á töblurnar og teiknadar með A. Þær sem eru uppdreignar eptir öðru málverki á töblurnar teiknast með B. Enn þær myndir sem gjörðar hafa verið eptir eigin hugmind út af lýsingunni merkjast með C. Enn bækur þær sem ritarin hefur fyrir sér haft með málverki telja uppdráttarins hafa þessar hinar markverdugastar verið. Schouws og Eschrichts Afbildningar af dýr og plantur. Bók sú hefur eckta málverk edur lifandi afmálanir. Eptir upp dráttum hennar eru þrjár fyrstu apategundirnar, þar næst rélzebub og hvít ennadi makin, bádar fíla tegundirnar og nikurin, kúdu og gnú dýrid, dró medarin og kamel geitin, crocuta og landbjörnin, þvotta og rafa björnin, fara ons rottan, cáplenska stækju dýrid, spríng hjerin, tösku dýrid, stjörnu moldvarpan, hamstarin, apa eikhornin, hestshónós-in, langeyran og vampýran, bifurin, spidsmúsin, nødru og þef dýrid, vødu selurin, rostungurinn, sljettbakurinn og nár hvalurinn. Sú óautoriserada danska náttúru fræði bók af 1819 hafði og svo eckta málverk eptir hvörju nockrar dýra myndir vöru uppdreignar. Raffs náttúruhistoria fyrir börn af 1811. Hafði sú bók mý marga uppdretti en ecki gott málverk. Hjer ad auk hefur notad verið ad minna eptir öðrum dýra uppdráttum sem komid hafa fyrir í ímsum bókum öðrum og á þrikum minna bréfum. Manna myndirnar á átta fyrstu töblunum hefur séra Magnús sál. sem prestur var seinast í Steinnesi uppdreigid eptir danskri minna bók sem honum hafði ad höndum borist. Uppdrættirnir yfir dýrin í þessari bók verda herum bil 410 ad með töldum öllum hesta, hunda og refa mindunum. Enn manna myndirnar verda yfir 110 ad tölu.

Til hægðar og minna samanruglíngr á nöfnunum eru þrjú registur settvid bókina. Og er það fyrsta samid yfir alt það sem tilheyrandi er mannum edur manna kynferðinu. Þad annad registrid er samid yfir þaug nöfn sem dýranna flokkar og kynferði hafa. Þridja registrid er yfir nöfnin dýranna. Enn þar sem sömu dýrin koma fyrir aptur í registrinu undir öðru nafni, þá er það skrifad með raudum tölustaf, edur fullu lettri og merkt sumstadar með stjörnu teikni fyrir framann. Þetta er þess vegna gjört ad ef einhvör vildi telja dýrin eptir registrinu ad ecki yrði of margt í töluna. Fyrri tölu dálkurinn sýnir bladsíðurnar, enn sá sýdari vísar til töblunnar, edur bladid, á hvörju dýra mind sú er afmálud.

Þad mætti með öllum rétti sýnast midur áreidanlegt, sem og líka í réttri raun, er ad einn ólærdur maður sem ecki er slíku vaxin skildi hafa uppá sig tekid þetta erfidi. Því margt er áfátt í verki þessu sem þyrfti endurbótar vid svo sem. Stílsmáttin og ordfærðid sem hefði átt vera betri og gagn ordari. Stafsetningin eckert reglubundin, vantandi vída lestrar og áherslu teikn og vída miskrifast. Líka í vantandi stafi sumstadar með meiru og í þessu á standi er bókinn aldeilis óhæfileg til prentunar ad ætlast. Því til þess þyrfti hun áður ad redigerast af lærdum náttúru fræði manni, taka burt úr henni hvad ecki ætti þar

ad vera edur of auk, og bæta þar við hvar þurfa þætti. Setjast í betri stíl, gjörast færri enn gagn ordari. Skrifast eptir vidteknum prentreglum, láta ei vanta lestrar edur áherslu teikn með öðru fleira er lagfæra þyrfti.

Óneitanlega hefdi verk þetta mátt verða miklu betra grundadra og reglulegra útfært af lærdum náttúrufræði manni heldur en hér hefur ordid. Samt kynni sá ad geta notad sér eitthvad úr ritgjörð þessari ef hana við hönd hefdi sem vita vildi um efni vidlíka innihalds.

Þórormstungu 16 Aprilis 1847.

Höfundurinn

MAMMALIA

Spen dýra hópurinn

Fyrsti flokkur

Inermes

Mannakynferdid

Hómó

Manneskja

Medal allra skapadra sképna á jördu er madurinn sú ypparlegasta. Kyn hanss er frá einumm ættstofni í öndverdu komid. Hann er herra yfir öllum dýrum jardarinnar, bædi þeirra sem lifa í sjó, sem hinna er alast á þurru landi. Hann er ein medal sköpum, mindud af Gudi, til ad upp fylla þann vída geim milli eingla og dýra.

Madurinn

Madurinn líkist einglunum ad sálunni til enn dýrunum ad líkhamanum. Kroppin má kallanockurs konar veglegan klædnad sálarinnar skapadan af jördu.

Ad útvortis skapnadi hefur madurin þessi sex adal audkénni framm yfir dýrin. Þad fyrsta er: ad hann er skapadur til ad ganga uppréttur og þó apa tegundir nockrar gangi stundum á tveimur fótum þá halda þær ekki leingi út med þad. 2.) Madurin hefur ecki audt bil á milli frammtanna og jaxla sem önnur dýr hafa. Líka tekur hann tennur seinna enn þaug og fær þær als, ásamt jöxlunum, 32 en sumir ei fleiri enn 28. 3.) Madurin hefur bogamindadar augnabrýr. 4.) Hann hefur og svo í tilliti til líkhamans stædsta og sömuleidis fallegast hvelfda og lagada höfud skjel. Svo fína og hnöttótta höfudkúpu hefur eckert dýr sem hann. 5.) Madurinn hefur stutt kjálka bein og framstandandi höku. 6.) Túngumálid audkénir hann og svo frá dýrunum og hanss skinsemi gjædda sál. Samt í mörgu ödru fynst mismunur milli manna og dýra. Nú er ad byrja á fyrstu tilveru og frumefni mannsins.

Gétnadurin

Pegar menn hugleida manneskjuna í samanburði við önnur dýr þá finnst að líkhami hennar sé skapadur af smágjörðara efni enn þeirra. Og svo mikið er víst að byggging mannlegs líkama samanstendur af fleirum og konstuglegar samansettum pörtum heldur enn dýranna. Menn geta ekki með vissu frá því greint hvörninn leindardóm getnadarins er varid og hvörninn partar mannlegs líkhama fyrst í byrjuninni samansetjast af þar til lögdu frumefni. Því hér við er einn skapandi kraptur (vis creatrix) sem yfirgeingur alla mannlega ransókn yfir hvörjum undrast má, enn verður ekki útmáladur.

Pegar sæði mannsins er skodad í gégnum stækkunargler sýnist það í fyrstu gjört vera af þráðóttu samanundnu slími. Þrædir þessir eru í sýfeldri umveltíngu sem tútna út sumstadar og verda um sýdir að smá hnodrum með rófu aptúr sér. Þessir hnodrar hrærast beint áfram, difa til og frá sem pendill í stundaklukku. Lyptast stundum upp og ramba til og frá. Sæðid smá þynnist og að lidnum tíma er það nær því gagnsært ordid. Eptir tveggja eikta tíma er það allra þynst, hafa þá hnodrnir mist að mestu rófur sínar. Að lidnu dægri situr nockurskonar slím á botninum og eru þá hnodrnir í sterkustu hræringu og breita hvað eptir annað lögun sinni, eru stundum hnöttóttir og stundum aflángir og so fr. Síðan fækka þeir og minka svo að á fjórða deigi sjest valla einn hnodri bæraast, alt lítur þá út sem bláleitt vatn. Hún sæðid er klárara og þrædir þess hverfa fljóttara þó sjást bæði hnodrnir og hræring þeirra.

Dr. Struve seigir að getnadarins augnablik sé sérdeilislega markverdt fyrir fóstrið, því það leggi grundvöllin til ágjætrar heilsu, eða í annann stað til mestu vanheilinda. Framar seigir hann: Að þetta augnablik ætti að vera hið gladværa á mannsins heila lífs aldri. Sjúkdómar seigir hann gangi meira í ættir frá móðurinnar síðu til barnsins sem hún geingur þúngud með. Hins ófædda barns vídgangur er eins áridandi sem hins fædda.

Eptir samfarir karls og konu í hjónabandi er mannsins reglulega útplöntun skjén þó leindardómur getnadarins, hvörninn hann í móðurlífi geingur fyrir sig, sé enn þá fyrir mönnum nockruleiti hulin. Án manns tilsværknadar getur eptir náttúrlegum hætti eingin barns getnadur fundid stað. Buffon seigir: Að allskyns matvæli inni haldi organiskar smá agnir og þær sem ekki þurfa til líkamans næringar renni til sáðædanna tilværknadar á undan í þeim stöðum hvaðan þær koma. Þegar þessar frá kall og qvenkyni mætast í móðurlífinu gróa þær saman og verda að fóstri. Í því líkri samanblöndun finnast organiskar agnir frá öllum líkamanum. Og nú eru líkamans partar eins hjá báðum, honum og henni, að frá teknum þeim sem deila kynferði þeirra. Frá honum koma þaug efni er leggjast til útlíma fóstursins, beina og sína sem nægilegt er til að minna eitt hann dýr.

Enn frá henni það efni sem leggst til hollds og blóds fóstursins og nóg er til að munda eitt kven dýr. Komi nú meira af öðru hvörju fær það yfir höndina. Skjedur þvílíkt strax í vidureign hanns og hennar. Og þá áqvaddadar eru agnir þær sem munda skulu þeirra kynferdis skilmerki hvort sem heldur er hanns eður hennar. Setja hinar adrar agnir utan um þessar eptir röð og ordu lima þeirra hvarðan þær frá runnu þá er þær mindadust í líkamanum. Þannig er Buffons meining. Sveinbörn gétast ef sædi kallmannsins hefur yfir höndina. Enn meybörn ef hennar til lagda efni til fóstursins veitir betur.

Efni það hvar af fósturid mindast fyrst er að útliti sem lítill dropi vökva nockurs sem er þunnur og tær sem kristall, líkastur egghvítu, hafandi í fyrstu aungvan blóðlit með sér enn verður síðan dimmri og nockud gullitadur. Þessi vökvi skal nú verkast og ummindast í þá kynlíking hvarðan hann er frá kominn. Öll þess verkun framleidist af þess hjarta lífi og framqvæmd. Þess kraptur kann alleina vernda byrjun hins veika fósturs – þennan slímlega eggjahvítulíka dropa frá rotnan. Og við þess verkan einungis géta þaug að færðu næringar meðöl ødlast þá kynlíking með þvílíkri veru sem það skal til verða. Og í allra fyrsta augnabliki má þetta fyrir oss ósýnilega þó byrja sitt verk og taka til að munda og laga þá furðu fögru og konstugu byggingu þeirrar nýu manneskju. Í þessu ólagada og fyrir sjónum ómerkilega samsafni sjá menn hvörki votta fyrir augum eða útlimum. Og þó vita menn að þar í liggur spíran til þess líkama sem þar af skal vaxa og undirstöðu efnid til allra líkamans parta hvar af madurin í móðurlífi mindast.

Vøxtur fóstursins í móður lífi

Þegar getnadurin er skédur, og móður lífid hefur tekid á móti áður nefndum vökva mannlegs sædis, þá likur það sig til og útvíðkast síðann eptir því sem fósturid vex. Og öll þaug smáu kær móðurlífsins út þenjast hvör eð áður vóru án blóds og svo smá að valla sýnileg vóru, fyllast nú með rauda saft og verða stærri, leingri og víðari svo mædrid þar við verður svo frekt að innanrúmi að fósturid sem þar í skal mindast hafi nægilegt plátz.

Á þeim fyrstu tímun og jafnvel dögum eptir gétnadin er ei annað að sjá enn vökva nockurn líkastan egghvítu. Í annari viku frá gétnadinum fer fóstursins egg að mindast enn fósturid sjálft þar í er ecki enn þá sýnilegt eða þekktanlegt. Eptir áreidanlegustu adgjætnei er það fyrst á 12 deigi sem efnid til fóstursins fær raudmeingadan lit. Sem þá stundir líða roðnar æ því meir eptir því sem kraptur hjartans eykst og hin önnur vökva kærin taka til. Fóstursins egg sjest fyrri heldur en sjálft fósturid þar í, því 14 dögum lidnum frá gétnadinum er eggid mindað, en ecki hid minsta spor til fóstursins mindunar sýnilegt þar í. Eggid

samanstendur af tvö földum líknar belg og vatni því sem fóstrid flýtur í. Enn uppsprettan til þess þar innkomandi vatns er náttúru frædi mönnum ecki enn þá kunnugt um. Þetta móður vatn í óskémdu ástandi hefur gulleitan lit, lítin salt smekk daunnockud óþægan. Vid elldin eda blandad med vín anda, ellegar málm sýrur, hleypur það saman og rotnar af sjálfu sér. Og vid enda medgaungu tímans útlits sem óhrein mjólkur misa. Þýngd móðurvatnsins móti distillerudu vatni er sem 493 eda 496 móti 480.

Móður kakan er lík þikkvu mýtri eda kollhúfu settri ofan á eggid. Hún er med smá körtum, föst vid partkorn af móður lífinu. Til hennar hlaupa ýmsar greinir af þeim tveimur mjógarnar slagædum og blóðæd sú er rennur til baka í holædina. Og minda þessar allarsaman naflastreingir sem teingir fóstrid vid móðurina, hvar í gégnum ad rennur efni það frá móðurinni til fóstursins sem snýst því til næríngar um medgaungu tíma þess. Næríngar vökvi sá geingur fyrst til lifrarinnar til ad hreinsast þar. Andardráttur barnsins byrjast vanalega þá höfud þess er fædt og þá milli er skilid tæmist nafla blóðædin út og grær saman og verdur sem sívalt band. Vid andardráttin verdur púls æd lúngnanna í standi til ad taka a móti blóðinu frá þeim hægri hjarta kyma sem er eins og holnockurt eggmindad. Enn sá vinstri hjarta kymi, hvar í gégnum blódid rann ádur enn fóstrid fæddist, lykst nú til og nafla púlsædin gétur nú ei leingur gjört sína fyrri þjenustu. Sem var ad færa blódid inn í móðurkökuna en grær nú saman. Og vid þessa umbreitíng skédur það ad meira blóð kémur til nedri hluta líkamans hvar af fylgir ad sá litli vöxtur er útlimir kropppsins höfdu strax eptir fædínguna fara nú ad vaxa fljótar.

Fyrst í midri þridju viku er það ad teikn sjest til fóstursins á stærd vid lítid biggkorn. Eptir fjögurra vikna tíma lítur fóstrid út sem hvítleitur lítill aflángur klumpur á stærd vid medal flugu sem vid náqvæma skodun, enn valla þó med berum augum, verda tveggja saman hángandi smá hnúda varir. Sá eini er minni sem er grundvöllurinn til höfudsins enn hinn annar, sem er nockud aflángur, þar af útfærist kroppurin med sínum lida mótum. Naflastreingurinn er þá sem smædsti þrádur. Á þessum tíma hefur fóstrid í egginu mest rúm sem þá er med vatni uppfyllt. En það er þá á stærd vid lítid dúfu egg.

Vid enda hinns annars mánadar er fóstrid ordid á stærd vid hunangs flugu. Augu, eyru, nasir og munnur tekur þá til ad verda þekkjanlegur. Handleggir og fætur líta þá út sem smástúfar.

Þegar sá þridje mánuður medgaungu tímans er til enda er eggid á stærd vid gjæsar egg og fóstrid þar innan í vidlika stórt sem músar úngi sem flýtur í sínu vatni med nidurlútu höfði. Allir þess limir eru nú svo glögglega mindadir ad tær þess og fingur eru audsjenir ad undanteknu hári og nöglum. Á fjórda og fimta mánudi vex fóstrid til 10 þumlunga leingdar og þar yfir. Allir þess part-

ar sjást nú enn betur. Rúmid milli þess og eggisins er nú minna, svo það með útlimum sínum nær nú sýdum þess, og módurin af þeirri orsök kénir hræringa þess. Seigja menn þá í almenn tali það hafi feingid lýf. Jafnvel þó það hafi haft það frá fyrstu byrjun sinni, enn þó ómerkjanlegt.

Á þeim þremur sýdustu mánudum geingur vöxtur þess fljótast fyrir sig. Þess líkama og lidamóta vaxandi stærð, gjörir þess samkvöfdu lögun nausýnlega að betur rúmist í móðurlífinu. Höfud þess er álútt ofan á brjóstid, snýr almennast niður með andlitid til móðurinnar lenda, jafnan nockud ská halt til vinstri sýdu.

Þýngd nýfæddra barna

Medgaungu tími manneskjunar með fóstur er almennast 40 vikur og fullaldra börn ný fædd vega sex til átta pund. Púls æðarslögin hjá nýfæddu barni eru á einni mínutu hér um bil 140 en við enda barnsdómsins 90. Það hefur sked að kona hefur alid lifandi fóstur á fjórðaog fimta mánudi sem þó hefur orðid upplakid. Líka hefur viðborid að konur hafa ei fædt fyrr enn á 11 mánudi. Líka að fóstur hafa dáid og visnad upp með konum, harnad sem gips, geingid með það mörg ár sem þá hefur orsakad þeim heilsu tjón. Piltabörn ný fædd eru þýngri enn meybörnin. Menn hafa vigtað undir eins 20 sveinbörn og jafnmörg meybörn. Hin fyrri vögu 149½ pund og þaug sýdari 137¼ pund. Við adra tilraun eins lagada urdu sveinbörnin 144½ en stúlkurnar 135 pund. Þriðja tilraunin sýndi að 20 piltbörn vögu 148 og jafnmörg meybörn 132 pund. Summur þessar lagðar saman útgjöra vigt allra sveinbarnanna 60 að tölu 441 og meybarnanna 404¼ pund. Af þessum 120 urdu ei fleyri enn fimm sem vögu yfir 16 merkur.

Menn hafa rannsakað að svein börn fæðast fleyri en meybörn og þar hjá deyr fleyra af piltum enn stúlkum. Af uppteiknun sem gjörð var yfir fædda og dauda af beggja kyni, í hospitali nockru í Dúblin frá 8. Dec. 1757 til 31. s.m 1784, sér maður að á þessum 28 árum fæddust 605 andvana sveinbörn og 381 meybarn andvana. Tvíburar voru 29 af fyrra og 20 af sýðara kyni. Af 20.117 sem lifandi fæddust voru 10.647 piltar og 9.470 stúlkur. Af hinum fyrri dóu 1.656 og þeim síðari 1.247 og af 662 lifandi tvíburum voru 342 dreingir og 320 Stúlkur. Af piltum þeim dóu 116 og af stúlkunum 91. Orsökina hvar fyrir fleyri sveinbörn deya en stúlkur halda menn komi til af því að piltbörnin eru hinum stærri og eptir líkindum komist meira við í fæðinguni en hin. Og líka að þaug fái ecki nægilegt næríngar medal af móðurinni sem hin er minni vöxt hafa. Af summu nýfæddra barna deyr einn fjórði burt á fyrsta ári, enn einn þriðji partur á öðru og við lok hins þriðja árs helfmíngur þeirra burtu dái.

Lífsfjöldgunar margbreitni

Margt og margbreitt hafa náttúrufræðingar skrifad um lífsfjöldgunar undrunar margbreitni. Þikjir lífsfjöldgunar hátturinn hjá sugudírunum jafnan skiljanlegastur. Enn allt fyrir það meina jeg eingjinn géti enn nú sagt hann full skilinn. Nógu margjir manneskjulíkhamir hafa verid upp skornir, nógu margt af qvennalíkum á ímsum tímabilum eptir fullkomid og dugandi samrædi. Og á þennann hátt hafa menn þókst komist ad náttúrunnar lagareglum í framqvæmd fóstursins tímgunar í móðurlífi. Enn þessi þeckjing er þar fyrir ecki í aullu til-liti ljós. Þegar maður skodar eitt meccanissíni sem stendur saman af maurgum konstugum pörtum þikjist maður ad saunnu skilja það nockurnvegjinn. Saknar þó alltíð nockurs í nema hann sjáist á fósturinu í hræringu. Þannig er því varid um getnadarins leyndardóm. Þad vilja þeir nýustu náttúru fræðingar fyrir satt hafa, ad eitt egg af eggjastock móðurinnar, eða fleiri fái frjófgun af manns fræinu. Enn undir eins og það sé sked, hverfi það inni móður lífid og allt í einu til lykjist það þá sem heilt væri. Því síðara vita menn ad valda muni vödvanna krapta, sem ertíngjum vekur, vegna þess ad móðurlífid hefir og so einskonar nerver eða tilfinningar taugar. Enn hvada kraptur hinu stírir ad það frjófgada egg strax losnar vid eggjastockjinn og skilur eptir gulleita aurdu þar enn eru enn nú sundurleitar og festulausar gitsnínar. Þar sem jeg til reit og prófessor Mangor, sem hér um hefir þó einna ljósast og rýmilegast skrifad í sinni Gínologjía er þar um vonarveikur, ad þetta mun nockurn tíma verda upp sporad og eru þar þó stærstu líkjindi til ad þetta gángji eptir meccanskum lögum. Enn ad þeckjínjin á þessari mikjilvæg náttúrulaganna grein hafi taulu verdt þróast um undan farin ár, sýnir sig sjálft. Reglurnar fyrir fóstursins æxlun og áqvardanimar þar um eptir tímabilum medgaungu tíðarinnar, eru nú allt sennilegri, heldur enn þegar æðarnar skaupudust á einum mánuðinum og vödvabaundin í audrum, vöðvarnir sjalfir á þeim þriðja, og so fr. Hér á medal tel ég Búffons fótlausu bábilju, um kins breytingar fóstursins ord sakadar þannig, ad fóstrið sem ablast verda karlkins, ef það karlkinjada fræ hefir yfir bord, enn qvennkins í því mótsetta tilfelli. Væri þetta þannig þá ættu menn þeir allir ad abla einúngjis stúlkubarna sem vilja hlífa sér vid barneignum. Því í þessu tilfelli má nærri géta, ad ei verður annad eptir hjá qvennmanninum en so lítid. Þeir verda þess varla eða aldeilis ecki varir og annad hitt ad sterkar fjör manneskjur í qvennlegg, sem géta yfirfljótanlegt lífsstoff, eignudust víst aldrej alltbarn og hrekur hvört tveggja þetta dagleg reynsla. Rýnulegri verður þeirra meining, sem segja, ad lífsstoffid frá karlpersónunnar hægri síðu gjöri pillt barn, enn hinn ef ei barn hjá dírun þikjast þeir hafa gjört hér tilraunir til. Enn eitt misfóstur er menn kalla hermastróðíta, kom af því ad karlkins lífsstoff frjófgji qvenn egg med mód-

urinni og þetta muni náttúran hafi gjört torveldt enn ei ómögulegt. Og eingjinn veit á hvorn hátt, so þar mætir og so óúrgreidanlegur leyndardómur.

Eckért furdar mig meir enn hvörsu lítinn vöxt menn yfir allt til skrifa eggj-
inu og föstrinu. Og hvörsu leingji framm eptir tímanum þeir vilja láta það vera
so lítid. Því jeg hef sjálfur séð konu leysa höfn optar enn einu sinni. Þegar þetta
vard á öðrum eða þridja mánudi, þókti mér það láta nærri því er þeir skrifa.
Enn þegar þetta vard eptir mánud og 20 daga, þókti mér æði miklu skipta, satt
var það ad eckert var mindad þá annad enn gúmmí, halfgagnsært sem porcel
lajn. Enn eckért vantadi það á tvo þumlunga leingdar. Það kipptist við þegar
það var snortid og þá hræringu tók jeg framar fyrir þann elastiska rafkrapt, sem
náttúrufræðingar vænast ad gæta fundid í límvessum manna og sképna. Sem
nockud meira enn helfing leingdarinnar út gjörði höfud mindin, enn limirnir
voru sem mjóstir hálf gagnsærir þrædir enn saúst þó. Enn máské þetta hafi
verid yfir ordulegt tilfelli, ordsakad af því ad fóstur þetta hafi ætlad ad verda
sjö mánada fóstur. Því þó jeg vissi stundina, þá hafdi jeg ei á þeim árum vit á
ad reikna hvort hún var sú, sem því orkar edur ecki. Enn líkegt er ad snemma
verdi fóstur þá og brád þroskad, med módurinni og á sinn máta eins sein þroska
sem á 11 mánudi eiga ad fæðast.

Tvýburar og fleiri börn

Tvífurur og fleyri börn undir eins í móður lífi hafa hvört um sig sitt egg útaf
fyrir sig. En móður kökur þeirra eru í eitt saman grónar. Á medal 65 til 70
barna er fæðast gétast einir tvýburar. Og af 7.500 einir þrýburar og á medal
20.000 valla einir fjórburar. En fimm börn í einni sængurlegu gefst valla medal
einnrar milljónar. Herra Gartshori kémur med sannferdugt dæmi af konu nock-
urri í Englandi sem var 21 árs gömul er á fimmta mánudi medgaungu tímans
fæddi á 50 mínútum fimm börn hvar á medal tvö voru med lífi. Þrem vikum
síðar var hún búin ad ná heilsu sinni aptur. Enn hvad sagt er frá um sex, sjö eða
fleyri börn í einnri sængurlegu er haldid fyrir ósannindi.

Í heitum löndum koma óléttar konur léttara nidur heldur í hinum köldu. Þær
sicilianisku giptast opt á 13 og 14 ári og eru opt ordnar ömmur 30 ára ad alldri.
Í kóns ríkinu Decan í Aust Indíum fara 10 ára gamlir piltar ad giptast og stúlk-
ur átta vetra sem þá abla barna samann og manneskjur svo brádþroska hætta ad
eiga börn áður en þær ná 30 ára aldri.

Valla sjest ný fædt barn brosa eða tárfaella þótt hljóði yngra enn 40 náttu. Og
það er einn eiginlegleiki sem manneskjan hefur fram yfir dýrin ad hún bæði
hlær og grætur. Jafnvel þó ad nockur dýr sjáist tárfaella þá rænd eru úngum
sýnum.

Fyrsti barnslagnadar tími manneskjunar

Barns alldurin telst til enda hinns sjö árs og úngmennis tímin til þess 14. En tídin sem manneskjan hefur lifað, þar til hún verður fyrst í standi til að fjölga kyni sínu, telja menn hid 14 ár hjá stúlkum en 16 hjá piltum. Þó verður þetta enn nú fyrr í heitum löndum en köldum. Í heitustu löndum Affriku og Ameríku er þessi tímans púntur frá 8 til 11 árs. Í Frakklandi voru það gömul lög að piltar feingu leifi til að giptast 14 vetra og stúlkur 12 ára gamlar. Ofsnemma að giptast gjörir smá og veikleg börn sem út artar mankynid og jafnvel styttir alldurin.

Bein mannsins

Fullordin maður sem hefur feingid allar sýnar 32 tennur, þá eru þar af átta framm tennur, fjórar að ofanverdu og fjórar að nedanverdu. 16 jaxlar, átta upp í og átta í undir kjálka og þar að auki átta milli tennur. Ytstu jaxlarnir kallast skilníngs tennur. Á sumum koma ei þessir jaxlar upp fyrr en við tvítugs aldur og nockrir fá þá alldrey. Hriggur mannsins hefur 24 lidi, þar af sjö í hálsi, 12 í baki og fimm í lendum. Rifbein á maður alls að hafa 12. Enn í öllum líkama mannsins eiga beinin að vera 259 til 264 flest. Hjer af hefur höfudid alleina 64 eða 65 þá tungu beinid er með talid. Í herdum, handleggjum, höndum og fingrum 72. Í baki, hálsi og bríngu 57 til 58. Þeir nedri útlimir, læri, fætur og tær hafa 66 bein. Bein kvenfólksins eru bæði minni og veikari. Sömuleidis lida böndin. Beinagrind af medal kallmanni vegur frá 300 til 400 loda. Vigt höfudkúpunnar móti hinum beinum líkamans er sem einn á móti átta eða 10. Enn hjá qvenmanni þar á mót eins og einn til fimm eða sex. Almenast vega öll bein höfudsins hér um bil eitt pund og 18 lóð. Í fyrstu eru öll bein brjósk sem með aldrinum hardna. Þegar brjóskid í lidamótunum er orðid að hördu beini hættir maður að vaxa. Medan fóstrid í módurlífi er ýngra enn fimm til sex vikna, frá getnadi þess, þá eru öll beinin í því einúngis brjósk. En eftir þann tíma fer höfudskjelin, lærleggir og handleggir ásamt öðrum þess beinum að missa hid brjósklega og hardna til beins. Fyrst af öllu fá hælarnir barnsins beinkjarnan í sig.

Beinserkur kallast þegar maður er skapadur með fleyrum þörum rifja enn vanalegt er. Líka skédur hitt þó ofur sjaldan að þaug eru stærri enn þá eru þaug aptur þeim mun breidari og fylla hid sama rúm. Hol eru sum bein mannsins innan og geima mergveru nockra. Enn hriggjaldid mænuna. Eckert dýr skiptir eins seint tönnum og madurinn.

Blód mannsins

Æðarnar eru tvennslags nefnilega: Slagæðar sem leida blóðid út frá hjartanu og blóðæðar sem leida blóðid aptur til hjartans. Þýngd blóðsins í líkama mannsins er almennast um 30 pund vigtar. Það streymir allt í gégnum hjartad 24 sinnum á klukkutíma. Svo mikill er sá kraptur með hvörjum hjartad verkar. Þess frískara og kraptmeira sem hjartad dregur sig saman því glöggvari verda púls æðar slögin. En því mátt minna hjartad er þess linara verður púls æðar-slagid. Í temprudum löndum verður þetta misjafnt eptir aldri manneskjunnar. Hjá nýfæddum börnum sem sofa með værd telja menn 140 púls æðarslög á einnri mínútu í nokkra daga eftir fæðing þess. Á fyrsta ári og til þess útgaungu 124. Á öðru ári 110, hinu þriðja og nokkud leingur 96. Á þeim aldri sem börn skipta fyrstu tönnum 86. Um og undir tvítugs aldur 80. Þaðan frá og framm yfir fimtugt 75 og við 60 ára alldur sextýu. Þó gétur þetta haft undantekning. Af hrada blóðsins er líkhamin varmur. Menn hafa ágitskad ad blóðid við hvört æðarslag streimi átta þumlunga er kemur frá þeirri stóru púls æð. Og á mínútu er svarar 25 álna laungum veigi. Blóðid er saman sett ofurlitlum hnöttóttum smá bólum sem fljóta innanum vökva nokkurn líkastan mjólkur misu og hvör þessi bóla er 25.000 sinnum smærri en minsta sandkorn og nokkud flat vaxnar. Blód það alt sem ecki lendir í fráskilnadar verkfærunum, eða dampar út á húðina sem gagnsær optast ósýnilegur vessi, edur og verður eptir og snýst til næríngar. Fer aptur til baka gégnum þær svokölludu blóðæðar, sem byrjast í ótal smá greinum, hvörjar loks renna saman í þá stóru holæd sem færir blóðid inn í hægri kyma hjartans hvör þá sjálfkrafa opnar sig og tekur fúslega á móti því. Síðan fer blóðid, aukid með magasaftinni, gégnum lúngum og þaðan inn í þann vinstra kyma til ad renna á ný um allan kroppin. Þær tvær stóru slagæðar eru víðastar við hjartad, enn þreingjast því leingra sem frá dregur og bugdóttari til þess ad við það temprast blóðsins hastarlega ferd, ad ecki slíti það edur rífi alt í sundur. Blóðæðarnar sem leida það aptur til hjartans eru þreyngstar í sam-mynníng sinni með slagædunum hvar þær taka móti blóðinu. En víðka því nær kémur hjartanu eru líka af veikara smídi og slá ecki vegna þess blód rennslid er hér miklu hægra og slítur þeim ecki til muna. Blód úr fullordnum manni hefur í sér sex lód járn, sé það meira verður manni köldu hætt. Enn sé járnstoffid of lífid verður þeim manni hætt við rotnunarsýki. Fugla og fiska blód hefur minna járnstoff í sér en landdýranna.

Fráskilníngrar verkfæri er til dæmis lifrin sem fráskilur gallid, nýru sem skilja þvagid, tárkiartlarnir sem skilja tárin, munnkiartlarnir sem skilja munnvatnid, húdkirtlarnir sem skilja svitan frá blóðinu og miklu fleyri.

Sú stóra hriggslagæd (aorta) skiptist nálægt hjartanu í tvær höfud greinir.

Stígur önnur þeirra uppáð, skiptir sér í þrjár minni qvísir, og veitir blóðinu til brjósts, handleggja og höfuds einúngis. Hin höfudgreinin beigir sig sem grein á tré niður á við og leidir blóðið til allra inniblanna, bakhlutans og gánglimna. Á þennan hátt leiddist blóðs vökvinn til ystu og minnstu parta líkamans þeim til vaxtar og viðgánga.

Hjarta mannsins

Hjartað í fullorðnum manni er sex fíngra breiddir á leingina. Enn á breiddina, við rætur þess, fimm og umfangs 13 fíngra breiddir. Hjá dýrunum hangir það lóðrétt niður, en ecki í manninum, heldur skáhalt. Það neðsta af því hvílir á þindinni. Hjarta ræturnar hallast til hægri en toppurin til vinstri síðu milli þess fimta og sjötta rifbeins svo menn geta að utanverðu fundið hvörninn hjartað slær og hrærir sig. Hjá manninum, og honum líkasta dýri, er það stærst í samamburði við kropin. Eptir nockrar ransóknir, sem hollenskur maður Pieter Roddaert hefur gjört, vóg það úr fullorðnum manni fimm og úr 1.500 punda þúngu nauti tvö og úr fýl sem vóg 100 centener var það 17 pund. Með aldrinum verður það að stærðinni til minna og minna en taugar þess þjéttari og fastari saman. Sem gjörir verkun blóðs hræringunnar daufari og þar af verður kroppur mannsins með aldrinum kaldari. Utan um það er hulstur eitt sem á öðrum dýrum, sem hjá saudfénaði, kallast gollurs skinn.

Heili og mæna mannsins

Heili mannsins er umvafin þremur himnum. Lítil þrikkíng á honum gjörir svöfn. Hjá fullorðnum manni vegur hann tvö og hálf, þrjú eða jafnvel fjögur pund. Hjer af vegur litli heilinn, sem á vissum stað er í bakhöfðinu, 10 til 12 lóð, altsvo sjötti eða sjöundi partur móti hinum. Það hefur borid til að fóstur hefur fæðst með aungvum heila, eða mænu, heldur einúngis vatn í höfud kúpunni. Líka hefur fóstur haft mænu án heila en aldrei heila án mænu. Einnin hafa fæðst höfudlaus börn. Líði maður nockurn skada á heilanum, annað hvört af of miklu blóði eða af útvortis hlutum, missist bæði meðvitund og þánkakraptur. Heilin sem öldúngis uppfyllir hol hauskúpnar er gjörður af mjúkfeldu efni, kunstuglega samansettu af ýmsum stærri og smærri pörtum, og gégnum ofin mörgum blóðæðum. Þaðan hafa allar sínar sín upptök. Taka má nockur lóð vigtar burt af heilanum án þess líf og heilsa þar við spillist. En sé þrist á heilan verður tilfinningin yfrid sár. Hjá börnunum er heilin blautari enn hjá fullorðnu fólki. Heilin er álitin sem einn hlutur milli sálar og líkama. Mænan er sama efnis og heilin, geingur hún frá heilanum og eptir holi hriggjarlidana niður eptir

endilaungu baki og taugar hennar til allra parta líkamans. Af predikaranum cap. 12. V. 8. kallast hún silfursnúra.

Nervar kallast þær fínustu smátaugar sem liggja um allan líkamann. Sumar þeirra eru meir enn 1.000 sinnum hári smærri. Þær liggja til heilans og mænunnar gjörandi alla tilfinningu. Þar sem þær sameinast allar í heilanum, sem í vissum púncti halda menn að sálin hafi sin bústad, og taki á móti öllum hræringum. Þeim sem annadhvört fyrir sinanna titrandi hriftúngu, eða annan rennandi vökva er sinasaft nefnist, til hennar flytjast og á þann hátt kann hún (sálin) að heyra, sjá og smakka og svo víðara. Þegar saft eða vökvar þessarar fínu tauga uppá ein hvörn máta spillast, orsakar hjá manninum afsinnu og galenskap. Sömu verkun gjöra lángvinn heilabrot um einn og hinn sama hlut.

Sálin

Sálin er ein ódaudlegur andi sköpuð af eingvu og í fyrstu innblásin í mannsins nasir af sjálfum Gudi. Hún heldur sinni tilveru þótt maðurin deije og missir ecki sína eiginlegleika með að þeinkja og vilja og það eptir daudann. Breitingin á hlutunum og skilningur vita verkfærunum hvör hún í þessu lífi notadi sér, kann vel að breita hreifúngu hennar krapta, enn ecki kraptinum sjálfum. Hún er sá mannsins partur sem þeinkir og ályktar og svo víðara. Hún er gjædd skynsemi og frjálsræði, gétur prófad og dæmt um hluti, fundid til gleði og ánægju, líka sorgar og óánægu, haturs, elsku, hrædslu, medaumkvun, angursemi, skömm, ótta, örvýlnunar, forakts reydi og hefndargyrni og miklu fleyra. Þeir sem vilja halda sálin þurfi einslags líkama tegund til að geta tekid á móti inn þrikkíng útvertis hluta, þá sínist slíkt ecki vera mótfallid helgra bóka kjenningu. Líka svo lítid sem nockur kann að neita Guds almættis krapti til að framleida sama. Enn sá líkami hlýtur að vera yfrid fínn og smá gjörður. Heimsspekíngar gefa honum það nafn schema og ritníngin minnist sjálf á christs forklárada líkama og postulin sankti Paull seigir að náttúrlegum líkama verdi nidur sád en upp muni rísa andlegur líkami. Hofráð Kæsner meinar að hvikult ætкерiskт efni sé ávalt sameinad vorri sál, sem ecki í daudanum sundurleysist, heldur verdi henni samfara og að sá sýnileigi líkami sem vjer í daudanum afleggjum er ecki annad en umbúdir hins og vor jardneska tjaldbúd.

Doctor Reimarur afmálar þetta þannig: Værum vér fæddir með gleri fyrir augum þá mættum við naudsynlega sjá geislana þannig brotna sem glerid vildi til láta það. Litir og skemdir glersins vildu þá gjöra breitung á sjón vorri og yrdi gler það gjört dimt og ógagnsært svo tapadi maður sjóninni, en ecki leingur en gler það væri fyrir augunum. Hjer af fylgir samt ecki að þó þetta gler væri burtu tekid að vér þá ei skildum sjá. Svoleidis sýnist það og að vér í tilkomandi

lífi ecki þyrftum þessa herbergis við sem þessi vor líkami hjer í heimi er í sambandi með vorum anda. Er ecki himinloftid æther og hver veit hvörsu margar verur og svo líkamir sem vér ecki þekkjum. Þegar vjer hjer eptir verðum leistir frá fjötrum þessa jarðneska líkama þá sjáum vjer ecki né heyrum með þessum jarðnesku skilníngravitum hlutina í kríngum oss upp á sama máta sem nú. Enn sála vor fyrir sinn viðvarandi stöðuga krapt kémur til að finna og reina hvað eckert auga hefur sjed og eckert eyra heyrt og ecki í nockurs lifandi manns þánka hjer á jörðu komid hefur.

Þaug fimm skilníngrar vit

1.) Sjónin

Þaug fimm skilníngravit, sjónin, heyrnin, ylmanin, smekkurin og tilfinningin géfa sálunni á augabragdi vísbending um alt það skedur kríngum oss. Við skodun og uppskurd augans verða menn varir við þrennslags vökva. Sá fyrsti er vatnsvökvin þar næst kritalls vökvin, sem líkur er nærfelt hnöttóttu stækunargleri, og í þridjalagi er glervökvin sem áþekkur er egghvítu. Fyrir innan hann er regnboga himnan mjög þunn í hvörri sínar þær útbreida sig er sjónina verka. Birtu geislar þeir sem ganga að utan gegnum áður nefnda þrennslags vökva hvörjer allir eru klárir eða vatns tærir. Því annars sæum ver alt í þoku og án sinna réttu lita því til dæmis væru þeir gulir mundi oss sýnast alt gult. Þessi augna sinanna tilfinningarsömu vidurhræring af birtunni kalla menn að sjá. Því ljósgeislarnir flitja mindir hlutanna gegnum kritalls vökvan inn í augað og mála þær upp á nethimnunni sem liggur á þess botni. Þessi nethúd er blaut mjög og liggur útbreidd. Þegar hún hefur tekid á móti mindunum flytjast þær eins og eru fyrir nerva stofnin sjálfan í gegnum heilan til sálarinnar og þá er það eiginlega hún sem sjer. Sex vöðvar þéna til þess menn geta rent augunum til hvört eð vilja. Sá fyrsti þénar til þess menn gjéta rent þeim uppfyrir sig. Annar hjálpar til að horfa þeim niður. Þridje og fjórði að hræra þaug til beggja hlida. Fimti og sjötti verkar það að þeim verður rent skáhalt. Stór augasteinn getur tekid á móti fleyri ljósgeislum en sá minni og augað er hnöttótt til að geta móti tekid byrtu geislum jafnt frá öllum síðum og að því má renna alt um kríng. Vökvarnir í barnsins auga vaxa eckert því það mundi umbreita sjóninni. Ein hlutur getur sjest sem er 3.436 sinnum leingra burtu en þvermál hans er. Gráleit augu sjá betur í hálfdimmu heldur enn þaug dökkvu og inneygdir sjá skarpara en hinir. Verði kristalls vessin í auganu óskjær þá missir maður sjónina og orsakast þar af sú gráa starblinda. Liggja orsökina til blindunar í þeim fínu sjónar taugum gjörir hina svörtu starblindu. Lækníng við henni er ecki aldeilis ómöguleg. Borid hefur til að menn við skada tilfelli á auga hafa ei getað sjed með því

nema í myrkri. Líka hefur það skéd á hvörjum læknud hefur vordid starblinda, ad byrtan hefur vordid auganu svo vidqvæm fyrst í stad, ad ecki hafa sjeð nema í myrkri. Augnalokid er sem sparlak heingt edur þanid á bjugan brjóskjadar til ad halda auganu alljafnt opnu medan menn þurfa ad sjá og lykja það er sofa á og njóta nærða. Efri augna hárin beigjast upp á við, en hin nidur á við, ad ecki komi þaug við sjáaldur augans og þessi hár sem brúna hárid leingjast ecki. Augnabrýrnar eru til búnar sem skýlu þrep nockurt eda skúti ad ecki leki sviti né dupstist eda mósk eda annad sjóninni óholt nidur í augad.

2.) Heyrnin

Eyrans byggíng orkar því ad menn heyra. Loptid má fyrir vorum eyrum vera það sama sem ljósid er fyrir augunum. Allskonar raust og hljóð framkémur og verkast fyrir titrandi hræring í lopt pörtunum sem flyst til eyrans. Án lopts væri eingin hljómur til. Taki maður velklíngjandi kopar klukku og setje hana undir loptpumpu og dragi loptid þar frá, þess meira lopt sem frá henni er numid því daufara klíngir hún og sje alt lopt frá henni pumpað, þá heyrast eckert til hennar þótt hún slái sig. Enn sé hún sétt hvar þéttara lopt er en sidvanalega, þá klíngir hún líka enn skjærara. Menn hafa út reiknad ad hljódid berst 517 til 519 álna lángein veg á einni secundu. Náttúru frædi menn sem ransakad hafa eyrad hafa fundid í hlustinni þessi verkfæri sem þjena til heyrnarinnar: Þad fyrsta er trumbu himnan eptir því sem hún er hard spentari, verður heyrnin næmari. Enn sé hún lin, verður heyrnin daufari. Spreingist trumbuhimnan þá orsakast þar af heyrnarleysi, þess vegna er mjög hættulegt ad heyra óforvarandis mikin hvell. Önnur verkfæri sem þjena til heyrnarinnar eru fjögur smábein í eyranu sem géfin eru þessi nöfn: hamar, stedje, ístad og sívalabein. Merkilegt er það ad tvö þessi fyrst nefndu bein ná sinni fullkominni herslu medan fóstrid er í móður lífi og öll önnur þess bein eru brjóskleg og það á fimta mánudi eptir gétnadin. Þad þridja hardnar á hinum fjórda mánudi medgaungu tímans. Sumir náttúruspekíngar halda börnin nýfædd hvörki heyrni né sjái þó opin hafi augun og það ad þaug komi seinna til med heyrnina enn sjónina. Eyrna mergurinn þjenar til ad halda ádur nefndum beinum og hlustinni mýkri og til ad apra allri ad utan skríðandi óværd og byggja henni út. Hlustin geingur í bugdur inni höfudid til ad dempa og brjóta sterkt hljóð: ad sýður skadi trumbu himnuna med því ad gánge beint inn, ad innri hvelfíngar eyrans hækka hid lága hljóð og gjöra meir gégnum þreingjandi, ad loptsins fýnu blaktanir hvörjar sem smá ølldur koma inn í eyrad ómerktar af næmustu tilfinning. Setja þó í titrandi hræring þá útþöndu trumbu himnu þar inni. Hvar titrar síðan frá þeim svo nefndu heyrnar beinum, liftir gégnum sinar nockrar til heilans, edur þángad sem sálin er og þannig seigir henni frá því er skédur úti. Þetta köllun vér ad heyra. Ad skap-

arin hefur sett himnu þessa daufheyrdum til gagns, kemst loptid einin gegnum munninn til gats þess er á trumbu himnunni og svoleidis framidnockra heyrn. Hvörs vegna flestir heyrnarlausir sitja með hálf opin munn svo sem hlustandi. Gyrmi þessa að heyra dillandi eim hljódfæranna þarf ei annað en leggja staf eda spítukorn með annan enda á sjálft hljódfærid, enn annan í munn þeim, fer þá eymur streingjanna gegnum spítuna inn um munninn til trumbu himnunnar og heyra þeir svo streingja glaumin. Eins eru verkfæri heyrnarinnar hjá úngbörnum sem fullordnum. Að hvöru tveggja heyra eins það hljóð sem menn heyra um midjan dag 600 skrefa langt að heyrast. Að qvöldi eda morgni 1.200 til 1.500 skrefa af því loptid er þá þéttara. Of mikill eyrna mergur getur gjört heyrnarleysi. Á sumrum heyrast skothljóð leingra til enn á vetrum. Einn maður sem ecki fjéck heyrnina fyrr enn fullordin var, hafði og eckert málfæri, og gat aungva þánka gjört sér um Guð eda sálar ástand sitt meðan hann daufur var. En gat þó lært sum handarvik sem hann sá aðra gjöra. Enn eptir það hann féck heyrnina gat hann lært nockurnveigin málid og tekid undirvísun í andlegum hlutum. Dvergmálid er ecki anad en aptur kast hljóðsins, ellegar það blaktandi lopt hvörju til baka slær frá fjöllum, skógum, múrum og hvörju því er loptblakid steitir á í fyrstu. Vilje menn byggja í því tilliti múra eins og sumstadar er gjört í Ítalíu, eda planta smá lunda má fá svo mörg dvergmál sem listir. Víða hér í landi hvar hamra radir eru háar uppundan, útundan eda bak við aðra, svo sem í Almannagjá hjá Þingvelli, heyrast þrjú og fleyri dvergmál er svari sömu rödd.

3.) Ilmanin

Sá vísi skapari hefur tilsett lugtanina í nösunum að vér strax findum og forkastad gjætum þeirri óhreinu rotinu og fúlu lugu. Nasirnar eru inan hári vaxnar til að tvístra loptinu, aðra yrmlíngum og auka lugtanina. Ofan til mjókka þær að ylmanin verði þar enn sterkari. Blómstur nockur útbreiddur í litlu húsi milljón fjölda smá dampa ögnum og að ylmanin af matnum er svo fínn að ecki verður sjedur með besta stækkunar gleri. Hvörsu næmar og smá gérðar meiga þá ecki ylmanar sinarnar vera. Sem ódara en nockud snertir þær gefa sálunni ávísan um dampanna ylm edur ódaun og þetta köllum vjer að lugta. Nefid kallast ræsi höfudsins gegnum hvöru öll sú deigja sem ecki burt dampast frá skilst smám saman og rennur út um nasirnar. Sömuleidis þénar nefid til andardráttarins, líka einninn munnurinn. Gegnum nasir og nidur í qverkar dregst loptid inn í lúngun meðan barnid er að sjúga. Eins þá vér etum, dreggum eda tölum. Naudsynjar þessar yrðu að minsta kosti verða oss ördugar drægjum vér ecki andan líka með nefinu sem munninum.

4.) Smekkurin

Í allskonar mat og drykk finnst þúsundslags sölt með hinum fegurstu mindum sé það skodad gegnum gott stækkunar gler. Og líkast er til að smekkurin komi af ímislegum tilbúningi salta þessara undir eins og munnvatnid lætur þaug renna á tungunni og missa sína lögun. Munnvatnid er sýst útúr tungu, kinnum og qverkum vætir sínar þær þar liggja, gefur þeim lifandi tilfinning sem þær strax færa sálunni og það köllum ver að smakka. Margbreitni smekksins hjá hvörjum manni orsakast af margvíslegum tilbúningi smekksinanna í munninum sem gjörir það: Að allir hafa ecki sömu laungun eptir sama mat og drykk heldur fellur einum sá matur vel í géd sem annar gétur ecki smakkad. Matur og drykkur mundi ósjaldan forsómast og gleymast fyrir leti sakir, eða undirskini annars annríkis, væri húngur og smekkur ecki til. Dæmi eru til að madur hefur tapad bæði smekk og ylman og feingid hvörugt aptur af þeirri orsök, að annar spýtti framan í enni hans með abli vatnsgufu út úr vatns spýtingar verkfæri, sem þjenar til að slökkva elld þá húsbruni upp á fellur. Þar með vard hann líka heilsu tæpari eptir en áður.

5.) Tilfinningin

Tilfinningin er vor fimti sanns. Margir hafa af sjúkdómi misst einhvörn hinna eins og líka tilfinningin líður mjög hjá þeim sem detta í nydurfalls sýki, doda og fleyra. Það hefur aldrey verid að nokkur hafi misst alla tilfinning nema daudur lægi á augabragdi. Þessi fimti sanns fullkomnar alla hina fjóra því allt hvað hinir ávísa sálunni skédur með nokkurskonar tilfinningu. Hinir fjórir hafa afmarkada stadi til að verka í, nefnilega á höfðinu, enn tilfinningin er um allan kroppin. Medan augu, eyru, lygt og smekkur eru adgjördalaus og menn sofa, vakir tilfinningin að nokkru leiti. Tilfinningin er í þeim fínu nerva og sína taugum sem liggja um allan líkhaman og líflegust er hún á vörunum, broddi tungunnar, lófum og fingra gómum. Hvörja stadi kalla má fyrirboda, eða njósna útsenda, til að komast eptir mörgu og ávísa sáluni allra handa skadvæni. Þegar einn sansanna missist styrkist annar þess meir. Þeim sem sjónina missa eykst ótrúanlega næm tilfinning. Blind kona í Elsbúrg til bjó brabanska kniplínga. Vilhjálmur 3 prins af Oranien heyrði sagt af blindum manni sem með fíngrunum gat að greint spilin eptir litum, lét kalla hann og sá að það var satt. Ýmisleg fleyri dæmi geta menn fundid bæði innanlands og utan lík þessum sem til hafa fallid og of langt er upp að telja.

Túnga mannsins

Túngan er mikid kúnstug. Fjár sjóður af dásemdum liggur svo hulin í þessum eina lim að eingin hefur enn þá til fullnustu gétad fundid sameining túngunar vödvatauga. Hvörjar allavega eru hvör í gégnum í og yfir adra saman flæktar og fljettadar til að gétu frammqvæmt þann lidugleik sem túngunni er áskapadur. Hún er gjörð af vödvum einum án beins og lidamóta að því heldur gétu ladad sig eptir þeim margvíslegu hræringum sem þurfa til málfærisins og matarins umveltíngar meðan tuggin er. Ytst er hún klædd húð fullri af smá holum og settri með ofursmáum hár líkum öðrum. Milli hvörra áður nefnd matar og drykkjarsölt setja sig að vér til fulls gétum prófad þaug og fundid smekkin. Þar undir liggur önnur húð full af endum þeirra fínu smekk sína. Þannig er túngan klædd tveimur húðum þó ecki nema ofan til út á röndina að nedan er hún öðruvísi á sig komin. Af því túngan varð að hafa nóg rúm til að tiggja, tala og síngja er hún röttest í víðum geimi og sett um kríng mörgum vessaríkum kirtlum til að gétu verid síssleip og lidug til hræringa. Og gómin er að á líta sem saungkistu raddarinnar. Túngan hjálpar til að færa matin milli tannana til mölunar og við nockurskonar bakskot nidur í hálsin þegar renna á nidur. Líka til að minda ræðuna og verka smekkin. Þannig auðsýnir hún þrjár mikilvægar þjénustur: Fyrst til lífsins vidur halds. Þar næst að gefa oss þegar tilfinningar og í þriðja lagi að vér fáum til kynna gefid öðrum vora þánka. Um vanbrúkum tungunnar rædir postulinn Jacob í síns pistils 3. cap. versí 3 til 10.

Qverk og tennur mannsins

Munnvatnid kémur frá sex sérdeilis kirtlum. Flestir hinir munnkirtlarnar gefa frá sér slímvökva nockurn enn ecki það rétta sápu artada munnvatn. Munnkirtlarnir gefa alljafnt vökva þennan frá sér. Þegar menn tiggja fæduna kémur mest af honum og hjálpar bæði til að renna nidur og að melta fæduna í maganum. Í qverkunum liggja tvær pípur hvor bak við adra. Sú fremri er úr brjóski er kallast barki. Loptid geingur um hana andar dráttin til og frá lúngunum. Bak við barkan liggur velindid gégnum hvört að lúngan sendir fyrir nockurs konar nidur þrikkíng og saman drátt mat og drykk nidur í magann. Barkin stendur alltid opin. Bak við tungu ræturnar liggur barka kýlid með sínu blástur holi er nær aptur og fram og lykst að nockru leiti með vödvumm. Enn mest og best því svo kallada barkaloki sem áfast er aptan við túnguna stendur opid végnar andardráttarins vidlíkt og dósna lok. Enn fyrir hræring tungu rötanna þegar nidur er rendt og áþrístíng matarins legst það nidur yfir blásturholid svo að fædan rennur þar auðvelt yfir nidur í vélindid. Enn reisist strax upp aptur sjálfkrafa vegna þess það er úr brjóski og þess vegna spennu kraptad.

Úfkyrtlarnir og úfurinn hefja sig upp yfir það sem nidur skal rennast. Ýta því um leid aptur á við til vélindis, enn einkum hamla því að renna upp í nasa holin, sem oft vill ské þegar menn hafa feingid illt í góminn, eda í sama vetfangi þeir renna nidur, hlæa edur hósta og kallast á. Eins líka þegar nockud fer övörum ofan í barkan, að manni svelgist á. Barkinn og barkakýlid tilbúa málrómin úr því inn andada lopti. Og til að gæta út talad þá 5 hljódstafi, útkrefst að greind, edur afbreitt útvíðkan munn holsins. En í út tali samhljóðandi bókstafa, meðverkar tungan, gómurinn, varirnar og nefid. Og fyrst limir þessir eru með sitt slag á hvörri manneskju kémur þar af margbreitni málróms – já milljón breittir málrómar. Engin fær skilid þessa málfærana margbreitni, eins skapadir limir og þó afbrugdnir, hvör mannleg skinsemi getur gripid það?

Tennurnar koma ei upp meðan barn liggur á brjósti. Líka er framkoma þeirra óhvikult merki að magi barnsins er þá farin að gæta þolad strembnari fædu en mjólk alleina. Frammtennur eru hvassar til að bíta með og kallast bittennur. Næst þeim beggja vegna standa þær svo kolludu víg, edur riftennur, uppmjóar til að rífa sundur það sem seigt er. En jaxlarnir eru flatvaxnir ofan sem qvarnsteinar og settir hvössum agn hnúum til að gæta sundur malid það sem framm tennurnar afhenda þeim. Utan umm allar tennur er fín skjel, hvít sem fýlabein, miklu hardari enn sjálfar tennurnar, eins og glasseran til að verja þær sliti. Þessi glasseran þjenar líka til að hamla vessum að þreinkja sér inn í þær og loptinu að eta þær. Hún er svo hörd að hvorki elli né sjúkdómar vinna á hana. Allar standa tennurnar í hálfhring sem dreigin væri um sirkill. Eru fast settar í örugga rennu eda bein gróp. Framm tennur á hvörjar minst þarf að reina hafa einfalda rót, enn hinar þrefalda. Tennur eru ómissandi til að gæta talad og súngid.

Lúngu mannsins

Lúngun eru sköpuð til andardráttarins. Án hanns gæta ei menn eda dýr lifað. Heilbrigður maður, fullordin innandar í sig hvört sinn hann dregur anda 30 til 40 kúbik þumlúnga af lopti, enn ecki kémur það allt út aptur þá menn anda frá sér. Við hvörn andardrátt mínkar það um 1/50 eda 1/60 part. Loptid geingur fyrst innum nasir og munn gegnum barkan er geingur nær hægri síðu inn í lúngun og deilist þar í margar smá pípur; álíka og trje í margar rætur ganga pípur þær út í ystu æsar lúngnanna og endast í óteljandi fjölda af smáblöðrum, gjördum af þynstu himnum inn í hvörjar loptid sogast við andardráttinn, blæs þær út og fer hina sömu leid til baka þegar út er andad. Milli þessara loptbladra og pírna er fult af smá slagædum, hlaupa þær hríngin í kring til og frá um lúngun, verda um sídir að blóðædum sem renna í vinstri kyma hjartans. Ecki

lífa menn leingi án andardráttar, þeir sem falla í vatn deya flestir innan þriggja mínútna. Samt eru nokkur dæmi til að manneskjur sem fallid hafa í vatn og ecki nádst fyrr en að lídnum klukkutíma hafa orðid endur lífgadar, þótt ecki hafi sjest eða fundist lífs mark með þeim. Ecki géta heldur menn eða dýr lífad í gjörspiltu lopti. Menn hafa gjört þá tilraun að binda blöðru með 20 kubik þumlungum lopts í fyrir vitin á einum hundi svo hann náði ecki frísku lopti, heldur varð að innanda það sama, en hann dó að lídnum sex mínútum. Það útvortis lopt þrykkir líkama vorum að utan með 42.000 þunda þúnga. Ef það lopt sem innan í kroppnum væri vægi ecki á móti með jafn miklu abli, því annars sundur merdist maður á augabragði af jafn miklum þúnga. Hundrad vöðvar verka í hvörjum andardrætti og hann framqvæmist án vors tilstyrks hvört heldur það er í vöku eða svefni.

Fóstrid í móðurlífi dregur ecki anda enn flytur sjálft í vatni. Lúngu þeirra barna sem deya áður enn andardrætti hafa náð sökkuva í vatni. Enn hinna, þó ecki hafi nema einusinni dregid til sín anda, þaug fljóta á vatni.

Lifur og milti mannsins

Lifrinn er stærst og þýngst af inníflum mannsins. Hún er í fjórum stöðum föst við þindina hægra meiginn og þjenar til meltíngarinnar. Og gallid til að erta þarmana svo stólgeingurinn framleidist. Sterk sinnishræring, hastarleg reidi og ergelsi verkar opt að gallid spítir meira enn vera á og gétur verkad nydurgang og uppsölu.

Miltid er aflángt innífli átta þverfingra langt og fjögurra á breidd og þriggja á þíkt. Það er nedanverdt við þindina vinstra meigin jafnt yfir frá lifrinni. Það er mestu breitingu undir okad bæði að lögun og stærð. Það gétur bæði samanskroppid og útvidkast. Sé magin tómur útspennast þess æðar með blóð. Sé magin fullur þrykkir hann miltanu og pressar blóðid svoleidis út til lifrarinnar. Það er eitt hid blóðríkasta inifli og mjög laust í sér sem audveldlega gétur farid í tvent. Einn maður sem sleigin var knefa högg framan á lífid féll við það dauður nidur eins og svæft naut. Líkami hans var krufin og fanst miltid sprúngid. Miltid sínist gjöra lifrinni þjenustu að tilreida gallid.

Magi mannsins

Magi mannsins er himnu posi einn, fjór faldur, gjæddur vöðvum eins gjörður og þarmarnir nema víðari. Hann sundurleysir fæðuna og meltir matin með hræringu sinni, hita og vökva. Magasýran er súr slímvökvi líkur munnvatninu honum til eigin verndar móti öllu skörpu og bitru sem nidur í hann er rent. Og

einkum til þess betri samblöndunar margskyns fædu sem ásamt sjálfs maga þófi, edur hræringu, kallast matar meltíng. Veiklan hans er orsök flestra sjukdóma. Inhverfa magans er klædd sömu húd og túngan hvörs vegna lækningar gæta séð óreglu hans af útliti hennar. Magans kokkan er ecki annad en sjálf meltíngin fyrir hvörja fædan sundurleist af hans og munnvatnsins vessum. Gjörist svo jöfn og þunn sem mauk að hún innsogast gæti jafnóðum og hún með mestu hægd rennur gégnum þarmana. Undireins og fædan gengur til þarmana frá maganum géfur sú þar nálægt skipada gallbladra nockud af sínum bitra vökva frá sér út yfir þá meltu fædu edur áður nefnt mauk. Hvað þá er eptir seigt og ómelt, leysir tjedur gallvökvi sundur, gjörir þarmana hála, hreinsar innvortis gángveigi og opnar þá. Þegar magin tekur til sín fæduna beigist háls gallblöðrunar upp á við eins og flösku stútur medan í hann er helt. Enn þegar magin á að tæmast, hneigir gallblöðru hálsin sig nidur á við aptur, eins og þá tappast skal af glasi. En svo ecki reni alt úr blöðrunni í einu er lítil íbjúg dettiloka af húd í opi hennar. Veldur hún því að gallid drýpur út með hægd vidlíka og þá taldir eru dropar úr glasi við fingur sin.

Parmar mannsins

Parmarnir eru hjá fullörðnum manni sex sinnum leingri enn líkamin. Enn hjá ófæddu barni 10 sinnum leingri en kroppur þess. Næst maganum er 12 fíngra þarmurinn, svo tómi þarmurinn, síðan hrokkni þarmurinn og seinast skarn þarmurinn. Parmarnir eru þunn húdadir rennur, haganlega saman hríngadir í þraungt rúm til að taka móti fæðunni frá maganum, og þá hún er komin fram hjá gallblöðrunni færa hana altaf leingra og leingra. Þar af til að innsjúga það fínasta af matnum gegnum ofur smáar sugu holur. Hvar af ótöluleg mergd er um alla þarmana að innan, og til að útrýma því stórgjerdasta af fæðuni, úr hvörju dreigin er allur næringar vökvi fyrir edlilega rás.

Barnmørs himnan er tvöföld húd, full af fitu laukum, sem liggur aptan frá hrigg framm að garna kerfi. Skiptist þar í tvær adgreindar himnur til að innilykja og umvefja garna kerfid. Hvört hún teingir saman og undir eins flytur því allar þess ædar, sinar og so fr.

Kirtill er flækja af saman undnum valla sýnilegum ædum og finnast þeir í vissri ordu hjer og hvar um allann líkamann. Sumir þeirra skilja hid fínasta, sumir það grófasta úr blóðinu, sumir þjena til útdömpunnar, sumir að til reida ýmsa vökva og fínar saftir, sumir eru í þörmunum og eru næsta ómissandi til lífsins uppheldis.

Næringar vökvi mannsins

Matarsaftin sem manni sníst til næringar fer í gegnum sugu ædar edur hol þarmanna. Geingur svo frá þeim í gégnum milljón margar smá pípur, sem heita mjólkur safu rennur, inn í nockurskonar smá skúffur, edur kyrtlana í garnmörs himnunni, og meingast þar tærum vökva til að gjörast enn þynnri. Síðan rennur hann í þann svo nefnda hrigglunda posa og úr honum gégnum pípu nockra, fyrir tilstyrk þeirrar nálægu stóru hriggslagædar, og fellur um sídir í dropatali inn í eina blóðæd sem framveigis veitir þeirri nú full til reiddu næringar saft in í annan hjarta kymann til að verða að blóði. Enn vegna þess hún en þá ekki er nægilega hreinsud, blöndud með blóðinu eða hentug til umferdar í kroppnum, spýtir hjartad henni út í gégnum lungun. Í hvorjum upp á hana verkar það með andardrættinum inndreigna lopt er með andardrættinum til skiptis þenur út edur samandregur lúgun. Þénar bæði til að blanda og fullgjöra nefnda saft. Líka til að kjæla hana er annars mundi bráðlega bana olla. Þegar hún nú er fullhreinsud hér rennur hún aptur inn hinn hjarta kymann hvadan hún þá verður að tærasta blóði. Leidist svo á ný út í allan líkaman honum til vidur eldis.

Hrigglunda rennan

Hrigglunda rennan liggur rétt upp með hriggnum innanverdt og hefur sjálf eckert magn að færa safan áfram. Enn það framqvæmist fyrir slátt þeirrar stóru hriggslagædar. Athuga vert er um hrigglunda rennuna og posa frá allri inn og úthverfu. Jafnvel hvörjum puncti líkamans byrja ædar nockrar auk slag og blóðæda sem kallast sugu edur vessa ædar, mjóstar að utan í húðinni enn víðari innad. Ganga þær gégnum alt kjötid, einkum kirtlana, og lenda allar í ádurnefndri rennu. Þær draga í sig allskyns þynnstu vökva bæði að innan frá fæðunni og öðru. Líka að utan frá loptinu og með honum (vökvanum) nær því alt hvað heita hefur og flytja inn í blóðid. Gégnum þessar ædar leidast allskonar sóttar ferli inni líkamann, hvört sem þaug koma frá loptinu, sódalegum aðbúnadi, órækslu, illum húsa kynnum, óhollum og illa verkudum mat, edur öðrum lifandi sképnum, mönnum eða dýrum. Gégnum þær skedur öll næring og vöxtur líkhamans, því eins liggja þær út úr blóð ædunum sem hvörju öðru holi; enda eyða þær og að síðustu öllum líkamans kjark og orsaka þá þann rétt kallada náttúrlega dauda.

Í nýrunum að skilst þvágid sem leidist gegnum víska rás til hlandblöðrunar hvar eð gétur rúmad tvo potta vatns. Þvág það sem gamalt fólk píssar hefur meiri stækju enn hjá börnum.

Skin, svitaholur og hár mannsins

Skinnid edur það ytra húðlag er sem þunnur vefnadur samanofinn af hreystri edur smá flísum; svo litlum að sand korn eitt hylur vel svo 125.000 þeirra liggja þær að nokkru leiti hvör upp á adra. Þess vegna sínist máské húðin hvít því á vörunum hvar þær liggja hvör við adra er hún raud vegna þess blóðæðarnar skéra þær edur skína í gegnum. Undir þessari ytri húð liggur sú innri edur hörundid og þannig hefur líkamin tvöfaldan klædnad. Skinnid er sú fina hvíta himna sem þýtur upp í blöðru þegar menn brenna sig. Hörundid er raudleit himna, þykkri og sárinda full ef snert er, og nefnist opt qvika. Sú ytri er tilfinningar laus og þénar einúngis til skýlingar líkamanum og því við qvæma hörundi. Undir húðinni og víða innan í kroppnum liggja mörg smá blöðru kerfi, edur posar fullir af þvölum vökva sem kallast feiti, og þénar sem mjúkur bedur fyrir ýmsa parta kroppsins. Fitin þénar til varma og jafnvel vidureldis kroppnum þegar ecki fæst matur.

Svitaholurnar sjást með stækkunar gleri milli áður nefnds hreisturs álíka og smá vatns augu. Í hvörri midpuncti verður vart við tæra vessa glætu sem pípír út aptur jafnóðt og hún er af þerrud. Á vorum líkama reyknast 2.016 milljónir af svitaholum gegnum hvörjar útdampa á hvörju augnabliki margir skadvænir ónytju vessar og ríður mikid á að hvörki dampi þeir um of mikid edur lítid. Þeirri ómerkjanlegu útdömpun veldur innvortis varmi og hræring líkamans í hvörjum að er yfir 600 vöðvar.

Hárid er ytst á líkamanum hafandi margbreittan lit. Það er sívalt og mjótt til endans, hefur rót sína í smá kirtil eitlum undir húðinni í þeim svo nefnda fitu vef. Sá litli kirtill hárid sprettur útúr er vafin þunnri himnu og samsettur af smápípum, sinum og ædum. Sér hvört hár er umvafid þunnri húð, þar inan í liggja smá sina þrædir jafnsídis, festir saman með ofur fínnum þver sinum. Enn inst er hol pípa og mergur nokkur í er veldur háralitnum. Eitt manns hár gétur borid fjögurra lóða þúnga. Próffessor Withoff hefur ransakad að á einum fjórða þumlúngs stórum bletti á manns höfði og talid þar 147 svört hár, 162 dökkbrún og 182 ljósgul. Þaug seinast töldu eru þynst, en þaug svörtu gildust og eptir medal tölu verður hvört hár að gildugleik 1/147 partur úr fjórða parti þumlúngs. Nú er hvört hár holt innan sem pípa hvar eptir sviti og adrar saftir renna og þess gangrúm má allt svo í hid minsta vera átta sinnum mjörra en þvermálid af gildugleika hársins. Það hefur og svo nokkud electrískt efni í sér. Schaliger seigir frá einum múnk að þá hann greiddi hár sitt, og það var nokkud flókid, hafi neistar hrokkid úr því. Hid sama seigir Barthólin um vorn konúng Christjan 5 og um eina frída jómfú má lesa þá hún byrjadi að greida hár sitt féllu neistar af því líka sem stjörnur nidur í kjöltu hennar. Mörgum á fyrri öld-

um þókti það æra og þríði að safna laungu skeggi. Þó hafa verið þeir karlmenn til á hvörjum skegg hefur ecki vaxid.

Svöfn mannsins

Ecki geta náttúru fræði menn verið samdóma um nærstu orsök til svöfnsins. Sumir vilja láta hann orsakast af nokkurs konar þrykkíng blóðsins á heilan eda saftanna. Ein maður sem af litlu fjeck þann áverka á höfudid að bein höfudkúpunnar höfdu í sundur geingid hvört frá öðru og brotnað en lifdi þó. Hóla nokkur himnu klædd var á höfðinu sjáanleg hvar kúpu beinin náðu ei saman. Þegar hann svaf var laut þessi á höfðinu dýpri heldur enn þegar hann vakti. Líkamans og hugarins erfidi um nokkra stund verkar það að heilans og smátauganna fínu þráða partar verða við svo lánga hræringu, og spenníngu sem þær hafa verið í þegar maður hefur vakad vordid, svo abllitlar að þegar eckert hefur komid það fyrir skilníngar vitin sem þá leingur til að halda þeim adskildum og í verkum, að þær falla samann í sitt náttúrlega kyrralag og þannig koma svefninum af stad.

Fleira getur aukid manni svöfn. Svo sem saungur, bókalesníng, fugla qvak, hægur árnidur með meiru. Of sterkur kuldi gjörir það líka sem getur heimsókt gánglúin mann úti í illvidri á vetrardag. Leggi maður sig þá fyrir úti verður það dauda svefn, maður sofnar og vaknar ei aptur. Í móðurlífi sínist sem fóstريد sofi einlægt og nokkru eptir fæðinguna mest part. Síðan uppfra því minna og fyrsta mánud eptir fæðinguna merkist valla minsta spor af sjálfs tilvitund meður börnunum og valla muna menn til sín yngri enn tveggja ára. Að venja sig ofmikid til svefns eikur slen í líkamanum og deyd í sinninu. Mátalegur svöfn álist ad vera um 6 edur 7 tíma í einu fyrir heilbrigða og án hanns geta menn ecki leingi lifað edur haft heilsu sína.

Dæmi nokkur hafa géfist upp á yfir náttúrlegann svöfn. Stúlka nokkur í Englandi skal einusinni hafa átt að sofa fjóra samfleitta daga í einu án þess að vakna á milli eda nærast. Og í enskum tíðindum getur um einn geistlegan í Oxford sem lánngan tíma hafði vanist kyrrsetum miklum að hann svaf heila viku í einu án þess að vakna. Og fleiri dæmi hafa géfist þessum lík.

Draumar

Draumar geta verið ýmisleigir bæði markverdir og fáfeingilegir. Borid hefur til að sofandi menn hafa í draumi sjed mind eins hlutar sem síðan hafa í vöku komid fyrir þá. Einn soldáta dreymdi eitt sinn maður kjæmi til sín og segdi hann mætti ecki liggja leingur hvar hann væri utan ef hann vildi fara í lopt upp.

Hann varð hræddur, vaknadi og hljóp burtu. Þegar hann var kominn 100 skrefa langt þar frá sprakk ein elldkúlu (mína), sem hleypt var undir stadin, svo hann flaug í lopt upp.

Einn vildi smíða sér hljódfæri sem hefði með allri reglu þann mesta fullkomlegleika til að bera. Gjörði ýmislegar tilraunir og braut heilan yfir því í hálft annað ár og gat ei gjört það sem líkadi. Enn þetta sem honum í vöku var ómögulegt, náði hann upp í svefni með draumi. Klukkan níu um qvöld þess annars júní 1789 féll hann í sætan og rólegan svefn. En valla var það skéd fyrr en hann sá instrumentid í draumi standa fyrir sér, sem hafði allar þær innréttningar og fullkomlegleika til að bera, sem hann í svo lánga tíð vakandi með ýrtruðu þánka brotum og hugarkröptum var að reina til að finna upp á. Honum varð svo mikid um í draumi að hann vaknadi, stökk á fætur og á meðan hugarmindin stóð opin fyrir honum, æddi hann að instrúmentinu hafði hendur á því og lagadi það á þeirri sömu nóttu eptir því sem honum sýndist það koma fyrir sjónir sér í drauminum. Og hér í urdu allir þeir fullkomlegleikar sameinadir sem hann svo leingi eptir sókt að geta gjört. Dagin eptir lét fólk heyra til þessa indislega hljódfæris og vegna þess ununarsamlega hljóms gaf því nafnid Euphron. Um draumanna veru géta nátturu frædi menn enn þá ecki neitt með vissu sagt.

Sérlegur skarpleiki og minni

Mælinga maður nockur enskur að nafni Ian Wallis í Uxafyrði. Hann gat í huga sínum utdreigid qvadrat rótina af þessari tölu: 24.681^8 , 357.910^7 , 121.411^6 , 131.516^5 , 182.017^4 , 121.927^3 , 242.628^2 , 302.325^1 , 272.931 án þess að brúka þar til krít edur penna. Sem þá varð 157^4 , 103.016^3 , 871.482^2 , 805.817^1 , 152.171 . Þessa sumu lét hann vin sinn einn uppskrifa og er þessi saga með áreidanlegum vitnum. Sönnud upp á það hvað sterku minni sumar manneskjur hafa verid gjæddar, að géta geimt allt þetta í huga sínum án þess trublan nockur yrði þar á, og reiknad það án allra áhalda.

Múretus géfur fullnistu um að sjálfur hafi hann verid vitni þar til að úngmenni frá Corsicu mundu 36.000 framandi ord, sem hann hafði als einu sinni heyrt og það eptir rétttri röð, hvört heldur hann taladi þaug á framm eda aptur á bak. Seneca seigir um sjálfan sig: Að í úngdæmi sínu hafi hann haft svo ágjætt minni að þó tölud væru fyrir honum 2.000 ord mundi hann þaug aptur eptir sömu röð. Um þann pómiska kóng Mithridatis, skýra þeir Plíníus Gellius og Qvinctilianus að hann hafi gétad talad 22 tungumál. Um stúlku eina er ritud í Erichtons sálar frædis 7 bindi sem í úngdómi sínum missti sjónina í bóluni. Að hún hafði svo gott næmi og minni að það sem einusinni var lesid fyrir henni

mundi hún ordrétt á eptir hvört heldur það vóru lectsiur, lángir sálmar, eda heilar predikanir. Og að ári lidnu spurdu menn hana hvört hún myndi nockud þar af, gat hún þá svarad þeim einu ordi til annars.

Minnis missir

Demetrius seigir frá einum manni sem missti alt minni af því að óvænntur hrifilbilur gjörði hann mjög hræddann. Um mælsku manninn Artemidar má og svo lesa: Að hann af hrædslu vegna krókódíls er kom honum nærri, missti svoleidis alt sitt minni, að hann ecki kunni að þekkja einn bókstaf. Þannig fer þegar hin fínu verkfæri sem sálin þarf á að halda til sinna útréttínga, medan hún er í líkamanum, bila upp á einhvörn máta.

Einn unglíngur, sem á strídstíma nockrum hjelt sig út á einum skógi og lifði við jurtir og rætur, varð svo þefvís að hann fann líktina af óvininum þótt ecki sæi hann þá með meiru. Enn aptur við nautu vanalegrar fæðu tapadi hann þeim yfirburdum aptur.

Fædi og næríng mannsins – Dags fædi

Í köldum löndum þarf manneskjan meira til fædid enn í hinum heitu. Í temprudum löndum er mönnum ætlad daglega til fædid sex pund af mat og drykk. Kaschkirarnir í Síberíu eru mestu mathákar, 15 punds kjöts og átta pottar súrmjólkur er flestum þeirra ein máltíð. Árid 1765 var sá mathákur í Dresden sem í einnri máltíð át 20 pund nauta kjöts, hálfann steiktan kálf og nockud af fleyri réttum. Þá spánskir komu fyrst til Vest India innbúa gátu þeir ei skilid hvörninn þeir gjætu lifað við svo litla fæðu. Aptur þar á mót þótti India mönnum spánskir vera mestu mathákar og vildu þess vegna vera af með þá sem fyrst, þar hvör þeirra átti að eida svo miklum mat sem 10 ameríkánískir, og óttudust ef dveldu þar að upp ætu öll matvæli fyrir sér. Þegar gjörd eru út skip til kaldra landa verður að ætla þeim meira nesti að til tölu heldur en þegar reysan er gjörd til hinna heitu.

Vorir líkamir tapa yduglega sínu gamla efni sem endurnýast aptur fyrir fædsluna jafn ódum. Lærdir menn hafa grenslast eptir þessu á þá leid að þeir hafa veigid alt hvað þeir átu drukku og lögdu af sér í nockur ár samfleitt (sumir í 30 ár). Enn ályktanin af því varð þessi: Að hin ómerkjanlega útdömpun sem skédur gegnum fínustu enda lífs ædanna, og hvar við líkamans gamla eda fyrra efni eiddist, varð sem 5 móti 8 pundum næríngar þeirrar er madur naut af mat og drykk. Eptir þessu á líkamin á 10 ára fresti að vera búin að tapa sínu gamla efni og fá annað nítt. Því af 8 pundum næríngar sem madur hefur til sín tekid,

leggst 50 partur til líkamans þar af, hitt fer burtu í álfreka og útdömpun. Ad minsta kosti þarf madur til vidurværis daglega fimm pund matar og drykkjar. Blód og adrar saftir líkamans spillast og taka skerpu í sig haldi madur sér leingur frá mat og drykk en 12 tíma.

Húngur

Húngur gétur heilbrigd manneskja ecki leingi haldid út þó fer það nokkud eptir kríngumstædum. Heilbrigdur madur sem verid hefur án matar og drykkjar þrjá daga kennir mesta máttleysi og qvalar, bædi innvortis og útvortis, og þar med hissugheit í blóðinu. Vari húngrid leingur, þá fór rotnan vessanna, ráðleysi, galin skap og þar upp á daudan. Menn hafa dæmi til um fólk sem án alls matar og drykkjar hefur lifad í sjö, já eptir Tulpí sögu 11 daga, enn verid þá í svo aumkunarverdu ástandi sem manneskjur þær er komnar hafa verid ad andláti og barist hafa vid öndina. Sjúkir menn géta leingur enn heilbrigdir lifad án matar og drykkjar. Magi þeirra manna sem dáid hafa af húngri hefur fundist allur vera med smá götum, því skerpa magasýrunnar hefur sundur etid hann, þar hún hafdi eckert til í maganum matarkyns ad uppleysa og verka á. Þess vegna er það ad menn fá skurd fyrir brjóst þegar sveingjast. Þær sképnur sem kalt blód hafa þola leingur sult og húngur enn hinar. Í einsömlu vatni er næring nokkur til ad vid halda lífi manns.

Þad electriski í manninum

Þad electriski í líkama mannsins, sem mikid fer í burt af vid útdömpunina, gétur vordid mjög skadlegt safnist það fyrir í líkamanum. Dæmi þar upp á hafa menn á greifa innu, Cornéliu Zangari. Á hennar 62 ári var hún snemma einn morgun fundin nidur köstud á gólfid, tveggja álna langt frá hennar sæng, og ordin ad ösku nema fætur upp ad knjám og nokkud af höfðinu. Heilin, hálf höfudskélin og efri kjálka beinin vóru uppbrennd, þrír fingur hennar vóru eptir þó kolsvartir. Alt húsid og sængin var yfirdreyft med öskugrátt og illa lugtandi sót. Menn vissu það til hennar ad hún hafdi þann sid ad brúka camphoru spiritus iduglega til ad þvo sér úr. Þetta electriski efni sjest stundum sem neistar stökkva út af hári manns, kúa, edur katta þá öfugt er strokid.

Anad dæmi hafa menn frá Einglandi af kola gjörðar manni þá eina nótt var í rúmi hjá konu sinni. Braust snögglega út logi af hans líkama og jafnvel svo fljótt sem mögulegt var reint til ad bjarga honum hjálpaði það ecki. Elldur sá lét sig ecki kjæfa, enn hjelt áfram allt í einu med ad brenna þar til hann var upp-brendur, nema lítid eitt sem eptir vard óbrunnid af beinum hans.

Þriðja dæmið er af einum presti sem hét G. Maria Bertholi. Hann sat eitt qvöld í sínu svefnhúsi í kláru vedri og stillu. Honum fanst eins og sleigid væri á handlegg sinn og á sama augabragði sá han elldleiptran festast við skyrta sína. Hann hljóðadi upp en fólkið sem til heyrði kom þar að. Lá hann þá flatur á gólfinu umvafin litlum loga sem un síðir tókst að slökkva. Læknir kom til hans dagin eftir til að skoda hann. Var þá skinnid á hægri handlegg laust frá holldi og nidur standandi, eins á milli herda og lenda. Skyrtan á upphandlegg hans og nátt húfan var útbrunninn en hvorki hárid né annar klædnadur. Olía á lampa sem í húsinu stóð var tærd og qveikurinn þar í brunninn til ösku. Annad fanst ei brunnid í húsinu. Í þann skémda part líkamans hljóp kolbrandur. Hann tapadi sönsum, fjell í djúpan svöfn, rotnadu sundur með óðaun. Neglurnar dattu af fingrunum, sæng hans og kroppur vall möðkum og deydi á fjórða deigi þar eftir.

Túngumálid

Hvad túngumál mannana snertir halda menn í fyrstu eingin anar enn Guð sjálfur hafi í fyrstunni ként Adam það þegar þeir töludust við. Sama hefur haldid verið um letur gjörðina. Sú regla gildir alla tíð að það er vegna skinseminnar að madurinn hefur ímíndun um hlutina og hann talar í því hann þeinkir. Það hebreska túngumál hafa sumir spekingar haldid vera hið fyrsta. Nockrir vilja telja höfund túngumálin 12, hvar af hin öll eru upprunnin, nefnilega: 1.) Það hebreska. 2.) persíska. 3.) gríska. 4.) latínska. 5.) þýska. 6.) rússíska. 7.) tyrkneska. 8.) kínésíska. 9.) suðafríkaníska. 10.) norður ameríkaníska. 11.) suður ameríkaníska. 12.) Þeirra nýfundnu suðureya innbúa. Aðrir seigja þaug hafi orðið 72 þá tungu málunum var skipt við turnin Babel.

Ímislegt um manninn

Madurinn er undir kastadur fleiri slags sjúkdómum heldur en dýrin. Svo sem bólusótt, mislingum, skarlats og flekku sótt, kasablóði, gylliní æða spítung, sinnis veiki, móður sýki, fransós fótaveiki, líkþrá, lúsasótt og langtum fleiri veikindum.

Næturganga í svefni

Það er mjög alment að menn tala upp úr svefni. En hitt er fá heyrðara að menn þeir hafi til verið sem sem um nætur hafa farid upp úr rúmi sínu og geingid sofandi og komist það í svefni sem þeim hefur verið ofært yfirferdar í vöku. En hafi til þeirra kallad verið, svo vaknad gjæti meðan í hættunni hafa verið,

þá hefur það orðid þeirra bani því þeir hafa þá farist þar. Sumir hafa geingid sofandi með opin augu en adrir með þeim til luktum. Suma þeirra dreymir til þess hvört þeir ganga, tala eda hvað þeir hafast að sofandi. Og undarlegt er að þeir hafa sumir lesid það sofandi sem þeim var ókunnugt og hafa ei haft vitneskju um vakandi. Draumar geta orðid til af óseigjanlega mörgum orsökum. Sked hefur að draumar hafa manns mord opinberað. Líka hafa gefist þær manneskjur hvörjar framan af æfi og sumar sem aldrey hefur dreymt.

Í Fránkaríki géfast flestar brjáladar manneskjur. Tala þeirra hefur stígid frá 5.787 til 8.000 þar af er fleyra kvenfólk en kallmenn. Morean getur um innfall eins qvennmanns þar sem ecki sýnist svo galid. Konan seigir hún er sköpuð af mannsins rifbeini, af midhluta hans líkama, af því að hún skildi vera hans trúa og fylgisama meðhjálp. Hefdi sá mikli meistari þar á mót skapad hana af heil-anum edur fótunum þá skildi hún annadhvört hafa orðid hans herra eda þræll.

Géldíngar

Þeir menn sem gjéltir hafa verid úngir verda ólíkir öðrum í vissu útvortis ásigkomulagi hvað líkamann snertir og málrómin. Þegar únglíngar eru svo vaxnir að náttúran til kynfjölgunar fer að koma inn hjá þeim, sem náttúru frædi menn telja jafnast að verði á 14 ári, breitist þá barns rómurinn í fullordins manns róm hvað sumir kalla að fara í mútur. Enn hjá gjeldíngum verður ecki sú breiting á málrómi og sumra hvörra rödd verður meira og meira fín hljóðadri. Þó er breiting í þessu nokkur mismunandi sem ecki verður gjörd grein fyrir eda áqvardað nokkud víst í þessu tilliti. Fótleggir þessara persóna eru jafngildir upp og ofan, knjen rír, herdar mjóar, skégg þeirra er þunt og dúni líkast. Sköpulag þeirra er að sjá sem nokkurskonar rírnun á útvortis líkama limum lidid hafi.

Madurin útbreiddur um allan heim

Madurin var skapadur til að útbreidast um allan jarðar hnöttinn. Þess vegna géta manneskjur lifað bæði á þeim heitu og köldu jarðar svæðum. Í Síberíu hvar qvika silfur getur af frosti hardnað, og vínandi þiknað sem storkin olía af kulda, hafa menn þó gétad lífid afborid. Enn titlíngar og haukar hafa af frost grimd daudir fallid til jarðar. Undir midjardarlínunni í Afríku hvar hiti er mestur 192 gráður á Fareinheits hita mælir, og sjódandi vatns hiti er 212 gráður, géta menn lifað. Prófað hefur verid hvað mikin ónhita madur þola kinni og hefur hann stigid 48 gráður yfir sjódandi vatns hita, eda 260 gráður. En ecki mátti láta hræring á loptid í húsinu koma því sá gustur var óþolandi. Í heitu vatni þolir madur ei meiri hita en 122 gráður.

Þar sem sjódandi vatns hiti er á Farenheits hita mælir 212 gráður er hann Reaumurs termometri 85 gráður. Líka þolir maður talsverdan mismun á þrykkingu loptsins. Við stadin Qvító í Sudur Ameríku er hálendid hvar þó bigdin er 12.000 fetum hærra sjóarmáli. Það er helfmingi hærra Snæfels jökli á Íslandi. Þar stígur qvikasilfrid í barómetrinn 20¼ þumlunga, enn við sjóar mál 30 þumlunga, og á þeim Cardellirísku fjöllum 15 þumlunga og 9 línur. Stadur Qvito er einmidt endir midjardar línunni.

Herra Waffe hefur adgjætt árid 1724 og Blumenbach sem Sámmering fundid ríktugt og stadfest. Ad manns líkamin ad morgni dags, þá af sæng er stígid, er þumlungi leingri og þar yfir heldur enn ad qvöldinu.

Madurin lifir við allskyns fædu – list til ónáttúrlegs

Madurin gétur vanid sig til allslags fædu, bædi þeirrar sem kémur frá jurta og dýra ríkinu. Ecki er samt kosturinn af hræðýrunum alment brúkadur. Lapplendingar stilla opt húngur sitt með bjarndýra kjöti, negrar með kattar kjöti, og túngusarnir með hunda kjöti og tartarar með hrossa kjöti. Á eyunni Ótahite þikur hundakjöt meðal sælgjætis rétta. Leopardin, tígrisdýrid og ljónid sjálft má á Gódrar vonar höfða og fleyri stöðum í Affríku opt og tíðum þjéna þeirra grádugu innbúum til fædslu. Líka finnast þar á sumum stöðum mannætur, einnin sydst í Asíu og þar til heyrandi eyum.

Dæmi hafa géfist ad ólétt qvenfólk hefur feingid sterka lyst til óalmenni-legrar fædu. Þann 26. octóber 1553 í Krattenborg féck ein ólétt kona svo sterka list til ad eta af líkama manns síns ad hún, til ad frammqvæma það, skar hann á háls um nóttina. Og á þeirru dimmu tíð gjörði sér til góða með ad eta af líkama hans sem var af vinstra handlegg síðu og jafnt upp ad hálsi. Hitt saltadi hún nidur um nóttina til geimslu. Enn hún gat ecki notid þess því hún var áður tekin og sett í áfinlegt fángelsi. Fleyri ónáttúrleg dæmi hafa géfist náskild þessu.

Líkami mannsins

Hann er saman settur af föstum og fljótandi pörtum. Í fullordnum manni er þeirra hlutfall sem einn móti fimm. Svo ad nær manns líkamin er til ad minda 140 pund (14 fjórdungar), eru hanns föstu partar 28 eda 35, en hinir fljótandi er afgangurinn. Þetta breytist mjög með aldrinum því hinir fljótandi minka og hinir föstu taka yfir vigt hjá þeim öldrugu og gömlu. Meðal föstu partanna teljast tennur, bein, neglur, sinar, brjósk, holld, hár og skinn. Enn hinna allir vökvar, saftir, blód og vessar. Almennast er blóðsins hiti í líkama mannsins 94 til 97 gráður á Farenheits hitamáli (38 gráður Reaumars) hvar sjódandi vatns hiti

er 212 gráður. Í sjúkdómi stígur hann til 103 gráður. Hjá hundum og köttum er hann jafnast 103 gráður. Hjá hænu er á eggum liggur 108 gráður. Blód fiskanna er frá einni til sjö gráður volgara heldur enn það vatn sem þeir lifa í. Hjá fröskum er það sjö gráðum varmara en vatn það þær lifa í. Mjög smáir eru blóðs partarnir sem þreingja sér gegnum þær smædstu æðar líkamans. Sumir halda sá raudi litur á því orsakist af járn stoffi þess. Blód kúlurnar eru meir en 1.000 sinnum að þvermáli sandkorni smærri.

Feitir menn

Í Englandi gefast vel þriflegir menn. Árid 1724 deydi einn í Líncoln þá hann var 29 ára. Hann var þrjár álnir og fjórir þumlungar á hæð, vóg 54 fjórdunga. Hann var nauta höndlari og át daglega 18 pund nauta kjöts. Einn annar að nafni Edvard Bright deydi og svo 29 ára. Vóg 60 fjórdunga og 18 merkur. Sjö menn gátu í einu rúmast í vesti hans. Enn nú var einn í greifa dæminu Warwik sem deydi 1775. Sá vóg pundi midur en 70 fjórdunga. Hann gat sjálfur ecki meðan hann enn þá ósjúkur var fært sig úr stad eða geingid. Menn vita það um hann að einu sinni fjékk hann stíng af penna kníf inn í undirlífid og sakadi ecki því hnífurinn náði ei gegnum ístruna. Madurin hefur líka bæði netju og nírna mör.

Sterkir menn

Sú franska historia um Lóuis de Boufliers sem lifdi 1534 og kalladur var hinn sterki. Hann gat tekid upp hest frá jörðu og lagt sér á bak. Tekid í hala á nauti og dreigid það hvört hann vildi. Nýsmíðad hesta járn braut hann eins og tré pinna. Einn annar að nafni Barfabas, er lifdi á 18. öld í Fránkaríki, hafði þá krapta þegar hann sat á hestbaki, gat hann með lærunum klemt svo hestin að rifbein hans geingu sundur. Keysari Maxímínus Thrax sem var 4 álna hár. Hann gat dreigid þann vagn sem tveir sterkustu hestar hrædu ecki. Með hnefa sínum gat hann brotid hross kjálka og mölvad hrosslegg með því að spyrna í hann.

Hlauparar

Þeir persísku einvalds stjórnar sendibodar plögudu á 14 til 15 tímum að hlaupa 36 til 40 franskar mílur. Philippides, einn Athenuborgar hlaupari, hljóp á tveimur dögum frá Athenu til Sparta 35 þýskar mílur. Einn daglauna maður sem lokid hafði verki sínu vedjadi að hlaupa skildi 10 enskar mílur á klukku stundu. En hann komst það á 58 mínútum og 58 secundum.

Mannbreytingar

Þó alt mannkyn í heiminum sé í fyrstu frá einum ættstofni komid hefur samt hiti og kuldi, með fleyrum örsokum, gjört stóran mismun á mannkyninu. Hvar fyrir það skiptist í sex höfud mannbreytningar. Allir hafa samt líkt skapada líkami. Útvortis breytningar af bragði og hörunds lit koma einungis upp á nokkurs konar smá taugóttan netvefnad milli skinns og hörunds, loptsins verkun, fæduna, líferniss mátan, uppfóstur sidi og guds þjónustu. Hvað sálunum vidvíkur eru þær allar ódaudlegar og líkum efnum gjæddar. Náttúru frædi menn kénna að þær séu einfaldar verur sem ecki samanstandi af pörtum sem ecki géti deilst. Nú fjölga sampt sálirnar vid gétnadinn eins og líkamirnir, þar hvör líkami hefur sína sál, og sínist það líkast því eins og þá menn qveikja ljós af ljósi. Þó sálirnar séu líkum efnum gjæddar finst þó þar í tröppugángur og þannig er oss öllum háttad. Hjer í má finna sammstemu og margbreytni, tvo svo að seigja mótsetta, þó algeinga eiginleika hjá öllum sképnum Guds. Milljónir sálna, líkama, lima, andlits svipa, gedslags, málróma, skrifhanda, og undir eins svo margar milljónir mismuna trappna og framfara. Hvílik furduverk! Og þar í öllu er viss tröppu gángur og takmörk allra hluta liggja saman edur teingjast hvört öðru. Mun ei fjarri að vit þess heimskasta hottintottara sé litlum mun meira en klókindi enns snidugasta apa. Foristu vitringar hvörrar alldar vóru og eru máské litlu midur viti bornir en sá lægsti af einglunum. Þar í gjörvöllu sköpunarverkinu finst eingin vera sú önnur að vorri vitund er fyllt géti bilid milli manna og eingla. Því eingin gétur með áreidanlegri vissu frædt mann um það hvört svo kallad huldu fólk muni vera til. Þó menn hafi nógar ómerkilegar frá sögur um það. Oss er þetta að sönnu dulid en líklegt er í vissu falli að eitthvad géfist þar í milli.

- 1.) Fyrsta mannbreytningin er í löndum Nordurálfunar og í vissum pörtum hinna. Hörunds hvítir, jafnast velvaxnir, frískir og lífgódir, enn misfrídir og misrjódir (a) merkir meira sídar.
- 2.) Önnur mannbreytning er kulda beltisins innbúar. Svo sem lappar, samojedar, skrælingjar og eskimóar. Þessir eru smá vaxnir tvær álnir á hæd og lítid þar yfir. Mjög ófrídir, luraleigir, blakkir og gulmóraudir á yfirbragd með stórt og breiddt andlit, flatnefjadir, dökkmóeygdir, sperrbrýndir, kinbeina háir að ofann enn kynnfiska sognir, víd, stór, og frammyntir, vara þikkvör, hökumjóir, digur höfðadir, svart og stríð hærdir, veik og mjóhljóðadir og konur jafn ófrínlegar kallmönnum. (b.)
- 3.) Þriðja mannbreytning er tartara kynid. Þjóð sú er breid og hrukk ennud strax á unga aldri, stutt og flatnefjud, með djúpum augna tóptum og fimm til sex þumlunga breiddt milli augna. Há kjálkabörd en nydur

mjótt andlit, lánga framm togná höku, miklar tennur, sýðar augnabrýr er hylja augun, þykk augna lok, breiddt og flatt andlit, gulgrænan yfirlit og hár kolsvart, skjeggiltir nema lítid á strjáli um hökuna, læra lángr og fótstuttur. Þjóð þessi er í austur álfa heimsins. Kné þeirra eru útundin enn fætur inn á. Vid þeim einkum sem er fimm til sex þumlúnga víddt bil milli augna og það lítid þeir af nefi hafa er svoflatt að í nasa stad sjást að eins tvær holur. (c.)

- 4.) Fjórða mannbreytingin eru indianískir. Flestir grannvaxnir með langt og svart strý, græn gulir á hörund, stórnefjadir. Líkjast norður álfa búum að vegsti og andlits falli, en hvörki að lit né limaburdum. Eru bráðþroska mjög, þeir giptast opt 10 ára gamlir, en þær átta vetra að aldri og eiga þá börn samann. Enn hætta barn eign fyrir þrítugs aldur og eru þá orðnar með elli annmörkum. Konur eru þar midtis stuttar enn fóta og læralángar, koma hægt niður þá fæða, og stíga optast full hraustar af sæng dagin eptir eins og adrar villi þjódir. (d.)
- 5.) Fimta mannbreyting eru kalladir negrar, edur blámenn, sem byggja suður álfa heimsins. Kolsvartir á lit, hár og hörund, með stutt og dún mjúkt hár. Á hörundid gljáir sem silki. Þeir eru dökkjarp eigdir, flat nefjadir, vara þykkvir og hvít tentir. Konur þeirra eru svo brjóst síðar að þær géta slett þeim aptur á herdar sér annars hánaga þaug ofan fyrir nabra. Sumir negrar gefa af sér óðauns stækju. (e)
- 6.) Sjötta adal nannbreytingin er vestur álfa búar. Þeir eru flestir kopar raudir á lit, með svart þíkt og sídt hár, þunt og svart skégg. Patagónarnir í Sudur Ameríku verða mest 6½ fet á hæð. Þeir eru flatnefjadir með há kjálka börd og smá eigdir. Ameríku innbúar eru jafnast lima grannir og pervisaleigir. (f)

Risar

Ecki geta náttúru fræði menn þessara nýrri tíða sannad þær gömlu sagnir um tröll og jötna. Sem margar sögur eru fullar af og það jafnvel framm til vorra daga. Miklu heldur álfta þeir það skrök sögur þar nú á dögum verða augvör reisendur við slíkt varir. Því annad hvört hefur eckert trølla kyn til verid edur það er útdaudt. Samt verður því ecki neitad að á vorum tímum gefast einstakir menn yfirmáta stórir og svo smáir. Gilli frá Trident var fjögurra álna hár. Hertogi Jóhann Fridrik af Brunsvik hafdi filgjara sem var átta fet á hæð. Golíat var sex álnir og spönn betur á hæð. Svenskur maður var í Prussen átta feta hár. Jóhann Hartmann Reikhardt af Friedberg við Frankfurt var fjórar álnir og fjórir þumlúngar betur á hæðina. Eins hafði faðir hans verid hár og sömuleidis sistir hans.

Dvergar

Svo sem menn hafa gefist ósidvanalega stórir vexti hafa þeir einnig gefist smáir sem kallast dvergar. Meðal hvörra er sá nafn kændi Bebe sem var um tíma hjá Pólinlands konungi. Leingd hans var 33 Parísar þumlúngar. Hann varð 23 ára gamall og þá undir okadur öllum ellinnar þunga.

Dvergurinn Kitip á eyuni Baty var af sama vexti og mátalega stórt höfud, lánga handleggi, enn stutta fætur og læri.

Lægri var einn bóndi á Fríslandi. Hæd hans var mæld, þá 26 ára var að aldri, 29 þumlúngar.

Einn dvergur var í Bristol sem 15 ára var fullvaxin 31 enskir þumlungar á leingd. Hann fór jafnvel áður að líta út sem gamall maður. Sá var að vigti 19 pund enn léttist með tíð þar eftir um sex.

Enn þá minni var sá pólski aðils maður Barwslaski. Hann var að eins 28 þumlúngar á hæð, en vel lagadur að öllu, vitur og næmur til að læra framandi tungumál. Hann átti bróðir sem var eldri, sá var 34 þumlúngar, en sistir hans 21 þumlúngur. Aftur svo minni en stúlkan Katrín Helena frá Nürnberg, hvort að 20 ára var hálfönnur alin á hæð, lagleg vexti og næm til lærdóms.

Sá minsti sem menn hafa af að seigja var það lítil menni frá Lappmörk sem fluttur var í öskjum og sýndur fyrir peninga þar um landið 1793. Hann var 18 þumlunga hárr og hafði stórt höfud.

Armleysingjar og tannskiptingar

Armleysingjar hafa meðal mannanna gefist. Í Amsterdam var einn sem í stad handleggja hafði óhræranlega stúfa, en með tálum gat hann skrifad, skorid penna, skotid af pistólu og svo fleira. Aldravandus getur um qvenn mann sem var uppi á líkan hátt, hún bæði spann og saumadi með tálum.

Eckert dýr skiptir eins seint tölum sem maðurinn. Borid hefur til maður hafi feingid fleiri jaxla í hvöru kjálka bein, heldur enn alment skéður, nefnilega fim í stad fyrir fjóra. Sjaldnar fá menn fim framtennur í stad fjögurra sem vanalegast er. Dæmi eru til að gamalmenni sem mist hafa tenur feingu adrar nýrar aptur. Dachs seigir um konu eina þá hún var á 86 aldurs ári fjeck 24 nýrar. Bisset nefnir adra að nafni Mary Wood sem á sínu 97 ári feck 12 nýra jaxla. Módir hennar varð 112 ára gömul. Líka hafa gefist manneskjur sem aungva tönna hafa feingid og lifað 60 ár, en svo hardt tanngérði sem gjörði nær því sömu þénustu sem tennur. Eitt barn á 10 ári missti í einu 12 af sínum þáverandi tölum og feck nýrar aptur. Um tvö faldan og þre faldan tangard finst rædt. Columbus gefur manni fullvissu um hid fyrri á sínum eigin syni.

Óalmennur vøxtur barna

Ímsar ritgjördir vilja sanna það að fólk á fyrri öldum hafi verið stærra vexti en nú á þessum tímum. Með því að gefa börnum brennivín á að ringa vöxt þeirra. Dæmi þar til hafa menn á tveimur sistkinum hvörra foreldrar höfðu þann vana að gefa þeim braud bleytt í brennuvíni til að sjúga og líka eptir þeirra þánka að styrkja þaug og falla fljótara í svöfn. Þegar þaug voru, hann sjö vetra en hún níu ára, voru þaug sem tveggja og fjögurra vetra gömul börn. Hann var þá að þýngd 19 pund. Þegar menn ala upp hvolpa er menn ecki vilja láta stækka, brúka menn ecki anad meðal við þá en gefa þeim inn daglega lítin skamt af brennuvíni.

Auk þess sem Plíníus ræðir um C. Taciti son sem á þriðja ári skildi hafa verið ordin þriggja álna hár. Þá hafa menn dæmi upp á annað barn sem á 11 mánuði skal hafa verið tvær álnir og þrír qvartil á hæð. Og í læknislistar dagblöðum nockrum, milli áranna 1756 til 1770, gétur um eitt barn sem á sjöunda ári lipti upp með annari hendi 25 punda þunga og að stærð sem tvítugur madur. Og enn nú um eitt barn finst ritad sem var 15 vikna gamalt vóg hálfan áttunda fjórdúng. Svo sem géfist hafa einstök dæmi upp á yfirmáta fljótan líkama vöxt barna. Sömuleidis má það finna hvað sálarinar gáfur snertir. Í tíð Ludviks 14 í París var nafn kéndur únglíngur Beauchateau að heiti. Áður hann var sjö ára gamall taladi hann flest Nordur álfunar tungumál fullkomlega. Skáld skapar ritum hans, er hann orti frá sjö til 10 árs, var safnad í eina bók eða bindi í fjöggra blada broti. Einnin hafði hann yfirburði umframm aðra í bóklegum listum. Annar var son eins yfir bartschera í militair hospitalid í Ostende. Þetta barn, fimm ára gamalt, kom til Montpellier og feck sérlegt hrós af meðlimum vísinda félagsins eptir yfir heyrslu sína fyrir þeim. Það þriðja dæmi er hið lúliska barn sem við kóngsins slot af lagði svoddan próf og þekkingu í túngu málum, historium og jardar fræði, að allir undrudust þar yfir.

Alhærdir menn

Þó manneskjur fædist alsnaktar af móðurlífi þá hafa þó géfist alhærdir menn. Efau var allur lodinn seigir ritníngrin. Thomas Parr, ein enskur madur, bóndi í Winnigton innan greifa umdæmi síns Salap. Frá höfði til ilja var hann alhærdur sem lodid skinn. Hann fæddist 1483 og deydi 1632, 152 ára gamall. 80 ára gamall giptist hann úngri stúlku og átti með henni einn son og eina dóttir sem bæði dóu úng. 105 ára gamall stóð hann opinberar skriftir fyrir óekta barn. Á 122 ári giptist hann aptur úngri eckiu eptir 10 ára eckjustand og lifdi með henni 30 ár. 130 ára gamall gat hann sjálfur filgt plóg sínum og þreskt korn sitt. Sjónin var það helsta af skilníngrar vitunum sem hann var farin að tapa áður enn hann deydi.

Pintsvíns madurinn í Eimlandi

Pessi madur leit út sem annað barn þegar hann fæddist, sem var her um bil 1710, í bænum Brandon innan greifadæmisins Suffolk. Sex vikna gamall feck hann út slátt um allan kroppinn. Síðan fóru að vaxa út af hans kroppi smá pinnar, sem ei varð með meðölum hindrad, líkt sem á fugli er felt hefur fidur og tekur til að vaxa á ný. Þeir voru gildir sem saum þrædir, holir í endann, hér um bil hálfs þumlúngs lángr. Andlitid, höfudid, fingur, lófar og iljar voru frýar þar frá og nálægt þessum stöðum voru þeir smærri. Litur á þeim var mósvarturn með roda, þeir voru harðir og höfdu fjadra krappt og skjáladi í nær um kroppinn var strokid. Þá hann var klæddur með hanska á höndum leit hann út sem adrir menn, hafði dökkt hár og skégg, laglegur í sjón og limaburdum. Á hvörju hausti feldi hann þessa pinna og feck nýa aptur. 20 ára gamall feck hann bóluna, misti hann þá pinnana enn þeir uxu aptur á ní nær hún var bötnud. Einu sinni flumbradist hann svo á fótlegg að afrifnadi hold og skinn. Þá það var gróid uxu þeir þar ei aptur. Hann giptist og átti sex börn af beggja kyni sem öll líktust honum með þetta. Árid 1756, þá skrifad var um hann, var einn hanss sonur eptir lifandi sem í öllum þessum pörtum var föðurnum líkur.

Tvítólíngar og vanskapníngar

Dæmi gefast uppá það bædi meðal dýra og manna. Ein nafn kend manneskja, sem gefid var það nafn Michael Anna Drouart, vissu menn ei hvört heldur skildi titlast kall eða kvenkyns. Pessi persóna kom árid 1769 til Venedig (Feneya) að sína sig fyrir penínga. Að síðustu var þessi manneskja álitin nær kallmanns persónu þó hún milli læranna hefði sérlega skeid og af sömu mánadar renslí sem adrir qvenmenn.

Árid 1792 fæddist barn eitt í Goslar tvítóla. Það hafði ónáttúrlega sameining milli enda þarmsins og þvagrásarinnar, sem orsakadi því sára tilfinning þá saur þess nockur géck þar og svo nidur í gégnum. Hér var sá mannleigi limur með tveimur eistum til stadar og hid fyrnefnda minna en síðvanalega. En sömuleidis að þar undir var ein opnan sex lína laung og fjögurra lína á breidd, rós raud á lit, hvar út af yduglega draup þvag blandad með grænlitutum saur. Þetta var sá einasti statur hvar það fyrir þarmanna ósíðvanalega samband hafði sinn útgáng.

Balding gétur um barn eitt, í því vestpremiska Úngaric, er haft hafði kallmanns gétadar lim en þar undir eina opnan hvaðan það pissadi út.

Vanskapníngar gefast opt og ýmisleigir meðal mannanna. Meðal hvörra börn hafa fædst með tveimur höfðum, líka tveimur ásjónum á einu höfði, líka tveimur nidur hlutum kropps. Fleiri útlimum eður færri án höfuds og ímislega afmíndudum líkama sem of lángr er hér upp að telja.

Sjðundir vid mannsins aldur

1.) Madurin kann ei lifa yfir sjð daga án fædu. 2.) Frá getnadi útheimtist í hid minsta sjð mánudir ef barnid skal fæðast med lífi. 3.) Eptir sjð ár fá líkamans partar nockurn fastleik. 4.) Eptir tven sjð ár kemur tímgunar listin til mannsins. 5.) Eptir þren sjð ár fullur vöxtur. 6.) Etir fern sjð ár fullkomin styrkur. 7.) Eptir fimm sinnum sjð ár allir kraptar inn til sex sinnum sjð ár frammför nockur í adur greindum póstum. Á hvörjum sjð árum breittist madur þar til hann eptir 15 sinnum sjð ár fær sitt lífs ljós útsloknad.

Hár alldurdómur

Þó flestir manns aldrar á þessum tímum náí valla 80 árum eru þó mörg dæmi til ad sumir menn hafa komist yfir 100 ár. Um Patrik Oncil, seigir eitt engelst blad, ad hann var fæddur 1647 en árid 1760 gipti hann sig í sjðunda sinni. Hann drakk ei annad en öl, lifdi mest á plöntu ríkinu, og át ei kjöt nema á hátíðum og í veislum. Háttadi um sólarlag og stjé af sæng þá þá dagadi. Trúi madur þeim pólska historiú skrifara, Kraseynske, svo finst þar víða fólík ad alldri milli þess 110 og 140 árs og í Temeswarer Bannat skildu hafa nockrir verid er náðu 190 árum.

Fleyri áreidanleg dæmi hafa menn um manneskjur sem lifad hafa yfir 100 ár. Von Haller kémur med 1.000 dæmi upp á þá sem lifad hafa milli 100 og 110 árs. 62 sem náðu aldri frá 110 til 120 ára, 29 sem lifdu frá 120 til 130 og 15 sem komust á aldur milli 130 til 140 ára. Thómas Parre á Englandi vard 154 ára, Jenking komst á 169 ár, Hútlad á 170 ár og negrainnan Lavisa Truxo sem árid 1780 var 175 ára gömul og þá á lífi.

Eptir ímsra landa fólks tölu listum er menn hafa gjört, fer ómak fyrir ad safna yfir fædda og dauda, hafa menn slumpad til ad á jördunni lifi hérum bil 1.000 milljónir manna. Og ad 33 ár yfir höfud ad reikna útgjóri einn ætt-qvísla filgi aldur. Svo ad á þeirri tíð skuli burtdeya 1.000 milljónir manna. Á ári hvörju 30 milljónir, enn daglega 81.000, hvörja stund 3.400, á mínútu 60 og einn á hvorri secundu. Þar af á ad burtdeya helfmingur mannkyns innan 12 árs. En þridjungurinn á fyrsta og öðru ári, allur fjórði partur á fyrsta ári.

Yfirhofid finna menn ad flestar manneskjar burtkallast innan 10 árs, og milli þess 40 og 70, enn fæstir á milli 10 og 20. Svo vel milli þess 90 og 100 og þar yfir.

Medal 1.000 manna gétast ei fleyri en tveir eda þrir sem ná 100 ára aldri og adeins einn medal 5.000 manna sem lifir yfir 100 ár.

Sveinbörn fæðast fleyri en meybörnin og deya aptur fleyri. Móti 20 dætrum fæðast 21 synir eda 105 pilt börn móti 100 stúlkum. Sérhvört hjónaband þegar

hvört er látid bæta annad upp géfur af sér fjögur börn. Á móti 48 eckjum eru 33 ecku menn. Fleyri vill verda tala hinna fæddu en daudu. Svo ad tala daudra á móti fæddum er sem 10 móti 12 eda 13 og sem 100 á móti 120 eda 133.

Snøgglegar gedshræringar geta deyð mann

Fyrir utan það sem sóttir og hættu tilfelli deyða menn géta snøggvar gedshræringar og svo tekid af manni lífid. Dæmi eru til ad hrædsla, sorg, reydi og gleði hafa verkad það. Orsökina þar til er sú ad blóðsins umrás hindrast. Ofmikil innþrikkning tauganna á vöðvana orkar því ad hjartad gétur ecki tekid á móti eda burtfært það mikla blód sem med ákafa streymir til þess inn. Andlit bliknar, varir blána og hræringar vöðvanna hætta og gjöra enda á lífinu med slagflóði.

Óforvarandis ofhastarlegur ótti og hrædsla gétur haft sömu afleiðingar. Hindrad hjartans og púlsæðanna slátt, hvar vid vessanna og blóðsins hræring hefur stansad og orsakad máttleysi, titran og skjálfta í líkamanum. Hvar eptir opt hafa filgt sinategjur miklar og stundum daudin.

Sá spánski kóngur Philippus 5 dó af hrædsu þegar hann frétti ad landar hans höfdu verid sleignir vid Placentz og þá líkid var smurt fannst hjarta hans sprúgid.

Líftjón af gleði

Dæmi uppá ad of hastarleg gleði getur swift lífi. Mikil ofhastarleg gleði og fögnudur gétur tekid af manni lífid. Því þar vid er sem hjartad útviðkist meira enn efni þess og kraptar til láta. Þar af kémur megn hjartsláttur, ákaft lífædar slag, útdampanir eykst, andardráttur stansast hvar vid líkamin vanmegnast med trublun heilans og sansanna er stundum orsakar daudan. Um hirdstjóran af Heraclea í Pontus, skýrir Phótius frá ad hann ad gleði yfir þeim bodskap hann fjeck um fráfall Alexanders, feck svima, datt um koll og misti vitid. Khódus seigir líka um fanga nockurn sem vænti ser dauda. Enn af fögnudi yfir því er hann var laus géfin sló hann svo megn kalda ad lá vid sjálft ljón tæki af honum lífid.

Árid 1658 var bónda son nockur í Nýuborgarhjeradi sem med födur síns, en mót vilja móður sinnar, hafdi tekid sér frída enn fátæka stúlku til ecta. Módir þessa manns vard svo vond vid teingda dóttir sína ad þaug úngu hjón urdu þess vegna ad skilja eda hún ad fara aptur heim til foreldra sinna. Nockru þar eptir urdu hjón þessi sjúk af sorg út af þessu. Hann var þungt haldin og lánngadi til ad tala vid konu sína því módir hans gaf það eptir ad hún mætti koma heim til hans sem enn þá var í sinna foreldra húsi. Þegar þaug nú fundust umfödmudu

hvört annad. Nockru síðar varð þeim komid til að borda sem þaug ecki fyrst þáðu enn vóru nú ein sjer í húsi saman. Tveim stundum síðar var geingid inn í húsid til þeirra, höfdu þaug þá lagt hendurnar hvort um annars háls, og láu bæði daud.

Hvad má seigja á þessum nýrri tíðum um sistirdóttur og erfíngja hins mikla Leibnitzes. Þá hún óvæntanlega fann 60.000 ducata í skríni undir hanns sæng. Hún fagnadi svo yfirmáta útaf þessu að sú gleði leiddi hana til bana. Gat síðan einkis notid af þessum glæsta mammona.

Dæmi eru líka til að sjúkar manneskjur hafa orðid heilbrigðar og mállausir feingid mál sitt aptur. Vid hrædslu og ofbod er á þær hafa komid í skruggu-vedri. Á þeim mönnum er dáid hafa af skruggu slagi hefur lítid sjed á að utan-verdu enn beinin hafa verid sundur knúsud mjöli smærra. Sama er um skepnur. Sá sem þetta skrifar hefur þannig séð eitt unglamb so á sig komid.

Lífs hræringar kallast blóðsins umrás í líkamanum, andar drátturin, matar meltíngin og tæmíng inníflanna. Fyrir þessu rædur sálin als eckert edur næsta lítid. Enn yfir hinu sem kallast líkamlegar hræringar hefur hún einvalds dæmi. Oss er ókunnug sálarinnar vera, hvönær hún skapast, edur er sköpuð, hvönær hún sameinast líkamanum, hvar helst hún er í kroppnum og hvörninn þaug verka hvort í öðru, eda skinjad fá það augnablik, nær hún skilst vid þennan daudlega bústad.

Alldur forfedranna

Ártal yfir fæðing, dauda og aldur forfedranna

Árið 1	var Adam skapaður		Lifði 930 ár	Deyði 930
– 130	Fæddist	Seth	Lifði 912 ár	Dó 1042
– 235	Fæddist	Enos	Lifði 905 ár	Dó 1140
– 235	Fæddist	Kenan	Lifði 910 ár	Dó 1235
– 395	Fæddist	Mahalalael	Lifði 895 ár	Dó 1290
– 460	Fæddist	Jared	Lifði 962 ár	Dó 1422
– 622	Fæddist	Enoch	Lifði 365 ár	Burtnuminn þá kom flóðið
– 687	Fæddist	Mathusalem	Lifði 969 ár	Dó 1656
– 874	Fæddist	Lamech	Lifði 777 ár	Dó 1631
– 1056	Fæddist	Nói	Lifði 950 ár	Dó 2006
– 1558	Fæddist	Sem	Lifði 600 ár	Dó 2158

– 1658	Fæddist	Arphaxad	Lifði 438 ár	Dó 2096
– 1693	Fæddist	Salah	Lifði 433 ár	Dó 2126
– 1723	Fæddist	Eber	Lifði 462 ár	Dó 2187
– 1757	Fæddist	Peleg	Lifði 239 ár	Dó 1996
– 1787	Fæddist	Regu	Lifði 239 ár	Dó 2026
– 1810	Fæddist	Serug	Lifði 230 ár	Dó 2049
– 325	Fæddist	Nahor	Lifði 148 ár	Dó 1997
– 1878	Fæddist	Tara	Lifði 205 ár	Dó 2083
– 2008	Fæddist	Abraham	Lifði 175 ár	Dó 2183
– 2108	Fæddist	Isaak	Lifði 180 ár	Dó 2188
– 2168	Fæddist	Jacob	Lifði 147 ár	Dó 2315
– 2248	Fæddist	Leví	Lifði 137ár	Dó 2385
– 2288	Fæddist	Kahat	Lifði 133 ár	Dó 2421
– 2328	Fæddist	Amram	Lifði 137 ár	Dó 2465
– 2433	Fæddist	Móses	Lifði 120 ár	Dó 2553

Aron hanns bródir fæddist þremur árum fyrr. Árid 2298 for Jacob med ættfólk sitt til Egipta lands.

Skapandi kraptur

Pegar menn blanda silfri og saltpeturs anda med qvikasilfri og vatni þá rada þessa efnis partar sig af sjálfu sér fyrir einn þar í verandi náttúrlegan krapt; sem skapar, eda mindar þar af greinóttan vöxt, mjög líkan trjá plöntu. Hvar fyrir menn hafa því nafn gefid og kallad Arbor Diana. Eptir það menn hafa gjört þessa uppgötvan hafa menn fundid fleiri samslags. Þar á medal má telja eina hvar af járnid útgjörir höfud partana. Þetta líkist svo náqvæmlega vidar plöntu ad madur ei alleina sér stofnin, greinir og rætar, heldur og svo blöd og ávexti. Hvílíkt undur og furduverk náttúrunar seigir Guldsmith. Hvernin svödan vöxtur fór ad skapast ánn þess vjer sjeum í standi til ad sjá það út. Pennan leindardóm náttúrunnar fá menn litid med augunum án þess skilníngrunin gæti uppgötvad orsökina þar til.

Lopt siglín

Auk þess að mannkynid hefur fyrir laungu lært að sigla um sjó og vötn landa á milli þá hefur það þó fundid uppá því, sem ótrúlegt mætti þikja, sem er að sigla í loptinu.

Í júlí mánudi 1803 gjörði prófessor Robertson frá Hamborg, með öðrum samferda manni L. Hvest að nafni, merkilega loptreysu. Þeir sigldu upp yfir skýenn 3.000 fadma hátt frá jörðu. Því hærra sem farid var þess kaldara varð loptid og á sólina gátu þeir starad án allrar augnaraunar þótt hún sæist þar í skýrasta heidi. Svefnisíki varð kuldinum samfara og gátu ferda menn valla varist henni. Blódid stje þeim til höfuds og L. Hvest merkti að Robertson grét blódi og höfud hans varð svo þrútid að hatturin gjördist af þraungur. Þeir urdu að hrópa hátt hvör í eyrun á öðrum og gátu þó valla heyrt hvor annars málróm. Af tveimur fuglum er þeir höfdu meðferdis dó annar af of þunnu lopti, enn hinn gat ecki flogid, veltist um hrigg og veifadi vængjunum hálf magnlausum. Eingvu að síður gjörði prófessor Robertson margar merkar tilraunir með rafkraptinn og adrar náttúrunnar verkanir. Til að minda að segulsteins nálin misti styrk sinn svo hátt í lopti og skýa hvolfid er ecki hærra enn 2.000 fadmar frá jörðu og svo víðara. Loks sigldu þeir til jardar nidur enn komu þeirra urdu bændur ófeignir, héldu þá vera ílla lopt anda, og flúdu út í buskann. Á fimm klukku stundum höfdu þessir loptsiglínka menn farid yfir 12 þýskar mílur edur næst um halfa þridju þýngmannaleid.

Óbrennanleigi madurinn

Í tíðindanna þridja bindis annari deild á bladsíðu 179 er gétid um mann nockurn, sem lifdi í Parísborg hjer um bil 1803, spánskur unglíngur um tvítugs alldur. Hanns skírnar nafns er þar ecki getid enn kallast hinn óbrennanleigi sökum þess elldur fær olldúngis ecki á líkama hans unnid. Hann hefur verid þveigin upp úr sjódandi olíu, hann hefur geingid á glóandi járnmltum, sleikt logandi járn og látid brenna ljósum við kálfa sér, uns þeir af reykrum svartir urdu, án þess nockud þetta hafi skadad. Þó finnur hann vel til ef nockur klípur hann með fíngrunum. Allt þetta er sannad með ótal með óreingdum vottum.

Stønd og stjettir

Allt síðad mannkyn og þjódir í heiminum adgreinast og sundurskiptast í viss stönd edur stjettir.

Þeir ædstu andlegrar stjettar menn eru og vóru forðum pávarnir, sem þýdir fedur. Tóku þeir sér mindugleika bædi yfir kóngum og keysurum, settu sig í

postullegt sæti, og þóktust hafa vald til að fyrirgefna mönnum syndir og líka einninn að aptur halda fyrirgefningu þeirra fyrir sumum öðrum. Cardínalar kallast páfa efnin. Næstir þessum eru erkibiskupar hvörjer að hafa að seigja yfir öðrum biskupum. Síðan koma prófastar sem undir þá eru géfnir, enn hafa yfir prestunum að seigja, hvörjer að settir eru til að predika andleg mál efni fyrir alþýdunni. Presta efnin kallast stúdentar og hinir hálærdustu þar af attistatar og candi datar. Enn þeir lærdustu í hvörri vísinda grein sem er doctorar og þeir lægstu djáknar eda tilsjónar menn.

Hinir ædstu veraldlegrar stjettar menn eru keysarar og konungar. Síðan jarlar og hyrdstjórar, hertogar, greifar, geheimerád, etats ráð, conferentsráð, kammerrád, cancelli ráð, justis ráð, stípt amtmenn, amtmenn, síslu menn, hreppstjórar og almúgin lægstur. Almúgafólkid skiptist og svo í þessa þrjá flokka: 1. Húsbændur hvörjer að eru hinir helstu þeirra á medal, líka einninn smidir og allslags handverksmenn. 2. Er þjónustu fólk og húsmenn og daglaunarar, enn í þridja flokki eru hinir lægstu, nefnilega nidursetningarnir.

Kóngrs rjetturinn

Pegar Ísraelslídur vildi ecki leingur láta Gud dæma yfir sér, og badst eptir jardneskum konungi, þá veitti Gud þeim þessa bón sína og gaf þeim Saul konung og sagdi þeim þetta skildi vera kóngrsins réttur:

Hann skal taka ydar syni að þeir skipi sér nidur á hans vagna og medal hanns reydmanna og að þeir hlaupi fyrir hans vagni. Og til að gjöra þá höfuds menn yfir þúsund og höfuds menn yfir fimmtýgir. Og að þeir plægi hans akur og uppskeri hanns uppskeru og gjöri hanns stríds tól og vagntól. Og ydar dætur mun hann taka til þess þær búi til smirli, elldi og baki. Og ydar akra og ydar víngarda og ydar aldingarda þá bestu mun hann taka og géfa sínum þrælum. Og ydar sádlönd og ydar víngarda mun hann láta ydur tíunda og géfa það sínum geldíngum og þrælum. Og hann mun taka ydar þræla og ydar ambáttir og ydar frídustu úngmenni og ydar asna og brúka þá til sinna verka. Ydar saudfjénad mun hann láta ydur tíunda og þér sjálfir munud vera hanns þrælar. Og þér munud á þeim sama tíma æpa sökum ydar kóngrs sem þér hafid ydur valid. Og drottinn mun ecki heyra ydur á þeim sama tíma.

Um þetta ofan skrifada er að lesa í fyrri bók Samúelisar, áttunda capitula, versum 11 til 18. Og hér af má sjá að Gud sjálfur hefur inn sett valdstjórna hvör þjéna á þeim vondu til hegningar og til að straffa syndir og glæpi. En hinum góðu til forsvars og umbunar og það vill reinast satt að vera að betra sé íllt yfirvald enn eckert. Og ílla geck til á þeim dögum þá hinir ógudlegu kóngrar stjornudu í Ísrael. Enn þó fór vest framm nær eingin var þar dómari.

Mannkynid – (a) Hvítir menn

Þessir sem til heyra fyrstu adal mannbreitingunni finnast í vorri Nordur álfu, eiginlegast í mildabeltinu, og nockrum henni nálægum löndum. Svo sem Georgien í Asíu edur Austur álfunni, Minni Asíu, nordustu hjeröðum af Afríku, edur Sudur álfu heims og lands plátzum nockrum nordvestur undan Caspiska hafinu sem liggur í Asía. Þessara búar eru ad sönnu breitleigir nockud land frá landi. Enn ad yfirlit andlits skapnadi og fríðleika, vexti og sálar gáfum, yfirhöfud ad seigja jafnir. Þær mentir og íþróttir sem einhvör þessara þjóða hafa uppfundid, hafa hjá vel flestum þeirra blómgvast, þó taka Georgíanir og Církassar ad líkamans fríðleika öllum veraldar þjóðum fram. Í Georgien finnst valla ófríd manneskja og hvörgi eru jafn frídar konur ad sjá. Háar, príðilega vaxnar, midtis nettar og inntakandi ad ásýnd seigja allir þær. End er hvörgi undir sólu jafn andvaralaust lífern og frammúr keyrandi ofdrykkja til sem þar. Af þessa lands dætrum velja kóngar og tignar menn Persa sér þann mikla skara af filgikonum er Austurlöndin státa sig med. Kauphöndlan gjörist og med þær sem hvörja adra vöru. Enn þær meiga aungvum seljast nema Persum einum og eptir inngeingnum samningi Tyrkja súltaninum til eigin frillna. Í Georgien og hennar furstadæmi Mingrelien er ei heldur tekid hardt á óskírlífi. Því standi nockur mann ad því med konu sinni má ekta madurin krefja hann um eitt svín í stadinn og eta þaug það þá optast nær öll þrjú samann. Þad heitir þar loflegur landsvani ad eiga sér margar konur og filgikonur med hvörjum þá meigi margra barna abla, er þá verda seld þess fleiri fyrir naudsynja vöru, edur einskjæra penínga sem þannin leidist inn í landid. Eru þó manneskjur þar er mansali seljast med dándis verdi. Því sveinar á besta aldri kosta eina 15 ríkis dali og frídar stúlkur (því meyar væri kannske ofhermt) frá 13 til 18 vetra í mesta lagi á 20 ríkis dali, það er líkt og góðhestar hjá oss. Kátlegt er samt ad þar eru sjalfir tignar menn böðlar og þikir þeim ans mikill sómi ad því og lausung dætra sinna.

Církassar gánga Georgíönun næst ad fríðleika og fer þar áþekt mansal framm enn þó til fleyri landa. Tyrkjar eru allfrídir menn, einkum qvenmenn, en hvergi lída þeir hár á kroppnum sýnum nema á höku og höfði. Grískar konur eru þó frýdari og gladværri enn Tyrkja og mjög eru Grískir vatskir, Neapolíngar, Sikileyíngar, innbúar eyana Corsiku og Sardíníu, einninn spánsk-ir á þessir. Vegna hitans eru þeir allir nockud blakkari en nordur búar. Franskir töldust leingi ad yfirgánga allar þjódir, ecki svo ad fríðleika sem gladværd, sidsemdar, nettleika og príði, vidqvæmni og sinnis háleik. Enskir ad vera sett-ari og diúpvitrari, þeirra á medal hafa opt ordid fjörgamlir menn og yfir tíráedt.

Líka hefur Eingland borid þá feitustu menn vier af vitum. Bomari seigir ad þar hafi í umdæminu Esser verid madur ad nafni Bright sem 12 vetra vóg 18 fjórdunga, tvítugur 33 fjórdunga og þrítugur 61 fjórdunga en var þó tæplega halft sjötta fet á hæd. Árid 1754 dó í Lundúnum slátrari, 37 ára ad nafni Pouvel, fæddur í sama umdæmi og vóg 48 fjórdunga.

Nordurálfa menn

Þýdskir, hollenskir, ungarar, pólokkar, preussar, rússar, svenskir, danskir, norskir og þeirra nydjar íslenskir, eru jafnast velvaxnir, gildir, háir, hraustir, frískir og litgóðir menn, enn misfrídir og mis rjódir (eins og vitum). Líka nockud misblakkir í þeim heitustu þessara landa. Serhvör þessara þjóða er rík af digdum og löstum, sérhvör af vissum, einkan lega eptir því sem þjóð hvörri er eiginlegast, ellegar tamast ordid. Allar játa þær einann og sannan Gud. Flestar eru kristnar en trúarbrögdin mjög ólík og breitleg og fáir eru lutheranar ad reikna móti öllum hinum.

Skrælingja lýdurin – (b) Lágvaxnir gulmóraudir menn

Þessir eru kulda beltanna innbúar og til heyra annari adal mannbreitingu á jördu. Hvörri þar nockud áður líst er hér ad framan, lappar, samojedar, innbúar á Nyzemblu, Grænlandi og Kamschatka. Og þar ad auki svo sem afkomendur grænlandskra er Íslendingar fluttu á Vindland edur núverandi Terra Neuf. Þá það fyrstir fundu reiknast med þeim eskimóar í Ameríka, hvorra útlit alt adgreint frá öllum villi flokkum þar, sver þá í grænlandra ætt. Allir þessir eru mjög áþekkir hvörjer öðrum ad vexti, lit, sidum og vanvitsku. Eins og þeir allir búa vid hardlífi mesta, grófa og óholla fædu, og á mestu hardinda beltum. Eru kroppar þeirra af þessu, og feikna kulda, samanskropnir og illa litadir (og sem meira er áður lýst vid adra mannbreitingu). Konur eru þar eins ófrídar sem kallmenn og þeim svo svipadar ad torveldt er í fyrsta bragdi ad adgreina þær. Allar þessar þjódir hafa líkar tilhneigingar og sidi og eru plunnpar, mjög hjátrúarfullar og eins sem menn kalla beinasnalegar. Svensku Lapparnir hafa í hverri krá trumbu med hvörri þeir spyrja fjandan ráda. Þeir eru og hardfeingir og miúkir en huglausar bleydur. Allar grafa þessar þjódir sig í jördu nidur, repta yfir og þekja med berki, torfi edur grjóti. Ellegar þær búa í tjöldum sem þær flytja yduglega og kynda þar elda til hita sér. Margar sjá þær illa vegna reykjar svælu og snóbyrtu. Fjölldi þeirra, konur sem kallar, fer á skíðum lista vel yfir holt og hædir, fjöll og jökla, og hafa uppi öll dýr á hlaupi. Veida þaug og drepa med bogaörvum og broddstöfum. Og venjast frá barndómi á veidar sem eru

margra þessara einka uppheldi. Fjöldi margir hæfa og svo vist með kastspjóti að þeir, 10 fadma langt frá, hæfa krónustærd er þeir mida á með flugabli. Skinna vörur í lodkápur selja þeir jafnan sudurgrönnum sínum fyrir tóbak og brenívín sem þeir eru mjög sólgirnir í. Þeir hafa allar einfeldninnar digdir og vanvitskunnar lesti til að bera. Þjóða fram útlendum adkomu mönnum konur sínar og dætur til yndisleika og þikir æra að sjéu þær þeignar. Eckert skynja þeir um Guð eða trúarbrögð, eru flest allir afguda dírkarar, þó dýrkan þeirra sé eins smáanleg og þeirra hjá trú. Stoltir eins og vanvitsku þeirra hæfir. Þeir halda sig öllu mannkyni ædri og verdugri og gjöra gis að upplístum þjóðum. Enn álíta sjálfa sig öllum betur sidadri, digdugri og upplístari í heiminum. Hefdu menn ecki gjörta vitad að Krantz ber þetta einkanlega um skrælingja og villi heidingja. Hefdi margur mátt hugsa að þarna væri gjörð dáfalleg lýsing margra þóttu gikkja meðal þeirra hjátrúarfullu og líttlæsu vitrínga í kristnum löndum. Kuldabeltisins hardindi og bitra er orsök til þess að því nær sem kémur nordurskauti heimsins, því minni vexti og vesællri eru þeirra landa innbúar, uns ei verður leingra áfram komist fyrir ófærum óbigdum. Polinmódir eru þeir í öllum mannaunum sínum og af bera undrunarlega sult þó þeir á stundum smakki ei mat fjórum dögum samann og eigi í hörkum að velkjast í stormi og ólgusjó. Og burdir þeirra er allt eins furdanleigir. Þeirra blakki og gulmóraudi yfirlitur virðist að orsakast af kulda, vosbúd og hardvidrum, en þó einkanlega af sódalegum lífarnis háttum er þeir jafnadarlega löðra allir í lýsi. Eins og þeir byggja hin hörðustu jardarbelti og ófrjósömustu, eins yfírganga þeir að villisidum adrar þjódir og sjálfir þeir ordlögdu plumpu og fávísu villibúar í Ameríku, eður Vestur álfu heims t.d. í Canada, mundu skammast sín fyrir þá í sínu samqvæmi.

Smámsaman breittir náttúran til því hér og hvar á þessara landa útskjækklum finnast stærri og nockud skapfeldlegri menn. Líka flytjast á stundum stórir dvergvaðnir hópar sudureptir til dvalar og bólfestu og adrir aptur betur vaðnir nordur á bóginn. Og eru þessir auðþekkir úr samskroppnu fíráðlíngunum sem þar eru fyrir.

Græn gulir menn – (c) Tartarar

Skapnadarlagi þessara þjóða er áður lýst sem þridju adal mannbreytingu. En hér verður betur list sidferdi þeirra. Af þessum þikir líklegast að þaug smá menni komin séu hvörjum áður næst á undan er lýst og kulda beltis löndin biggja. Tartarar búa í mestum hluta Asíu eður Austur álfu heims og nefnast því með þessu nafni. Fjöldi hennar þjóða Kalmukkar, sem búa í nánd við Caspiska hafid á milli Moschovita og hins mikla Tartaries eru hardfeingir, þessara hrillilegastir

og einhvörjer þeir vansköpuðustu menn undir sólunni. Þeim einkum er fimm og sex þumlunga vídt augna á milli og það lítið af nefi sem þeir hafa er svo flatt að í nasa stad sjást að eins tvær holur. Knen eru undir enn fætarnir inn á við. Þeir flakka sífellt um kríng með hæru eður húðar skinna tjöld. Lifa á hrossa og kameldýra kjöti, annað hvört hráu, eður lítt meirnudu við hestabökin undir hnökkunum. Kapla mjólk drekka þeir mest megnis. Þeir naudraða kollin nema lokk korn í hvirflinum sem lafir nidur báðu meigin andlits. Eingvu ásjálegri eru þar konur enn menn. Þær safna hári sem þær binda upp með kopar speingum og þesskonar skarti. Fæstar þessara þjóða hafa nokkur trúarbrögð eður greind á sidsemi og kurteysu framferdi. Þær ræna og stela og selja menn í þrældóm Tyrkjum og Persum. Audur þeirra hinn helsti eru hross af hvörjum meiri grúi finst í Tartarienu en nokkrum öðrum veraldar löndum. Þegar austureptir frá frýa Tartarienu dregur skánar útlit manna nokkud og húðin breytist eptir lopts og landslægi og fæðu. Þeir sem búa í Austurálfunna ríkjum, Kína, Japan, Síam, Pegu, Arrakan, Laos og öðrum þar nálægt, eru mjög líkir innbyrdis. Í Kína og Japan eru stúlkubörn strax sett í fóta klemur, svo þeir ei vaxi til muna, er þar þykja stór lýti. Og sú sem þar þikur fríð og yndisleg má ecki vera stórfættari fullordin enn að henni sé mátulegur skór af sex vetra barni hjer. Hinna landabúar og flestra Austurlanda hafa miklar mætur á síðum og víðum eyrum er þeir teigja óaflátanlega svo lafi nidur á axlir eða stínga meigi inni þaug stórum hnefa. Í Síam og víðar sverta þeir tennur sínar með einhverri olíu og nýa litin upp smám saman en verða í hvört sinn að svelta nokkra daga meðan olían þornar og liturin festist á tönnunum seigjandi: Að menn eigi ecki að hafa hvítar tennur sem skinlaus dýr. Litarbragd þessara þjóða er misdökkt enn þó miklu dekkra flest allra enn Tartara af hvörjum þeir vyrðast þó upp upprunar. Allar fyrrnefndu þjódir eru heidingjar og afguda dýrkarar nema hvað þeir ædstu í Kína fylgja spekingisins Confusíuss vitra síða lærdómi og adrir Mahomets.

Græn gulir menn – (d) Indjanískir

Þessir indianísku eru áður taldir undir fjórðu adal mannbreitingunni. Byggja þeir sudurhluta Austur álfunnar og er þjóð þessi auðþekt frá tartara kynqvíslum. Stofnin virðist að vera á hálf eyuni Indium til allra er byggja eyarnar í Indjaníska hafinu. Indianar eru græn gulir a hörund og sudurbúar þeirra naudsvartir. Þó mógul af hvörjum þar er mikil þjóð þýði á þeirra tungu hvítung. Konur eru þar nettar og fara opt í laugar, þær eru líka græn gular á hörund. Eru þær ecki eins ávaxtar samar sem hjá oss og koma jafnan hægt nidur að barnburði og fara optast fullhraustar af barnssæng dagin eptir, eins og villi þjódir sem og vanar venjast hardindum og straungu erfíði, þjást minna að

jöfnudi í barns naud en veimiltýtur veiktar af ydjuleysi og vellistum. Leingi hafa indianar feingid og verdskuldad ord fyrir skrædu og bleydu hátt og sjaldan unnidnockurn sigur í orrustum. Þeir eru og latir og vellystinga gjarnir. Ánægdir með skilningarvitanna gladværdir vita þeir lítid af sálarinnar er þeir hugsa fátt. Vanir þrældómi og við hann vel eyrandi eru þeir fúsir að þrælka undir serhväörn drottvara sem vera skal og veitir þessum því hægt að vinna hina undir okid í stríðum. Margir þeirra vilja eckert það eta sem líf hefur haft og þora ecki að tortína vesalasta madki. Já hafa reyst upp spítala handa allskonar skridqvikingum. Klædnadur þeirra er optast laus silki sveipur, óhentugur til manndóms athafna og þar eptir fara þær líka hjá þeim. Þeir neyta mjög hrís grjóna sem ei eru til hams edur burda enda eru þeir og burdalaus skeini og eins sem áður er sagt veikt kyn af vellystingum og ydjuleysi. Þessum eru og áþekkir: Persar, Arabar og innbúar í Indiahafi og sú er en almenilega lýsing þeirra. Þó eru Persar við sambland þeirra við hina fríðu Georgiana nábúa þeirra og Cirkassa smámsamann orðnir miklu mannvænlegir og fráleytir þeirra fyrsta ættstofni. Af hvörjum flest heldri manna í Persalandi nú er komid.

Menn með hölum og svartir á lit

Sérlegt er þó margt við suma áður taldra á eyunni Mantilla hvör ed er ein af philppínsku eyunum hjá Asíu. Á nefndri eyu finnast margir svartir í fjöllum og skógum með fjögurra og fimm þumlunga lánga hala. Og víða tjáist hali fjallbúa þverhandar lágur og á eyunni Formósa í Kínahafi eru sagdir menn með hölum. Enn þó er það kátlegra að á þessari eyu meiga konur ey fæða börn nema þær hafi 5 um þrítugt þó þær giptist miklu yngri. Enn verði yngri kona ólétt seigir Bomari að afguds presta konur þar fót troði maga þeirra svo fóstrið leysist. Á Nýu Gvíneu, í Sudur hafinu milli Austur og Vestur álfunnar, festa þeir svörtu eyabúarnir fingurs digran og fjöggra þumlunga langan nagla þversum undir nasaholumnar. Hafa og stór göt í eyrunum gegnum hvör þeir stínga samslags nöglum. Qvenna brjóst ná þar ofan á nafla og þær hafa feiknar vambir. Á Nýa Hollandi, edur Úlímara sem er ein stærsta ey er menn þekkja, eru innbúar svartir með hálf opin augu og einhvörjer þeir vesölustu í heimi er einna mest líkjast skynlausum skepnum. Þeir halda sig hópum saman 20 til 30 í flokki, bæði karlar og konur, og hafa hvörki rúmplet annað enn jördina né hýbýli frammar villi dýrum. Eingin fót önnur en belti um midjuna af trjáberki og lifa mest á hráum fisk ætum. Mogola kvennfólk tjáist allstadar hárlaust og karlar því nær óskeggjadir. Margar konur þeirra rissa út blómstur mindir á hörund sitt og mála þær tíðum ýmsum litum með rótasaft, edur vökva, eru því margar ásyndum líkar blómstur dúkum.

Fótadigrir menn

Í ríkinu Calecut finnast margir menn með eins digra fætur og manns kroppa í medallagi. Húð þeirra er hörd og hrufótt eins og vörtur þó eru þeir skjóttir í limaburdi. Þessara þjóða trúarbrögð eru annadhvort eingin eða afguda dýrkan eða og Mahomets. Allt þetta er nú sagt um Austurálfunar og eyana innbúa kringum hana og milli henar og Ameríku edur Vestur álfu heims.

(e) Negrar edur blámenn

Þessir eru Sudurálfunnar innbúa og tilheyra fimtu adal mannbreytingunni og kallast líka blökkumenn, ásamt negrar og blámenn. Þessir hafa svartan edur dökkvan lit á sýnu hörundi og skyggir sá manneskju sorti á all innbúa Sudurálfu heims fyrir sunnan það 18 mælistig nordan meigin midjardar línunnar til sydsta odda álfunnar, eða Góðrar vonar höfða, og þess vegna á full 50 mælistig í norður og sudur edur 150 þíngmannaleidir að breidd. Þessi jardarbelti eru bigd af margvíslegum enn innbyrðis mjög svipudum þjóðum. Þó sumar þeirra meigi fríðar heita hjá þeim ófrýnilegustu þeirra, líkt og frídleika munar hjá oss, landa, sveita og manna á milli, þó adal mannbreytingin sé söm. Svo eru til dæmis: Gvíneu negrar furdu ófríðir og bera með sér óþolandi óðauns stækju. Þar sem adrir í Mósambique við Zanguebars strandir kallast fríðir og gefa eingvann óðaun af sér.

Negrar hafa jafnadarlegast svart sljett og mjúkt hörund, stutt og mjúkt hár sem dún. Skéggid er hárinu líkt, gránar þó snemma enn hárid mjög sjaldan. Því eru margir hvít skjeggadir og svart hærdir undir eins. Tennur þeirra eru hvítar sem fíla bein og stíngur sú hvíta vel af kolsvörtu hörundi. Enn víðar en í andliti eru þeir flestir ófríðir. Brjóst qvenna sem átt hafa börn hánaga ofan fyrir nafla og á baki sínu láta þær börnin einatt sjúga er þær sletta brjóstunum aptur á herdar sér. Eins og nú kroppar þeirra eru að voru álitu óféleigir svo eru og sálir þeirra gáfna litlar flestallra og hitin vyrdist hafa veikt þær enn meir enn líkhamann. Þeir er því velflestir sárheimskir, latir og öfunds siúkir. Arabar sem í hópa tali komu frá Asíu og settu sig nidur inst í Afríku eru að ásýnd og gáfum ordnir svo líkir þeim fæddu að ecki þeckjast nú að og nærfelt eins eru nú ordnir. Nidjar þeirra Portúgals manna sem fyrir rúmum 200 árum tóku sér bólfestu á Afríku ströndum svartir eru þeir ordnir, nærfelt eins og negrar, enn nockrir seigja enn grimmari. En það má undarlegt vyrdast að þeir sem byggja fjalllönd í Barbaríenu eru hvítir þar sem fyrir nedan þaug á sljettlendinu og með sjáfar sídum eru dökkjarpur. Gjörir því hita munurinn á fjallbyggðum, hvar jökull á efstu tindum ei þidnar, að menn eru þar hvítari enn svartir í ofstækju hitanum nockru nedar. Litarbragð Afríku búa er annars marg breytt eptir hennar ýmis-

legu löndum og seigjast má að þar finnist allir litir, hvítir, blakkir, móraudir, gulgrænir, koparleitir, jarpir og biksvartir menn. Nordarlega við fljótið Senegal og víðar eru þar móraudir menn, edur sem hver nefnum Móriána, enn sunarlega við það kolsvartir. Negrar er orðið alment nafn fyrir fjölda Sudur álfunar innbúa enn þeir eru þó mjög breytilegir. Allir eru þeir með feikna stóra nafla og fjölga óðt enn sumir gefa aungvann vondaðan dauð af sér, aðrir mikinn, einkum þeir í ríkinu Angola á Gvínæströndum. Því hvar sem þeir sveittir ganga hjá nokkrir samann virðist loptið í góðan matmáls tíma fúlt og stækt eptir. Uppfrá Góðdrarvonarhöfða búa hottintottarar sem eru nokkud ljósari á lit. En villi menn þar eru mjög vanskapaðir, einkum kvenfólk á hvörju nedst á lífinu vex út hörd og breidd bláða er lafar ofan á mið lærin lík svuntu. Allar þar innfæddar konur eru svo skapaðar, draga ei heldur dulur á það, enn sýna það fúsar hvörjum sem vill. Eins og lífurni þeirra er óvarkátt en óþverra háttur dæmalaus. Kallmenn eru þar margir hálf og alvanadir og fáir eldast negrar vel sem flestir kenna því að þeir strax unga aldri fást við kvenfólk. Því skrifad er að vart finnist meðal þeirra yngis stúlka sem muni hvenær hún seinast var þíka. Og í Egyptalandi í Afríka er í öllum þorpum við Nílfljótið fjöldi yngisstúlkna ætlaður til kauplausra yndisleika ferða mönnum. Já ríkir menn sem langt eru leiddir kjeppast við að búa sáluni sinni í hagin áður enn þeir deya með því að stípta þess háttar gjesta herbergi og kaupa í þaug stúlkur til nefndrar þjenustusemi.

Af þessu má ráða um trúarbrögd Afríku, edur Sudur álfu búa, þeir eru flestir heidingjar, afguda dýrkara, Mahómetanar. Nokkrir heita kristnir einkum í Habessinien, gyðingar fynast og í þessari álfu. En þar á mót í hennar innri löndum jafnvel mannætur. En hvörsu vanvitir, treggáfaðir, illa síðadir sem þar eru menn, sýnast þeir kristnu Nordurálfubúar, þó ecki hafa af miklu að hrósa sér fremur þeim, er árlega kaupa og selja mörg þúsund negra til æfinlegs þýngsla þrældóms og gudlausustu meðferðar, rétt sem skurðar fé edur dauda hluti. Æ! Þetta mannkynið smánandi dæmi er sérhvörn mannvinn má hrilla við! Síðar mun á það minnst verða framar.

Koparraudir menn

Sýdasta mannbreytingin til heyrir Ameríku edur Vestur álfu heims. Að lit eru menn þar eins ólíkir öðrum þjóðum og fráleitir að bústöðum. Á norðustu útkjálkum hennar eru þeir að sönnu svipaðir Løppum og Grænlandingum eins og sagt er um þá svo nefndu eskimóa, sem eru margir raudbirknir á hár, ólíkir öllum öðrum og líklega niðjar hinna fyrstu manna er Íslendingar fluttu á Vindland forðum. Enn allir aðrir eru þar hvör öðrum líkir og hvörgi nærri eptir lands plátzum og löndum eins breytanleigir og í öðrum álfum veraldarinnar.

Flestallir eru þeir kopar raudir, með svart þykt og sídt hár, þunt svart skegg er þeir vandlega ræta því upp. Flatnefjadir með há kjálka börd og smá eygdir. Á þessu náttúru lýti bæta þeir köst gjæfulega er þeir fletja út nef og jafnvel alt höfud barna sinna medan beinin styrkjast ei og láta hæglega undan þá á þrýst er. Kropp og andlit mála þeir ýmsum litum og þikir óvirda að nockurt hár vaxi á þeirra kroppi, nema sjálfu höfðinu, reita það því burt annarstadar. Þeir eru jafnast lima grannir og pervisaleigir, fáir hraustmennir. Allt þetta villi fólk er huglaust og rædst sjaldan á óvini sína á vídum velli. Enn því heldur er það veit sér sigurinn vísann á hendtugum stöðum og er þá grimmhjartad mjög. Kvölin sem það einatt út tekur gjörir það undrunarlega þolgott í hörmungum. Allir hafa þessir menn alvöru gífir og íbyggin svip svo sjaldan þeir þó hugsa þar verdt. Grimmhjatadur fjandmönnum en innbyrdis vinsamleigir og sammsýnir. Þeir hafa áþekka villi sidi annara landa villi þjóðum og eptir lífsins auma ástandi sérlegann skara af digdum og vömmum í fari sýnu, þollyndi, gestrisni, dofinleiki, rán og gripdeildir. Ánægja og hollusta finst ei síður þeirra á medal en annara þjóða. Enn það sérlega sem þeirra síðum filgir er hið ádurnefnda um út flatningu nefs og höfuds nýfæddra barna. Hjá sumum milli tveggja fjarlar stúfa svo andlitid verði flatt, breidt og sem líkast að sjá fullu tungli er þeir standa.

Ameríku edur Vesturálfa menn

Villtir gánga margir alls naktir í Nordur Ameríku og þeir eru hardfeingari. Núa sig í framan með raudri jörðu eda hveraleytr og bjarnar feiti, mála og höggorma og ýmissra skridqvíkunda mindir á andlit sín, til að sýnast enn voda og óttalegri. Sumsstadar þrídur kvenfólk sig með strikum sem saumud eru í húðina milli augnanna, á höku, höndur, handleggi, fætur og læri með svörtum tvinnu. Sumsstadar núa þeir sig í einhverri olíu edur feiti sem gjörir hörundid gulgrænt með raudleitu blæ. Margir tilbidja sólina og fyrirfólk seigir sig af henni komid. Því er mikil vidhöfn, einkum í Louisiana, er höfðings konur deya. Því þá eru kjæfd 12 úngbörn og 14 fullordnir til þess að grafast með henni. Eru þá látin í gröf þeirra allra: Elldsgögn, vopn og bordbúnaður. Þeir svo nefndu Caraibar á eyunni St. Vincent eru mjög ófrýnileigir og bera með sér svo vidurstygglegan óðaun að laungum er ólykt jafnad vid hann. Þeir eru og erki bein asnar til vits og gáfna. Hvörju til sanninda merkis ég tel vanda þeirra að þegar einhvör gipt kona fædir barn, rís hún jafnskjótt á fætur og gjörir allt sem vid þarf í húsinu. Enn madurinn leggst á gólf og fer ei úr fletinu í mánud né heldur fær teljandi mat edur drykk í fyrstu 10 dagana. Að lidnum mánuði vilja náúngar og vinir, þessa uppgjerdar sjúklings, rista skurdi í kropp hans og

taka honum blód hér og hvar án þess að hinn meigi kvarta eður kveina. Í fyrstu sex mánuðina má hann sýðan hvörki eta fugla né fiska svo hinn nýfæddi hljóti ey lýti og annmarka þessara dýra. Mikill grúi manna af ýmsum Nordur álfunar þjóðum hefur safnast og enn safnast árlega í Ameríkulönd af hvörjum stórmikid er undirlagt og yrkt. Einnin fjöldi Ameríku innbúa er þar nú mentaður af þeim sidadur og lagdur undir yfirdrottun þeirra. Þó minstur enn þá og kallast því allir adrir villimenn eins og þeir eru. Þessara trúarbrögd eru ei heldur önnur enn margbreytt hjátrú og heidni á bord við Caraiba dæmid er ég fram setti. Enn hinir sidudu hafa eins margvísleg trúarbrögd og þeirra drottunarar fluttu með sér þangad eður þó enn fleiri. 13 stór lönd eður hjeröd sem alt að 1775 stóðu undir Einglands veldi en þöldu þá ei leingur þess harðráða yfirdrottun. Brutust til frelsis með mæðu sömu stríd er fyrst lyktadi 1782. Og hafa sýðan 1783 verid sambundin sjálf stjórnandi frýlönd, hvar vitska, íþróttir, frelsi, ánægja og alls nægtir vyrdast sýðan að hafa valid ser bólfestu, ef nockur stadar á jardríki. Þessi frílönd smánudu alla vora upplýstu Nordur álfu með því að verda lángfyrst til að veita negrum, er áður þrælkudu í þeirra veldi, manneskju rétt og frelsi og sérhvörjum manni frjálsræði trúar bragda. Því eru þaug og þar yfrid margbreytt og mannblendni þjóðanna mikil.

Sudur eya búarnir sem nýþektir eru, ásamt þeirra löndum, líkjast Ameríku stórum enn eru þó hraustari og gildari enn þeir. Einkum á eyunni Otahaite sem fanst fyrst 1767. Fallegt fólk, nockud móleitt enn skýrt, ydjusamt og skynjandi nockud um Gud og sálarinnar ódaudlegleika. Sú eya er holl og yndisleg.

(f) Patagonier

Patagónarnir eru hinir stórvöxnustu menn er nu finnast á jörðunni, nefnilega í þeim Sudur Amerikanísku löndum, Chili og Patagoníen. Þeir verda hálfst sjöunda fet á hæð að mesta kosti. Þeir lifa af dýra veidum og fiski fangi, búa í skinna tiöldum og sefkofum. Breyta opt bústöðum og eru röskvir veidi menn. Þeir greinast í tvær adal kynkvíslir og kallast önnur Molukkar, það er hermenn, enn hin kallast Puelkar, það er austmenn. Og hvör þessara kynkvísla skiptist aptur í allmarga kynþætti og hefur höfðingi nockur (Kazik) manna forráð í hvörri. Þó er ríki þessara höfðingja lítid og öll eru þar vandamál lögd undir úrskurd enna heldri manna medal alþýdunnar á þjódfundum. Patagóníu menn sem eru miklir vexti og kallmannleigir, vel vaxnir og hraustir, enn hvörki eru þeir risar né tröll að vexti eður svo ógurleigir sem fyrrum lék ord á. Þeir gjöra sér fatnad af dýra skinum og eru mjög rubbungsleigir álitum. Mjög er þjóð þessi fáfród um flesta hluti og kann lítt að öðrum verknadi en veidum, vígum og vopna smíði. Þó hafa þær kynkvíslir sem nordast búa, eður næst

Spánverjum, tekid eptir þeim ímislegt er betur má sæma. Enn því leingra sem sudureptir dregur eru landsmenn viltari og ómannblendnari. Þó eru þeir géstrisnir og hæglyndir medan góðu mætir. Þeir eru heidíngjar og gjöra sér margskonar bernskulega ímindan um sköpun allrar sképna og afdrif hennar ad lokinni hjervist. Patagóniu menn fækka árlega, ollir því bólan og yduglegt stríd bædi innbyrdis og vid nágrannana. Hafa kopar raudt yfirbragd.

Eskímóar

Þeir menn sem eskímóar eru kalladir byggja hin nordustu köldustu lönd af Ameríku edur Vestur álfu heims. Þeirra lýsing á parti út af fyrir sig er þessi: Eskímóar eru manna minstir vexti er menn þekkja á heims bigdinni (næst Kímósunum). Þeir eru fjögurra feta, eda tveggja álna háir, flatleitir, varabykkvir og slikju hærdir. Enn mjúkir eru þeir og laghendtir. Áhyggjulausir, gladværir og vidrædis gódir. Þeir veida seli og hvali sér til uppheldis. Þeir hafa blakkan gulmóraudan yfirlit.

Karaibar

Þessir búa vid Orinókó fljótid í Sudur Ameríku enn Oromakar vestar vid sömu þjóða. Eru starfsamir, yrkja jörd og hirda fjenad med meiri greind en flestir adrir kynmenn þeirra. Þeir eru molldar eda jardætur enn Kasibarar eru mannætur.

Peskerear

Nafni þessu kallast þjód sú sem byggir eldlandid. Hvört ad er sunnanverdt vid sudur odda Sudur Ameríku og er talin ein hin vesælasta þjód í heimi. Lýsing þeirra er þannig: Þeir eru fimm til fimm og hálft fet á hæd, hryllileigir ad útliti, grannir, skégglausir, hafa stór kolsvört augu, en flatt nef, munn vídir og vara þunnir, hafandi yfirtaks skarpa sjón og sjá vel langt tilsýndar. Þeir eru eyrna stórir med svart gljáandi og burstalegt hár sem þeir smyrja med feitum liti sem hefur járnridslit. Og eru svo næstum allir gulbrúnir eda gulmóraudir og gljáandi af feiti. Handleggir og fætur þeirra eru óregluleigir, þunnir og grannir í samanburdi vid adra þeirra líkama biggíngu. Kvennfólkid á medal þeirra lítur þó nockud skár út og er smá vaxnara. Óþrifnadur telst höfud digd á medal þeirra og þeirra vidbjódslega lykt er opt óbolandi. Fiskur, sellýsi og selakjöt er þeirra mesta fæda og med lýsinu smirja þeir sig. Svo ad um orsökina til ódaunsins sem af þeim stendur er hægt ad skilja. Nafnid Peskerear hafa þeir feingid af líkum samstöfum er Nordur álfumenn, sem fyrst þar komu vid land,

heyrdur þá klifa á enn það þídir svo mikid sem vin og með því seigja þeir gesti sína væntanlega velkomna. Annars er málfæri þeirra harðt og torveldt fyrir útlenda það að tala. Enn þeim geingur audveldlega að hafa framandi ord eptir.

Um uppruna þessa fólks er í óvissu. Til undirstöðu ættarnis þeirra og líkamans sköpunar, tungumáls, síða, lífennismáta með Patagónunum, gæta þeir ekki utan í litlu álitist sem grein af nokkurri almennilegri þjóðar ætt. Þar hjá eru þeir miklu smávaxnari enn Patagónarnir og eptir nokkurra sögnum skildu þeir hafa átt að vera af þessum burtflæmdir frá vestur ströndinni með yfirgangi og færdir til þessa óbyggilega uppheldisstadar sem betur færi að kalla volæðis land heldur enn elldland.

Land þetta liggur hér um bil við 56 gráðu suðlægrar breiddar, hér um bil víðlíka á stærð sem Ísland, og er talið meðal hinna snauðustu, ófögrustu og illviðrasömustu landa í heiminum. Þar eru há fjöll og grastóarlaus, jöklar og öræfi, þökusamt mjög og sjaldgjæft hlítt og heidskýrt vedur. Gróður er þar lítill og lands kostir mjög fáir, að eins híd eystra er þar lágur skógur og hrísland, en þar vex nægd af svo kölludum skyr þjúgs jurtum. Þar er mikill fjöldi sæljóna og sela, rosmhvala og margkynjadra hræfugla og sjóar fugla, einkum þingvína og villianda. Það einasta ferfætt dýr er sjá má á eydimarka landi þessu er hundurinn, sem eins reinist þar trúr sínum herra og í Nordur álfu.

Þeirra búningur er nýfleginn selaskinn, sem þeir kasta aptur yfir herdar sér og binda utan um við fæturnar, svo á að líta verður líkt og skjóða. Um unglíða og ökla hafa þeir hólka af þurkudum fiski þörmum, um hálsinn band, fallega og konstuglega saman sett af gegnum borudum skeljum. Svo ótrúlegt þikir að eins luralagar hendur gjæti samíð svo konstugann tilbúning. Uppheldi þessara manna er af veíðiskap fiskerí og fl. og hvali reka þar stundum. Land þetta er mjög stormasamt og mjög klungrótt við sjó.

Jökla menn í Sveits – Kretínar

Doctor Ankermann skrifar svo um jökla menn í Sveits: Allir seigir hann, sem ferdast hafa yfir fjöllin þar hafa fullkomna orsök til að dást að þeirra sem þar búa, stærð, þreki, rétta vaxtarlagi, gláðsinni og óskemda hjarta þeli, hvað eð ætíð filgist með heilbrigði líkamans. Enn því nedar sem menn koma níður úr hlíðunum, því meir minka bæði sálar og líkamans kraptar. Svo herra Saussuri heldur að þegar útlit og skapnauður einhvörs í þeim plátzum sjáist sé hægt að seigja hvað hátt eða lágt hann eígi heima í sömu fjallbygd. Allir sem búa þar í djúpustu dölunum eru auðþektir af einhvörjum líkamans vanskapnadi, ófríðleika andlitsins, skelfilegum dofinleika og þyngslum í líkamanum með sljófustu sálarkróptum. Þar að auki eru nokkrir undarlega vanskapaðir og

ófrídir med skekkju í líkamanum. Adrir med umsnúnum augnalokum, stórum æxlum á hálsinum og þess háttar. Samt eru aungvir svo illa vaxnir og aumlega farnir eins og þeir er þar kallast Kretínar og eru þannig í hátt: Andlitsfarfinn er viðbjódslegur svo grátt, blátt og eyrlitur hjálpast allt að til að gjöra andlitid sem allra ljótast. Undir augunum eru stórir og þungir pokar sem hanga nidur og draga nedra augnalokid svo frá auganu að allt það rauða innan í er bert. Þessir vesalíngar eru svo vanfærir að þeir naumast geta dreigid sig, sitja þess vegna heilum dögum samann, eins og líflausir drumbar fyrir utan bæardirnar sýnar, og hugsa ecki eftir að hræra sig þadan á qvöldin ef náungar þeirra mintu þá ei á það og drægju þá inn. Allir adrir sem eiga heima nedst í jökla dölunum í Sveits eru að sönnu dofnir og sljófir. Enn hjá þessum Kretínunum finst ecki spor til að þeir þeinki neitt. Það sínist ecki eins og minni eða greind förlist þeim heldur að það sé ordid að aungvu. Skelfilegt æxli á hálsinum, sem nær ofann á midja bríngu, tekur þar að auki allt manneskju útlit frá þeim. Tilfinningarleisid er svo mikid að þá einn þeirra var eftir andlátid krufinn, hafði endagörnin fundist skelfilega víd og út þanin af saurindunum. Því það hafði ordid hanns dauda mein að hann hafði setid leingi án þess að leita sér hægda. Náttúrlegur hiti er hjá þessum vesalíngum lítill og blóðs hræringin sein er kémur af sífeldum hita sem þeir eru í og þola meir en adrir. Nedst í dölunum, hvar þessir vesalíngar eru, er ógnarlegur hiti með miklum vatnsdömpum sem ecki hreinsast burt af stormum þar fjöll halda að á allar síður. Sitja svo Kretínarnir heilann daginn á steini, fyrir utan bæardyrnar sínar í glennandi sólskininu, góna og gapa skakkir upp í sólina. Eckert tungumál kunna þeir því þeir þenkja svo lítid að þeir þurfa þess ecki með. En í stadin orða brúka þeir sín á milli holgóma dimma rödd sem þeir tala ofan í sig. Þessir eru nedst í dölunum þar sem loptid er af hita og vindleysu óhreinast. Enn eftir því sem leingra kemur upp í hlídarnar og hálendid verður loptid smám saman svalara og hreinara enn manneskjurnar frídari og skarpari. Orsökina er að í fjallahlídum er loptid kaldara, léttara og þar er stormasamt. Enn í djúpum dölum er það heitt, þjett, þúngt og dampafullt.

Mannkynid

Ad vor hvíti litur sé adal og uppruna litur, eins og han er fegrastur allra, vottast nóg samlega þar af að hvít börn fæðast aldrey af svörtum foreldrum. En nidjar hvítra verða alloft eftir hita lopts og lands lagi með tímanum svartir og fáein dæmi gjefast að svartir hafi nockud hvítnað undir mildum himin beltum. Sá mikli Linneus hjelt þó að faðir Adam, eftir Austur landanna edli, hefði dökkur verid á hörund og sá væri uppruna liturinn.

Af öllu áður töldu er ljóst að allar mannbreitingar orsakast af hita og kulda. Af misjafnri og ólíkri fæðu og af ólíkum lands og þjóða síðum og að allt þetta

hjálpist að til að gjöra mannamunin. Þó hiti og kuldi einkanlega orsaki lita-skiptinn ásamt meiri edur minni þrífandi og smurningum er villi þjódir tíðka. Enn fæðunnar gjædi, nægtir og kraptur, eða þvert á móti gjöri mest til vaxtarins og sidirnir einna mest til fríðleika yfir höfud að seigja edur ófríðleika. Svo er flötu nefin og höfudinn einkanlega tilkomin af vana útflatningu í ungdæmi. Enn reynslan sannfærir oss um ásamt að þessi ósmíði gangi með fram í ættir er flestir líkjast strax frá móðurlífi sínum. Hvört sem þetta kann að orsakast eptir margra dómi af mædranna kröptugu ímindun um meðgaungu tímann, eins og vier vitum bæði af helgum og daglegum dæmum um fjenadinn, ellegar öðrum orsökum ásamt.

Þó hiti einn og kulldi orsaki ei þetta eingaungu, er dæmi finnast þessu gagn-stæð, heldur jafnframt fæði og lands sidir. Margir jafnvel í voru kalda landi af oss líkt riúpunni, skiptum lit eftir sumri og vetri, verðum sólbrendir eða úti-teknir, blakkir eða freknóttir allmargir. Sjé það satt að jafnvel hjer hjá oss hafi meiri hluti fólks er lifir í kulda og mest megnis af mjólkur mat, hjartara, rjóðara og líflegra yfirbragd en sjófólk sem lifir mest á ýmsum fiski ætum. Hvað mun þá ecki margbreitt fæða í öðrum löndum og þeirra ólíkir sidir þar að stydja.

Ef vjer viljum heita manneskjur og verðskulda þetta tignarlega nafn þá tökum feigins hendi mót upplýsingunni sem einkanlega adgreinir oss frá skin-lausum dýrum. Því hvað er skynsemin án upplýsingar? Eckert annað en einber mögulegleiki hjá mannlegum sálum til að medtaka þá upplýsingu sem adgreina má manneskjur og villidýr. Berum saman villi fólk og upplýstar manneskjur sem lifa enn í skógum og eyði mörkum, þó í innbyrdis samfélagi nockru og jafnvel sjálfa Kretína midt á medal Nordur álfunar skynuga fólks í Sveits, við þaug slíngustu skynlausu dýrin. Til dæmis við apakétti þessar hálf manneskjur hvörjum þeir óupplýstu menn vyrðast taka lítid fram.

Mismunur manns og apa

Í Indium eru nockrir nær því eins stórir og menn. Þeim að skapnadi ofur líkir, gánga upprettir og þeir apar er nefnast orangútang gánga við staf, sofa í sæng sem þeir daglega búa upp, sitja til bords, lifa tamdir sidsamlega manna á milli og fá jafnvel bóluna. Lítid virðist þá að vanta á við heimskustu menn annað en tungumálid. Þeir hjalpa hvör öðrum á vidargreinum yfir um ár. Tamir leita þeir mönnum lúsa og apa flest eptir er þeir sjá menn hafast að. Eru og yfrid slíngir og lidugir. Þeir hafa lært að dansa á línun, leggja á bord, skara að elldi, þvo upp matarföt, aka hjólbörum, skola glös, skeinkja í þaug og færa gjestunum full og Castiliónæus minnist á apa sem kunni að tebla skák. Þeir skilja manna mál enn géta ei skrafad. Svára með bendíngum og hafa jafnvel hermt eptir að skrifa.

Skoda á stundaklukkur og kíkja á stjörnur himins. Á vorum líkama finnst eckert sem ei sje á þeirra að finna. Enn skynsemi eda sá sálar kraptur sem með góðri brúkum og rækt fær beidt til upplýsingar og þekkingar á Gudi, á náttúrunni og sjálfum sér, á digdum og löstum, til vissu um ódauðlegleika, til ánægju og meðbræðra uppbyggingar í lífinu og til grundvalladrar vonar um ædri og óendanlega heill í öðru lífi. Þessi gáfa hlotnadist manneskjunni framm yfir aþann og önnur dýr þarí er öll vor tign og sómi og verdugleiki fólgin. Þar með er oss unt, ef vér ei vanbrúkum edur með hyrduleysi ónítum þetta mikla pund, að stíga af einnri fullkomnunar tröppu á adra og loksins að öðlast samsæti með ljósins herskörum á himnum.

Kimósarnir á eylandinu Madagaskar – Smælingjar

Kimósarnir (svo er það út talad) edur sú smávaxna þjóð hvörra karlmenn eru þrjú fet og fimm þumlungar á hæð, enn kvenfólk þrjú fet. Þeir eru bjartir á hörund, stutt enn ullhæðir, hafa lánga handleggi svo hendur þeirra ná ofann á knje þegar þeir hengja þær nidur. Kvenfólk þeirra er mjög brjóstá lítid. Þeirra bústadur er fjallgardurin sem liggur eptir endilaungu eylandinu Madagaskar, austanverddt við Afríku (sudur álfu), 1.800 fadmar á hæð, beint í lopt upp frá sjóar yfirbordi. Ecki hafa þeir kaupskap við nábúa sýna, en lifa við nauta og fjárrækt, á hrísgrjónum og öðrum aldinum og láta sér þar með nægja. Þeir smíða járn og stál og gjöra sér pílur og boga og hæfa eitt hár með því er þeir kasta.

Um dverga

Dvergur nockur var fæddur í Hollandi árid 1750. Hans nafn var Wybrand Lolkes. Fadir hans var þar fátækur fiski madur. Wybrandi þessum var komid fyrir í kénnslu hjá úrmakara nockrum í Amsterdam og þegar hann hafdi full lært setti hann sig síðar nidur sem úrmakari í Amsterdam. Hvar hann líka gipti sig og átti nockur börn og vóru þaug vel vaxin sem adrar manneskjur. Síðar nockru ferdadist hann um Nordur álfuna með konu sinni til að sýna sig á merkustu skodunar edur sjónar plátzum. Og þá hann með þessum hætti hafdi grædt mikla penínga sneri hann heim aptur til þess stadar hvar hann var fæddur og lifdi þar með fjölskildu sinni.

IV flokkur *Skráðir Dyr* Tab. 38.

I Kynferði
Skjaldur Dyrin



Skaldgræd, pangolinen Quaggelo



Steinætan



Phalanginen eður Långljali

II Kynferði *Skjaldur Dyrin*



Össjarda Dyr



Armadill, 5 Ta'adur og með vig fornam.



Aparinn



Cachicama

× 8. Belladi Armadill. Dasypus Octocinctus

II. hluti

Ulonata

Sjálín kjálka Dyr

Tab. I.



Acheta domestica

Kellara Sleggja Dilla



Gryllobatra

vulgaris

Sleggja tritla 2. Sjús Siriza

Gard = Sirabbi



Phyllium folium

Sahel Svras hoppa
Locusta Viridissima



Cingisprella



Mantis Religiosa
Skrelerin

Bangandi = Hlad.

Sigurður Gylfi Magnússon

Hvað er kengúrudýr?

Furður veraldar og skapandi rými íslensks hversdagslífs

Rannsóknin

Hvað er kengúrudýr og hvernig skyldi það nú líta út? Hvað eru mannbreytingar og hvernig skyldu slík vísindi virka? Maður með hala; hvar skyldi hann vera að finna? Um miðja 19. öld sat bóndi einn í torfbæ og velti fyrir sér spurningum af þessu tagi. Jón Bjarnason bóndi í Þórormstungu í Vatnsdal virðist hafa verið haldinn óslökkvandi fróðleiksþorsta. Hann horfði til nágranna sinna og vildi leggja áherslu á að þeir fengju að reyna sömu hluti og hann átti kost á að njóta í gegnum svör sín við álíka spurningum. Þetta er vitað vegna þess að Jón bóndi tók saman níu binda alfræðiverk um undur veraldar. Efni verksins er að sönnu óvenjulegt en sambland texta og mynda gerir handritið nánast einstakt í sinni röð í íslenskri handritaflóru 19. aldar. Þau tengsl verða viðfangsefni þessa hluta bókarinnar.

Svarið við spurningunni sem kastað er fram í titli kaflans: Hvað er kengúrudýr? er gefið skilmerkilega af Jóni bónda í alfræðiriti sínu sem unnið var á árunum 1845–1852.¹ Lýsing Jóns á þessu fjarlægga dýri er svohljóðandi:

Kengúrudýrid

Iaculus giganteus

Þetta dýr er að finna í Nýja Hollandi. Herra Bank uppgötvadi það á Nýju Sudur Walles, sem er austurströnd Nýja Hollands, hvar hann sá hópa af þeim og kölludu innbúarnir það patagarang en víðast hvar hefur það kengúru dýrs nafnid.

Dýr þetta er á stærð við saud kind. Í efri skolti hefur það sex breidar enn í hinum tvær langar mjóar framtennur, aungva vígtönn, fimm jaxla í hvorjum kjálka. Sumt af tönnum þess líkist hesta og sumpart rottu kynferdisins. Jaxlarnir helst svínanna og þó sumpart jórturdýranna.

1 ÍBR 67–73 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.



Mismunurinn á fremri og afturfótum er merkilegur: Í mót því sem framfætur eru átta þumlunga lágir eru sumir nokkud yfir 30 og þessi mismunur eykst því meir sem dýrid stækka. Því þá þaug fæðast eru allir fætur jafnlágir en síðan taka þeir aptari til að stækka. Allir hinir engelsku sem þar hafa haft þá ánægu að sjá þetta dýr lifandi seigja það gángi upprétt á afturfótunum alleina en brúki hinar til að grafa

eda að taka upp með eins og höndum. Halin er og stuttur þá dýrid fædist en stækkar eins og apturfætur þess og verður að síðustu jafnlangur kroppi. Í sátri eru þaug hér um bil fimm fet og átta þumlunga há. Eitt þessara sem capteinn Hunter lét skjóta vóg 14 fjórdunga. Frammfætur þess voru átta þumlungar en aptur fætur 40 að lengd. Læri stutt, tær á aptur fótum sínast vera þrjár enn við nákvæma skodun finnast fleiri, midtáin er leingst. Í þessum hefur einsmikla krapta sem strútgin. Á þeim stuttu fram fótum edur höndum eru fimm tær edur fingur þar af er sá í midjuni leingstur. Hinir þadan frá minni og minni allir með beittum nöglum og lögudum til að halda á og grípa til með. Framfætur sitja hátt uppi við háls og eru þar fast við kroppin. Herdablöd mjög lítil og valla þekkjanleg. Enn svo mjór og þunur sem kroppurinn er gildnar hann því meir og meir sem aptur eftir dregur: Hárallitur er dökk músgrár. Halin er gildastur við kroppin og mjókkar sem til endans dregur, hann er því sem varnar verkfæri. Í honum hefur dýrid þá krapta sem géta fótbrotid mann. Þar með gangur dýrsis er að hoppa á apturfótum án þess að snerta jörð með hinum. Höfud þessa dýrs er lítið í samanburði mót kroppnum og frammjótt eyru laung og uppreist enn hálsinn þunnur sem á mjóhundi. Sex til átta álna hoppar það í einu en 15 álnir gétur það leingst stökkid. Þegar það hoppar slær það halanum í loptid til að flýta ferd sinni samt tekst hinum stóru hundum að innhenda það. Enn þá drepur það hundin með því að rífa hann í hel með apturfótar stóru klónni. Og slá kan til dauða þó að það sé grimmur hundur sem bítur í háls þess. Þá rífur það hann burt þadan með framfótum til að geta haft hann undir sig og ná í hann með aptur fótunum. Má þá veidi maður strax vera við höndina til að skjóta dýrid og frelsa hundin, anars er útgjört um hann. Líka getur það frelsað líf sitt og fordad sér með að stökkva sem fló. Það lifir á jurtum og plöntum og er þá á fjórum fótum þegar fær sér gras og fæduna ber það í munni sér með framfótunum. Uppreist er það á hæð hálftr þridja alin. Kjöt þess þikir gott til matar: Það hefur mestan krapt í aptari hluta kroppsins. Kengurudýrin halda sig í hópum 10 til 30 með gömlum fyrirlida. Þaug eru hin stærstu pung dýr og hin vöxtuglegustu spen dýr í Nýja Hollandi. Þaug eru hæglát og grasetandi. Færd til Nordur álfu þrífast þaug vel og fjölga. Ganga með fóstur 36 daga, fæda einn unga blindan rúmlega þumlungs langan og færir hann með trínu sínu til töskunar. Enn á meðan heldur það henni opinni með framfótunum og yfir unganum til ein hverra sinna fjögurra spena hvorjum hann sleppir ecki þar til hann yfirgefur töskuna

og er vel sjálfum sér bjargandi. Þá hann er alin á leingd hefur hann opt sjest smjúga inn í töskuna bæði til að sjúga og skýla sér.¹

Umfjöllun Jóns er athyglisverð og myndin sjálf talar sínu máli. Dýrinu eru gerð skil bæði í máli og mynd þannig að lesandinn getur áttað sig á tilvist þessa furðudýrs, jafnvel þótt sá hinn sami hafi aldrei hleypt heimdraganum. Teikningin er stílhrein og svipbrigði dýrsins eftirtektarverð, eiginlega fær það mennskt yfirbragð rétt eins og mörg önnur dýr sem hann teiknar upp. Það kemur ekki beinlínis fram hvort þetta sé mynd eftir Jón sjálfan en við nánari athugun kemur í ljós að svo sé. Inn á myndina er nefnilega ritað: „Kengúru dýrid í Nýa Hollandi eftir hinni bestu afmálun þess, af Schouws og Eschrichts“. Sem sagt fyrirmyndina hefur hann sótt í rit J. S. Schouw og D. F. Eschricht, *Afbildninger af dyr og planter* sem kom út í Kaupmannahöfn 1844, ári áður en hann hóf vinnslu síns verks.² Það þarf ekki að orðlengja það að ef myndin er borin saman við ljósmynd af lifandi kengúru þá er næstum því hægt að álykta að um tvær mismunandi dýrategundir sé að ræða. Verk Jóns er auðvitað hans hugarfóstur þrátt fyrir fyrirmyndina en samt heiðarleg tilraun til að koma „hugmyndinni“ um þessa tilteknu dýrategund til skila til lesenda verksins. Þannig var og um margar aðrar dýrategundir sem hann teiknaði upp – strangt til tekið er oft frjálstlega farið með útlit þeirra. Beinabygging dýrsins kemur glögglega í ljós í meðförum Jóns og afslöppuð staða þess ásamt skuggum og áferð feldsins gerir myndina skiljanlega í samhengi textans. Að hugsa sér íslenska alþýðu á þessum tíma, og viðbrögð hennar við upplýsingum af þessu tagi, sem hafði jafnan fábreytta og hefðbundna hversdagshluti fyrir framan sig sem mótuðu hugmyndir hennar um lífið og tilveruna. Kynni af dýri eins og kengúru, í gegnum lýsingu Jóns og teikningu, hljóta að hafa haft veruleg áhrif á hugmyndir fólks um veröldina og það sem í henni er.

Fyrirfram ímyndum við okkur að alþýða manna hafi fyrst og fremst verið undir áhrifum frá sagnaarfinum, að hann hafi verið drífandi afl í hugsun fólks og gjörðum. Í ljós kemur að áhrifin bárust víða að. Eitt er víst að hóp-ur Vatnsdælinga átti þennan aðgang að veröldinni í gegnum handrit Jóns bónda. Fullyrða má að heimurinn hafði snert líf fólks á þessum slóðum, opnað fyrir sjónarhorn sem ekki var auðfundið, jafnvel hjá fróðleiksfúsum lesendum. Sú staðreynd er áhugavert íhugunarefni og breytir hugmyndum okkar um sjóndeildarhring alþýðunnar á þessum tíma. Hafa verður í huga að

1 ÍBR 68 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

2 Samanburður milli frummyndar og eftirmyndar verður gerður í lokakafla þessa þáttar bókarinnar.



verkið er samið fyrir tíma almennrar útbreiðslu útgefins ritaðs máls meðal alþýðumanna. Lestrarfélögin sem settu svip sinn á síðustu áratugi 19. aldar voru ekki komin til sögunnar og tímarita- og bókaútgáfa var í skötulíki.¹

¹ Sjá umfjöllun um þessa þætti á eftirfarandi stað: Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*. Sagnfræðirannsóknir 13 (Reykjavík, 1997), bls. 69–164. Sjá einnig: Steingrímur Jónsson, „Prentaðar bækur.“ *Íslensk þjóðmenning VI. Munnmenntir og bókmenning*. Ritstjóri Frosti F. Jóhannesson (Reykjavík, 1989), bls. 91–115.

Með nokkurri einföldun má segja að trúarlegt efni hafi yfirgnæft bókaútgáfunna á þessum tíma. Nú má spyrja: Hvaða merkingu hafði þessi aðgangur að heiminum og himingeiminum fyrir þá sem báru sig eftir björginni?

Á íslenskum alþýðuheimilum voru handrit – uppskriftir af alls konar efni – gjarnan lesin upp í heyranda hljóði og rædd fram og til baka af heimilismönnum. Þetta kemur skýrt fram í fjölmörgum persónulegum heimildum (einkaskjölum) sem varðveist hafa frá 18., 19. og jafnvel 20. öld.¹ Í formála Jóns kemur fram að hann hafði lesendur í huga þegar hann tók saman sitt rit. Jón vildi að bækurnar væru látnar ganga á milli bæja og þær lesnar. En það sem við vitum ekki er hvað fólki fannst um efni þeirra. Viðfangsefni þessa kafla er að velta fyrir sér mögulegum áhrifum þessa efnis á hugsun fólks og þau skilyrði til skapandi hugsunar sem það gaf.

Hugmyndin í þessum kafla er sú að beina sjónum fyrst og fremst að myndefni verksins og kanna hvaða merkingu það hafði; hvað teikningarnar sýndu og hvernig þær báru upplýsingar um framandi heima inn í baðstofur íslenskra heimila rétt eftir öndverða 19. öld. Óhætt er að segja að efnið sé ríkulegt og margslungið – í alla staði óvenjulegt í samhengi tímans sem skapar það. Myndirnar eru samtals um 520 eins og fram kemur í tilvitnuninni hér á eftir og skiptast í nokkra flokka:

1. Myndir sem Jón hefur klippt út úr útgefnu efni sem hann hefur komist yfir.²
2. Myndir sem hann hefur teiknað nákvæmlega eftir öðrum fyrirmyndum.
3. Myndir sem hann hefur dregið upp eftir sínu besta hyggjuviti, án þess að hafa beinar fyrirmyndir í kollinum nema af frásögn.

Um myndanotkun sína hefur Jón þetta að segja í formála sínum að verkinu:

- 1 Sjá væntanlega bók okkar Davíðs Ólafssonar sem fjallar um mikilvægi handrita á síðari hluta nýaldar og verður gefin út hjá breska forlaginu Routledge árið 2015: Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, *Minor Knowledge and Microhistory. Manuscript Culture in the Long 19th Century*. Sjá einnig fyrri verk okkar eins og: Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, „Barefoot Historians: Education in Iceland in the Modern Period.“ *Writing Peasants. Studies on Peasant Literacy in Early Modern Northern Europe*. Ritstjórar K.-J. Lorenzen-Schmidt og B. Poulsen (Århus, 2002), bls. 175–209.
- 2 Guðrún Ingólfsdóttir nefnir í doktorsritgerð sinni að þekkt sé að límdir hafi verið „inn í handrit skrautstafir, bókahnútar og myndir úr prentuðum bókum“. Guðrún Ingólfsdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“: *Handritasýrpur – bókmenning, þekking og sjálfsmynd karla og kvenna á 18. öld* (Reykjavík, 2011), bls. 101.

Fígurur edur uppdrættir yfir dýrin hefur reint verid til að fá sem flesta og setja í bókina. Sumar mindirnar eru kliptar úr þýskum minda bréfum og límdar á töblurnar og teiknadar með A. Þær sem eru uppdrægnar eptir öðru málverki á töblurnar teiknast með B. Enn þær mindir sem gjördar hafa verid eptir eigin hugmind út af lýsingunni merkjast með C. Enn bækur þær sem ritarin hefur fyrir sér haft með málverki telja uppdráttarins hafa þessar hinar markverdugastar verid. Schouws og Eschrichts Afbildningar af dyr og planter. Bók sú hefur eckta málverk edur lifandi afmálanir. Eptir uppdráttum hennar eru 3 fyrstu apategundirnar, þar næst rélzebub og hvít ennadi makin, bádar fíla tegundirnar og nikurin, kúdu og gnú dýrid, dró medarin og kamel geitin, crocuta og landbjörninn, þvotta og rafa björninn, fara ons rottan, cáplenska stækju dýrid, spríng hjerin, tösku dýrid, stjörnu moldvarpan, hamstarin, apa eikhornin, hestshónósinn, langeyran og vampýran, bifurin, spidsmúsin, nødru og þef dýrid, vödu selurin, rostungurinn, sljettbakurinn og nár hvalurinn. Sú ó autoriserada danska nátt úru frædi bók af 1819 hafði og svo eckta málverk eptir hvörju nockrar dýra mindir vöru uppdrægnar. Raffs náttúruhistoria fyrir börn af 1811, hafði sú bók mý marga uppdrætti, en ecki gott málverk. Hjer að auk hefur notad verid að minda eptir öðrum dýra uppdráttum sem komid hafa fyrir í ímsum bókum öðrum og á þrikum minda bréfum. Manna mindirnar á 8 fyrstu töblunum hefur S^{ma} Magnús sál. sem prestur var seinast í Stein nesi uppdrægid eptir danskri minda bók sem honum hafði að höndum borist. Uppdrættirnir yfir dýrin í þessari bók verda herum bil 410 að með töldum öllum hesta, hunda og refa mindunum. Enn manna mindirnar verda yfir 110 að tölu.¹

Teikningarnar í alfræðiverkinu eiga það sameiginlegt að vera mjög áhugaverðar hver með sínum hætti. Ég hef ekki beinlínis áhuga í þetta skiptið á fagurfræðilegu gildi þeirra þó svo að vart verði hjá því komist að meta kosti þeirra sem slíkra og full ástæða til að gefa þeim þætti gaum.² Athygli mín í

1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

2 Flest það sem hefur verid skrifad um teikningar í handritum frá síðari öldum fjallar um handrit sem hafa verid unnin af listamönnum eða bókagerðarfólki – hins lærða samfélags. Minna hefur verid fjallað um teikningar alþýðufólks frá þessum tíma. Sjá tvö áhugaverð ritgerðarsöfn um starfsemi fyrri hópsins: *The Revival of Medieval Illumination. Nineteenth-Century Belgium Manuscripts and Illuminations from European Perspective*. Ritstjórar Thomas Coomans og Jan De Maeyer (Leuven, 2007) og *Manuscript Illumination in the Modern Age: Recovery and Reconstruction*. Ritstjórar Sandra Hindman og Nina Rowe (Evanston, IL, 2001).



Þessum kafla beinist fyrst og fremst að framandleika viðfangsefnisins sem birtist í teikningunum. Ég hef löngun til að skoða hvaða mynd Jón bóndi kýs að draga upp af þeim fyrirbærum sem verið er að fjalla um. Ekki þó til að sannreyna hversu nákvæmar teikningar hans eru heldur mikið frekar að skoða það samhengi sem þær eru settar í. Ég hef áhuga á að meta líkleg áhrif teikninga hans á þá sem borið hafa þær augum á sínum tíma. Eitt er víst að hin myndrænu áhrif hafa verið gríðarlega mikil þar sem heimur 19.



aldar á Íslandi var því sem næst laus við þá miðlunarhætti sem myndefni býður upp á. Það eitt að hafa aðgang að mynd sem gefur til kynna hvernig kengúrur hafa litið út hefur gjörbreytt möguleikum fólks til að skilja fyrirbærið þótt skrifleg lýsing á því hafi legið fyrir og verið lífleg.

Nokkuð kemur á óvart hve stór hluti myndanna er ættaður úr hugarfylgsnum Jóns bónda. Töluvert af myndum eru þó ekki merktar með þeim hætti sem hann lýsir hér að ofan og ekkert fer á milli mála að fyrirmyndirnar eru oftast fengnar úr bókum sem hann hefur orðið sér úti um. Þegar allt kemur til alls skiptir samhengið sem teikningunum er skapað innan verksins mestu máli, það vekur í það minnsta helst athygli mína. Í þeim skilningi skiptir samspil texta og mynda máli enda mun því einnig verða gerð skil hér í bókinni.

Í þessum kafla verður í fyrsta lagi byrjað á því að ræða tengslin á milli nær- og fjærumhverfisins, þess sem nefnt hefur verið annars vegar byggðasjónarmið og hins vegar hið hnattræna sjónarhorn (e. *local v. global perspective*). Á síðustu tveimur áratugum eða svo hefur hin hnattræna afstaða allra hluta verið metin í sögulegu ljósi, meðal annars út frá aðstæðum heima í héraði. Á Íslandi hefur sú afstaða verið ríkjandi að saga lands og þjóðar sé alveg einstök, að hana sé vart hægt að bera saman við aðstæður annarra landa. Svo einangrað hafi landið verið. Oft er í þessu sambandi vísað til hins forna menningararfs og áhrifa sem hann hefur haft á land og lýð.

Hinn íslenski þjóðernissinnaði skóli í hugvísindum byggðist á þessum rök-um langt fram eftir 20. öld.¹ Ég hef hugsað mér að koma að þessu efni úr annarri átt og tengja við nýjustu fræðaumræðu um samhengi nær- og fjær-samfélagsins, horfa aðallega til framánda landa í gegnum hið skapandi auga Jóns bónda.

Í öðru lagi verða teikningar Jóns bónda skoðaðar, nokkrir tugir þeirra birtar og sumar þeirra ræddar út frá textanum sem þær vísa til. Samhengið á milli teikninga og texta er merkilegt en fyrst og fremst verður horft á mikil-vægi hinnar listrænu miðlunar í tengslum við íslenskt 19. aldar samfélag. Þar er af nægu að taka.

Í þriðja lagi verða bæði texti og teikningar Jóns bónda settar í samhengi hins „skapandi rýmis“ (e. *creative space*) 19. aldar. Þar verður bæði hugað að því hvað ýtti fólki út í sköpun texta af þessu tagi og svo hvaða áhrif hann hafði á þá sem nutu hans. Hið skapandi rými aldarinnar er afar áhugavert viðfangsefni vegna þeirrar fjölbreyttu útrásar sem íbúar landsins fengu í sínu fábreytta hversdagslífi. Ég hef hugsað mér að nýta þessi hugtök – nær- og fjær-samfélag, teikningar og skapandi rými – til að skoða þann menn-ingarlega bakgrunn samfélagsins sem fólk á þessum tíma þreifst í.

Jón bóndi er vissulega ákveðin ráðgáta. Hvernig sem á hann og verk hans er litið vakna spurningar sem erfitt er að svara. Um leið veita heimild-irnar sem hann skildi eftir sig, bæði þær sem hann hefur unnið og þær sem um hann hafa varðveist, einstakt tækifæri til að skoða hugarheim hans og samferðamanna. Umheimurinn var hans viðfangsefni, bæði jarðarkringlan og sömuleiðis allt umhverfi hennar. Veruleiki hugsunar hans bregður ljósi á lífsafstöðu fólks á 19. öld og þau tækifæri sem það hafði til að draga umheiminn inn í baðstofuna heima.

Alheimurinn nær og fjær

Á undanförnum árum hefur átt sér stað heilmikil umræða í heimi sagnfræð-innar um það sem nefna mætti tengsl staðbundinnar þekkingar og fjarlægðar (e. *local v. global*); hvert sambandið var á milli þessara tveggja póla og hvaða áhrif framánda heimar höfðu á fólk heima í héraði.² Ég hef lengst af

- 1 Sjá: Sigurður Gylfi Magnússon, „Íslensk sagnfræði 1980–2005: Yfirlit.“ *Frá endurskoðun til upplausnar. Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda*. Ritstjórar Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 2006), bls. 211–260.
- 2 Um hugtakið „local history“ má margt fræðast í eftirfarandi ritsmíðum: William D. Rubenstein, „History and ‘amateur’ history.“ *Making History: An Introduction to the History and Practices of a Discipline*. Ritstjórar Peter Lambert og Phillipp Schofield (London, 2004), bls. 272–278; Carol Kammen, *On Doing Local History: Reflections on What Historians Do*,

verið heldur áhugalítill um þessar fræðilegu nálganir og haldið mig að mestu við það sem nefnt hefur verið á ensku „microhistory“ en hefur verið þýtt á íslensku sem *einsaga*.¹ Ég hef talið farsælast fyrir sagnfræðinga að einbeita sér að hinum smáu rannsóknareiningum og reyna að skilja gangverk þeirra af eins mikilli nákvæmni og kostur hefur verið. Þar hef ég talið falda möguleika fræðigreinarinnar finnast. Viðfangsefni Jóns bónda Bjarnasonar eru dæmigerður efniviður fyrir slíkar áherslur. Á undanförunum misserum hefur hugur minn leitað á ný mið – meðal annars vegna rannsóknar minnar á fjölbíndaverki Jóns bónda – og ætla ég að gera örstutta grein fyrir þeirri stefnubreytingu hér.

Í desemberhefti bandaríska sagnfræðitímaritsins *American Historical Review* (AHR) frá 2013 eru birtar áhugaverðar samræður nokkurra sagnfræðinga frá ólíkum fræðasviðum þar sem spurt er hvort eða hvernig stærð rannsóknareininga skiptir máli („How Size Matters: The Question of Scale in History“).² Í stuttu máli sagt taka þeir fimm sem voru þátttakendur í samræðunum af skarið um að „stærðin skipti máli“, hver þó með sínum hætti. Umræðuefnið var ekki aðeins heims- og hnattræn saga, heldur voru einnig tekin til athugunar hugtök eins og „transnational“ saga. Það hugtak er erfitt að þýða á íslensku en því er ætlað að draga fram óljós skil á milli tveggja ólíkra menningarheima sem skarast af einhverjum ástæðum. Stundum hefur þessi tegund sagnfræði verið nefnd „þverþjóðleg saga“ sem ekki getur talist góð þýðing því hinu þjóðlega hugtaki er í reynd hafnað með „þverþjóðlegu“ nálguninni (e. *transnational*).³

Why, and What it Means (Walnut Creek, Calif., 2003); Louis Mumford, „The Value of Local History.“ *The Pursuit of Local History: Readings on Theory and Practice*. Ritstjóri Carol Kammen (Walnut Creek, Ca., 1996), bls. 86–87.

- 1 Sigurður Gylfi Magnússon og István M. Szijártó, *What is Microhistory? Theory and Practice* (London, 2013); Sigurður Gylfi Magnússon, „The Singularization of History: Social History and Microhistory Within the Postmodern State of Knowledge.“ *Journal of Social History* 36 (2003), bls. 701–735; Kristján Mímisson og Sigurður Gylfi Magnússon, „Singularizing the Past. The History and Archaeology of the Small and Ordinary.“ *Journal of Social Archaeology* 14:2 (2014), bls. 131–156. Sjá einnig: Carlo Ginzburg, *Clues, Myths, and the Historical Method*, þýðing J. og A.C. Tedeschi (Baltimore, 1989). Þessi síðastnefnda bók inniheldur nokkrar af þýðingarmestu greinum einsögunnar en sú best þekkt er: „Clues: Roots of a Evidential Paradigm“, bls. 96–125.
- 2 „AHR Conversation: How Size Matters: The Question of Scale in History.“ Þátttakendur: Sebouh David Aslanian, Joyce E. Chaplin, Ann McGrath og Kristin Mann. *American Historical Review* 118:3 (December 2013), bls. 1431–1472.
- 3 Sjá umfjöllun um „transnational“-hugtakið í eftirtalinni grein: Bernhard Struck, Kate Ferris og Jacques Revel, „Introduction: Space and Scale in Transnational History.“ *The International History Review* 33:4 (2011), bls. 573–584. Þeir skilgreina fyrirbærið með eftirfarandi hætti: „Transnational history can actually be seen as an umbrella perspective that encompasses a




Enn er ótalið hugtakið „djúpsaga“ (e. *deep history*) sem vísar til for- sögulegra rannsókna; hugtak sem krefst þess af sagnfræðingum að þeir hugsi ekki aðeins í árum eða öldum heldur yfir mikið stærri tímabil þróun- ar- og jafnvel sköpunarsögu alheimsins. Hið franska hugtak Annálaskól-

number of well-established tools and perspectives such as historical comparison, (cultural) transfers, connections, circulations, entangled or shared history as well as a modern form of international history“ (bls. 573). Sjá einnig annað gott dæmi um þessa tegund sagnfræði: Lara Putnam, „To Study the Fragments/Whole: Microhistory and the Atlantic World.“ *Journal of Social History* 39:3 (2006), bls. 615–630.

ans, „longue durée“, sem vísar til þróunar stórra sviða yfir löng tímabil og er gjarnan nýtt þegar formgerð samfélagsins er rannsökuð, kom einnig til umræðu í samræðu sagnfræðinganna sem og einsögu- og fjölsögutengingar (e. *micro/macro history*) innan hug- og félagsvísinda. Loks kom einnig til tals það sem nefnt hefur verið „risasaga“ (e. *big history*), en hún vísar til sögulegrar umfjöllunar sem teygir sig yfir hvorki meira né minna en 10 og 20 milljarða ára! Sem sagt, allt sem tengist tímalengd og rými (e. *scale and space*) varð tilefni til umræðna á þessum vettvangi, en hvort tveggja má telja til klassískra viðfangsefna sagnfræðinnar.

Ekki má gleyma þeim sem fara í hina áttina, ef svo má að orði komast, skoða líffræði mannsins og þar á meðal heilabúsins. Þá er hugað að því hvernig hugsunin verður til og hvaða möguleika heilinn hefur til að vinna úr því efni sem að mannskepnunni sækir. Slíkar fræðitilraunir taka rannsóknarspurningarnar í átt að taugavísindalegri nálgun í sagnfræði (e. *neuroscientific turn*) sem Daniel Lord Smail, prófessor í Harvard, hefur farið fyrir. Hann rannsakar einmitt formgerð menningarinnar og metur hvernig hún mótar starfsemi heilans.¹ Í einhverjum skilningi má einnig nefna þessa nálgun „djúpsögu“ þó haldið sé á djúpið eftir öðrum leiðum niður tímaskalann.

Nýjasta tækni – tölvutæknin og miðlunarleiðir hvers konar – hefur auðvitað gjörbreytt möguleikum vísindamanna til að skilja hugtök eins og *tíma*, *rými* og *stærðir* í sögulegu ljósi. Ekki má heldur gleyma gjörbreyttum samskiptaháttum samtímans sem hafa sett ofangreind hugtök í alveg nýtt samhengi. Heimshorna á milli berast boð um stóra og smáa atburði sem hvetja vísindamenn til að huga að tengingum á milli svæða í fortíðinni.



1 Daniel Lord Smail, *On Deep History and the Brain* (Berkeley, 2008).

Vængjædder Insectir 2: Flugin:

Tab. 7.



Bladlusar Flugan
Syrphus ribesii



Besta fluga
Euprobosca æquiva



Rosar bladhuver
Phytotoma Rosarum



Reithamshin
Vespa Vulgaris



Vatrus
Repa Skorpjon
Cinerea



Rosar Bladlus
Aphis Rosae



Revan tagan
Pentatoma prasina



Snid tagan
Gerris lacustris



Bombardar
biller



Plastur billan



Spragrasinn



Smírfil
billan


Í stuttu máli sagt verður varla fram hjá því lítið að sagnfræðingar eru beinlínis neyddir til að velta fyrir sér framangreindum hugtökum af mun meiri ákafa en nokkru sinni áður. Ofangreind rök eru meginástæðan fyrir sinnaskiptum mínum; ég fann mig knúinn til að skoða stóra samhengið betur. Það er hins vegar enn mikið álitamál hvernig það er gert og hvort árangur af slíkum könnunum geti hjálpað sagnfræðingum við að skilja liðna tíð.

Þrátt yfir margvíslegar nýjar fræðitilraunir sem tengjast tíma og stærðum rannsóknaeininga, virðist mér að heimssagan sé enn í fullu gildi sem fræðileg aðferð (samanber umræðuna í AHR). Auðvitað sætir það tíðindum þar sem hinar stóru formgerðu rannsóknir – í anda stórsögunnar (e. *grand narrative*) – hafa verið gagnrýndar af miklum móð í það minnsta síðustu 20 árin innan sagnfræðinnar.¹ Af þeim ástæðum kemur á óvart mikill áhugi á ritun hattrænnar sögu (e. *global history*) sem vart hefur orðið á síðari árum eins og áður var lýst. Eitt er víst að ég er sannfærður um að ef við viljum láta reyna á sögulegt hugmyndaflug okkar í „djúpsögu“, verðum við að setta okkur við að geta okkur mun meira til um niðurstöður rannsókna án þess að hafa í höndunum óbyggjandi eða haldbærar sannanir fyrir þeim fullyrðingum sem fram eru settar. Slíkt er auðvitað mikil fræðileg áhætta þar sem hefðbundnum leiðum og aðferðum sagnfræðinnar er þá gefið langt nef. Rétt eins og sagnfræðingurinn Ann McGrath staðhæfði í umræðunni um stærð rannsóknaeininga í AHR, er hætt við að sagnfræðingar verði að grípa til óhefðbundinna aðferða til þess meðal annars að greina heimildir sem koma úr umhverfinu (náttúrunni). Hún telur að erfitt geti verið að finna fjölpjódlegum skilningi stað á fyrirbærum eins og tíma og rúmi, skilningi sem gæti búið yfir sameiginlegum hugmyndum um *sannleika* fyrir öll menningarsvæði.² En þar stendur ef til vill hnífurinn í kúnni; viðfangsefnið er heillandi en tækin til að nálgast það eru enn ófullburða. Mér er í það minnsta ekki alveg ljóst hver ávinningurinn er af þessari útþenslustefnu fræðanna fyrir almenna sagnfræðilega greiningu.

Þegar allt kemur til alls hefur krafa samtímans um að hugsa í hnattrænu samhengi haft augljós áhrif á sagnfræðina rétt eins og ríkjamyndun gerði á 19. öld um heim allan. Þá sögu höfum við einmitt fjarlægst á liðnum árum. Ástæðan fyrir því er sú að margir sagnfræðingar misstu trúna á þeirri leið

1 Hér er hægt að nefna fjölmargar rannsóknir sem fjalla um vanda stórsögunnar en eitt verk verður látið duga: Robert F. Berkhofer, Jr., *Beyond the Great Story. History as Text and Discourse* (Cambridge, Mass., 1995). Sjálfur hef ég fjallað um fyrirbærið víða í verkum mínum. Sjá til dæmis: Sigurður Gylfi Magnússon, *Sögustríð. Greinar og frásagnir um hugmyndafræði* (Reykjavík, 2007).

2 „AHR Conversation: How Size Matters: The Question of Scale in History“, McGrath, bls. 1442.



að byggja sagnfræðilega greiningu á stórsögulegri nálgun. Tilraunir til að segja sögu stóra samhengisins misstu flugið og þess í stað sneru margir sér að rannsóknum á hinum smáu einingum. Spennan á milli hins stóra og hins smáa í fræðilegum viðfangsefnum varð á tímabili nær allsráðandi í heimi hug- og félagsvísinda.

Vandamálin við þessar nálganir allar sem ræddar eru hér að framan eru aðallega tvenns konar. Í fyrsta lagi fjarlægðin frá frumheimildunum og í öðru lagi sú staðreynd að fólkið sjálft, einstaklingana, vantar í þessar fræðilegu rannsóknir. Allt frumkvæði eða atbeini (e. *agency*) sem fólk sýnir vanalega í daglegu lífi sínu hverfur í þessum rannsóknarmódelum. Ég er þeirrar skoðunar að þegar við stækkum rannsóknarskalann upp úr öllu valdi (e. „*supersize*“ *the scale*) missum við tækifærið til að nýta okkur þessi tvö grundvallaratriði hinnar sagnfræðilegu greiningar; *frumheimildir* og *frumkvæði fólks*. Fræðimenn á borð við Sebouh David Aslanian hafa bent á að þeir sem aðhyllast bæði heims- og hnattræna sögu hafi ekki enn komið fram með rannsóknarlíkan sem gerir grein fyrir því hvernig sagnfræðingar sem vinna á þessum sviðum geti stundað frumrannsóknir.¹ Því spyr hann: „... hvað geti talist verið víðeigandi skjalasafn fyrir heimssögulegar rannsóknir?“² Þessari og öðrum álíka spurningum svarar hann með þeim hætti að benda á að nauðsynlegt sé að líta svo á að bæði rannsóknir og gagnrýnin greining byggðist á nákvæmri skoðun handrita og skjala. Þar gildir að lesa heimildirnar af nákvæmni og hafa jafnvel tök á ólíkum tungumálum. Þannig er hægt að byggja upp röksemdafærslur sem ná til tengsla milli fyrirbæra sem eru til rannsóknar; samanburðar á milli þeirra og samskipta fólks sem kemur þar við sögu. Hann bendir jafnframt á að ef þetta hafi vafist fyrir þeim sem leggja stund á heimssögulegar rannsóknir sé rétt hægt að ímynda sér hvaða áhrif kannanir á enn stærri einingum hafi að segja.³

Sebouh David Aslanian gerir annan mikilvægan hlut að umtalsefni, nefnilega að það sé öfugt hlutfall á milli stærðar greiningasviða og sýnileika fólks þar sem áhrifa þeirra gætir; því stærra sem sviðið er þeim mun minni eru áhrif fólksins á hina sögulegu framvindu eins og henni er lýst í sagnfræðirannsóknum.⁴

1 „AHR Conversation: How Size Matters: The Question of Scale in History“, Sebouh David Aslanian, bls. 1444.

2 „AHR Conversation: How Size Matters: The Question of Scale in History“, Sebouh David Aslanian, bls. 1444 – „... what would be an appropriate archive for world history?“

3 „AHR Conversation: How Size Matters: The Question of Scale in History“, Sebouh David Aslanian, bls. 1444.

4 „AHR Conversation: How Size Matters: The Question of Scale in History“, Sebouh David Aslanian, bls. 1444.

Ofangreindur vandi hefur verið mörgum fræðimönnum hugleikinn. Í sérhefti tímaritsins *International History Review* frá árinu 2011 kom fram sú skoðun í inngangskafli að kostirnir við að nota aðferðir einsögunnar (e. *microhistory*) við rannsóknir á þverþjóðlegri sögu og/eða heims- og hnatt-rænnar sögu væru einkum þrír:

- a) Það opnast fyrir þá möguleika að koma fólki og atbeina þeirra á svið sögunnar á ný í hina sagnfræðilegu greiningu (e. *actors and agency*).¹
- b) Það opnast fyrir þann möguleika að gera einstaklingum skil sem lifðu alþjóðlegu lífi (e. *global lives*), ferðuðust á milli heimshluta á fyrri öldum og sögðu frá reynslu sinni.²
- c) Það opnast fyrir þann möguleika að stökkva á milli sjónarhorna, þess stóra og þess smáa, frá risastórum spurningum yfir í einsögulega greiningu, atviksskoðana (e. *case studies*) og rannsókna á formbyggingu samfélagsins. Hugmyndin með þessari leið er að fá tækifæri til að fylgja hinni klassísku leið sagnfræðinnar að vinna með frumheimildir en samt að horfa á stóra samhengið.³

Hér er hægt að taka undir öll áhersluatriðin. Hvert þeirra gerir stórsögulegar rannsóknir, hvaða nafni sem þær nefnast, meira aðlaðandi og fyllri. Samt sem áður finnst mér, rétt eins og Aslanian, vandamálið byggjast á nánast algjörum skorti á textafræðilegri greiningu, gagnrýnni heimildarannsókn sem fer í saumana á fyrirbærunum sem verið er að skoða hverju sinni.⁴ En ef til

- 1 Hér er hugtakið „agency“ notað á sama hátt og William H. Sewell, Jr. gerir með því að halda því fram að það sé skilgreint sem hæfileiki einhvers til að hafa einhvers konar stjórn á þeim félagslegu samskiptum sem fólk finnur sig í sem þýðir um leið að það geti haft áhrif á hvernig þessi samskipti þróast. Sjá: William H. Sewell, Jr., *Logics of History: Social Theory and Social Transformation* (Chicago, 2005), bls. 143–145.
- 2 Ágæt dæmi um þetta eru eftirtalin verk: Natalie Zemon Davis, *Trickster Travels: A Sixteenth-century Muslim between Worlds* (New York, 2006). Sjá sérstaka umfjöllun um mikilvægi þessarar nálgunar hjá Davis í *History and Theory*: „Forum: Holberg Prize Symposium. Doing Decentered History.“ *History and Theory* 50 (May 2011), bls. 188–228. Þátttakendur voru: Natalie Zemon Davis, Joan W. Scott, Bonnie G. Smith, David Abulafia. Fleiri verk hafa verið unnin í þessum anda en staðreyndin er sú að fá dæmi henta til slíkra rannsókna, það er að erfitt er að finna einstaklinga sem hafa lifað jafn óvenjulega fjölbreyttu lífi á fyrri öldum og þeir sem hér hafa verið taldir. Sjá: J-P. A. Ghobrial, „The Secret Life of Elias of Babylon and the Uses of Global Microhistory.“ *Past and Present* 222:1 (2014), bls. 51–93.
- 3 Bernhard Struck, Kate Ferris og Jacques Revel, „Introduction: Space and Scale in Transnational History.“ *The International History Review* 33:4 (2011), bls. 577.
- 4 „AHR Conversation: How Size Matters: The Question of Scale in History“, Sebouh David Aslanian, bls. 1446. Hafa verður í huga að slíka textafræðilega (filólógíska) greiningu er hægt að gera með margvíslegum hætti eins og lesendur munu kynnast hér á eftir. Við förum til

vill er óþarfi að nálgast vandamálið eins og köttur sem fer í kringum heitan graut, líkt og margir sagnfræðingar gera sem tjá sig um málið. Spurningin er einfaldlega þessi: Hvernig er hægt að bregðast við þeim takmörkunum sem heims- og hnattræna sagan hafa?

Viðtæk einsaga

Eftir margra ára tilraunir með þá hugmyndafræði sem ég nefni einvæðingu sögunnar (e. *the singularization of history*), þar sem ég hef lagt ríka áherslu á að fræðimenn einbeittu sér fyrst og fremst að hinum smáu rannsóknareiningum, hef ég komist á þá skoðun að viðfangsefnið verði að nálgast úr annarri átt. Ástæðan fyrir þessari áherslu minni á rannsóknareininguna sjálfa – hina smáu einingu – byggist á þeim tilburðum fjölmargra fræðimanna að teygja athuganir sínar yfir mjög stór rannsóknarsvið; að færast of mikið í fang og missa þannig tækifæri til að skoða einstaka þætti sögunnar af vísindalegri nákvæmni með aðferðum textafræðinnar. Ég taldi að með ítarlegri greiningu á smáatriðunum mætti fá verðmætar upplýsingar um fyrri tíð sem væru byggðar á efni sem ekki væri hægt að nálgast með öðru móti. Við nánari athugun taldi ég að þessi aðferðafræðilega leið þyrfti ekki að ryðja út af borðinu annarri hugsun, því þegar allt kemur til alls vil ég ekki hafna stóra samhenginu. Það er hluti af samtímamenningu okkar og hefur þannig haft áhrif á hvernig vísindi eru nú stunduð.

Ég vil þó taka það skýrt fram að ég tel að sagnfræðin sé ekki vel til þess fallin að skoða stóra samhengið með gagnrýnum hætti og á þeim forsendum sem lágu hefðbundinni sagnfræði jafnan til grundvallar. Þau verkfæri sem fræðigreinin hefur haft upp á að bjóða duga ekki að mínu viti. Það þarf einfaldlega að leita nýrra leiða. Byrja verður á því að viðurkenna að erfitt er að neita þessu sjónarhorni hins stóra samhengis, að láta eins og það sé ekki til. Það verður einnig að horfast í augu við það að stóra samhengið nýtist á margan hátt í samtímanum, meðal annars sem áhrifavaldur á hvernig fyrirbæri eins og einsagan er stunduð. Hér á ég við að þó svo að hin hnattræna saga geti tæplega orðið viðfangsefni einsögurannsóknna, á þann hátt sem oftast hefur verið lagt til, og vísað var til í kaflanum á undan, þá er einsögunálgunin aðferðafræði sem á rætur sínar að rekja til samtímamenningar sem tekur vissulega mið af hinu hnattræna sjónarhorni. Með öðrum orðum, heims- og hnattræn saga hefur óhjákvæmilega áhrif á þá sem horfa

dæmis ekki þá leið að elta uppi fyrirmyndir Jóns og bera þær saman við handrit hans nema að mjög litlu leyti (sjá síðasta hluta þessa kafla). Frekar er hugað að innbyrðis rökum textans og samspili hans og teikninganna sem setja svo mikinn svip á handritið sem hér er til umræðu.



til aðferða einsögunnar þannig að þess sjáist örugglega merki í rannsóknum þeirra sem nýta sér hana. Sama gildir um flest önnur svið mannlífsins nú á tímum.

Spurningin er þá þessi: Hvernig er hægt að vinna skipulega með hið hnattræna sjónarhorn þegar aðferðum einsögunnar er beitt við sögulega greiningu? Ég varpa þessari spurningu fram vegna þess að til skoðunar í



Þessari bók eru handrit Jóns bónda sem krefjast nýrrar fræðilegrar nálgunar ef þau eiga að koma að fullum notum við vísindalega greiningu. Þau vísa nefnilega bæði til staðbundinnar þekkingar á Íslandi og almennrar vitneskju um heiminn. Hér er því kærkomið tækifæri til að skoða hvernig hægt er að glíma bæði við einstaklinginn og hversdagslífið í hans einkarými og umheiminn sem virðist svo fjarlægur en er um leið síkvíkur í lífi fólks frá fyrri tíð.

Í stuttu máli þá hef ég komist að þeirri niðurstöðu að áherslur minna rannsókna verði að vera á hið smáa en á sama tíma verð ég að tryggja að þegar ég beiti hinni einsögulegu greiningu sé hið hnattræna sjónarhorn virkt í rannsókninni. Ég geng út frá því með vissu að hin hnattræna hlið hvers máls hafi haft áhrif á fólk á öllum tímum í sínu nærumhverfi. Það hefur þó gerst með mismiklum þunga. Með öðrum orðum, ég reyni *ekki* að fella aðferðir einsögunnar að hinni fræðilegu umgjörð heims- og hnattrænnar sögu eins og ítalski sagnfræðingurinn Francesca Trivellato leggur til að gert sé.¹ Þess í stað fer ég öfugt að; beiti einsögunni á viðfangsefni mitt – sem jafnan eru hinar smæstu einingar samfélagsins – með öllum þeim tækjum og tólum sem hún býður upp á en með vitund um að efnið sem ég glími við sé beint eða óbeint hluti af mun stærri heild. Ég legg þó áherslu á að stóra samhengið ráði ekki hvernig lífinu vindur fram heima í héraði. Í staðinn

1 Francesca Trivellato, „Is There a Future for Italian Microhistory in the Age of Global History?“ *California Italian Studies* 2:1 (2011), <http://escholarship.org/uc/item/0z94n9hq>. Sjá einnig úrvinnslu svipaðrar hugmyndar í eftirtalinni grein, það er að vinna í stóra samhenginu en minnka og stækka skalann til skiptis (e. „*zoom in and out*“) til þess að fá betri tengingu við „raunverulegt“ fólk og atburði: Bernhard Struck, Kate Ferris og Jacques Revel, „Introduction: Space and Scale in Transnational History“, bls. 577.



lít ég svo á að það skapi forsendur fyrir margvíslegar útfærslur þess.¹ Jafnvel þó svo að viðfangsefnið sé í litlum sýnilegum samskiptum við hinn utanaðkomandi heim þá er hægt að ganga að því sem vísu að allur efnisheimurinn – hlutveruleikinn – sem tengist lífi viðkomandi komi „að utan“. Það er jafnframt hægt að fullyrða að hver manneskja fái alltaf einhverjar upplýsingar um hvernig atburðum og atvikum vindi fram í framandi löndum. Skiptir þar litlu við hvaða tíma er miðað. Sömuleiðis hafa samskipti fólks við „valdið“ áhrif á kynni þess af hugmyndum og hugsunum sem eiga oft rætur sínar að rekja

til ókunnugra staða. Þessi nálgun gefur einsögufræðingnum tækifæri til að leggja sitt af mörkum við rannsóknir á sambandi fólks á milli ólíkra menningarsvæða og sé þannig mikilvægt framlag til athugana á hinu „hnattræna sjónarhorni“.²

Ég hef kosið að nefna þessa nálgun „viðtæka einsögu“ (e. *far-reaching microhistory*) og ef til vill mætti vísa í hugtakið þverstaðbundin saga (e. *translocal history*) í þessu sambandi (í stað þverþjóðlegrar sögu (e. *transnational*)). Viðleitnin byggist í það minnsta á því að horfa frá nærsamfélaginu og út fyrir túngarðinn í stað þess að standa fyrir utan hann og gægjast inn fyrir. Með öðrum orðum, þessi nýja leið næði því tæplega að geta talist til hnattrænnar nálgunar vegna þess að aðferðin sem ég aðhyllist felur í sér það sem bandaríski sagnfræðingurinn Natalie Zemon Davis nefnir „afmiðjunar“-eiginleika (e. *decentered element*) – og flokkast með „afmiðjaðri sagnfræði“ (e. *decentered history*). Samkvæmt skilgreiningu Davis hefur þessi nálgun þau áhrif að sagnfræðingurinn víkkar sjónarhorn sitt,

- 1 Gott dæmi um þessa nálgun: I. Cook og M. Harrison, „Follow the Things: ‘West Indian Hot Pepper Sauce’.“ *Space and Culture* 10:1 (2007), bls. 40–63. Sjá einnig: „AHR Conversation: How Size Matters: The Question of Scale in History“, Sebouh David Aslanian, bls. 1453.
- 2 Oft er vísað til þessara rannsókna með hugtakinu „translocality“. Sjá til dæmis: *Translocality: The Study of Globalising Processes from a Southern Perspective*. Ritstjórar U. Freitag og A. von Oppen (Leiden, 2010).

félagslega og landfræðilega, og gefst þannig færi á að kynna til sögunnar margar og oft mismunandi (andstæðar) raddir sem tengjast rannsóknarverk-efninu en án þess þó að fórna þýðingarmiklum þáttum hefðbundinnar sagnfræðilegrar greiningar.¹ Ég er sannfærður um að hnattræn saga sé ekki eina form sagnfræðilegrar greiningar sem sé heppilegast til að fjalla um liðna tíð í hnatttengdum heimi (samanber skoðun Davis í sinni grein). Með þessari útfærslu einsögunnar tel ég að mér takist að halda í þrjú grundvallareinkenni hinnar sagnfræðilegu greiningar; a) þátt geranda, b) huglægni rannsókna, c) tækifæri til að vinna með frumheimildir og rannsaka sögulega fortíð í hnattrænum heimi.² Þannig hafa líka flestar af athyglisverðustu rannsóknum einsögunnar orðið til.³ Með þessa kenningu og hugtök að vopni tel ég að hægt sé að gera sér betri grein fyrir þeim áhrifamætti sem handrit eins og Jóns bónda um alfræði umheimsins hefur haft á allt umhverfi sitt og samtíð. Þar setur íslenskur bóndi saman verk sem er blanda af alþjóðlegum hugmyndum um sköpun heimsins og þróun tegundanna, trúaráherslum samtíma hans sjálfs og íslenskrí þjóðtrú og hindurvitnum sem höfðu fylgt alþýðunni um langan aldur. Í slíku umróti hugmynda opnast áhugavert sjónarhorn á heim fátæks fólks á Íslandi um miðja 19. öld.


Dýr merkurinnar í máli og myndum

Teikningar Jóns bónda Bjarnasonar eru margar og af ólíkum toga eins og áður hefur verið nefnt. Í verki sínu rekur hann sig eftir dýraríkinu þar sem maðurinn trónir efst. Jón gefur þar svipmyndir af fólki af ólíkum stigum, kynþáttum og trúarbrögðum. Því næst fetar hann sig inn í spendýraríkið, oft

- 1 Natalie Zemon Davis, „Decentering History: Local Stories and Cultural Crossings in a Global World.“ Forum: Holberg Prize Symposium: Doing Decentered History. *History and Theory* 50 (May 2011), bls. 190.
- 2 Sjá grein Carlo Ginzburg um verklag sagnfræðinnar: „Our Words, and Theirs: A Reflection on the Historian’s Craft, Today.“ *Cromohs* (Cyber Review of Modern Historiography), 18 (2013). First gefið út í: *Historical Knowledge. In Quest of Theory, Method and Evidence*. Ritstjórar Susanna Fellman og Marjatta Rahikainen (Cambridge, 2012), bls. 97–119.
- 3 Sjá til dæmis: Judith C. Brown, *Immodest Acts. The Life of a Lesbian Nun in Renaissance Italy* (New York, 1986); Gene Buckner, *Giovanni and Lusanna: Love and Marriage in Renaissance Florence* (Berkeley, 1986); Alain Corbin, *The Village of Cannibals. Race and Murder in France, 1870*, þýðing Arthur Goldhammer (Cambridge, Mass., 1992); Florike Egmond and Peter Mason, *The Mammoth and the Mouse: Microhistory and Morphology* (Baltimore, 1997); Nina Ratner Gelbart, *The King’s Midwife. A History and Mystery of Madame du Coudray* (Berkeley, 1998); Steven Ozment, *Magdalena and Balthasar: an Intimate Portrait of Life in 16th-Century Europe Revealed in the Letters of a Nuremberg Husband and Wife* (New Haven, 1989); Burry Reay, *Watching Hannah. Sexuality, Horror and Bodily De-Formation in Victorian England* (London, 2002).



bæði með nákvæmum lýsingum á einstaka dýrategundum og skýrum teikningum; apar, „brinjud dýr“ (einhvers konar beltisdýr), „snargkleyfd dýr“ (eða þykkhúðuð dýr), „margkleyfdu dýrin“, klaufdýr og allt til „hval fiska“ og í „skrímliis dýr“ svo einhver dæmi séu nefnd. Þá er flóran ótalin og auðvitað smádýr hvers konar; allt er þetta fagmannlega fram sett og skýrt eins og sjá má í handritinu sem er birt hér í bókinni (I. hluti).



Hugtakakerfi Jóns er merkilegt og vekur upp margar spurningar um uppruna þess og lífdaga. Eitthvað hefur hann þýtt sjálfur og annað hefur hann veitt upp úr þess tíma lærdómsritum sem hann hefur náð að viðá að sér. Eitt er víst að margar dýrategundirnar hafa ekki verið tíðræddar á Íslandi um miðja 19. öld. Það er út af fyrir sig heillandi heimur sem birtist í hinni skipulögðu tilraun hans til að ná utan um flókið svið dýra og plantna. Þarna ægir saman vísindalegum skýringum á sköpun heimsins og gangi himintunglanna – gangverki veraldarinnar í stóru og smáu oft með trúarlegu ívafi – en einnig lýsingum á yfirsíkvitlegum furðuverum og fyrirbærum. Skýringar á tilvist þeirra fást þó ekki vel staðist vísindalega skoðun enda þótt Jón bóndi komi þeim inn í sitt hugtakakerfi. Efasemdir sækja vissulega að Jóni í einhverjum tilfellum en á stundum er hann sannfærður um tilvist „skrímliðs dýra“ vegna þess að frásagnir um þau hefur hann frá áreiðanlegu fólki sem hann gjarnan tilgreinir. Þannig verður „Kolsborgar skrímlið“ sem hér sést á myndinni hluti að ofan af skýringarmynstri Jóns og eitt af þessum áhugaverðu fyrirbærum sem gefa sýn hans á samhengi hlutanna vægi:

Sex höfdada Kolsborgar skrímlið

Litlu fyrir alldamótin 1800 sást sjóskrímli nokkurt frá þeim bæ á Melrakkasljettu er Kolsborg heitir. Það virdist vera með sex höfðum enn skrokkurinn eins og poki aptur frá höfðunum og hríngladi í öllu. Fætur hafði það ekki færri en 8 er menn sáu. Litur þess var úlfgrár

med bletti á midjum skrokk líkastur tungli er menn meintu auga þess vera þar. Það glórði og út frá því glóadi eins og kattar auga í myrkvi. Þetta sást við sjó nedan undir kletti hjá Kolsborg og fje mátti þar alldrey vera um feingítíma því þá urdu lömbin vansköpuð.¹

Teikningin sjálf vekur athygli en ég tel víst að hún sé eftir Jón sjálfan þótt hún sé ekki merkt þannig, frekar en margar aðrar slíkar. Það er engu líkara en myndin sýni dýrið ofan frá þar sem höfuðin sex teygja sig öll fram og hinir tólf armar þess haldi því á lofti. Eins og síðar verður vikið að þá er um fjöllum hans um ýmis furðufyrirbæri náttúrunnar allskrautleg en þó þannig að hann leggur sig fram um að koma lýsingunum fyrir innan ramma sinna vísinda. Þannig var og í þessu tilfelli.

Kvíamyndun (e. *categorization*) Jóns bónda er á margan hátt merkileg einkum hin vísindalega nákvæmni sem liggur henni að baki. Það að leggja verkið niður fyrir sig með jafn öguðum hætti og raun ber vitni kemur á óvart þar sem aðferðir upplýsingarinnar voru lítt farnar að gera vart við sig hjá alþýðu manna.² Menntaðir einstaklingar höfðu þó fengið að kynna-ast þeim í háskólanámi sínu í Höfn þegar þarna var komið sögu sem hafði örugglega áhrif á menn eins og Jón bónda sem stöðugt sóttust eftir þekkingu með öllum tiltækum ráðum. Vitað er að hann var í sambandi við marga kunna einstaklinga sem höfðu tileinkað sér nýja vísindalega þekkingu eins og fram kemur í kafla Árna H. Kristjánssonar framar í bókinni.

Teikningarnar sem flestar er að finna í sérstakri bók í alfræðiverkinu (þriðja bindi þess) hafa síðan vísun í ákveðna texta í heildarverkinu.³ Þetta gefur Jón til kynna í efnisyfirliti aftast í bindinu sem hýsir teikningarnar. Þar má finna nákvæmlega hvaða mynd á við hvaða texta með vísan í ákveðið bindi verksins og blaðsíðutal.⁴ Þessi leiðsögn í textanum gefur furðu skilvirka mynd af virkni bókarinnar sem fyrirbæris í huga höfundar og leiðir í ljós að Jóni hafi verið kunnugt um hvernig vísindarit þess tíma voru skipulögð. Það sem meira er, hann tileinkaði sér aðferðir slíkra verka

1 ÍBR 68 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852. Það skal tekið fram að bærinn Kolsborg finnst hvergi á Melrakkasléttu. Það er hins vegar oft mjög erfitt að lesa texta Jóns þannig að ekki er ósennilegt að heiti bæjarins sé eitthvað annað. Einkum er erfitt að greina á milli H og K. Ég lét heitið Kolsborg standa hér en þó með ofangreindum fyrirvara.

2 Ingi Sigurðsson, „Arfleifð upplýsingarinnar og útgáfa fræðslurita á íslenzku.“ *Skírnir* 168 (vor 1994), bls. 135–160. Sjá einnig Sigurður Gylfi Magnússon, „Jeg er 479 dögum yngri en Nilli“: Dagbækur og daglegt líf Halldórs Jónssonar frá Miðdalsgröf.“ *Skírnir* 169 (haust 1995), bls. 309–347.

3 ÍBR 69 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

4 ÍBR 69 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.



og leiðir og nær góðum tókum á þeim. Alfræðirit hans ber þessa glögg merki og eykur það stórlega gildi þess.

Samspil texta og mynda vekur athygli. Þegar Jón bóndi ræðir til dæmis um kynflokk blökkumanna segir hann eftirfarandi og vísar í þá mynd sem hér sést að ofan:

Negrar edur blámenn

Þessir eru Sudurálfunnar innbúar og tilheyra fimtu adal mannbreytingunni og kallast líka blökkumenn, ásamt negrar og blámenn. Þessir hafa svartan edur dökkvan lit á sýnu hörundi og skyggir sá mann-
eskju sorti á all innbúa Sudurálfu heims fyrir sunnan það 18 mælistig nordan meigin midjardar línunnar til sydsta odda álfunnar, eda

Góðrar vonar höfða, og þess vegna á full 50 mælistig í norður og suður edur 150 þíngmannaleidir að breidd. Þessi jardarbelti eru biggð af margvíslegum enn innbyrdis mjög svipudum þjóðum. Þó sumar þeirra meigi fríðar heita hjá þeim ófrýnilegustu þeirra, líkt og fríðleika munar hjá oss, landa, sveita og manna á milli, þó aðal mannbreytingin sé söm. Svo eru til dæmis: Gvínau negrar furðu ófríðir og bera með sér óþolandi óðauns stækju. Þar sem aðrir í Mósambique við Zanguebars strandir kallast fríðir og gefa eingvann óðaun af sér.

Negrar hafa jafnadarlegast svart sljett og mjúkt hörund, stutt og mjúkt hár sem dún. Skéggid er hárinu líkt, gránar þó snemma enn hárid mjög sjaldan. Því eru margir hvít skjeggadir og svart hærdir undir eins. Tennur þeirra eru hvítar sem fíla bein og stíngur sú hvíta vel af kolsvörtu hörundi. Enn víðar en í andliti eru þeir flestir ófríðir. Brjóst qvenna sem átt hafa börn hánaga ofan fyrir nafla og á baki sínu láta þær börnin einatt sjúga er þær sletta brjóstunum aptur á herdar sér. Eins og nú kroppar þeirra eru að voru áliti óféléigir svo eru og sálir þeirra gáfna litlar flestallra og hitin vyrdist hafa veikt þær enn meir enn líkhamann. Þeir er því velflestir sárheimskir, latir og öfunds síúkir. Arabar sem í hópa tali komu frá Asíu og settu sig nidur inst í Afríku eru að ásýnd og gáfum orðnir svo líkir þeim fæddu að ecki þeckjast nú að og nærfelt eins eru nú orðnir. Nidjar þeirra Portúgals manna sem fyrir rúmum 200 árum tóku sér bólfestu á Afríku ströndum svartir eru þeir orðnir, nærfelt eins og negrar, enn nockrir seigja enn grimvari. En það má undarlegt vyrdast að þeir sem byggja fjalllönd í Barbaríenu eru hvítir þar sem fyrir nedan þaug á sljettlendinu og með sjáfar sídum eru dökkjarpur. Gjörir því hita munurinn á fjallbyggðum, hvar jökull á efstu tindum ei þidnar, að menn eru þar hvítari enn svartir í ofstækju hitanum nockru nedar. Litarbragd Afríku búa er annars marg breytt eptir hennar ýmislegu löndum og seigjast má að þar finnist allir litir, hvítir, blakkir, móraudir, gulgrænir, koparleitir, jarpir og biksvartir menn. Norderlega við fljótid Senegal og víðar eru þar móraudir menn, edur sem vjer nefnum Móriána, enn sunarlega við það kolsvartir. Negrar er orðid alment nafn fyrir fjölda Sudur álfunar innbúa enn þeir eru þó mjög breytileigir. Allir eru þeir með feikna stóra nafla og fjölga ódt enn sumir gefa aungvann vondaun af sér, aðrir mikin, einkum þeir í ríkinu Angola á Gvínæaströndum. Því hvar sem þeir sveittir ganga hjá nockrir samann virðist loptid í góðan matmáls tíma fúlt og stækt eptir. [...] Og í Egyptalandi í Afríku er í öllum þorpum við Nílfljótid fjöldi ýngisstúlkna ætladur

til kauplausra yndisleika ferda mönnum. Já ríkir menn sem langt eru leiddir kjeppast við að búa sáluni sinni í hagin áður enn þeir deya með því að stípta þess háttar gjesta herbergi og kaupa í þaug stúlkur til nefndrar þjenustusemi.

Af þessu má ráða um trúarbrögð Afríku, edur Sudur álfu búa, þeir eru flestir heidingjar, afguda dýrkarar, Mahómetanar. Nockrir heita kristnir einkum í Habessinien, gyðingar fynast og í þessari álfu. En þar á mót í hennar innri löndum jafnvel mannætur. En hvörsu vanvitrir, treggáfaðir, illa sídadir sem þar eru menn, sýnast þeir kristnu Nordurálfubúar, þó ecki hafa af miklu að hrósa sér fremur þeim, er árlega kaupa og selja mörg þúsund negra til æfinlegs þýngsla þrældóms og gudlausustu meðferdar, rétt sem skurdar fé edur dauda hluti. Æ! Þetta mannkynid smánandi dæmi er sérhvörn mannvinn má hrilla við! Síðar mun á það minst verða framar.¹

Margbreytileika mankynsins eru hér gerð skil. Ólíkar birtingarmyndir hans fá sína umfjöllun; útlit fólks, hreinlæti þess, lyktin sem það ber með sér sem og áferð hárs og hörunds. Öll þessi umfjöllun byggist á hyggjuviti í bland við fordóma Jóns bónda og þeirra lærðu manna sem hann studdist við. Þessari umfjöllun er síðan steipt saman við heilmikla landafræði um hreyf-anleika kynþátta milli menningarsvæða. Hann hikor heldur ekki við að gefa hverri „þjóð“ eða kynþætti sín einkenni eins og „vanvitrir“ eða „treggáfaðir“ og senda um leið „menningarþjóðunum“ í Nordurálfu tóninn þegar hann minnir á áhrif þrælasögunnar frá Afríku. Merkilegt verður að teljast hvernig hann bæði tilgreinir ákveðna „eiginleika“ kynþáttanna sem staðreyndir og fellir í leiðinni óhikað hvassa siðferðisdóma yfir „Nordurálfubúum“. Samhengi þessa texta er allt að því yfirþyrmandi – hin mikla víska sem virðist búa að baki þeim skýringum sem hann gefur hefur trúlega vakið traust lesenda á 19. öld en um leið hvatt til vangaveltna um eigin stöðu.

Hvaðan kemur honum þetta öryggi í skýringartilgátum sínum? Eitt er víst að margar lýsingar hans eru vægðarlausar út frá sjónarhorni nútímamannsins, í besta falli allkómískar: „Fimta mannbreyting eru kallaðir negrar, edur blámenn sem byggja suður álfu heimsins. Kolsvartir á lit, hár og hörund, með stutt og dún mjúkt hár. Á hörundið gljáir sem silki. Þeir eru dökkjarp eigðir, flat nefjaðir, vara þykkvir og hvít tentir. Konur þeirra eru svo brjóst síðar að þær géta slett þeim aptur á herðar sér, annars hánga þaug ofan fyrir nabla. Sumir negrar gefa af sér ódauns stækju.“²

1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

2 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.



Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur með það að mannverurnar þrjár sem sjást á teikningunni sem á við þessa lýsingu gefa frásögninni margfaldan þunga. Afríkubúarnir tveir fá hvor sinn litarháttinn sem er í samræmi við lýsinguna á blæbrigðum hörundslitar fólks á þessum slóðum. Teikningar af þeim tveim eru greinilega frá Jóni komnar en myndin af konunni er fengin annars staðar frá. Ekki verður almennilega séð hvaða hlutverki hún

á að gegna í þessum samhengi en myndin af henni er greinilega klippt út og límd inn á myndflötinn.

Ef lítið er á aðrar lýsingar gefa þær til kynna áhugaverða togstreitu á milli hins trúverðuga og hins ótrúlega. Jón bóndi var greinilega ekki viss hvernig best væri að vinna úr sambandinu þarna á milli. Hann hugleiðir hvernig hægt sé að skilja fyrirbæri sem lutu öðrum lögmálum en hinum vísindalegu. Skýringuna á vanda Jóns má finna í þeim orðum hans sem hér eru birt að neðan (vísar til teikningar á bls. 154).

Risar

Ecki geta náttúru frædi menn þessara nýrri tíða sannad þær gömlu sagnir um tröll og jötna. Sem margar sögur eru fullar af og það jafnvel framm til vorra daga. Miklu heldur álíta þeir það skrök sögur þar nú á dögum verda aungvir reisendur við slíkt varir. Því annað hvört hefur eckert trølla kyn til verid edur það er útdaudt. Samt verdur því ecki neitad að á vorum tímum géfast einstakir menn yfirmáta stórir og svo smáir. Gilli frá Trident var fjögurra álna hár. Hertogi Jóhann Fridrik af Brunsvik hafdi filgjara sem var átta fet á hæd. Golíat var sex álnir og spönn betur á hæd. Svenskur madur var í Prussen átta feta hár. Jóhann Hartmann Reikhardt af Friedberg við Frankfurt var fjórar álnir og fjórir þumlúngar betur á hädina. Eins hafdi fadir hans verid hár og sömuleidis sistir hans.¹

Myndirnar sem hér eru birtar af risum og dvergum eru allrar athygli verðar og draga fram nokkur mikilvæg atriði.² Í fyrsta lagi eru þær dæmi um þann samsetning sem er að finna í myndagalleríi Jóns. Þarna er greinilega teikning sem hann hefur tekið upp eftir annarri heimild, önnur sem hann hefur klippt út úr bók og í þriðju útgáfunni eru myndir eftir hann sjálfan. Í öðru lagi er framsetningin ákaflega frumstæð – eiginlega barnaleg. Það ægir öllu saman í einni bendu og lítill greinarmunur gerður á formi og stærðum. Í þriðja lagi eru hlutföllin á milli risans og dverganna áhugaverð en þarna gerir Jón greinilega tilraun til að draga fram hinar miklu andstæður sem eru á milli þessara hópa. Í heildina er þessi blaðsíða ágætlega upplýsandi fyrir framsetningarmáta Jóns bónda; hann er að fjalla um þessar tvær gerðir manna – risa og dverga – og kemur þeim fyrir með þessum sérkennilega hætti inn á sama myndflöt. Áhrifin hafa trúlega verið mikil fyrir þá sem báru bókina augum.

1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

2 Sjá umfjöllun um fyrirmyndir aftast í þessum hluta bókarinnar.

Jón bóndi segir einnig sögur af óvenjulegu fólki. Þannig verða dvergar að umfjöllunarefni hans:

Dvergar

Svo sem menn hafa géfist ósýðanalega stórir vexti hafa þeir einnig gefist smáir sem kallast dvergar. Meðal hvörra er sá nafn kændi Bebe sem var um tíma hjá Pólinlands konungi. Leingd hans var 33 Parísar þumlúngar. Hann varð 23 ára gamall og þá undir okadur öllum ellinnar þunga.

Dvergurinn Kitip á eyuni Baty var af sama vexti og mátalega stórt höfud, lánga handleggi, enn stutta fætur og læri.

Lægri var einn bóndi á Fríslandi. Hæd hans var mæld, þá 26 ára var að aldri, 29 þumlúngar.

Einn dvergur var í Bristol sem 15 ára var fullvaxin 31 enskir þumlúngar á leingd. Hann fór jafnvel áður að líta út sem gamall madur. Sá var að vigt 19 pund enn léttist með tíð þar eptir um sex.

Enn þá minni var sá pólski aðils madur Barwslaski. Hann var að eins 28 þumlúngar á hæð, en vel lagadur að öllu, vitur og næmur til að læra framandi tungumál. Hann átti bródir sem var eldri, sá var 34 þumlúngar, en sistir hans 21 þumlúngur. Að svo minni en stúlkan Katrín Helena frá Nurnberg, hvör að 20 ára var hálfönnur alin á hæð, lagleg vexti og næm til lærdóms.

Sá minsti sem menn hafa af að seigja var það lítill menni frá Lappmörk sem fluttur var í öskjum og sýndur fyrir peninga þar um landið 1793. Hann var 18 þumlúnga hár og hafði stórt höfud. ...

Ímsar ritgjördir vilja það, að fólk á fyrri öldum hafi verið stærra vexti en nú á þessum tímum. Með því að gefa börnum brennivín á að rínga vöxt þeirra. Dæmi þar til hafa menn á tveimur sistkinum hvörra foreldrar höfðu þann vana, að gefa þeim braud bleytt í brennuvíni til að sjúga og líka eptir þeirra þánka að styrkja þaug og falla fljóttara í svöfn. Þegar þaug vóru, hann 7 vetra en hún 9 ára, voru þaug sem 2 og 4 vetra gömul börn. Hann var þá að þýngd 19 pund. Þegar menn ala upp hvolpa er menn ekki vilja láta stækka, brúka menn ekki anad meðal við þá en gefa þeim inn daglega lítin skamt af brennuvíni.¹

1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

Lokaorð höfundar vekja athygli og hugmyndir manna um áhrifamátt brennivíns. Kostir vínsins við að svæfa börn má örugglega til sanns vegar færa!

Eftir almenna umræðu um þessi furðufyrirbæri sem þarna segir frá rekur hann sögu af fjölskyldumanni sem var dvergur og hvernig hann vann úr lífi sínu þrátt fyrir fötlun sína. Dvergurinn Wybrand Lolkes var reyndar heimsfrægur á sínum tíma, vel stæður skartgripasali sem giftist konu sem var meðalmanneskja á hæð:¹

Um dverga

Dvergur nokkur var fæddur í Hollandi árið 1750. Hans nafn var Wybrand Lolkes. Fadir hans var þar fátækur fiski maður. Wybrandi þessum var komid fyrir í kénnslu hjá úrmakara nockrum í Amsterdam og þegar hann hafdi full lært, setti hann sig síðar nidur sem úrmakari í Amsterdam. Hvar hann líka gipti sig og átti nokkur börn og vóru þaug vel vaxin sem adrar manneskjur. Síðar nockru ferdadist hann um Nordur álfuna með konu sinni til að sýna sig á merkustu skodunar edur sjónar plátzum og þá hann með þessum hætti hafdi grædt mikla penínga, sneri hann heim aptur til þess stadar hvar hann var fæddur og lifdi þar með fjölskildu sinni.²

Allar þessar lýsingar verða að teljast merkilegar þar sem þær færa íslenskum bændalýð margt áhugavert fyrirbærið til umhugsunar, sögur af fólki sem almenningur hefur að öllum líkindum ekki haft nokkrar spurnir af. „Menn með hölum og svartir á lit“ er einn af þessum textum sem hljóta að hafa vakið athygli (vísar til teikningar á bls. 158). „Sérlegt er þó margt við suma áður taldra á eyunni Mantilla, hvör eð er ein af philppínsku eyunum hjá Asíu. Á nefndri eyu finnast margir svartir í fjöllum og skógum með 4 og fimm þumlunga lánga hala.“³ Fleiri slíkar sögur er að finna í bókum Jóns bónda, ein slík er af því sem hann nefnir „Fótadigrir menn“: „Í ríkinu Calecut finnast margir menn með eins digra fætur og manns kroppa í meðallagi. Húð þeirra er hörð og hrufótt eins og vörtur, þó eru þeir skjótir í limaburði. Þessara þjóða trúarbrögð eru annaðhvort eingin eða af guða

1 Gretchen E. Henderson, „The Ugly Face Club: A Case Study in the Tangled Politics and Aesthetics of Deformity.“ *Ugliness: The Non-beautiful in Art and Theory*. Ritstjórar Andrei Pop og Mechtild Widrich (London, 2013), bls. 17–33.

2 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

3 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.



dýrkan eða og Mahomets. Allt þetta er nú sagt um Austurálfunar og eyana innbúa kringum hana og milli hennar og Ameríku eður Vestur álfu heims.¹

Önnur segir af því sem hann nefnir „Vanskapníngr“ og frásögnin er á þessa leið: „Vanskapníngr gefast oft og ýmisleigir meðal mannanna. Meðal hvörra börn hafa fæðst með tveimur höfðum. Líka tveimur ásjónum á einu höfði, líka tveimur niður hlutum kropps. Fleiri útlimum eður færri án höfuds og ýmislega afmíndudum líkama sem of langt er hér upp að telja.“

1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

Pegar hann segir sögur af þjóðarbrotum er tónninn nokkuð annar þó svo hann haldi sig við það sem er óvenjulegt í fari fólks og sætir furðu:

Uppfrá Góðrarvonarhøfða búa hottintottarar, sem eru nockud ljósari á lit. En villi menn þar eru mjög vanskapadir, einkum kvenfólk, á hvörju nedst á lífinu vex út hörd og breid bladka er lafir ofan á mid lærin lík svuntu. Allar þar innfæddar konur eru svo skapadar, draga ei heldur dulur á það, enn sýna það fúsar hvörjum sem vill. Eins og líferni þeirra er óvarkátt en óþverra háttur dæmalaus. Kallmenn eru þar margir hálf og alvanadir og fáir eldast negrar vel sem flestir kenna því, að þeir strax únga aldri fást við kvenfólk. Því skrifad er að vart finnist medal þeirra yngis stúlka sem muni hvenær hún seinast var þíka.¹

Þessi lýsing er vægast sagt óvenjuleg. Ekki svo að skilja að áhugi Jóns á furðufyrirbærum náttúrunar sé eitthvað undarlegur. Þvert á móti er hægt að nefna ótal dæmi frá 19. öld þar sem fólk gerir alls konar tilraunir og athuganir á fólki sem koma nútímamönnum spánskt fyrir sjónir. Eftirminnileg er til dæmis ástríða bresks lágmillistéttarmanns á stórskornum konum eða þeim sem voru á einhvern hátt afmyndaðar í andliti. Hann lagði sig fram um að blanda geði við þær og jafnvel að stofna til náinna kynna með það fyrir augum að rannsaka hætti þeirra og útlit af sem mestri nákvæmni. Athuganir sínar skráði hann svo í dagbók sína.² Jón hrærir hins vegar þarna saman frásögnum af ýmsum einkennilegum fyrirbærum sem hann tengir fólki frá framandi þjóðum eða þjóðarbrotum sem vekja forvitni hans. Oft eru lýsingar þessar skrautlegar, en sú sem hér kemur á eftir ber yfirskriftina „Jøkla menn í Sveits. Kretínar“:

Allir sem búa þar í djúpustu dölunum eru audþektir af einhvörjum líkamans vanskapnadi, ófríðleika andlitsins, skelfilegum dofinleika og þyngslum í líkamanum með sljófustu sálarkröptum. Þar að auki eru nockrir undarlega vanskapadir og ófríðir með skekkju í líkamanum. Adrir með umsnúnum augnalokum, stórum æxlum á hálsinum og þess háttar. Samt eru aungvir svo illa vaxnir og aumlega farnir eins og þeir er þar kallast Kretínar og eru þannig í hátt: Andlitsfarfinn er vidbjódslegur, svo grátt blátt og eyrlitur hjálpast allt að til að gjöra andlitid sem allra ljótast. Undir augunum eru stórir og þungir

1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

2 Barry Reay, *Watching Hannah*.

pokar sem hanga nidur og draga nedra augnalokid svo frá auganu, ad alt það rauda innan í er bert. Þessir vesalíngar eru svo vanfærir ad þeir naumast gétu dreigid sig, sitja þess vegna heilum dögum samann eins og líflausir drumbar, fyrir utan bæardirnar sýnar og hugsa ecki eptir ad hræra sig þadan á qvöldin ef náungar þeirra mintu þá ei á það og drægju þá inn. Allir adrir sem eiga heima nedst í jökla dölunum í Sveits eru ad sönnu dofnir og sljófir. Enn hjá þessum Kretínunum finst ecki spor til ad þeir þeinki neitt. Þad sínist ecki eins og minni eda greind förlist þeim, heldur ad það sé ordid ad aungvu. Skelfilegt æxli á hálsinum sem nær ofann á midja bríngu, tekur þar ad auki alt manneskju útlit frá þeim. Tilfinningarleisid er svo mikid ad þá einn þeirra var eptir andlátid krufinn, hafdi endagörnin fundist skélfilega víd og út þanin af saurindunum. Því það hafdi ordid hanns dauda mein ad hann hafdi setid leingi án þess ad leita sér hægda. Náttúrlegur hiti er hjá þessum vesalíngum lítill og blóds hræringin sein er kémur af sífeldum hita, sem þeir eru í og þola meir en adrir. Nedst í dölunum hvar þessir vesalíngar eru, er ógnarlegur hiti med miklum vatnsdömpum, sem ecki hreinsast burt af stormum, þar fjöll halda ad á allar síður. Sitja svo Kretínarnir heilann daginn á steini fyrir utan bæardyrnar sínar í glennandi sólskininu, góna og gapa skakkir upp í sólina. Eckert tungumál kunna þeir því þeir þenkja svo lítid ad þeir þurfa þess ecki med. En í stadin orða brúka þeir sín á milli holgóma dimma rödd sem þeir tala ofan í sig.¹

Það er út af fyrir sig forvitnilegt að velta fyrir sér hvernig íslenskum sveitalýð hafi orðið um svona frásögn. Myndirnar hafa trúlega aukið á áhrif textans en flestar eru þær frekar viðvaningslega unnar og einfaldar í gerð. Öruggt má telja að þær séu ættaðar úr hugarfylgsnum Jóns sjálfs. Eitt er víst að hugmyndir sem fram koma þarna um háttalag fólks bera með sér frjótt ímyndunarafli sem trúlega er ættað úr rómönsunum eða öðrum ýkjubókmenntum liðinna alda sem Jón hefur þekkt úr íslensku menningarumhverfi. En auðvitað hefur hann einnig sínar upplýsingar úr þeim heimildum sem hann studdist við þegar hann vann verkið og Árni H. Kristjánsson hefur rætt um. Áhugasamir lesendur á 19. öld hafa mögulega talið sig betur setta með hokri í kotum sínum án allra þeirra vandamála sem þetta fólk þurfti að glíma við!

Frásagnir Jóns bónda af mönnum er vissulega upplýsandi eins og dæmin hér að ofan sýna og samspil textans og hinnar myndrænu útfærslu þeirra

1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.



vekur auðvitað athygli. Flokkun dýra eru á vissan hátt „vísindalegri“, ef svo má að orði komast. Hann segir skilmerkilega frá ýmsum dýrum og plöntum og teikningarnar eru sömuleiðis nákvæmar. Dæmin tala sínu máli:

Stóri edur fugla dordíngull

Mygale Avientaria


Fugla edderkopinn edur sá stóri dordíngull og þaug qvikindi sem til heyra því kynferdi hafa fíór kantada undir vör og fjögur augu í hvorjum vanga meðal hvorra fjögur hin fremri eru minni og þörum samsett í réttri línu framm undan hinum öðrum.

Þessi afmálada tegund er ein af hinum stærstu og á sú heima í Sudur Ameríku. Leitast við að veida smáfugla, drepur kolbríta og útsígur þeirra egg. Verður qvartils lángur.¹

Þar er hvert smáatriði dregið fram og því lýst eins og sjá má á mörgum teikningum í bókinni (til dæmis á bls. 162). Þessar teikningar eru greinilega unnar upp úr öðrum fyrirmyndum en samt dregnar upp af Jóni sjálfum og af aðdánlegri nákvæmni ef tekið er tillit til aðstæðna hans. Þessi hluti teikninganna, sem er að finna á víð og dreif í þessum kafla, eru í raun sá fallegasti enda litirnir fjölbreyttir og bygging fyrirmyndanna skýr.


Ekki fer hjá því að það bregði fyrir óvenjulegum lýsingum af ókennilegum dýrum sem gaman er að gaumgæfa (sjá teikninguna hér að ofan).

1 ÍBR 71 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.



Í lýsingu á flokki dýra sem hann nefnir „Bradipoda“ segir svo frá: „Dýr þessa flokks hafa fætur með laungum og bognum klóm hvörs líkama bigg-
 íng við fyrsta álit sýnir dofinn skap og seintæti. Í flokki þeim eru sein færur
 dýrin hafandi 2. kynferði sem eru dofinn dýrin og mauræturnar.“¹ Mynd-
 in sjálf er afar vel unnin – fyrirmyndin kemur úr annarri átt – en þessi
 dýr nefnir hann einnig „Hægferðugu dýrin“. Aðrar lýsingar eru ekki síður
 áhugaverðar. Á teikningunum má sjá ýmis kvikindi sem teljast til sömu
 ættar og armadíllinn en myndirnar eru þarna ágætlega merktar; við fáum að
 vita nákvæmlega hvaðan hver mynd er ættuð (sjá á bls. 122):

1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.



Armadíll

Svokallast þaug sem hafa 7 belti edur gjardir. Sum þeirra hafa ogsvo 6 gjardir enn plöturnar í öptustu röd hins fremri skjaldar hafa sömu lögun. Jafnvel nokkud mjórri enn þær virkilegu gjardir er kallast þó armadíllin med þeim 7 beltum edur gjördum. ... Mjög eru öll þessi dýr lík hvört öðru ad útliti, lifnadar hætti og öðru háttalagi, svo sem aparin tatuetin. Enn fleiri þeirra eru ecki stærri enn medal steikara-grís. ... Yfir höfud eru armadílar meinlaus dýr, sem aungvan skada gjöra, nær menn ecki hleypa þeim inn í aldingarda því þá sækja þeir

eptir krydd ávöxtum. Brennivín hafa þeir tömdu og svo þeigid. ... Mjög eru þessi dýr frjósöm. Gétnadarlimur þess hvata sínir mikid tímgunarefni. Menn halda hún fædi á hvorjum mánudi fjóra grísa. Vid saman mökunina skal hún leggja sig á bakid þá hann ríður henni. Sudur Ameríka er adal heimkinni þessara dýra og þó ad hún sé heitt land géta þaug þó lifad þá flutt hafa verid til kaldari landa ...¹

Jón bóndi dregur ekkert úr lýsingum sínum og í kjölfarið fylgja aðrar sem sömuleiðis vekja athygli, meðal annars vegna þess að dýrin sem koma til tals eru svo framandi. Í eftirfarandi texta koma líka fram nöfn á dýrum sem kunna að vera nýyrði á íslensku en um það er erfitt að segja.² Eitt er víst að flest þeirra hafa ekki verið töm fólki á 19. öld:

Vespertilio

Húdvængjudu dýrin eda flugmúsa tegundirnar

Dýrin þessa kynferdis hafa þá eiginleika að géta flogid eda fløgrad þá aungva fjadra vængi hafi. Þessar sképnur eru milli verur sem saman festa spendýra kynid og fuglana. Hjerundir teljast þessar tegundir.

- | | | |
|-----------------|----------------|-------------------------|
| 1) Flugmúsin | 4) Barbastello | 7) Rojettin |
| 2) Langeyra | 5) Skeifunös | 8) Flugköttur |
| 3) Dvergflugmús | 6) Flughundur | 9) Vofudýr ³ |

Hér á eftir langar mig að tiltaka lýsingu á dýri sem nútímamaðurinn þekkir ágætlega, meðal annars úr dýragörðum í nágrannalöndunum, en það hefur verið framandi íslenskri alþýðu á 19. öld, nefnilega lýsing á gíraffanum. Teikningin sjálf er gerð eftir fyrirmynd – „eptir bestu afmyndunum“ – eins og tekið er fram á sjálfri myndinni (sjá bls. 166):⁴

- 1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.
- 2 Íslensk málstöð heldur utan um uppruna orðanna en ljóst er að ekki hefur tekist að vinna með þann mikla arf sem geymdur er í handritasöfnum um allt land nema mjög takmarkað. Við athugun á Ritmálssafni Orðabókar Háskóla Íslands fundust til dæmis ekki heitin sem nefnd eru hér að ofan.
- 3 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.
- 4 Sjá umfjöllun um fyrirmyndir aftast í þessum hluta bókarinnar.

Giraffin

Camelopardalis

Camel pardusin

Þetta kynferdi hefur ecki fleiri enn þessa einu dýrategund inni að halda. Menn uppá standa að þetta sé það dýr sem Biblían kallar zómer og þess kjöt altsvo af Móses fyrir bodid til átu og það reiknad meðal óhreinra dýra. Flestir Nordurálfu búar kalla það gíraffa eða kamelopard.

Heimkinni þess er hid innra af Sudurálfu. Vegna þess hinns lánga háls og framfóta leingdar verður hæð þess, þegar það stendur uppreist, 9 til 10 álna þó aptur hluti þess sje ei meir en helfmíngur hæðar þar á móti. Það lifir mest af qvistum og vidar blöðum. Vilje það nokkru ná upp frá jörðu má það beigja sig miög í frammfótum. Með sinni laungu tungu seilist það eptir að ná vidarlaufum og smá limi af trjánum. Ecki hleipur það lidlega en þó fljótt. Það er auðvelt að venja og þá sínum herra hlýdir. Hæðst er það allra dýra. Svo fullordin maður nær honum ei leingra en til hnjesins. Ludolph seigir ríða meigi undir qvid hans og þurfi sá ecki að beigja sig. Leingd hans þar á móti frá brjósti til hala þrjár og hálf alin. Svo menn géta næstum því sagt það sé ei nema höfud og háls. Hann er jörtur dýr. Fyrir ofan brjóst þrekin enn aptari hluti rír. Litur hans er fallegur hvítur með raudgulum blettum sem á þridja ári verða jarpir og dökkna síðan með aldrinum. Á qvendýrinu breittast þeir seinna. Frá hnakka til herdar blada hefur hann fax strí uppreist raudleitt á lit. Höfud hans líkist framar hestsins en saudar að frá teknum hornunum sem eru 7 til 9 þumlungar laung, sívöl og snubbótt ofan. Efri vör nokkud stærri og þikkvari enn hin nedri. Átta framm tennur hefur hann í undir skolti og beggja vegna á hvorja síðu 6 jaxla. Tunga hans er vel álnar laung, fjólulit, snörp sem þjöl. Með henn gétur hann vafid henni um gras og hríslim og slitid upp og borid fljótt að munni. Eyrn eru líkust sem á nauti, augun stór og fögur milli þeirra tveggja þumlunga. Upphar hnútz horn hans eru virkilegt bein yfir klædd skinni með hári svörtu á lit. Háls hans er hálf fjórda alin á leingd og ber dýrid hann alla tíð uppréttan eins og svanir. Herda blad hans er álnar langt og svíra beinid hálf alin. Qvendýrid hefur fjóra spena sem kýr, geingur með fóstur í 12 mánudi, og elur einn kálf. Á bríngukolli er skinn þeirra miög þíkt enn á hnjánum hárlost. Klaufir framfótanna hinum nokkud stærri en aungvar lagklaufir. Helsta fæða þessa dýrs

eru blöð af vissri mímósa vidar tegund sem þar vex í landinu. Kjöt þessara dýra er nockurnveigin gott til átu meðan það er úngt annars lakara (strembin). Þegar dýrid er elt flýr það og er valla svo fljótur hefur að við því hafi og komist það ecki undan lemur það og slær með aptur fótum sem hestur. Dýr þessi eru gódmátleg og fridsöm og yfirfalla aldrei nockurn. Ecki heldur leitast þaug við að hefna sín þá særd hafa verid. Hali dýrsins er eptir þess stærð rír og hefur í enda svartan skúf.¹

Hvert sem titið er í texta Jóns bónda eru lýsingar hans margbrotnar og gefa ákveðna mynd af umheiminum. Það er merkilegt að sjá hvernig hann styður við þær, en hann bregður fyrir sig tilvísunum í rit annarra vísindamanna. Í umfjöllun sinni um hvali kemur þetta glögglega fram:

Nárhvalur

Monodan monoceros

Sjó einhyrningurinn

Speculum regali lýsir honum þannig: Þá er enn það hvalakyn er ná-hvalur er kalladur og meiga menn ei eta fyrir sóttar sakir því að menn fá sótt af og deya ef þeir eta hann. Enn sá hvalur er ecki mikill að vexti. Ecki verður hann leingri enn 20 álna. Að aungvu er hann ólmur heldur fordast hann veidi manna fund. Enn hann hefur tennur í höfði og þó allar smáar fyrir utan eina tönn mikla og stendur sú í efra gómi í öndverdu höfði hans. Hún er fögur að álit og vel vaxin og svo rétt sem kerti. Hún er 7 álna laung sú er leingst kann að verða og snúin öll sem tólum sé gjör og stendur rétt fram úr höfði honum þá er hann fer leidar sinnar. Enn hvoss sem hún er og rétt þá verður honum eingin vörn að henni eða vígi heldur er hann svo <virkar> að henni og kjær að hann lætur þar ecki valta við koma.

Fleischer seigir að þessi haf einhyrningur sé af Nordmönnum kalladur nár eða líkhvalur og sé af íslenskum talin með illhvelum og í gömlum lögum (Grágás) bannad hans að neyta. Líktílin á hann að hafa feingid þar af að hann sjálfur neytir daudra hræa. Þeim eiginlegu hvalfiskum er hann ná skildur og líkist þeim að allri líkama byggingu nema það að úr efra skolti hans frá hvorri síðu geingur laung og bein framstandandi tönn sem á nockrum sínast vera sljettar en skrufumindadar. Með vissu vita menn ei hvort mismunur þessi er til-

1 ÍBR 67 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.



fallandi eda þar af sem séu tvær sérskildar tegundir. En hvorutveggja kynid hefur þessar tennur. Mismunur á stærð þessara hvalfiska fer væntanlega eptir alldri þeirra. Anderson skrifar um einn rúmra 5 álna. Hampe hefur mælt einn sem var milli 9 og 10 álna og Schneider getur um einn og sá var 20 álna. Og seigir hann að sá hafi haft þær tennur í höfði sem að leingd hafi verið hálft fjórða alin. Enn ecki hafi meira spik af honum feingist enn hálft önnur tunna. Enn hanns höfud, í samjöfnudi móti kroppi, þó verið lítill því á hinum, sem dr. Hampe lætur um skrifad, var það ecki meir enn 16 þumlunga langt og vidlíka að gegnum máli. Á litin mismunandi sem líklegast er eptir alldri því á hinum ungu er hann snjóhvítur með dökkvum blettum. Sé sjó dýr þetta fullordid þá finna menn að það hefur þrennslags mismunandi húd. Sú ytsta er öll gagnsær, sú ed næst er henni er mjög þunn hvítleit með dökkvum blettum, og þar undir kemur sú eiginlega þumlungs þykkva húd og hún hefur brúnan lit. Upp á höfðinu er hálfr krínglu mindud laut sem í gegnum beinid geingur nidur og skiptir sér í tvær opnanir í góminum. Gégnum þessar líka sem hinar frýsar hann út vatninu. Munnurinn situr djúpt nidur, og er sá bæði lítill og þraungur, og án allra tanna nema þeirra tveggja áður umgétu laungu tanna. Öll munnsins innri rönd er hörd og ójöfn. Túngan er handar breid, augun djúpt inn í höfði og litlu hærra en munnurinn. Lýsid sem menn fá af spikinu hefur ópolandi daun sem menn vilja halda að orsakist af þeim dauðu hræum er hvalur þessi neytir ...¹

1 ÍBR 68 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.



Parna sækir hann vitneskju til ýmissa nafnkunnra einstaklinga. Lögbókartilvísunin vekur einnig eftirtekt. Nákvæmnin í lýsingu Jóns er mikilvæg og fellur vel að myndinni af dýrinu. Þetta samspil myndar og texta magnar hvort annað upp og hefur sterk áhrif á þann sem fær tækifæri til að skoða handritið. Dýrið stendur ljóslifandi fyrir hugskotssjónum lesandans og er leikurinn sjálfsagt til þess gerður.

Eins og áður var getið eru lýsingar á ýmsum furðufyrirbærum settar inn í ramma hinnar vísindalegu orðræðu.¹ Jón bóndi skýrir tilvist þeirra af eins mikilli nákvæmni og hægt er og reynir meðal annars að geta heimildamanna í þeim frásögnum sem hann skráir niður í verk sitt. Hér á eftir eru nokkur dæmi.

Fyrst segir af nokkrum sjávarskrímslum (sjá teikningu á bls. 169).

Fáein

Sjaldsjen sjóar og vatnsdýr

er menn hafa varir við orðid

1.) Sæ tröll edur Sjó undur

Hans Egede getur um þetta hrædilega sjóardýr hvort hann, ásamt skipsfólki hans, sá á siglingu suðvestan til við Grænland á 64 gráðu þann 17. júní 1734. Var hann þá 28 ára gamall. Lýsing hans þar á er þessi:

Hjer kom okkur fyrir sjónir eitt hrædilegt sjóardýr. Það var ógnarleg skepna sem reisti sig svo hátt upp úr sjónum að höfud þess tók hærra en stóra skips mastrið. Hafði það lángan og mjóan snjald og bljes sem hvalfiskur. Hafandi breida stóra og nidurhángandi hreyfa og kroppur þess sýndist allur skeljadur mjög hrukkóttur og ójafn á húd. Kroppur þess hafði gildugleika sem hafskipid en þrisvar til fjórum sinnum leingri. Í annad sinn þá dýr þetta kom uppúr sjónum hafði það ei svo mikin blástur sem hvalur. Í fyrsta sinn urdu menn þess eigi varir fyrir en það var rúmlega sem pistólu skot svo að kalla yfir oss (seigir Egede). Hausin var mjórri enn kroppurinn er sýndist mjúkur og hrokkin. Það var þrisvar ofan sjóar, sýdasta sinn langt í burtu. Þegar það stakk sér undir vatnid kastadi það sér á bakid og setti upp styrtiluna sem var langur hali skapadur líkt og ormur. Hann kom upp meir enn skipsleingd frá kroppnum. Augu þess áttu að vera raudleit og líkt sem brinni eldur í þeim. Vatns straumi átti það að blása út af munninum og halin að nedanverdu líkastur ormi.

Pontopidans afmálun víkur sér í lagi frá þeirri af Paulo Egedi meðdeildu. Hin fyrrnefnda setur dýrid fyrir sjónir þannig: Að fyrir nedan hálsin hafi það allt verið stórgjörda skelhreistri hulid og sömuleidis að það snemmendis sást útspúa miklum vatnsstraumi af munni hvar til eckert spor finst á þeirri annari þess afmálum.

1 Sjá áhugaverða umfjöllun um kynjaskepnur hvers konar í verki Sigurðar Ægissonar með teikningum Jóns Baldurs Hlíðbergs, *Íslenskar kynjaskepnur* (Reykjavík, 2008). Verkið er af-rakstur mikillar heimildaleitar af frásögnum af furðudýrum í íslenskri menningu fyrir og nú.

Ad síðustu tilleggur Pontoppidan, með tilliti til hinnar, honum með deildu teikningar sömu afmálun minnir mig til að mér hafi sýnd verid (seigir höfundurinn) meðal málverka hjá herra Jakob Severen, sem þá stóð fyrir Grænlands sjóferdum undir konungs einka leifi, og hafði sett latínskt vers þar undir hvers innihald var þetta svo vídt mig minnir. Að hann með foragti leit á þann helvítska dreka er sýndist að vilja burt hræða alla hlutadeigendur frá þeirri von um heidinna Grænlendinga upplýsing og um vendan. Mente satis pia qviden (hér lýsti sér gudrætilegt hugarfar).

Menn hygga þetta muni vera sama edur mjög náskilt hafstrambinum nema hvað því verður hjer betur líst af Egede af því það var svo nærri. Enn þetta hefur verid afskaplega stórt. Næsta qvöld eptir þetta gjörði hid allra mesta stórvíðri.¹

Það fer ekki á milli mála að hér hefur verið á ferðinni eitt ógurlegt skrímsli, eins og greina má á teikningu Jóns! Og ekki var það heldur frýnilegt skrímslið sem hann segir frá á öðrum stað í verki sínu og kenndi við sædreka:

Sæ dreki

edur

Sjó rastar skrímslid

Þessi ókind edur fyrirburður á að hafa sjest í Norveigi í þeim sjóplátzum er næst liggja malstrauminum og kallast þar sætröll edur sædreki. Það er mjög sjaldsjed og uppdreigna mind þar af sá madur nockur í Skagafirdi sem var Níels skáldog sagði hann það væri eitt hid ófrínilegasta sem fyrir sig hefði borid. Mindin filgdi og svo stutt lýsing þess. Mindin er af Níelsi uppdreigin og lýsing þess er sem á eptir filgir.

Haus þess var að sönnu nockud í dæmi við mans höfud nema hvað hann var allur settur smá bæxlum ugga mindudum. Ókindin var rétt skélfileg og hædin á þessu skrímsli nockud á fjórda alin, edur samsvar stærstu mönnum, enn digurdin, sem var skélfileg, sýndist ríra hana. Þetta skrímsli hafði fjórar fætur, ef fætur skildi kalla, og á þeim stóð það upprétt. Líkari voru þeir hlikkjóttum birkireinglum enn nockurskonar skepna fótum. Nedan voru þeir svipadastir marg-qvísludum þaungli, þar sem hann losnar frá steininum, nema stór kostlegri. Löppin nedan var kringlu mindud með ótal aungum og

1 ÍBR 68 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.



klær á öllum bognar sem kattarins en svo stór kostlegra sem svaradi vextinum. Þetta gekk þó upprétt sem maður og hafði tvo arma langa ef arma skildi kalla og voru þeir á að gitska knesídir hefði nokkur kné verid. Síndust þeir með mörgum lidum. Og skrokkurinn allur var settur mislaungum og óreglulegum aungum. Framan í örmunum sálu

hreifar og voru sex klær á hvorjum þeirra áþekk arnarklóm nema að því skapi leingri og digrari.

Það hefur og sked hér á landi að menn hafa orðid varir við adrar eins, edur þessum líkar, sképnur sem þá hafa viljad ásækja menn og jafnvel ecki dæmalaust að hafa banad manni. Það eru hinar vestu skepnur vidureignar og nærvera þeirra mönnum mjög óholl jafnvel deydandi. Dæmi þar uppá sagði kvennmaður nockur, ættadur nordan af Langa nesi, sem skéd hefði austur í Náttfara víkum. Hún nafngreindi manninn enn söguritarin gleimdi því aptur. Sami maður var í miklum kunníngsskap við hollenska og einstakur fullhugi. Svo bar til í þetta sinn að hollenskt skip hafði þar vetrarlegu og á því góður læknir. Bær sá hvar maðurinn bjó á var rétt steinsnar frá sjó. Enn um veturin seint á jólafostu kom bóndi þessi inn í ljósaskiptunum mjög fálátur og þeigjandi. Enn þá lidid var á vökuna heyrdist ókennilegt dump útifýrir bænum. Bóndi stökk upp og sagði nú mun vera mál að mæta komendum. Bannadi öllum út að fara þar til hann gjörði advart og hótadi hörðu væri útaf því brotid. Greip stórt barebli og smíða öxina og hljóp út og skeldi bænum eptir sér. Alla nóttina heyrdu þeir sem inni voru dump og hark úti enn eingin þordi að fara neitt. Konnan lá í rúmi sínu afsinna af sorg og hrædslu enn þegar hálfbjart var klæddi hún sig og kom út sá hún þá hvar maður hennar átti við skepnu nockra sem tilsíndar leit út eins og maður á hesti. Armar á þessu hjeingu þá abl lausir enn færst hafði leikurin til sjóar er það vildi flýa. Hann hjelt þá anari hendi í eitthvört bæxli er út úr haus þess stóð en lét öxina ganga með hinni. Þegar hann sá konu sína sagði hann: farir þú hér nær fær þú eitt högg af öxi minni því heldur tek ég af þér en vita þig svo farna sem ég er komin. Loka þú aptur bænum og fari eingin út þar til og gjöri advart. Hún gjörði svo enn þá fullbjart var kom hann upp á gluggan og skipadi hann þá mönnum sínum að krækja ífærum í skrímslid sem þá var útafdaudt og róa svo langt frá landi sem hann tiltók. Ný mjólk lét hann færa sér að drekka enn inní bæ vildi hann ecki koma. Hann sendi strax fram í skipid og skips læknarin ásamt skipherranum komu í land og fluttu hann fram með sér. Þar dvaldi hann í hálfan mánuð enn svo var hann heimfluttur og stje ecki fæti sínum á jörð fyrr enn komid var fram undir messur. Höfdu þá allar neglur leist af fingrum og tám og eingin heil brú eptir í hörundi hans. Höfud beinin losnudu þó þaug yrðu aptur fest og ecki vard hann jafngóður aptur eptir þennan leik þó hann kjæmi nockud aptur til fjörs og heilsu.

Það skéði líka í Skoruvík norður á Langa nesi. Þar bjó þá sá maður er Ólafur hét heljar menni til krapta og fullhugi mesti. Eitt sinn snemma veturs á jóla föstu var hann eitt kvöld nidri í fjöru að kljúfa tré bæði til smíða og eldivídar. Hann hjelt á hollenskri hand öxi á þyngd við misindis sleggju. Þegar leid að þeim tíma hann ætlaði heim sá hann ösla framan eftir sjónum skepnu nokkra með miklum hrada. Hvörja hann lísti eins og því fyrsta að svo miklu leiti er hann gat sjed það ofan sjóar. Hann æddi fram í flæðarmálin á móti því og greiddi því högg enn það stansadi. Hann greiddi því annað högg með öxinni enn meira þá sneri það undan og hjelt til hafs. Hann fann að utan var það skeljad enn sem þófi innan undir. Glæríngar sá hann út frá því þar sem skugga þess bar á sjóin líkar öðru maurildi¹ því vedur var bjart með tunglskini. Mest allur hafði mudurin² geingid úr exi hans og lakari sagði hann hún hefði reist eftir enn áður.

Hér um bil 1820 varð vart við þessu líkt á Midfjardarnesi, á bæ þeim sem heita Útiblíkstadir, þá maður nokkur Jón að nafni var á ferð frá Söndum, næsta bæ þar inn með fyrðinum, seint um qvölld í logndrífu. Hann reid út eftir götum þeim sem liggja með sjónum. Enn á ferð sér hann hvar skepna nokkur hávaxin, á að géta 4 til 5 álna að honum virdtist, stefndi í veg fyrir hann frá sjónum. Skrapaði í því sem skeljum. Hann var verjalaus og hafði ótta af því. Reyð undan í ákafa enn það elti hann. Maður þessi dró naumlega undan því gat þó komist heim að bæ sínum og sagt fólki frá þessu. Leid hann þá í ómeigin. Heyrðist þá brádt að farid var upp á bæin, svo brakadi í hvorju tré, sem hvarf þó frá að stundu lidinni. Til sönnunar sögu hans sáu menn um morgunin ókennileg spor á stærð við kerhálds botn með aungum útúr eins og klær hefðu á verid allt um kríng og ræður það að líkindum að þetta hafi verid sömu tegundar og hin fyrrtalda. Slík spor skördótt öllu meigin (á stærð við altunnu botn) eins og eftir klær. Hafði sú skepna geingid á fjórum fótum bug nokkurn frá sjó og so aptur til sjóar og hurfu sporin þar. Þessum lík spor hafa og so átt að sjást vestur á Ströndum. Þessarar skrímsla er fulsta von hvar sjórastir eru og hafsvelgir.

1 Ljós fyrirbrigði í sjó sem stafar frá einfrumungum.

2 Egg á vopni.

Þessar lýsingar opinbera hugarheim fólks eins og Jóns sem þó var vel heima á mörgum sviðum upplýsingarinnar. Það var þó ekki alveg tilbúið að segja skilið við þann umheim sem hafði fylgt mannkyninu frá örófi alda og tengdist fyrirbærum sem á margan hátt voru óútskýranleg.

Að lokum ætla ég að gefa Jóni bónda orðið í langri skýringu á skrímsli sem hann hefur lýsingar af eftir nafnkenndum manni (sjá teikningu á bls. 176). Myndin sjálf er skýr og dýrið heldur óárennilegt, svo ekki sé nú meira sagt:

Fagrabæar skrímslid

Jónnockur Ólafsson á Fagrabæ í Laufás sókn var árið 1848 húsmadur hjá eckju, Rósu Stephansdóttur, sem þar bjó þá. Einu sinni sem optar um haustid snemma í october mánudi bar það til að hestar af næsta bæ, fyrir utan Fagrabæ sem heitir á Nolli, komu heim á tún um nótt edur seint um kvöld og sóktu að heyje eptir vanda. Fór þá Jón í nærfötin og út til að reka þessa hesta út eptir. Enn þar stendur svo á plátzi að hár skridu hriggur liggur fyrir nordan völlinn á Fagrabæ og eru þar landamerki á milli bæanna á þeim hrigg. En innan á hriggnum stendur stekkurinn frá Nolli. Utan til við stekkin liggur klif við sjóinn sem heitir Nollar klif. Frá stekknum og til sjóar liggur gardur en sem hestarnir komu yfir þennan lága gard stukku þeir allir á móti Jóni aptur. Enn hann hafði staf prik í hendi sér og bandaði mót hestunum og með tveimur hundum gat Jón sveigt hestana yfir gardin aptur, enn þeir stukku ódara til baka með frísi og sem vitlausir út í myrkrid. Í þessu veffangi varð Jóni litid á gardin. Sá hann þá sképnu ferfætta, mjög stóra, sægráa að lit. Reis hún upp undan gardinum. Sneri hann þá undan enn þettað skrímslis dýr sókti eptir honum. Enn honum tókst ecki að draga undan því til að géta náð bænum, því það var frátt sem hestur, og það sókti eptir að verja honum bæinn. Þessi Jón Ólafsson komst loksins að gili nackru, sem er fyrir nordan Fagrabæ, og fór upp eptir því og lagdist þar nidur undir einum steini því hann var kominn að nidurfalli af mædi og hrædslu. Nú missti skrímslid sjónar á honum enn þá þefadi það í spor hans og stökk upp eptir giliinu þángad sem Jón lá. Enn þegar Jón sér að þetta mun ei duga klifradist hann upp á klettabelti í giliinu og settist þar. Enn þetta dýr fór að klettabeltinu hvar Jón var og fór að klifrast upp í beltid en hrapadi ávalt nidur aptur. Þá bardi Jón það grjóti, eptir því sem hann hafði orkuna til, öskradi það þá ógurlega svo Jóni þókti undrun gegna. Stökk hann nú af klettinum og ætladi að ná bæ sínum ef unt væri. Enn þá hann



var komin í brekkurnar út og upp undan bænum, og hljóp ofan eptir og átti skamt til túnsins, þá sér hann að dýrid er komið á slóð sína. Hafði það stökkid ofan gilið aftur og upp úr því hvar það var lægra og þefadi þá upp spor hans. Nú gat Jón náð bæardyrum og komist inn enn þegar hann var búinn að loka, og komin inn í ganginn, þá kom stórt högg í hurðina. Var Jón orðinn yfir kominn og lá í fjóra daga

eptir. Þetta skrímslis dýr sást leingi um veturinn, bæði af Jóni þessum og öðrum, ýmist úti edur útum glugga og vindauga og ávallt í þeim huga að gjöra mönnum skada. Það fór einninn upp á hús og heyrdist þá ætíð eins og húð væri dreigin eptir þekjunni. Þetta dýr sást frá mörgum bæum á Svalbards ströndinni og var lýsing þeirra samhljóða. Og þetta sjóar dýr sást frá því snemma í október og allt framm í midjan februari mánud einkum síðla á kvöldin.

Lýsing á þessu sjóar dýri er þannig

Þessi skepna var fullkomlega þridjungi stærra en hestur með ákaflegan breidan enn stuttan haus. Fjaskabreiddt var milli þess augna er litu út sem eldglórur. Þar sem ennistoppur er á hesti myndist Jóni vera bladka, sem var svo síð að hún slóst fyrir auga þess þegar það stökk á framm, og hjálpaði það Jóni þegar hann flúði undan því. Því hann qvadtst ímunda sér að það hafi aldrey sjed sig þegar hann var rétt frammundan því og þess vegna laumadist hann allajafna rétt við brjóst þess. Eckert fax var þessari sképnunni enn í stad þess var ofann á öllum mackanum sem hnúdur úr grófgjörðum blöðrum eins og menn kalla hraunkalk. Og lendin edur apturhluti skrímslisins var mjög hávaxin. Þar sem taglid er á hestinum hafði þetta dýr mjög lánga dræsu er það dró á að gitska hálfa adra alin á eptir sér. Þetta tagl, sem Jón svo kallar er réttara má nefna dræsu, sýndist Jóni ljósleitara enn dýrid var anarstadar og allt þess hár var gróf gjördara heldur enn á hesti. Hnúdur edur kleppur var á enda þess dræsulega hala. Fætur þess voru ákaflega gildir með hnúðum um lida mótin. Ecki myndtust fæturnir vera að sýnu leiti eins háir. Þegar það hljóp snörlaði í nösnum þess. Það hafði opin kjaptin og sáu sex stórar tennur standa framm úr munni þess og gjörla sáuð adrar minni. Nedan á qverkinni stóð langt nidur hrukkóttur stallur hárlaus. Eyru þess voru fjaskalega breid og laung sem löfðu, ofan beggja meigin váganna, þegar þetta dýr kvikadi eða hljóp. Hringladi í taglinu edur hnúðinum sem var nedan í því. Í myrkri var að sjá sem maurildi um allan þess skrokk. Föer eptir það í snjó voru sem hálf þruga. Kríng sporid sáuð föer eptir átta langar klær og sex broddar myndtust standa nidur úr hvörjum hrammi.

Þessi saga er uppskrifud eptir Jóni Ólafssyni sjálfum árid 1849 af J. B. S.¹

1 ÍBR 68 4to – Jón Bjarnason. Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.




Þannig voru lýsingar Jóns bónda á þeim heimi sem var hluti af veröld sem hann þekkti (í óeiginlegri merkingu). Dýr og menn sem hann lýsir og komu frá fjarlægum slóðum voru eiginlega meira framandi en sæskrímslin sem voru hluti af þjóðsögum samtíma hans. Þegar heimarnir blönduðust

saman myndaðist rými í hugarfylgsnum alþýðumanna til að hugsa um umhverfi sitt á frjóan og skapandi hátt.¹

Skapandi rými á 19. öld

Samfélagsmyndin á Íslandi var á margan hátt flóknari en oft er gefið til kynna í umfjöllun um sögu tímabilsins.² Það er ef til vill vegna þess að íslenskt samfélag virðist hafa verið frekar einsleitt og fábreytt á öldinni; hinni löngu 19. öld (frá síðari hluta 18. aldar og fram á fyrri hluta þeirrar 20.). Þjóðfélagið tók vissulega töluverðum breytingum á síðari hluta 19. aldar og enn meiri stakkaskiptum á þeirri 20. En þótt fyrri hluti 19. aldar, og tímabilið þar á undan, virðist hafa einkennst af lognmollu kyrrstöðunnar var þar að finna hræringar sem athygli vekja. Eitt er víst að ástandið um miðja öldina skapaði tækifæri fyrir áhugasamt fólk til að fella hugsanir sínar í efni sem því stóð næst. Skipti þá litlu hvort hugðarefnið væri sett á blað, ort í við, málmeða sýnt með öðrum tilburðum – vitnisburði um slíkar skapandi tilraunir er að finna frá öllu þessu tímabili. Eins og áður sagði eru ástæðurnar fyrir þeim nokkrar og verða þær helstu raktar hér á eftir.

Í fyrsta lagi hafði íslenskt samfélag nokkra sérstöðu á 19. öld hvað varðar tengsl fólks við minni; hvernig stærri og minni atburða var minnst og útfærslu minningaformanna þriggja – sameiginlegs minnis (e. *collective memory*), sögulegs minnis (e. *historical memory*) og loks minnis einstaklinga (e. *individual memory*). Algengast er í hefðbundinni sagnfræði að gera nokkuð skýran



1 Sjá umfjöllun Matthíasar Viðars Sæmundssonar um óljós skil á milli þjóðtrúar og vísinda í eftirfarandi verki: „Menning í deiglu.“ *Íslensk bókmenntasaga III*. Ritstjóri Halldór Guðmundsson (Reykjavík, 1996), bls. 23–70.

2 Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words: A Social History of Iceland* (Reykjavík, 2010).



greinarmun á sögu (e. *history*) og minni (e. *memory*) og þeim sviðum sem hvort tveggja nær til. Sagnfræðingum samtímans er meðal annars ætlað hlutverk gæslumanna minninga, þeirra brota fortíðarinnar sem samfélagið telur að séu mikilvæg og þess verðug að um þau sé fjallað. Minningar eru að sama skapi álitnar endurspegla það sem raunverulega átti sér stað og sagan er nokkurs konar endurvarp þess raunveruleika. Það er þó ónákvæmni minnisins sem krefst þess að sagnfræðin búi til aðferðir til að greina hismið

frá kjarnanum; sagnfræðingar vilja helst aðeins vinna með þær minningar sem hafa verið hlutgerðar á sama tíma og atburðirnir gerðust eða fljótlega þar á eftir. Hefðbundin umræða um minnið snýst einmitt um þetta, það hvað eru öruggar og hvað ónákvæmar minningar og í hvaða samhengi þær verða til. En á það hefur einnig verið bent að samhliða starfi sagnfræðinga (sköpun hins sögulega minnis) hafi margvísleg minningatengsl haft afgerandi áhrif á hugmyndir fólks um söguna eða almennan söguskilning. Þau minningatengsl hafa meðal annars gengið undir nafninu sameiginlegt minni.

Ef hægt er að segja að sagan sé bæði fortíðin (eða jafnvel fortíðirnar) og frásögnin um hana (eða þær) sem birtist í formi hins sögulega minnis, þá er hið sameiginlega minni hugtaksmíð (e. *conceptualization*) sem nær yfir svið minninga úr fortíðinni sem hafa fyrst og fremst skírskotun innan smærri hópa.¹ Í þessum skilningi verður munurinn á hinu sameiginlega minni og hinu sögulega minni sá að hinu fyrrnefnda tengist reynsla sem einstaklingar eða hópur verður fyrir og hið síðarnefnda er tilraun til að varðveita þá

1 Noa Gedi og Yigal Elam, „Collective Memory—What Is It?“ *History and Memory* 8 (Spring/Summer 1996), bls. 30–50. Sjá einnig Alon Confino, „AHR Forum: Collective Memory and Cultural History: Problems of Method.“ *American Historical Review* 102 (December 1997), bls. 1386–1403. Mikið hefur verið ritað um sameiginlegt minni á síðari árum. Ég nefni aðeins nokkur dæmi til viðbótar rétt til að sýna umfang þessara skrifa: Michael Frisch, „American History and the Structures of Collective Memories: A Modest Exercise in Empirical Iconography.“ *Journal of American History* 76 (1989), bls. 1130–1155; Howard Schuman og Jacqueline Scott, „Generations and Collective Memories.“ *American Sociological Review* 54 (June 1989), bls. 359–381; *Collective Remembering*. Ritstjórnar David Middleton og Derek Edwards (London, 1990).

reynslu, til dæmis með því að hlutgera hana. Sameiginlegt minni er vettvangur hópa eða ákveðins fjölda einstaklinga sem deila reynslu sinni og gefa henni merkingu. Sú merking lifir og er varðveitt innan hópsins með margvíslegum hætti (oft til dæmis í munnlegri geymd) og fær stundum sjálfstætt líf; minningarnar verða að goðsögnum eða „kennisetningum“ hópsins. Þær eru viðmið sem mótar líf fólksins og getur ráðið úrslitum um þá fótfestu sem einstaklingar telja sig ná með hversdagslegri framgöngu sinni.

Bandaríski fræðimaðurinn Susan A. Crane sýnir fram á í sínum rannsóknnum á minnisformunum þremur að reynslan af hinu sögulega minni sé ekki möguleg nema í gegnum einstaklinginn og framlag hans til sameiginlega minnisins.¹ Þannig dregur Crane fram að einstaklingar túlki og skýri atburði og aðstæður sem nýtist öðrum. Slíkt telur hún vera meðhöndlað sem reynslu eða upplifun sem er ýmist hafnað eða hún meðtekin og nýtt í daglegu lífi fólks. Reynslan sem fæst með túlkun hins sögulega minnis verður þannig hluti af sameiginlegu minni hópa. Á þennan hátt tekst Crane að skrifa einstaklinginn aftur inn í minnisrannsóknirnar, en margir fræðimenn höfðu áður talið að einstaklingar væru ofurseldir túlkunum „sérfræðinga“ á hinu sögulega minni; að persónulegar minningar þeirra – einstaklingsminnið – væru í raun einskis virði.

Ég held því fram að sameiginlegt minni, eins og ég hef skilgreint það áður í verkum mínum, hafi verið ákaflega veikt á Íslandi á 19. öld.² Landfræðilegar aðstæður gerðu það að verkum að hópar áttu erfitt með að tengjast þannig böndum að þeir hefðu forsendur til að halda sameiginlega utan um minningar sínar. Jafnvel sá hópur sem best var til þess fallinn að standa vörð um sameiginlegt minni sitt – menntamenn – dreifðist út meðal fólksins þar sem hann blandaðist hugsun og gerðum bændasamfélagsins án þess að ná að viðhalda tengslunum sem mynduðust meðan á skólagöngunni stóð. Með öðrum orðum, hið sameiginlega minni var svo veikt að meira rúm skapaðist fyrir hinar tvær birtingarmyndir minninganna. Þannig fékk

- 1 Susan A. Crane, „*AHR Forum: Writing the Individual Back into Collective Memory*.“ *American Historical Review* 102 (December 1997), bls. 1372–1385. Sjá einnig Susan A. Crane, „(Not) Writing History: Rethinking the Intersections of Personal History and Collective Memory with Hans von Aufsess.“ *History and Memory* 8 (Spring/Summer 1996), bls. 5–29; Susan A. Crane, „Memory, History, and Distortion in the Museum.“ *History and Theory*, Theme Issue „Producing the Past.“ 36 (1997), bls. 44–63. Þá má benda á áhugaverða bók sem Crane ritstýrði og nefnist: *Museums and Memory*. Ritstjóri Susan A. Crane (Stanford, CA., 2000).
- 2 Sjá umfjöllun í eftirtöldum verkum: Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur. Minni, minningar og saga*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumeningar 11 (Reykjavík, 2005), bls. 179–237; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, bls. 238–257.



minni einstaklinganna að njóta sín á mun ríkari hátt en víða annars staðar í Evrópu.

Á sama tíma var staða hins sögulega minnis sterk en hún var frekar veik í öðrum Evrópulöndum á 19. öld. Niðurstaðan var því þessi: Einstaklingar höfðu töluvert frjálsræði til að móta eigið minni en það var varðað af hinu sögulega minni sem var í beinum tengslum við fornmenntir landsmanna. Hvort tveggja stigmagnaðist eftir því sem á 19. öldina leið samhliða vaxandi orðræðu forystumanna sjálfstæðisbaráttunnar. Þar var hinn forni menningarheimur, með efni Íslendingasagnanna í fararbroddi, notaður til að skapa sögulegt minni þjóðarinnar, draga fram það sem vert væri að leggja áherslu á. Minni einstaklinganna gegndi þar sívaxandi hlutverki eftir því sem á tímabilið leið og skipti þar mestu að útgáfuleiðir fyrir sköpun persónulegs vitnisburðar jukust jafnt og þétt.¹ En rétt eins og Susan A. Crane hefur bent á, þá héldu einstaklingar og minni þeirra velli þrátt fyrir sterkt sögulegt minni.² Ástæðan var sú að þeir urðu að lesa og miðla hinu sögulega minni inn í hópa sem þeir tilheyrðu og urðu þannig mikilvægir tengiliðir milli sögu og annarra einstaklinga sem þeir þekktu úr umhverfi sínu. Minnið byggist þannig á lifandi reynslu einstaklinga sem komast aldrei hjá því að tileinka sér hið sögulega minni. Hér er komin skýringartilgáta á því að bæði skrifleg persónuleg tjáning varð útbreiddara form á Íslandi en víðast hvar annars staðar í Evrópu sem og önnur skapandi hugsun alþýðunnar.

1 Sjá umfjöllun um þessa þróun í bókinni: Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 9 (Reykjavík, 2004).

2 Susan A. Crane, „*AHR Forum: Writing the Individual Back into Collective Memory*“, bls. 1375.

Í öðru lagi hef ég haldið því fram að dauðinn hafi verið sýnilegur hluti af daglegri reynslu barna frá unga aldri í 19. aldar samfélaginu. Þau urðu reglulega vitni að því þegar í valinn féllu nákomnir ættingjar og vinir, fólk sem börnin höfðu jafnvel deilt rúmi með.¹ Svipaða sögu er að segja um vinnuálag barna á sama tímabili ævi þeirra; stundum gat það verið yfirþyrmandi. Í ofanálag gátu foreldrar lítið sinnt tilfinningalífi barna sinna vegna anna. Trúin, bæði hinn þungi hugmyndafræðilegi grundvöllur kirkjunnar og þær skyldur sem henni tengdust í kringum ferminguna, varð enn ein þrautin í daglegri reynslu barna á 19. öldinni. Kirkjan og kenningar hennar urðu hlekkir í þeirri keðju sem njörvaði börn niður og hefti þau tilfinningalega. Af framansögðu má draga þá ályktun að börn hafi verið sem villuráfandi sauðir í samfélagi fullorðinna og jafnvel bæld andlega og tilfinningalega. Á vissan hátt má taka undir þennan skilning á 19. aldar samfélaginu en á annan hátt stenst sú skoðun ekki. Bælingin kom vissulega til af því að börn höfðu mjög óljósar fyrirmyndir til að fylgja og móta sína eigin ímynd eftir.² Kirkjan, sem átti að veita þessa leiðsögn, hafði að verulegu leyti brugðist grunnskyldu sinni. Fyrirmyndirnar fundu börnin annars staðar.

Punginn af daglegri reynslu barna á fyrstu tíu árum ævinnar mótaði þau á marga lund og lagði drög að persónueinkennum þeirra. Börnum var kennt að lesa um svipað leyti og þau fóru að taka þátt í daglegum störfum á árunum milli 5 til 7 ára aldurs. Það er þó ekki einleikið hvernig og hversu fljótt flest börn náðu tókum á lestri og á stundum flóknum röksemdafærslum miðað við hve erfiðar aðstæðurnar voru. Árangurinn hefur gjarnan verið eignaður kirkjunni og því kerfi sem rétttrúnaðurinn (píetisminn) kom upp um miðja 18. öldina og byggðist á samspili kirkju og húsbænda.³ Húsbændur sáu um fræðsluna og kirkjan tók að sér eftirlitshlutverkið. Börn voru ekki tekin inn í samfélag fullorðinna, hvorki í veraldlegu né andlegu tilliti, án þess að standast lágmarkskröfur fermingarinnar. Með tilstuðlan þessa kerfis var börnum ætlað að tileinka sér þær siðferðilegu fyrirmyndir sem kirkjan hélt á lofti og segja má að fjölskyldan hafi verið miðillinn sem kom boð-

1 Um þetta hef ég fjallað víða í mínum verkum. Sjá til dæmis: Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, bls. 99–111.

2 Sigurður Gylfi Magnússon, „Siðferðilegar fyrirmyndir á 19. öld“, *Ný saga* 7 (1995), bls. 57–72.

3 Um þessa þróun er rætt víða í bókum og ritgerðum mínum. Sjá til dæmis eftirtalda grein: Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, „Barefoot Historians: Education in Iceland in the Modern Period“, bls. 175–209. Sjá einnig: Sigurður Gylfi Magnússon „From Children’s Point of View: Childhood in Nineteenth Century Iceland“, *Journal of Social History* 29 (Winter 1995), bls. 295–323.

skapnum á framfæri. Kirkjunnar þjónar höfðu eftirlit með innrætingunni og tryggðu að lágmarksfræðsla væri veitt á hverju heimili.

Ég hef haldið því fram að fýsn barna til mennta hafi stafað af ýmsum þrengingum í daglegu lífi. Þær hafi leitt þau að bóklestri sem reyndist nokkurs konar skjól á erfiðri vegferð þeirra.¹ Í hörðum og oft miskunnarlausum heimi 19. aldar, þar sem stundir milli stríða voru stopular og ungviðið fór að taka til hendinni fljótlega upp úr fimm ára aldrinum, flúðu þau áhyggjur og erfiði hversdagslífsins með því að hverfa inn í ímyndaðan heim bókmennta. Sagnaheimur, eins og til dæmis sá sem tilheyrði Íslendingasögunum, varð börnum ekki aðeins hvíld og í vissum skilningi skjól í erli daglegs lífs heldur varð lífsspeki og heimssýn sagnanna fólki ekki síður leiðarljós í gegnum lífið. Börn lærðu að takast á við lífið af því æðruleysi sem einkenndi margar hetjur Íslendingasagnanna. Það sem gerði þennan heim svo trúverðugan var einmitt sú staðreynd að atburðarásinni vatt fram í sama umhverfi og fólk þekkti af eigin raun. Bókmenntirnar fylltu þarna tómi í sálarlífi fólks og veittu því ekki aðeins tilfinningalega útrás heldur vísuðu því veginn.

Þegar leitað er í sjóð ýmissa persónulegra heimilda eins og sjálfsævisagna fæst einmitt staðfesting á þessari lífsreynslu margra barna. Í sjálfsævisögum er til dæmis þráfaldlega gefið í skyn að fólk hafi þurft að taka ýmsu mótlæti með jafnaðargeði og í raun að leiða hjá sér margt áfallið sem yfir það gekk.² Börnin skildu, með öðrum orðum, snemma að lífið varð að halda áfram og að fólk hefði mjög takmarkaðan tíma til að sinna sorginni. Orð Halldórs Kiljans Laxness, sem hann lagði í munn Álfgrími í *Brekkukotsannál* fá óneitanlega skýrari merkingu í ljósi þess sem fram hefur komið hér að framan: „Vitur maður hefur sagt að næst því að missa móður sína sé fátt hollara úngum börnum en missa föður sinn.“³ Börn voru neydd til að taka snemma út mikinn þroska og standa á eigin fótum. Hjá því varð ekki komist. Við þessar aðstæður urðu bókmenntirnar nokkurs konar bjargvættur sem skýrir meðal annars að í íslenska sveitasamfélaginu voru svo til allir læsir á 19. öld.

Í frásögnum fólks sem ólst upp á 19. öld kemur oft fram ákveðið tómlæti gagnvart sviptivindum samtíðarinnar. Dauðsfalli í fjölskyldunni er tekið af æðruleysi, happi af hvaða tagi sem er með yfirvegum; öllu tilfinningalífi stillt í hóf. Ég hef haldið því fram að þetta hafi komið til af nauðsyn. Börn áttuðu sig fljótlega á því að þau yrðu að hemja tilfinningar sínar, að öðrum kosti ættu þau á hættu að missa öll tök á lífinu. En í stað þess að bæla allar

1 Sigurður Gylfi Magnússon, *The Continuity of Everyday Life: Popular Culture in Iceland 1850–1940*. Doktorsritgerð, Carnegie Mellon University, 1993, bls. 146–173.

2 Sigurður Gylfi Magnússon, *The Continuity of Everyday Life*, bls. 90–114.

3 Halldór Laxness, *Brekkukotsannál* (Reykjavík, 1957), bls. 7.

tilfinningar nýtti margt fólk ýmis form sköpunar, eins og ljóðformið, til að fá útrás. Kveðskapur af margvíslegum toga sýnir þá undarlegu hætti Íslendinga að þurfa sífellt að vera að yrkja um ást sína og harma og allt þar á milli, en merki þess er víða að finna, meðal annars í tugþúsundum uppskrifta í handritasöfnum víða um land. Hugsanir sínar felldi fólk oft í flókið form kveðskaparins með sínum kenningum og heitum. Skýringana á þessari löngun fólks til sköpunar er að finna í dýpstu sálarfylgsnum fólksins frá 19. öld, fólks sem oft átti fáa aðra kosti til að tjá tilfinningar sínar en í gegnum formfastan takt kveðskaparins.¹

En lesefnið lá ekki á lausu. Heim handritanna má kenna við samhengi íslenskrar alþýðumenningar og skrifararnir nokkurs konar prentsmiðja fólksins eins og við Davíð Ólafsson sagnfræðingur höfum nefnt þá. Þessi hópur hefur á síðari árum fengið sífellt meiri gaum hjá fræðimönnum vegna þess starfs sem hann innti af hendi. Jón bóndi var í hópi þeirra, maður sem vann efni sem var lesið upp til agna af samferðamönnum hans sem þurftu virkilega á því að halda.² Um leið eignaðist fátækt fólk hlut í umheiminum, fékk vitneskju um gang mála í hinni víðu veröld.

Í þriðja lagi má fullyrða meginþorri fólks á Íslandi hafi búið við mikla fátækt.³ Langstærsti hluti almennings náði illa endum saman og mátti við litlum áföllum til þess að komast á vonarvöl. Hin efnislegu gæði sem fólk naut voru fábreytt; húsakostur oft lélegur, sjúkdómar tíðir, formleg menntun lítil sem engin og eigur fólks komust gjarnan fyrir í einum kistli sem það hafði út af fyrir sig. Í slíkum kistli gátu sannarlega leynst hlutir sem komu langt að; vasaúr, einhvers konar spariklæði, hversdagsföt til skiptanna, bókaskræður – helst trúarlegt efni – og hugsanlega handrit, bollapar og jafnvel leirkrús og annað í þeim dúr.⁴ Fábreytileiki baðstofunnar gat

1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur*, bls. 33–49.

2 Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, „Minor Knowledge: Microhistory and the Importance of Institutional Structures.“ *Quaderni Storici* 140 / a.XLVII, n.2, agosto 2012, bls. 495–524.

3 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Ómagar og utangarðsfólk. Fátækramál Reykjavíkur 1786–1907*. Safn til sögu Reykjavíkur (Reykjavík, 1982); Jón Blöndal og Sverrir Kristjánsson, *Alþingi og félagsmálin* (Reykjavík, 1954); Gísli Gunnarsson, „Fátækt á Íslandi fyrr á tímum.“ *Ný saga* 4 (1990), bls. 72–81. Sjá merkilega grein Mús Jónssonar um uppskriftabækur sýslumanna í *Sögu*, en sú heimild gefur óvenju góða sýn inn í heim hlutveruleikans í íslensku samfélagi alþýðunnar: Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1740–1900: Lagalegar forsendur og varðveisla.“ *Saga* 50:1 (2012), bls. 78–103.

4 Sjá áhugaverða umfjöllun Guðnýjar Hallgrímsdóttur um hvað leyndist í kistli Guðrúnar Ketilsdóttur vinnukonu á Norðurlandi á 18. og 19. öld: *Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttir. Einsögu-rannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 16 (Reykjavík, 2013). Sjá einnig efnaskrá Halldórs Jónssonar frá Tindi í Kirkjubólshreppi á Ströndum en


verið yfirþyrmandi og jafnvel á betri bæjum voru lífsins gæði skorin við nögl. Fræg er lýsing Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum á foreldrahúsum sínum í grein sem birtist í *Eimreiðinni* árið 1906. Sömu sögu er að segja um rökraður þeirra Ólafs Sigurðssonar og Porkels Bjarnasonar í lok 19. aldar um fátækt í Skagafirði. Þeir deildu um hversu mikil fátæktin var en lýsingar Porkels eru óvenju opinskáar og draga fram ótrúlega frábreytt efnisleg gæði sem fólk naut.¹ En þrátt fyrir mikla fátækt víða á Íslandi meðal alþýðufólks var eins og almenningur væri drifinn áfram af mikilli og óvenjulegri löngun til að vinna með líf sitt á uppbyggilegan hátt. Oft gengu slíkar tilraunir út í öfgar eins og dæmin sanna:

Snemma á 19. öld var til dæmis sá maður uppi í Þingeyjarsýslu, er Jón hét og var Kolbeinsson. Hann var faðir hinna svonefndu „Illuga-staðabræðra“. Jón mun hafa verið einkennilegur maður, sinnti lítið vinnu, en sökksti sér niður í bókalestur, bæði í tíma og ótíma. Um hann er sögð þessi saga: „Dag nokkurn um heyannir var kona Jóns önnun kafin við útivinnu, en Jón var inni í bæ mestan hluta dagsins. Að kvöldi ásaðaði konan Jón fyrir leti og hirðuleysi. En Jón svaraði: „Ég hef ekki heldur verið mér ónýtur í dag, því að ég hef talsvert komið niður í þýzku.“²

Þessa skemmtilegu frásögn er að finna í bók Gunnars M. Magnúss, *Saga alþýðufræðslunnar*, en lífsviðhorf af þessu tagi hafa gjarnan verið tekin sem dæmi um hætti íslenskra sérvitringa; menn sem bundu bagga sína öðrum hnútum en samferðamennirnir. Gunnar skýrir þessa sögu á eftirfarandi hátt: „Saga þessi er einföld og sönn lýsing af manni, sem gengur með ástríðu til náms og þekkingar, en hefur ekki fengið svarað henni á uppvaxtarárunum. Hún er ekki einsdæmi. Þannig brauzt fjöldi manna til nokkurrar þekkingar með sjálfsnámi, oft illa séðu.“³ Hvað sem segja má um túlkun Gunnars á frásögninni er óhætt að taka undir það að saga sem þessi er ekki einsdæmi.

hann hélt nokkurs konar efnahagsreikning yfir eigur sínar og sýndi breytingar á þeim frá ári til árs: *Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld*. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumennningar 1 (Reykjavík, 1997), bls. 229–273.

- 1 Sjá Porkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum.“ *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 13 (1892), bls. 170–258; Ólafur Sigurðsson, „Fyrir 40 árum.“ *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 15 (1894), bls. 198–246; Porkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum.“ *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 16 (1895), bls. 204–229.
- 2 Gunnar M. Magnúss, *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi* (Reykjavík, 1939), bls. 236.
- 3 Gunnar M. Magnúss, *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi*, bls. 236.



Á síðari árum hefur fengist betri sýn inn í veruleika þessara skring-
 iskrúfna sem unnu daglangt og árlangt við uppskriftir og handritastörf. Eins
 og áður var nefnt var Jón bóndi í hópi slíks fólks og hann mun hafa komist
 niður í þýsku sem og nokkur önnur tungumál upp á sitt einsdæmi. Öðruvísi
 hefði hann ekki getað unnið sitt mikla verk þar sem hann viðaði að sér upp-
 lýsingum úr dönskum, þýskum og trúlega enskum bókum með það fyrir
 augum að skapa sitt eigið alfræðirit. Það verk tengdi samferðamenn hans við
 umheiminn á ríkari hátt en hægt er að ímynda sér að hefði verið mögulegt á
 þessum árum. Hvert brot af umheiminum – hvort það kom í formi laskaðrar

undirskálar, texta úr íslensku handriti með uppskriftum úr rómönsunum eða Biblíunni, eða öðru viðlíka efni – gaf fólki vísbendingu um hvað væri að finna handan við hálsinn á fjallinu sem bærinn þeirra stóð við.

Fyrirmyndir

Nálægð fólks eins og Jóns bónda við umheiminn vekur athygli. Hann hefur verið iðinn við kolann, stokkið af stað ef einhverja von var um fræðslu eða menntun að finna hjá samferðamönnum sínum eða gestum sem áttu leið um byggðalagið. Alltaf með það í huga að fræðast meira, að auka við þekkingu sína. Sögur af slíku liggja fyrir.



Lengi vel vafðist fyrir mér hvaðan Jón bóndi hafði fyrirmyndir sínar bæði af myndum og textum. Hann fór þó ekki í grafgötur með heimildir sínar, þvert á móti lýsti hann þeim allnákvæmlega eins og fram hefur komið hér að framan. Sum þessara rita voru yfirgripsmikil, gefin út í mörgum bindum og vekur upp þá spurningu með hvaða hætti hann komst yfir þau.

Vitað er að Jón bóndi var þefvís á íslensk rit sem hann gat nýtt sér og þau eru samviskusamlega tilgreind í verki hans. Ljóst er að hann hefur til dæmis nýtt sér mynd sem birtist í Skálholtsútgáfu Landnámu-

bókar frá 1688 sem er af hermanni í fullum skrudu. Þá mynd umbreytir hann í risa; gerir hermanninginn í Skálholtsútgáfunni að heljarmanni við hlið dverga. Samanburðurinn á myndunum er athyglisverður (sjá bls. 154 hér að framan) en Jón bóndi glæðir mynd sína lífi með því að dýpka alla drætti hennar og lita. Staðan er hins vegar sláandi lík og án nokkurs vafa hefur hann sótt fyrirmyndina í þetta verk.

Þekkt eru handrit frá fyrri öldum sem hafa að geyma myndir af dýrum og fólki. Bæði Jón Guðmundsson lærði (1574–1658) og svo Snorri Björns-



son á Húsafelli (1710–1803) drógu upp myndir af ýmsum dýrum sem finnast ekki á Íslandi. Snorri á Húsafelli hafði aðgang að handriti Jóns lærða eins og Þórunn Valdimarsdóttir gerir grein fyrir í verki sínu um kraftaskáldið Snorra (sjá teikningu úr handriti Jóns lærða hér á síðunni).¹ Líklegt má telja að myndir af ýmsum dýrum og fyrirbærum í náttúrunni hafi verið tekin upp og endurrituð í ýmis handrit frá tímum Jóns lærða á fyrri hluta 17.

1 Þórunn Valdimarsdóttir, *Snorri á Húsafelli. Saga frá 18. öld* (Reykjavík, 1992), bls. 292–328. Teikningarnar tvær koma frá JS 246 4to – Snorri Björnsson: Samtíningur 1792; JS 401 XI a-e 4to – Jón Guðmundsson lærði: Handrit. Sjá einnig umfjöllun Guðrúnar Ingólfssdóttur um myndskreytt handrit í „Í hverri bók er mannsandi“, bls. 97–101.

lurum mikio og antgar epunin vdi; og þin ^{leidd} sm og þins hikka tön
 þin er af fiskum þier sunfideð flanthvalr þvi þin mikla röð
 er lökup mauts Ökri; Noekir kalla þin Skarda, þvi það vatnar þi
 þin í þrinftöðum þá þin mæk ofan þoar




Þvinhvalr þepr mikla og þerra giegnum smugandi fitu
 en ecki so goðor tófir sm þurhvalr og vísó vel þellir led þó al
 þrikkantigt sie þ tviklofid þin er Ly alna á leingó.



Sá stóri Þvinhvalr sm og kallast þollr vegna þr rbr
 áttu er þin jarnan á við þá störu Reidhvali; þinn er þ
 a; Siðfolki neðnd Róðshvalr; sm þin þneggia sm þest
 So jori ofsiou notra þr ap; lyy alna eða meir



aldar og svo aftur á 18. öld í tíð Snorra á Húsafelli. Þannig hafa slík verk verið á sveimi í menningunni, ef svo má að orði komast, og borist trúlega til Jóns bónda þegar hann hóf sitt verk. Um þetta er hins vegar afar erftt að segja með nokkurri vissu. Ekkert fer á milli mála að hann vann myndir af furduskeppnum úr íslensku umhverfi upp eftir lýsingum fólks sem taldi sig hafa orðið vart við þær í sínu eigin lífi. Hann hefur því haft ákveðnar fyrirmyndir en um leið sveipað þær sínu eigin yfirbragði. Teikningarnar hér að ofan eru úr handriti Snorra. Bera má teikningu Jóns bónda á næstu síðu saman við verk hinna tveggja handritaskrifaranna.



Erfiðleikarnir í sambandi við fyrirmyndirnar virtust ófyrstíganlegir þegar í leitirnar kom um síðir verk sem hefur örugglega orðið uppspretta margra mynda sem Jón bóndi vann inn í sitt eigið verk. Það er rit sem áður var nefnt í þessum kafla, nefnilega bók J. S. Schouw og D. F. Eschricht, *Afbildninger af dyr og planter* sem kom út í Kaupmannahöfn 1844. Eftir nokkra leit fannst þessi bók í bókasafni Menntaskólans í Reykjavík – Íþöku – og mun vera eina eintakið sem til er hér á landi svo vitað sé. Ekki er ljóst hvenær bókin barst safninu en eitt er víst að hún kom fram í skrár þess 1862 en minna má á að Jón bóndi lést 1861. Vel gæti verið að þetta eintak hafi til-




heyrð búi hans þótt erfitt sé um það að segja. Það vekur athygli að ári eftir útkomu bókarinnar hefur Jón bóndi vinnu sína við alfræðiverkið en það er ekki þar með sagt að hann hafi teiknað myndir sínar í upphafi þeirrar vinnu. Þvert á móti má álykta að hann hafi einmitt notað lýsingarnar á dýrunum til að draga upp sínar myndir, sérstaklega þar sem engar voru fyrirmyndirnar. En einhvern veginn hefur honum tekist að komast yfir þessa bók og hún hefur orðið honum notadrjúg.

Til að skýra not Jóns af umræddri bók þeirra Schouw og Eschricht ætla ég fyrst að birta mynd þeirra af kengúru. Augljóst er að Jón hefur haft þessa mynd til hliðsjónar þegar hann vann verk sitt. Danska teikningin er bæði fínlegri og mikið nær þeirri stöðu sem kengúrur taka sér þegar þær standa



kyrrar. Mynd Jóns, sem er að finna í þessari bók á bls. 126, er grófari og ekki alveg í samræmi við þann andblæ sem fylgir dönsku útgáfunni. En öll aðalatriðin eru þó á sínum stað. Ég nefndi áður að Jón gefi dýramyndum sínum mörgum mennskt yfirbragð og svo er um þessa teikningu hans af kengúrunni. Hún er einfaldlega naívari en danska fyrirmýndin.



Því næst birti ég hér úr bók þeirra Schouw og Eschricht mynd af gíraffa (sjá myndina á bls. 193 og teikningu Jóns á bls. 166). Jón bóndi gerir hér heiðarlega tilraun til að líkja eftir þeirri mynd eins og hann getur en nær ef til vill ekki hinum þrívíðu áhrifum sem danska teikningin býður upp á.

PAAFUGLEÖIET.

(*Vanessa Io.*)



Larven.



Puppen.



TRASPINDEREN.

(*Cossus ligniperda.*)



Þessi mynd er þó mikið nær fyrirmyndinni en kengúrumynd hans. Hann teiknar einnig upp hauskúpuna sem þarna fylgir með; hika ekki við að fylgja fyrirmyndinni af nákvæmni.

Loks er það mynd af fiðrildi sem er á margan hátt athyglisverðust (teikning Jóns er á bls. 194 en á síðu 195 er mynd úr dönsku bókinni). Það er vegna þess að myndbyggingin er til þess að gera einföld en litirnir í frummyndinni þeim mun mikilvægari hluti hennar. Jóni tekst ekki að ná blæbrigðum litanna enda hefur hann að öllum líkindum þurft að blanda sína liti sjálfur úr jurtaríkinu rétt eins og þekkt er með önnur handrit á þessum tíma frá Íslandi.

Minna má á að Jón bjó við afar erfið skilyrði þegar hann stundaði þessa iðju sína. Til eru lýsingar á því að hann hafi staðið út við glugga og unnið verk sín á meðan dagsbirtu naut við. Annars var það kertaljósið og rúmstokkurinn sem bjuggu honum rými til þessarar sköpunar. Þráin eftir tækifæri til vinna að sínum hugarfóstrum hefur því verið sterk og hefur að öllum líkindum búið innra með honum rétt eins og fjölmörgum öðrum sem þannig stóðu að verki.

Samanburðurinn á teikningum Jóns bónda og hinum dönsku fyrirmyndum gefa færi á að átta sig á löngun hans til að skila góðu verki. Hvort tveggja dregur einnig fram þá erfiðleika sem fylgdu því að stunda iðju eins og Jón iðkaði af þeim metnaði sem hann greinilega lagði áherslu á að tileinka sér. Íslenski torfbærinn var ekki sérstaklega ákjósanlegur til listsköpunar þar sem skrifarinn var að öllum líkindum með lítið púlt í kjöltu sér þar sem mestöll vinnan fór fram. Ritföng voru fáskrúðug, blek og litir heimatilbúnir og pappír ekki alltaf við höndina – í það minnsta varð að fara sparlega með hann. Þess vegna voru ekki margar atrennur í boði við gerð hverra myndar.¹ Árangur Jóns bónda verður að meta í þessu ljósi.


Fátækt og fábreytt veraldleg gæði fólks hefðu undir venjulegum kringumstæðum kallað á meiri líkamlega vinnu og markvissari tilraunir til að koma ár sinni betur fyrir borð. En íslensk alþýða vann á annan hátt úr sínum þrengingum. Þeirra leið til að glíma við búsið var og erfitt árferði var að sökkva sér niður í tilraunir til að skapa eitthvað úr þeim efnivið sem var við höndina. Þannig vann fólk úr tilfinningum sínum og veraldlegum þrengingum.

Óhætt er að fullyrða að hugmyndir fólks um umheiminn frjóvgaði ímyndunaraflid og hvatti til þeirrar sköpunar sem hér um ræðir. Úti í hinum stóra heimi bjó fólk sem fór öðruvísi að en sveitungar þess og venslafólk, vann við aðstæður sem voru allt aðrar og glímdi við vandamál sem voru

1 Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, *Minor Knowledge. The Manuscript Culture in the Long 19th Century*.

annars konar en það hafði reynslu af heima í héraði. Í þessari mynd kom heimurinn í hlað á bæjunum allt í kringum landið og skapaði forsendur fyrir dýpri skilningi á hugsun sem oft var óhlutbundin og erfið í meðförum. Þann skilning á umheiminum getum við skoðað með rannsókn á verki eins og því sem Jón bóndi skóp í sinni baðstofu í íslenskri sveit um miðja 19. öld. Þannig er í það minnsta hægt að njóta þessa merkilega efnis sem Jón bóndi tók saman og skilaði í hendur samferðamanna sinna.

Burkna fred. III. Minda Ala



Summary

Árni H. Kristjánsson and Sigurður Gylfi Magnússon, *Bóndinn, spendýrin og fleiri undur alheimsins. Alfræðiverk fyrir alþýðu sem Jón Bjarnason frá Þórormstungu í Vatnsdal vann á árunum 1845–1852*. [The Farmer, Mammals, and other Wonders of the Universe. An Encyclopedia for the Common People created by Jón Bjarnason of Þórormstunga in Vatnsdalur 1845–1852]. Anthology from Icelandic Popular Culture 17 (Reykjavík: University of Iceland Press, 2014).

The subject of this study is a foreword and chapter on mankind (*Mammalia*) in manuscript ÍBR 67 4to. Both are reproduced letter-for-letter in the book. The original text was written in 1845–52 by farmer Jón Bjarnason of Þórormstunga in Vatnsdalur, north Iceland. The above-mentioned manuscript is the first volume of nine in the multi-volume ÍBR 67–73 4to, written by Jón about natural science, geography and various other useful knowledge. The principal aim of the research by the authors of this book is to explore how, in the mid-19th century, uneducated members of the Icelandic peasantry were able to make use of available knowledge to produce works of this nature, in the conditions of the time.

The methodology of the book is guided by principles of *microhistory*. This methodology generally focuses on individuals who have tended in the past not to attract historians' attention – marginalised people. Microhistorians examine the place of the individual in society, and seek to gain a clearer picture of the culture and mindset of ordinary people. In this way, cultural history can be re-evaluated.

Jón Bjarnason is an ideal subject for such a study; his life story and position in society are explored in the chapter 'Jón the farmer and his way of thinking' by Árni H. Kristjánsson, who is also responsible for editing the original text published in the book. Farmer Jón grew out of a dual cultural heritage which combined orthodox Christian doctrine with a mystical belief in nature which dated back to time immemorial among the Icelanders.

Despite living in a remote valley, Jón was in touch with ideological influences from abroad, which had a deep effect upon him. He believed in scientific rigour, based on rational thinking and the realist principles of the Enlightenment. The influence of the Enlightenment is clearly seen in Jón's book, which he intended 'to be read by the common people.' Due to Enlightenment influence, Jón was guided by the principle of *the idea of progress*. By the same token, the influence of the dual Icelandic cultural heritage is also clear: Jón took religious dogma literally, was superstitious, and believed in age-old shibboleths and folk traditions. In this, Jón was a typical member of the Icelandic peasantry.

Jón Bjarnason was receptive to the Enlightenment only up to a certain point, due to conflicts with his religious and cultural heritage. This may well have been due to the fixed ways of the peasantry, and the stagnation of society in many fields. Social structure and cultural heritage thus indisputably hindered the spread of Enlightenment ideas in Iceland.

Sigurður Gylfi Magnússon, in his chapter 'What is a kangaroo? The wonders of the world and the creative space in everyday life in Iceland,' discusses how Jón's illustrations may be used to shed light on 19th-century Icelandic society. And what *is* a kangaroo, after all? Also, what might it look like? In an Icelandic turf farmhouse in the mid-19th century, farmer Jón sat pondering such questions. He appears to have had an insatiable desire to learn. He looked at his neighbours, and wanted them to have the opportunity to share his experience, through his answers to such questions. We know this thanks to Jón's encyclopaedic writings about the wonders of the world, which he based upon books in Icelandic and other languages, as well as oral sources, and also illustrated himself, with more than 500 drawings. The combination of text and images makes the manuscript probably unique among 19th-century Icelandic manuscripts. The relationship between text and image is the subject of Sigurður Gylfi's chapter.

It is safe to say that the outside world touched the lives of people in Jón's home territory – opening up a perspective which was not easily found, even for readers who were keen to learn. That fact is an interesting subject for consideration, which changes our ideas about the horizons of the peasantry at that time, before reading matter was widely disseminated in Iceland. Here the focus is primarily on the book's illustrations, and exploring their meaning: what the drawings depicted, and how they brought information about exotic parts of the world into Icelandic rural homes in the mid-19th century. The material is abundant and complex – and highly unusual in the context of the time in which it originates.

Firstly, the connection is addressed between the *local* and the *global perspective*. In the last two decades or so, the global relationship between things has been widely reassessed from a historical viewpoint, *inter alia* from a local perspective. Sigurður Gylfi goes on to discuss the theoretical approach which he has called *far-reaching microhistory*, which is based upon the principle of confining oneself as far as possible to the unit of study itself, while also emphasising analysis of outside influences upon the subject. In this context, secondly, Jón's drawings are studied: several dozen of them are reproduced, and some are discussed in light of the text to which they refer.

Thirdly, both Jón's text and his drawings are placed in the context of the 19th-century *creative space*. The question is addressed of what motivated people to write texts of this nature; then the influence of the text on its users is considered. The creative space of the 19th century is a most interesting subject, due to the great diversity of the outlets people found in their humdrum daily lives. Sigurður Gylfi applies these concepts – *local v. global perspective*, illustrations and *creative space* – in an examination of the cultural background of the society in which the people of the time lived their lives – and in order to answer the question of how a man such as Jón emerged from that era.

Myndaskrá

Styttingar

HérA-Hún. = Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu.

Lbs = Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Myndir við kafla Árna H. Kristjánssonar eru:

Bls. 16. Titilsíða úr handritinu: ÍBR 72 4to – Jón Bjarnason.

Bls. 18. Mynd af skákborði úr handritinu: ÍBR 72 4to – Jón Bjarnason.

Bls. 19. Lbs. Ljósmyndari: Helgi Bragason.

Bls. 21. HérA-Hún. Ljósmyndari: Ókunnur.

Bls. 24. HérA-Hún. Ljósmyndari: Arnór Egilsson.

Bls. 24. HérA-Hún. Ljósmyndari: E. Hartley.

Bls. 25. Mynd eftir Sigurð Guðmundsson málara.

Bls. 28. Lbs. Ljósmyndari: Helgi Bragason.

Bls. 42. Lbs. ÍBR 69 4to.

Bls. 44. Lbs. ÍBR 69 4to.

Bls. 47. Lbs. ÍBR 67 4to.

Bls. 48. Lbs. ÍBR 67 4to.

Myndir við kafla Sigurðar Gylfa Magnússonar eru allar úr handritum Jóns Bjarnasonar: ÍBR 69 4to, ÍBR 71 4to, ÍBR 72 4to og loks ÍBR 73 4to.

Í síðasta kaflanum (bls. 190–200) birtast, auk ljósmynda af teikningum Jóns bónda, myndir úr eftirfarandi handritum og bókum:

Bls. 190. *Landnámubók* (Skálholt, 1688).

Bls. 191. JS 401 XI a-e 4to – Jón Guðmundsson lærði: Handrit.

Bls. 192. JS 246 4to – Snorri Björnsson: Samtíningur 1792.

Bls. 194, 195, 197. J. S. Schouw og D. F. Eschricht, *Afbildninger af dyr og planter* (Kaupmannahöfn, 1844).

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Árni H. Kristjánsson, „Jón bóndi og alheimurinn: Ritgjörð tilheyrandi spendýrafræði eftir Jón Bjarnason.“ M.A.-ritgerð í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands, 2010.

Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu. HérA-Hún – Ein 10.063. Einkaskjalasafn Bjarna Jónssonar.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. ÍBR 67–73 4to – Jón Bjarnason, Ritgjörð tilheyrandi spendýrafræði, 1845–1852. Nefnt í þessari bók: Alfræðiverk fyrir alþýðu, 1845–1852.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. ÍBR 69–70 8vo – Jón Bjarnason. Um fugla og fiska. (Tilheyir ÍBR 67–73 4to).

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. JS 246 4to – Snorri Björnsson. Samtíningur 1792.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. JS 401 XI a-e 4to – Jón Guðmundsson lærði. Handrit.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Lbs – 386 fol. Bréfasafn. Jón Bjarnason, Þórormstungu.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Lbs – 2590 4to. Bréfasafn. Jón Sigurðsson, forseti.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Lbs – 4810 8vo. Jón Bjarnason o.fl. Samtíningur.

Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, *Minor Knowledge and Microhistory. Manuscript Culture in the Long 19th Century.* Kemur út hjá Routledge 2015.

Tölvupóstur. Ragnar Ágústsson til Árna H. Kristjánssonar, dags. 1. júní 2010.

Vef. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Handritasafn. Vefslóð: <http://landsbokasafn.is/index.php/efni/handrit/handritasafn>. Efni sótt 19. maí 2014.

Vef. Sýnisbækur íslenskrar alþýðumenningar. Vefslóð: <http://www.akademia.is/index.php/is/utgafa/synisbaekur-islenskrar-altyeu>. Efni sótt 15. maí 2014.

Vef. Sögufélag. Vefslóð: http://www.sogufelag.is/efni/um_f%C3%A9lagi%C3%B0. Efni sótt 5. maí 2014.

Þjóðskjalasafn Íslands. ÞÍ – E-10, 7. Bréfasafn. Jón Sigurðsson, forseti.

Þjóðskjalasafn Íslands. ÞÍ – Kirknasafn. Grímsunga BA/1. Prestsþjónustubók 1785–1816.

Þjóðskjalasafn Íslands. ÞÍ – Kirknasafn. Grímsunga BA/1. Prestsþjónustubók 1816–1875.

Þjóðskjalasafn Íslands. ÞÍ – Kirknasafn. Grímsunga BC/1. Húsvitjunarbók 1786–1813.

Prentaðar heimildir

„AHR Conversation: How Size Matters: The Question of Scale in History.“ Þátttakendur: Sebouh David Aslanian, Joyce E. Chaplin, Ann McGrath og Kristin Mann. *American Historical Review* 118:3 (December 2013), bls. 1431–1472.

Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar 1900. Winnipeg.

Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menning og félagsshreyfingar. Ritstjórar Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson (Reykjavík, 2003).

Anna Agnarsdóttir, „Heimildaútgáfur: Púkó og gamaldags.“ 2. *íslenska söguþing-ið*, 30. maí – 1. júní 2002. *Ráðstefnurit II*. Ritstjóri Erla Hulda Halldórsdóttir (Reykjavík, 2002), bls. 114–123.

Berkhoffer, Robert F., Jr., *Beyond the Great Story. History as Text and Discourse* (Cambridge, Mass., 1995).

Björn Gunnlaugsson, „Jón Bjarnason í Þórormstungu.“ *Þjóðólfur* 9. janúar 1862, bls. 26–27.

Blanda. Fróðlegur gamall og nýr III. Sögufélag (Reykjavík, 1924–1927).

Brown, Judith C., *Immodest Acts. The Life of a Lesbian Nun in Renaissance Italy* (New York, 1986).

Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 1 (Reykjavík, 1997).

Bucker, Gene, *Giovanni and Lusanna: Love and Marriage in Renaissance Florence* (Berkeley, 1986).

Collective Remembering. Ritstjórar David Middleton og Derek Edwards (London, 1990).

Confino, Alon, „AHR Forum: Collective Memory and Cultural History: Problems of Method.“ *American Historical Review* 102 (December 1997), bls. 1386–1403.

- Cook, I. og M. Harrison, „Follow the Things: ‘West Indian Hot Pepper Sauce’.“ *Space and Culture* 10:1 (2007), bls. 40–63.
- Corbin, Alain, *The Village of Cannibals. Race and Murder in France, 1870*, þýðing Arthur Goldhammer (Cambridge, Mass., 1992).
- Crane, Susan A., „AHR Forum: Writing the Individual Back into Collective Memory.“ *American Historical Review* 102 (December 1997), bls. 1372–1385.
- Crane, Susan A., „Memory, History, and Distortion in the Museum.“ *History and Theory*, Theme Issue „Producing the Past.“ 36 (1997), bls. 44–63.
- Crane, Susan A., „(Not) Writing History: Rethinking the Intersections of Personal History and Collective Memory with Hans von Aufsess.“ *History and Memory* 8 (Spring/Summer 1996), bls. 5–29.
- Dagur Tíminn 1997. Akureyri.
- Davis, Natalie Zemon, *Trickster Travels: A Sixteenth-century Muslim between Worlds* (New York, 2006).
- Davis, Natalie Zemon, „Decentering History: Local Stories and Cultural Crossings in a Global World.“ Forum: Holberg Prize Symposium: Doing Decentered History. *History and Theory* 50 (May 2011), bls. 188–202.
- Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru. Dagbækur, sjálfsmynd og heimsmynd á 18. og 19. öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 51–88.
- Dýraverndarinn 1940. Reykjavík.
- Egmond, Florike og Peter Mason, *The Mammoth and the Mouse: Microhistory and Morphology* (Baltimore, 1997).
- Einar Laxness, *Íslandssaga a–ö I–III* (Reykjavík, 1995).
- Einar G. Pétursson, „Í minningu afreksmanns. Af Jóni forna Þorkelssyni sem einnig var nefndur Fornólfr.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 18. september 1999, bls. 4–6.
- Fálkinn 1938. Reykjavík.
- „Forum: Holberg Prize Symposium. Doing Decentered History.“ *History and Theory* 50 (May 2011), bls. 188–228.
- Frisch, Michael, „American History and the Structures of Collective Memories: A Modest Exercise in Empirical Iconography.“ *Journal of American History* 76 (1989), bls. 1130–1155.
- Gedi, Noa og Yigal Elam, „Collective Memory–What Is It?“ *History and Memory* 8 (Spring/Summer 1996), bls. 30–50.
- Gelbart, Nina Rattner, *The King’s Midwife. A History and Mystery of Madame du Coudray* (Berkeley, 1998).

- Ghobrial, J-P. A., „The Secret Life of Elias of Babylon and the Uses of Global Microhistory.“ *Past and Present* 222:1 (2014), bls. 51–93.
- Ginzburg, Carlo, *Clues, Myths, and the Historical Method*, þýðing J. og A.C. Tedeschi (Baltimore, 1989).
- Ginzburg, Carlo, „Our Words, and Theirs: A Reflection on the Historian’s Craft, Today.“ *Cromohs* (Cyber Review of Modern Historiography), 18 (2013). Fyrst gefið út í: *Historical Knowledge. In Quest of Theory, Method and Evidence*. Ritstjórar Susanna Fellman og Marjatta Rahikainen (Cambridge, 2012), bls. 97–119.
- Ginzburg, Carlo, Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Molar og mygla. Um einsögu og glataðan tíma*. Atvik 5 (Reykjavík, 2000).
- Gísli Gunnarsson, „Fátækt á Íslandi fyrr á tímum.“ *Ný saga* 4 (1990), bls. 72–81.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Ómagar og utangarðsfólk. Fátækramál Reykjavíkur 1786–1907*. Safn til sögu Reykjavíkur (Reykjavík, 1982).
- Gísli Konráðsson, *Húnvetninga saga* 2. bindi 1786–1830. Jón Torfason sá um útgáfuna (Reykjavík, 1998).
- Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson. Ævisaga* I-II (Reykjavík, 2002).
- Guðmundur Davíðsson, „Vatnsdalur í Húnavatnssýslu.“ *Óðinn* 1. janúar 1933, bls. 42–48.
- Guðmundur Hálfðanarson, „Rannsóknir í menningar- og hugmyndasögu.“ *Saga XXXVIII* (2000), bls. 187–205.
- Guðmundur Hálfðanarson, „Sameiginlegar minningar og tilvist íslenskrar þjóðar.“ *2. íslenska söguþingið 30. maí – 1. júní 2002. Ráðstefnurit II*. Ritstjóri Erla Hulda Halldórsdóttir (Reykjavík, 2002), bls. 302–318.
- Guðmundur Sigurður Jóhannsson og Magnús Björnsson, *Ættir Austur-Húnvetninga* III (Reykjavík, 1999).
- Guðný Hallgrímsdóttir, *Sagan af Guðrínu Ketilsdóttir. Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 16 (Reykjavík, 2013).
- Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“: *Handritaspyrpur – bókmenning, þekking og sjálfsmynd karla og kvenna á 18. öld* (Reykjavík, 2011).
- Gunnar M. Magnúss, *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi* (Reykjavík, 1939).
- Halldór Bjarnason, „Gestir úr fortíðinni á nýjum fötum. Straumar og stefnur í íslenskri heimildaútgáfu 1995–99.“ *Ný Saga* 13 (2001), bls. 77–86.
- Halldór Laxness, *Brekkukotsannáll* (Reykjavík, 1957).
- Helgi Skúli Kjartansson, „Kröftugasta útgáfustarf íslenskrar sagnfræði. Ritroðin Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar.“ *Saga XLVIII*:2 (2009), bls. 185–198.

- Helgi Þorláksson, „Ættjarðarást og lastarskrif – Arngrímur lærði.“ *Saga Íslands* VI. Ritstjóri Sigurður Líndal (Reykjavík, 2003), bls. 193–199.
- Henderson, Ebenezer, *Iceland; or the Journal of a Residence in that Island, During the years 1814 and 1815*. Vol. II (Edinburgh, 1818).
- Henderson, Gretchen E., „The Ugly Face Club: A Case Study in the Tangled Politics and Aesthetics of Deformity.“ *Ugliness: The Non-beautiful in Art and Theory*. Ritstjórar Andrei Pop og Mechtild Widrich (London, 2013), bls. 17–33.
- Húnaping* II. Ritnefnd Sigurður J. Líndal og Stefán Jónsson (Akureyri, 1978).
- Iggers, Georg G., *Sagnfræði á 20. öld. Frá vísindalegri hlutlagni til póstmóðernískrar gagnrýni* (Reykjavík, 2004).
- Ingi Sigurðsson, „Upplýsingin og áhrif hennar á Íslandi.“ *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*. Ritstjóri Ingi Sigurðsson (Reykjavík, 1990), bls. 9–42.
- Ingi Sigurðsson, „Arfleifð upplýsingarinnar og útgáfa fræðslurita á íslenzku.“ *Skírnir* 168 (vor 1994), bls. 135–160.
- Ísafold* 1894–1909. Reykjavík.
- Jón Blöndal og Sverrir Kristjánsson, *Alþingi og félagsmálin* (Reykjavík, 1954).
- J. Jónsson, „Daði Níelsson „fróði“. Aldarminning.“ *Skírnir* 84 (1910), bls. 117–137.
- Jón Jónsson, „Dúllað og tónað, dansað og leikið – Föromenn og leiklist í lok 19. aldar.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 7. júní 1997, bls. 6.
- Jónas B. Bjarnason, „Þættir úr búnaðarsögu Áshrepps.“ *Ársritið Húnavetningur* 1956–1960 (Akureyri, 1960).
- Júníus H. Kristinsson, *Vesturfaraskrá 1870–1917* (Reykjavík, 1983).
- Kammen, Carol, *On Doing Local History: Reflections on What Historians Do, Why, and What it Means* (Walnut Creek, Calif., 2003).
- Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þröm*. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 2 (Reykjavík, 1998).
- Kristján Mímisson og Sigurður Gylfi Magnússon, „Singularizing the Past. The History and Archaeology of the Small and Ordinary.“ *Journal of Social Archaeology* 14:2 (2014), bls. 131–156.
- Lesbók Morgunblaðsins* 1997–2004. Reykjavík.
- Magnús Björnsson, *Hrakhólar og höfuðból* (Akureyri, 1959).
- Manuscript Illumination in the Modern Age: Recovery and Reconstruction*. Ritstjórar Sandra Hindman og Nina Rowe (Evanston, IL, 2001).
- Matthías Viðar Sæmundsson, „Menning í deiglu.“ *Íslensk bókmenntasaga* III. Ritstjóri Halldór Guðmundsson (Reykjavík, 1996), bls. 23–70.

- Már Jónsson, *Árni Magnússon. Ævisaga* (Reykjavík, 1998).
- Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1740–1900: Lagalegar forsendur og varðveisla.“ *Saga* 50:1 (2012), bls. 78–103.
- Metcalf, Frederick, *The Oxonian in Iceland. With Glances at Icelandic folk-lore and sagas* (Oxford, 1861).
- Morgunblaðið* 1921. Reykjavík.
- Mumford, Louis, „The Value of Local History.“ *The Pursuit of Local History: Readings on Theory and Practice*. Ritstjóri Carol Kammen (Walnut Creek, Ca., 1996), bls. 86–87.
- Museums and Memory*. Ritstjóri Susan A. Crane (Stanford, CA., 2000).
- Ozment, Steven, *Magdalena and Balthasar: an Intimate Portrait of Life in 16th-Century Europe Revealed in the Letters of a Nuremberg Husband and Wife* (New Haven, 1989).
- Óðinn* 1933. Reykjavík.
- Ólafur Sigurðsson, „Fyrir 40 árum.“ *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*, 15 (1894), bls. 198–246.
- Ólöf Sigurðardóttir, „Bernskuheimilið mitt.“ *Eimreiðin* (1906), bls. 96–111.
- Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* III. bindi (Reykjavík, 1950).
- Páll V.G. Kolka, *Föðurtún* (Reykjavík, 1950).
- Putnam, Lara, „To Study the Fragments/Whole: Microhistory and the Atlantic World.“ *Journal of Social History* 39:3 (2006), bls. 615–630.
- Reay, Burry, *Watching Hannah. Sexuality, Horror and Bodily De-Formation in Victorian England* (London, 2002).
- The Revival of Medieval Illumination. Nineteenth-Century Belgium Manuscripts and Illuminations from European Perspective*. Ritstjórar Thomas Coomans og Jan De Maeyer (Leuven, 2007).
- Rubenstein, William D., „History and ‘amateur’ history.“ *Making History: An Introduction to the History and Practices of a Discipline*. Ritstjórar Peter Lambert og Phillipp Schofield (London, 2004), bls. 272–278.
- Sagan Landnama vm fyrstu bygging Islands af Nordmönnum: Symbolum Regium*: PIETATE & IUSTITA (Skálholt, 1688).
- Schouw, J.D. og D.F. Eschricht, *Afbildninger af dyr og planter* (Kaupmannahöfn, 1844).
- Schuman, Howard og Jacqueline Scott, „Generations and Collective Memories.“ *American Sociological Review* 54 (June 1989), bls. 359–381.
- Sewell, William H., Jr., *Logics of History: Social Theory and Social Transformation* (Chicago, 2005).

- Sigurður Gylfi Magnússon, *The Continuity of Everyday Life: Popular Culture in Iceland 1850–1940*. Doktorsritgerð, Carnegie Mellon University, 1993.
- Sigurður Gylfi Magnússon, „From Children’s Point of View: Childhood in Nineteenth Century Iceland.“ *Journal of Social History*, 29 (Winter 1995), bls. 295–323.
- Sigurður Gylfi Magnússon, „“Jeg er 479 dögum yngri en Nilli”: Dagbækur og daglegt líf Halldórs Jónssonar frá Miðdalsgröf.“ *Skírnir* 169 (haust 1995), bls. 309–347.
- Sigurður Gylfi Magnússon, „Siðferðilegar fyrirmyndir á 19. öld.“ *Ný saga* 7 (1995), bls. 57–72.
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*. Sagnfræðirannsóknir 13 (Reykjavík, 1997).
- Sigurður Gylfi Magnússon, „The Singularization of History: Social History and Microhistory Within the Postmodern State of Knowledge.“ *Journal of Social History* 36 (2003), bls. 701–735.
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 9 (Reykjavík, 2004).
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur. Minni, minningar og saga*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 11 (Reykjavík, 2005).
- Sigurður Gylfi Magnússon, „Íslensk sagnfræði 1980–2005: Yfirlit.“ *Frá endurskoðun til upplausnar. Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda*. Ritstjórar Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 2006), bls. 211–260.
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Sögustríð. Greinar og frásagnir um hugmyndafræði* (Reykjavík, 2007).
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words: A Social History of Iceland* (Reykjavík, 2010).
- Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, „Barefoot Historians: Education in Iceland in the Modern Period.“ *Writing Peasants. Studies on Peasant Literacy in Early Modern Northern Europe*. Ritstjórar Klaus-Joachim Lorenzen-Schmidt og Bjørn Poulsen. Landbohistorisk Selskab (Århus, 2002), bls. 175–209.
- Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, „Minor Knowledge: Microhistory and the Importance of Institutional Structures.“ *Quaderni Storici* 140 / a.XLVII, n.2, agosto 2012, bls. 495–524.
- Sigurður Gylfi Magnússon og István M. Sziujártó, *What is Microhistory? Theory and Practice* (London, 2013).

- Sigurður Eðisson, *Íslenskar kynjaskepnur*, með teikningum Jóns Baldurs Hlíðbergs (Reykjavík, 2008).
- Smail, Daniel Lord, *On Deep History and the Brain* (Berkeley, 2008).
- Stefán Pálsson, Anton Kaldal Ágústsson, Gunnar Vilhjálmsson og Steinar Ingi Farestveit, *ð ávisaga* (Reykjavík, 2012).
- Steingrímur Jónsson, „Prentaðar bækur.“ *Íslensk þjóðmenning VI. Munnmenntir og bókmennning*. Ritstjóri Frosti F. Jóhannesson (Reykjavík, 1989), bls. 91–115.
- Struck, Bernhard, Kate Ferris og Jacques Revel, „Introduction: Space and Scale in Transnational History.“ *The International History Review* 33:4 (2011), bls. 573–584.
- Tímarit íslenskra samvinnufélaga* 1917. Reykjavík.
- Translocality: The Study of Globalising Processes from a Southern Perspective*. Ritstjórar U. Freitag og A. von Oppen (Leiden, 2010).
- Trivellato, Francesca, „Is There a Future for Italian Microhistory in the Age of Global History?“ *California Italian Studies* 2:1 (2011), <http://escholarship.org/uc/item/0z94n9hq>.
- William, Raymond, *Keyword. A Vocabulary of Culture and Society* (London, 1976).
- Þjóðólfur* 1862. Reykjavík.
- Porkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum.“ *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*, 13 (1892), bls. 170–258.
- Porkell Bjarnason, „Fyrir 40 árum.“ *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*, 16 (1895), bls. 204–229.
- Þorsteinn M. Jónsson, *Gömul kynni* (Akureyri, 1946).
- Þorsteinn Jósefsson o.fl., *Landið þitt Ísland* 5. bindi (Reykjavík, 1984).
- Þórunn Valdimarsdóttir, *Snorri á Húsafelli. Saga frá 18. öld* (Reykjavík, 1992).

